

# Möggubrár

heklaðar Margréti Jónsdóttur sjötugri

21. mars 2021





**Möggubrár**



# Möggubrár

heklaðar Margréti Jónsdóttur sjötugri

21. mars 2021

Rauðhetta, útgáfufélag

Reykjavík 2021

© Höfundar

Ritstjórn: Katrín Axelsdóttir, Veturliði Óskarsson og Þorsteinn G. Indriðason.

Umbrot: Veturliði Óskarsson.

Leturgerð: Andron Corpus.

Bók þessa má afrita með ýmsum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, skönnun, hljóðritun, talgervlun, kvikmyndun, leikfærslu eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, enda sé það gert í fullu samráði við höfunda og með skriflegu leyfi þeirra.

Handverk á kápu: Inda Dan Benjamínsdóttir.

Myndvinnsla: Ari Jónsson.

ISBN 978-9935-24-973-9

## Efni

|  |     |
|--|-----|
| Fylgt úr hlaði .....   | 7   |
| Anna Agnarsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir: Af erlendum<br>ferðalöngum á Íslandi .....                | 9   |
| Anton Karl Ingason: Þrjú hljóðöld fyrir <i>hán</i> .....   | 13  |
| Ari Páll Kristinsson: Örnefni erlendis og á heimaslóð .....  | 19  |
| Ágústa Þorbergsdóttir: Með svarta bletti á tungunni .....  | 25  |
| Ásdís Egilsdóttir: Margrét, mál og fræði .....   | 29  |
| Ásgrímur Angantýsson: Tilraunir með umstokkun<br>í íslenskri setningagerð .....                        | 33  |
| Ásta Svavarsdóttir: Af rófum .....   | 39  |
| Birna Arnbjörnsdóttir: Orðsins afl .....   | 43  |
| Dagný Kristjánsdóttir: Samsæri .....   | 47  |
| Eiríkur Rögnvaldsson: Afhjúpanir internetsins: Misskilningur<br>samtímans eða falinn fjársjóður? ..... | 51  |
| Guðrún Kvaran: Orðabók Jónasar frá Hrafnagili enn og aftur .....                                       | 55  |
| Guðrún Þórhallsdóttir: Á biðilsbuxum .....   | 61  |
| Guðvarður Már Gunnlaugsson: Lestrarframburður .....  | 67  |
| Heimir Pálsson: Fjórir á flóttu .....  | 71  |
| Helga Hilmisdóttir: Að rottast einn eða með öðrum?<br>Merking sagnarinnar <i>að rottast</i> .....      | 75  |
| Helgi Skúli Kjartansson: Of lítið á sig lagt? .....  | 79  |
| Jóhannes Gísli Jónsson: Glasir .....   | 83  |
| Jón G. Friðjónsson: Á stað eða af? Breytingar í kerfi forsetninga .....                                | 87  |
| Jón Axel Harðarson: Alexanders saga: <i>En þó er vilinn skjótr til áráðisins</i> ....                  | 93  |
| Jón Karl Helgason: Hvar er þín Walden? .....   | 97  |
| Jón Símon Markússon: Undir áhrifum (orða)gengis .....  | 99  |
| Katrín Axelsdóttir: Joðskortur í hádeginu: Undantekningar<br>frá óbrigðulli reglu .....                | 105 |
| Kristján Árnason: Ég veit ei hvað skal segja ... ..  | 111 |
| María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir:<br>Stíll og strategía .....                       | 115 |
| Matteo Tarsi: Orðsifjar og etýmólógía: Þankar um nýyrðasmíði<br>og tökuorð .....                       | 121 |
| Már Jónsson: Forgott exemplar. Jónsbókarhandritið AM 168 a 4to .....                                   | 127 |

|   |     |
|---|-----|
| Rúnar Helgi Vignisson: Eftir minni .....  | 133 |
| Svavar Sigmundsson: Til hamingju, gæska! .....  | 137 |
| Trausti Jónsson: „Nógan gefur snjó á snjó“ .....  | 141 |
| Veturliði Óskarsson: Af stálböðum (og sápukúlum) .....  | 147 |
| Vilhjálmur Bjarnason: Í Hátúni á Nesi .....   | 151 |
| Yelena Sesselja Helgadóttir: Æðruleysis-þula .....  | 153 |
| Þorsteinn G. Indriðason: ‘Seðlabankastjórar eiga ekki að vera<br>pólítískir, halló? Lítið eitt um notkun <i>halló</i> á netmiðlum ..... | 159 |
| Þóra Björk Hjartardóttir: Af blendingsmáli og geðshræringu .....  | 163 |
| Þórdís Úlfarsdóttir: Af frelsi og jafnrétti .....   | 167 |
| Þórgunnur Snædal: Jón Eggertsson vitjar loforðs .....   | 169 |
| Þórhallur Eyþórsson: Sögnin <i>þaga</i> .....   | 173 |



## Fylgt úr hlaði

Það er okkur heiður að fylgja úr hlaði afmælisriti til handa vinkonu okkar til margra ára, Margréti Jónsdóttur.

Við sem þekkjum Margréti vel vitum hversu atorkusöm, ósérhlífin og hjálpsöm hún er. Hún hefur staðið vaktina í kennslu íslensku fyrir erlenda stúdenta í áratugi og lagt margt gott til málanna þar. Og hversu oft hefur hún ekki verið vinum sínum og kollegum innan handar um yfirlestur á misgóðum textum sem hún hefur fært til betri vegar. Sjálf er hún afkastamikill og hugmyndaríkur fræðimaður og fræðilegar forsendur alltaf traustar. Trúmennska Margrétar er sannarlega ekki bundin við starfið, hún ber hag vina sinna mjög fyrir brjósti og er ævinlega snögg á vettvang þegar gefur á bátinn.

Það var frekar lítill fyrirvari á þessu afmælisriti en vinir og velunnarar Margrétar brugðust skjótt við og það ber að þakka. Ritið geymir 37 greinar og eru þær af margvíslegum toga eins og lagt var upp með, allt frá kveðjum á persónulegum nótum til fræðilegra texta með misalvarlegu ívafi. Og það er til marks um tengsl Margrétar við fræðasamfélagið að hér skrifa höfundar úr hinum ýmsu hornum háskólasamfélagsins en einnig vinir hennar annars staðar að og það erum við í ritstjórninni ánægð með.

Við Margréti viljum við segja, og vitum að við tölum fyrir munn margra: Til hamingju með tímamótin og megi næstu ár verða þér gæfurík þegar þú nú getur einbeitt þér að fræðum og öðru grúski, laus úr viðjum kennslu og undirbúnings, alls þess sem fylgir því að vera háskólakennari!

Njóttu heil!

Reykjavík, Uppsölum og Björgvin á vormánuðum 2021,

*Katrín Axelsdóttir, Veturliði Óskarsson og Þorsteinn G. Indriðason*



Anna Agnarsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir

## Af erlendum ferðalöngum á Íslandi

Í gegnum tíðina hafa erlendir gestir heimsótt Ísland. Fyrr á tímum var mjög algengt að gestir þessir rituðu ferðabækur sem þeir gáfu út að ferð lokinni. Í slíkum ferðabókum er mikill fróðleikur um land og þjóð, atvinnuhætti og mannlíf á þessum tímum. Einnig geyma þessi rit mikla vitneskju um það hvernig Íslendingar komu erlendu gestunum fyrir sjónir og hvað það var sem vakti furðu þeirra og athygli. Oft gengu samræður illa vegna skorts á íslenskukunnáttu. Tungumálamisskilningur kemur einnig fyrir. Hér verða gefin nokkur dæmi um slíkt.

Í lok ágúst 1772 sigldi hinn vellauðugi Joseph Banks til Íslands með fríðu föruneyti. Þetta var fyrsti enski vísindaleiðangurinn og var aðalmarkmið hans að kanna Heklu. Banks var selskapsmaður mikill og hófst samkvæmislífið strax daginn eftir komuna en þá bauð Thodal stiftamtmaður leiðangursmönnum til Bessastaða. Banks hafði ráðið franskan kokk til ferðarinnar og eldaði hann dýrindis mat fyrir heldri Íslendinga á meðan hornblásarar léku undir. Matarboðin voru mörg, m.a. með Guðmundi Runólfssyni sýslumanni og Ólafi Stephensen amtmanni. Þrátt fyrir það, þegar komið var fram í október, taldi Banks sig ekki hafa fengið ekta „íslenskan“ mat. Hinir innfæddu gestgjafar hafa sjálfsagt boðið hinum tignu gestum upp á fágaðan dansk-norskan mat sem þeir höfðu kynnst í Kaupmannahöfn. Þegar hástemmt bréf (á latínu) frá Bjarna Pálssyni landlækni barst 4. október, þar sem hann bauð þeim heim til sín í Nesstofu til „minime ad convivium opiparum“ (látlausrar veislu),<sup>1</sup> nýttu þeir tækifærið og báðu um að „sú máltíð væri tilreidd öldungis eins og fyrir íslenska“. Þeir hefðu kannski átt að kynna sér hvað fælist í því hugtaki. Þessi veisla er söguleg þar sem tvennar lýsingar hafa varðveist um hana, frá sjónarmiði bæði gestgjafa og gestanna sjálfra. Sveinn Pálsson náttúrufræðingur lýsir þessari „hversdagslegu“ máltíð í ævisögu tengdaföður síns, landlæknisins:

---

<sup>1</sup> 4. október 1772, Bjarni Pálsson til Banks og Solander, birt á latínu og í enskri þýðingu í *Sir Joseph Banks, Iceland and the North Atlantic*, ritstj. Anna Agnarsdóttir (London, 2016), bls. 164–166.

Var þá fyrst opnaður maginn með staupi af dönsku korn-brennivíni, síðan borið fram kökur, ostur, súrt smjör og harður fiskur, bitaður niður á disk, þar á eftir sauðakjötssteik, kjötsúpa með sýru í, og seinast silúngur og laufabrauð.

Erlendu gestirnir tóku duglega til matar síns „að fráteknu fiski og smjöri“ en þá bar landlæknisfrúin, Rannveig, dóttir Skúla fógeta, fram „hákall og hvalreingi“. Við það „mistu þeir alla matarlyst í það sinn.“<sup>2</sup> Einn gestanna, Uno von Troil, síðar erkibiskup í Uppsölum, skrifaði í riti sínu *Bref rörande en resa til Island MDCCLXXII*, sem kom út í Stokkhólmi 1777 (tileinkað konungshjónunum eins og þá tíðkaðist):<sup>3</sup>

Men en så prägtig måltid kunde ej vara utan desert, som bestod af hvalfiskkött och *haukall*. Det kockas, saltas el. vindtorkas, ser nästan ut som härskt fläsk, och smakar så fränt, at en liten bit däraf körde oss från bordet innan vi sjäfve tänckt.

Þeir hafa síðan drifið sig út úr Nesstofu og losað sig við ósköpin. Þetta var glæsileg veisla, sem myndi sóma sér vel í sjötugsafmæli en gott væri að breyta til með eftirréttinn.

En hvað ræddu þeir um undir borðum? Það merkilega er að leiðangursmenn voru þá nýkomnir úr Hekluferðinni, tólf daga ferð sem reyndist vera hin mesta eldraun, og hélt Banks því blákalt fram í dagbók sinni að þeir hefðu verið fyrstir til að klífa eldfjallið. Þetta vita allir Íslendingar að er reginfirra. Eggert Ólafsson var fyrstur til að ganga á Heklu svo vitað sé árið 1750 og endurtók leikinn með Bjarna Pálssyni ári síðar.<sup>4</sup> Banks var meira að segja svo ósvífinn að við heimkomuna lét hann útbúa vísitkort með nafninu sínu þar sem Hekla blasir við á miðju landakorti af Íslandi. Eitthvað hefur skolast til. Þeir hafa greinilega ekki getað rætt saman!

Nei, Banks var lélegur í latínu og Íslendingar voru ekki enn orðnir enskumælandi. Það er því óhugsandi að Bjarni hafi spurt Banks „How do you like Iceland?“. Hins vegar er einnig ólíklegt að Bjarni hafi ekki spurt Banks hvað hann hafi haft fyrir stafni á Íslandi og þar var Hekluferðin í fyrsta sæti. Var Bjarni svo kurteis að láta erlendu gestina ekki vita að þeir Eggert hefðu gengið á Heklu tveimur áratugum fyrr? Getur það verið? Gestirnir dvöldu daglangt á Nesi þar sem Bjarni sýndi þeim náttúrugripi sína, plöntusafnið

---

<sup>2</sup> Sveinn Pálsson, *Æfisaga Bjarna Pálssonar* (Akureyri, 1944), bls. 72.

<sup>3</sup> Bls. 85–86.

<sup>4</sup> *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752–1757*, II, bls. 157–162.

og skipst var á gjöfum. Hann gaf þeim „mikið af ýmsum náttúruhlutum, er hann safnað hafði á ferðum sínum, og fágætir þóktu, líka ein og önnur smárit og Antiquitæt þessa lands“, og Banks gaf honum „dýrindis“ stækkunargler. Bjarni þáði svo heimboð í Hafnarfirði áður en þeir héldu á brott en ekki virðist landlæknirinn heldur þá hafa notað tækifærið til að monta sig af Heklugöngunni með Eggerti. Ferðabók Eggerts og Bjarna var nýútkomin 1772 og það er kaldhæðnislegt að Banks var með rit þeirra með sér í Íslandsleiðangrinum!<sup>5</sup> Hún var auðvitað á dönsku og greinilegt að hvorki hann (né hinir vísindamennirnir, sumir sænskir, sem voru með honum) höfðu lesið hana. Hún kom svo út á ensku árið 1805. Banks var þá í fullu fjöri en þar er sagt skilmerkilega frá ferð Eggerts og Bjarna á Heklu þar sem þeir „reached the summit“,<sup>6</sup> löngu áður en Banks eignaði sér þann heiður. Kannski skammaðist Banks sín og bjargaði Íslendingum frá hungursneyð á árum Napóleonsstyrjalda sem yfirbót! En það er önnur saga.

Í verkinu *Íslandsferð 1858* gefur Konrad Maurer kostulegt dæmi um það þegar ferðalangar skella skuldinni á heimafólk í stað þess að leita að sökinni hjá sjálfum sér. Konrad Maurer skrifar:

Þegar við hittum Írana aftur við Geysi kom upp mikill ágreiningur milli þeirra og fylgdarmanna þeirra. Málið snerist um það hvort gista ætti á Laug eða í Haukadal sem var fjær en þar var bærinn stærri. Englendingarnir höfðu spurt hvort þeir gætu fengið tvö herbergi þar, og þegar þeim var sagt að þeir gætu fengið fjögur fóru þeir þangað. En þeir urðu fyrir vonbrigðum og mikil rimma upphófst. Ég gat ekki annað en brosað þegar ég fékk að heyra þetta frá báðum hliðum því ástæðan var einföld. Jóhannes Zoëga hafði ekki skilið enska orðið *room* fullkomlega því hann tók það fyrir rúm – og vissulega voru fjögur rúm til reiðu í Haukadal!<sup>7</sup>

Þarna hefði komið sér vel ef Írarnir hefðu talað íslensku.

Árið 1908 ferðaðist Ina von Grumbkow um Ísland í leit að skýringu á því hvernig unnusti hennar, þýski jarðfræðingurinn Walther von Knebel, og vinur hans, Max Rudloff listmálari, hefðu farist að slysförum í Öskjuvatni árið 1907. Ina von Grumbkow stundaði af kappi íslenskunám í Berlín áður en hún fór í Íslandsferðina. Um borð í Ceres lét hún reyna á færni sína í

---

<sup>5</sup> *Sir Joseph Banks and Iceland*, bls. 603.

<sup>6</sup> Olavsén and Povelsen, *Travels in Iceland performed by Order of His Danish Majesty* (London, 1805), bls. 136–139.

<sup>7</sup> Konrad Maurer, *Íslandsferð 1858*. Þýðandi Baldur Hafstað (Reykjavík, 1997), bls. 39.

íslenskunni án mikils árangurs „But this was not German?“<sup>8</sup> var viðkvæði ungu íslensku konunnar sem Ina reyndi að tala við á íslensku. Ekki tók betra við þegar Ina áttaði sig á því að hún hafði misskilið íslenskuna hrapallega eins og fram kemur hér:

Sigurður [leiðsögumaður hennar] hafði oftast orðið og byrjaði þá gjarnan á orðinu ‘heldur’, sem mér varð því miður á að misskilja hrapallega. Um kvöldið, þegar ég svaraði spurningum íslenskra vina minna, og sagði: ‘Nýji fylgdarmaðurinn okkar heitir Heldur og býr þar og þar o.s.frv.’ varð ég undrandi, hve litlum skilningi þetta mætti. Löngu seinna rann það upp fyrir mér, að heldur væri miðstig af gjarna. Ennþá einu sinni hafði ég orðið mér rækilegra til skammar, þrátt fyrir hlédræga varkárni.<sup>9</sup>

Að ofangreindu er ljóst að misskilningur kom oft upp í samskiptum Íslendinga og hina erlendu ferðalanga. Hefðu þeir orðið þess aðnjótandi að fá leiðsögn Margrétar Jónsdóttur prófessors í íslensku sem öðru máli hefði þessi misskilningur ef til vill aldrei átt sér stað. Margrét hefur í starfi sínu við Háskóla Íslands tekið á móti erlendum stúdentum, kennt þeim tungumálið annars vegar sem flókið kerfi með ýmsum blæbrigðum sem þarf að sigrast á og hins vegar aukið skilning þeirra á íslenskri menningu og íslensku samfélagi. Auk þess hefur hún greitt götu fjölmargra erlendra stúdenta á margvíslegan hátt og rétt þeim hjálparhönd. Það reynir á menningarlausni kennara í íslensku sem öðru máli að miðla efninu á þann hátt að sundurleitir hópur stúdenta gangi í takt. Þetta hefur Margréti farist einstaklega vel úr hendi og fjöldi erlendra stúdenta stendur í mikilli þakkarskuld við hana. Ekkert er eins mikilvægt til að aðlagast nýju landi og frábrugðinni menningu og það að kunna tungumálið. Margrét Jónsdóttir hefur með starfi sínu við Háskóla Íslands lagt mikilvægt lóð á þær vogarskálar. Til hamingju, Magga.

---

<sup>8</sup> Ina von Grumbkow. *Ísafold. Ferðamyndir frá Íslandi*. Haraldur Sigurðsson íslenskaði (Reykjavík, 1982), bls. 56.

<sup>9</sup> Bls. 56.

## Þrjú hljóðöld fyrir *hán*

### 1. Inngangur

Orðið *hán* er ungt persónufornafn íslensku sem er notað um fólk sem telur sig hvorki vera karlkyns né kvenkyns, þ.e. kynsegin fólk (Selma Margrét Sverrisdóttir 2016; Hildur Lilliendahl Viggósóttir 2020). *Hán* tekur með sér ákvæðisorð í hvorugkyni. Innleiðing þess í íslenskt mál er réttlætismál fyrir það fólk sem um ræðir vegna þess að fornöfnin *hún* og *hann* falla ekki að sjálfsmynd þess og það getur þótt niðrandi að nota hvorugkynsfornafnið *það* um manneskjur. Alda Villiljós hefur m.a. lýst þeirri upplifun að háni finnst það bæði særandi og niðurlægjandi að vera kallað *það* (Selma Margrét Sverrisdóttir 2016:17).

Við tölum um að tiltekinn málfræðilegur þáttur sé virkur (e. *active*) í einhverju tungumáli eða samhengi þegar morfem geta fengið ólíkan hljóðfulltrúa eftir því hvert gildi þáttarins er. Tilvist *hán* í nútímaíslensku er til marks um að þátturinn [ $\pm$ mannvera] (e.  $\pm$ *human*) sé virkur í fornafnakerfi málsins og þessi þáttur greinir milli hvorugkynsfornafna sem vísa ýmist í mannverur eða ómennsk fyrirbæri.

Hér verður sett fram orðhlutafræðileg greining á fornafninu *hán* og rakið hvaða morfem koma fyrir í beygingu þess og hvaða þrjú hljóðöld (e. *vocabulary item*) bætast við íslensku með tilkomu þess.

### 2. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessari grein nota ég fræðileg hugtök úr kenningakerfinu Dreifðri orðhlutafræði (DO; e. *Distributed Morphology*, Halle og Marantz 1993). Stór hluti rannsókna á íslenskri orðhlutafræði síðustu ár gerir ráð fyrir þessu kenningakerfi, nemendur læra um það í Háskóla Íslands og ég er vanur að nota þetta fræðilega verkfæri í minni vinnu. DO er því sjálfgefið val á kenningakerfi fyrir mig en í því vali felst ekki neinn áfellisdomur yfir öðrum kenningum og það sem fram kemur hér væri vel hægt að setja fram í öðrum kerfum ef áhugi væri á því.

Í DO er gert ráð fyrir að morfem séu þau atóm sem setningafræðin vinnur með, ólíkt t.d. kerfum þar sem gert er ráð fyrir orðasafni sem framleiðir atóm setningafræðinnar (e. *generative lexicon*) sem eru þá orðmyndir. Morfemin í DO eru óhlutstæð þáttaknippi (e. *feature bundle*) sem ekki hafa hljóðform í setningafræðinni. Ef við gerum ráð fyrir að [+pt] standi fyrir þátíð, [+1,-2] standi fyrir fyrstu persónu (plús fyrsta, mínus önnur) og [+ft] standi fyrir fleirtölu, þá gæti íslenskur beygingarhaus í fyrstu persónu, fleirtölu, þátíð, litið svona út í setningafræðinni áður en hljóðform hans er ákvarðað:

(1) B[+pt,+1,-2,+ft]

Beygingarhausinn í (1) er dæmi um morfem. Gert er ráð fyrir að hljóðform morfema sé ákveðið í hljóðkerfisafleiðslunni þegar setningafræðin er búin að raða morfemum saman í stigveldisformgerð. Í skrifum um DO er gjarna gert ráð fyrir því að í málkunnáttu málhafa séu a.m.k. þrír listar sem leggja verður á minnið. Í fyrsta lagi þarf málhafi að vita hvaða morfem eru í málinu, í öðru lagi þarf að leggja á minnið tengingar milli morfema og hljóðfulltrúa þeirra, þ.e. hvernig þau eru borin fram, og í þriðja lagi þarf að leggja á minnið hvernig morfem (og stundum stærri einingar eins og orð eða orðasambönd) tengjast merkingu. Listinn yfir tengingar morfema við hljóðfulltrúa er nefndur orðaforðinn (e. *vocabulary*) og hann samanstendur af hljóðöldum (e. *vocabulary item*). Dæmi um hljóðald fyrir beygingarhaus er sýnt í (2).

(2) B[+pt,+1,-2,+ft] ↔ /-uðum/

Ef B er merkmiði fyrir beygingarhaus tilgreinir þetta hljóðald að beygingarhaus í fyrstu persónu, fleirtölu, þátíð samsvari hljóðfulltrúanum /-uðum/ og þar með fáum við út orðmyndir eins og *eld-uðum*.

Gerum nú ráð fyrir þáttagreiningu (3) fyrir fallmörkun (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1990:54–55) og (4) fyrir kyn.

(3) nf. [-aukaf, -djúpf, -ef]  
þf. [+aukaf, -djúpf, -ef]  
þgf. [+aukaf, +djúpf, -ef]  
ef. [+aukaf, +djúpf, +ef]



- (4) hk. [-kvk, -kk]  
kvk. [+kvk, -kk]  
kk. [-kvk, +kk]

Við tölum um kerfisbundið samfall (e. *syncretism*) þegar tvö eða fleiri morfem sem hafa að einhverju leyti sömu þættina fá sama hljóðfulltrúann. Helsta fræðilega verkfærið í samfallsgreiningu er vangreining (e. *underspecification*) hljóðalda. Veikt beygt karlkynsnafnorð eins og *kassi* er dæmi um orð þar sem kerfisbundið samfall kemur fram í aukaföllum eintölu (*kass-i*, um *kass-a*, frá *kass-a*, til *kass-a*). Vangreint hljóðald í ætt við (5) er dæmi um að eitt hljóðald getur ákvarðað hljóðfulltrúa þriggja ólíkra morfema. Notum hér merkimiðann nB fyrir fallorðabeygingu.

- (5) nB[+kk, +aukaf] ↔ /-a/

Greiningin í (5) er vitanlega einföldun að því leyti að hún tekur ekki tillit til annarra staðreynda um íslenska nafnorðabeygingu. Hún sýnir þó kjarna málsins, sem er að vangreint hljóðald getur verkað á morfem sem inniheldur þætti fyrir djúpfall og eignarfall án þess að vísa í þessa þætti og leitt þannig út samfall. Samkvæmt þessari greiningu eru beygingarendingar *kassa* í aukaföllum ekki aðeins eins, heldur er þetta sami hljóðfulltrúinn, hljóðaður með sama hljóðaldinu. Í DO felst sú tilgáta um máltöku barna að æskilegt sé í máltökufarli að hámarka alhálfingar með því að lágmarka orðafórðann. Þetta er háfleygt orðalag um þá hugmynd að það sé hagkvæmara fyrir barn að þurfa að leggja á minnið færri tengingar milli morfema og hljóðfulltrúa þeirra.

Þegar vangreining er notuð koma oft upp aðstæður þar sem tvö eða fleiri hljóðöld passa við eitt og sama morfemið. Þá er nauðsyn að hafa kenningu um það hvernig hljóðöldum er forgangsraðað. Hugsum okkur t.d. að veik/sterk beyging sé táknuð með þættinum [ $\pm$ sterk] og við viljum greina morfemið nB[+kk, +aukaf, +djúpf, +ef, +sterk] í orðmyndum eins og *hest-s*. Við getum haldið í hljóðaldið í (5) ef til er sérstakara hljóðald fyrir hljóðfulltrúann /-s/. Hljóðald getur líka vísað í eiginleika umhverfis, svo sem hvaða rót stendur við hlið morfems, en förum ekki út í það hér.

- (6) nB[+kk, +aukaf, +djúpf, +ef, +sterk] ↔ /-s/  
nB[+kk, +aukaf] ↔ /-a/

Gert er ráð fyrir að sértækt hljóðald trompi almennt hljóðald samkvæmt hlutmengisreglunni (Halle 1997). Hljóðald A er sértækara en hljóðald B í þessum skilningi ef þættirnir sem B vísar í eru eiginlegt hlutmengi þáttanna sem A vísar í. Í (6) vísar sértæka hljóðaldið t.d. í alla þætti sem almenna hljóðaldið vísar í og bætir svo nokkrum fleirum við.

### 3. Hvorugkynsfornöfn íslensku

Snúum okkur þá aftur að *hán*. Ef við skoðum íslensk persónufornöfn í hvorugkyni, mennsk og ómennsk og bæði eintölu og fleirtölu í öllum föllum eru 16 slík morfem í málinu. Þessi 16 morfem eru talin upp í eftirfarandi töflu. Hér er merkmiðinn F notaður fyrir fornafn og [ $\pm$ ft] stendur fyrir tölu. Gerum hér ráð fyrir að hvert fornafn sé nákvæmlega eitt morfem (þó að annars konar bítun sé ekki óhugsandi).

| et.  | hk. [-mannvera]                             | hk. [+mannvera]                             |
|------|---|---|
| nf.  | F[-mannvera,-aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] | F[+mannvera,-aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] |
| þf.  | F[-mannvera,+aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] | F[+mannvera,+aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] |
| þgf. | F[-mannvera,+aukaf,+djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] | F[+mannvera,+aukaf,+djúpf,-ef,-kvk,-kk,-ft] |
| ef.  | F[-mannvera,+aukaf,+djúpf,+ef,-kvk,-kk,-ft] | F[+mannvera,+aukaf,+djúpf,+ef,-kvk,-kk,-ft] |
| ft.  |   |   |
| nf.  | F[-mannvera,-aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] | F[+mannvera,-aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] |
| þf.  | F[-mannvera,+aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] | F[+mannvera,+aukaf,-djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] |
| þgf. | F[-mannvera,+aukaf,+djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] | F[+mannvera,+aukaf,+djúpf,-ef,-kvk,-kk,+ft] |
| ef.  | F[-mannvera,+aukaf,+djúpf,+ef,-kvk,-kk,+ft] | F[+mannvera,+aukaf,+djúpf,+ef,-kvk,-kk,+ft] |

Hljóðfulltrúar þessara 16 morfema eru sýndir í næstu töflu. Þarna er að finna sex mismunandi hljóðfulltrúa fyrir ómennsku fornöfnin og sex mismunandi hljóðfulltrúa fyrir mennsku fornöfnin. Athugið að í fleirtölu er munurinn á [ $\pm$ mannvera] upphafinn; þar er kerfisbundið samfall. Einnig er að finna kerfisbundið samfall nefnifalls og þolfalls í bæði mennsku og ómennsku beygingunni.

| et.  | hk. [-mannvera] | hk. [+mannvera] |
|------|-----------------|-----------------|
| nf.  | það             | hán             |
| þf.  | það             | hán             |
| þgf. | því             | háni            |
| ef.  | þess            | hans            |
| ft.  |                 |                 |
| nf.  | þau             | þau             |
| þf.  | þau             | þau             |
| þgf. | þeim            | þeim            |
| ef.  | þeirra          | þeirra          |

Til að geta beygt fornafnið *það* þarf málhafi að leggja á minnið sex hljóðöld. Þau eru sýnd í (7).

- (7) F[+ft,+aukaf,+djúpf,+ef] ↔ /þeirra/  
F[+ft,+aukaf,+djúpf] ↔ /þeim/  
F[+djúpf,+ef] ↔ /þess/  
F[+djúpf] ↔ /því/  
F[+ft] ↔ /þau/  
F[] ↔ /það/

Til að geta beygt fornafnið *hán* þarf að leggja á minnið þrjú hljóðöld til viðbótar. Þau eru sýnd í (8). Athugið að ekki þarf að bæta við hljóðöldum fyrir fleirtölumyndir því að hljóðöldin sem við skilgreindum í (7) eru vangreind með tilliti til [ $\pm$ mannvera] og sjá því um hljóðfulltrúa fleirtölu án breytinga.

- (8) F[+mannvera,+djúpf,+ef] ↔ /háns/  
F[+mannvera,+djúpf] ↔ /háni/  
F[+mannvera] ↔ /hán/

Þessu til viðbótar þarf svo að sjálfsgöðu að læra hvernig fornöfn í karlkyni og kvenkyni eru borin fram og dæmi um hugsanleg hljóðöld fyrir kvenkyn (nf. og þf. eintölu) eru sýnd í (9).

- (9) F[+kvk,+aukaf] ↔ /hana/  
F[+kvk] ↔ /hún/

Ekki er gerður greinarmunur á mennskum og ómennskum persónufornöfnum í karlkyni og kvenkyni þannig að ekki þarf að vísa í þáttinn [ $\pm$ mannvera] í hljóðöldum fyrir *hún* og *hann*. Tryggja þarf að ekki komi út *hán* þar sem átt er við *hún*. Þetta má t.d. gera með því að gera ráð fyrir að persónufornöfn í kvenkyni (og karlkyni) séu ekki með þátt [ $\pm$ mannvera], annaðhvort yfirhöfuð, eða þannig að sneyðing (e. *impoverishment*) eyði þættinum í því samhengi. Stundum er líka gert ráð fyrir lærdri forgangsröð hljóðalda þegar hlutmengisreglan sker ekki úr um forgang.

#### 4. Lokaorð

Innleiðing persónufornafnsins *hán* er fyrst og fremst réttlætismál fyrir kynsegin fólk og pólitískt gildi þeirrar nýbreytni verður alltaf veigameira en málfræðileg umræða um útfærslu málkerfisins. Það er þó að vissu leyti áhugavert viðfangsefni að bera greiningarverkfæri málfræðinnar að nýju fornafni. Hér hafa nokkur orð verið höfð um þá greiningu og tvennt vekur athygli. Annars vegar er *hán* til marks um að þátturinn [ $\pm$ mannvera] sé nú virkur í beygingu íslenskra fornafna og hins vegar þurfa málhafar að ná valdi á þremur nýjum hljóðöldum til að geta beygt orðið, þ.e. þremur tengingum milli morfema og hljóðfulltrúa þeirra.

#### HEIMILDASKRÁ

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. 4. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halle, Morris. 1997. Distributed Morphology: Impoverishment and Fission. *MIT Working Papers in Linguistics* 30, 425–449.
- Halle, Morris og Alec Marantz. 1993. Distributed morphology and the pieces of inflection. *The view from building 20. Essays in linguistics in honor of Sylvain Bromberger*, Ken Hale og Samuel Jay Kayser (ritstj.), bls. 111–176. MIT Press.
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. 2020. Annar ófrískur, hinn á túr: Tilraunir til breytinga á tungumálinu í þágu jafnréttis. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Selma Margrét Sverrisdóttir. 1986. *Hann, hún og það ... eða hvað?* Um kynhlutlausa persónufornafnið hán. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.

## Örnefni erlendis og á heimaslóð

Þegar staður er kallaður öðru nafni en tíðkast í helsta máli eða málum heimamanna er heitið kallað **útnafn** (e. *exonym*). Til dæmis mætti flokka *Diamond Beach* sem nýtt útnafn á Íslandi en *Breiðamerkursandur* er **innnafnið** (e. *endonym*) um sama landsvæði. Sem rótgróin dæmi um útnöfn í íslensku má nefna *Feneyjar* og *Ungverjaland* sem samsvara innnöfnunum *Venezia* og *Magyarország*. Sum erlend heiti eru þýdd að hluta til á íslensku, sbr. *Suður-Afríka*, *Gascogne-flói*, og jafnvel í heild, sbr. *Fílabeinsströndin* (fr. *Côte d'Ivoire*). Slíkar beinar þýðingar eru stundum taldar til útnafna en hafa augljóslega vissa sérstöðu í því sambandi.

En hver á hvað og hver má hvað þegar heiti á stöðum eru annars vegar? Eru heimamenn einráðir eða er ekkert athugavert við að aðrir nefni staðina líka eftir eigin höfði?

Samkvæmt ráðleggingum frá sérfræðingaráði Sameinuðu þjóðanna um landfræðiheiti (*UNGEGN: United Nations Group of Experts on Geographical Names*) á viðkomandi ríki að hafa síðasta orðið um örnefni á kortum af eigin landsvæði: „the cornerstone of all the work of the Group of Experts is [...] promoting the use of the nationally standardized names internationally on maps“ (2006:iv). Unnið sé að „reduction of exonyms and the opposition to the creation of new ones in the context of geographical names standardization“ (2006:94). Samkvæmt þessu meginviðmiði ætti að rita *Breiðamerkursandur* og *Venezia* á landakortum en ekki *Diamond Beach* og *Feneyjar*.

Augljóslega stangast ofangreind tilmæli á við málvenjur í mörgum tungumálum sem hafa ríka hefð fyrir að nota stundum eða ávallt sín eigin nöfn um suma erlenda staði, sbr. heitin *Feneyjar*, *Jórvík*, *Þelamörk* o.s.frv. sem (stundum) eru eða hafa verið notuð í íslensku. Margir íslenskir málnotendur þekkja suma staðina e.t.v. alls ekki undir heimanafni þeirra (sbr. *Magyarország*, *Côte d'Ivoire* o.fl.).

Fjölmargir staðir um allan heim bera fleiri en eitt heiti eða ólíkar nafnmyndir. Það hefur oft ráðist af sögulegum, menningarlegum og félagslegum breytingum (*Mikligarður*, *Konstantínópel*, *Istanbul*, *Lothringen*, *Lorraine*). Þá hefur ofbeldi og hernaður oft komið við sögu.

Viðleitni til að rétta hlut þjóða í kjölfar nýlendutímans kann að birtast í framangreindri meginreglu sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna. Nýstofnuðu ríkin fengu sjálfstæði frá nýlenduherrum og umráðarétt yfir landi sínu og hugmyndin gengur þá út á að því fylgi óskorað vald yfir örnefnum landsins á kortum og í annarri skráningu og án þess að fyrri herraþjóðir „eigi“ áfram örnefnin í alþjóðlegu samhengi.

Eldgos hófst í Geldingadölum við Fagradalsfjall 19. mars 2021. Fljótlega bar á ýmsum tillögum um nöfn á þessari viðbót við landið. Hafa komið fram tillögur bæði um hraunsheiti (*Geldingabraun, Litla-Hraun, Hraunshraun* o.fl.) sem og á dyngjunni sem gæti verið í fæðingu (*Geldingur, Ræfill* o.fl.). Fannar Jónasson, bæjarstjórinn í Grindavík, sagðist í fjölmiðlum ætla að efna til íbúakosningar um nafngiftina. Meradalir bættust seinna við og enginn veit hvað náttúran heldur lengi áfram að skapa tilefni til nýrra nafngifta.

Meðal uppástungnanna sem fljótlega fréttist af hafði tillagan *Hot Stuff* nokkra sérstöðu. Hugmyndin kom frá bandaríska sendiráðinu á Íslandi, skv. frétt á *Vísi* 27. mars 2021. Í fréttinni segir: „Þeirri tillögu hefur verið varpað fram að eldstöðin verði nefnd *Hot Stuff*, í virðingarskyni við áhöfn og farþega bandarískrar herflugvélar sem fórst á Fagradalsfjalli í síðari heimsstyrjöld. Í hópi þeirra sem létust var æðsti hershöfðingi Bandaríkjamanna í Evrópu.“

Flugvél þessi var nefnd *Hot Stuff*. Nafnið var málað á vélina eins og sjá mátti á mynd sem fylgdi fréttinni, ásamt mynd af nakinni konu sem situr klovvega á sprengju. Nakta konan á sprengjunni er höfð mitt á milli orðanna *Hot* og *Stuff*.

Í hernáminu gáfu Bretar, Bandaríkjamenn og Kanadamenn ýmsum stöðum á Íslandi ensk nöfn og hefur Guðlaugur R. Guðmundsson (2017) rannsakað slík heiti um staði á höfuðborgarsvæðinu á styrjaldarárunum. Rannsóknin leiddi í ljós að hermennirnir nýttu helst þau íslensku örnefni sem þeir gátu borið fram án teljandi íslenskukunnáttu (*Gróttutangi* varð *Grotta Point* o.s.frv.) en bættu ella við nýjum enskum heitum í stað íslenskra örnefna (*Ellidaárnar* urðu *Salmon River* o.s.frv.) og voru þau notuð á kortum og í öðrum skjölum hersins.

Bretarnir nýttu gjarna þekkt örnefni frá Bretlandi sem fyrirmyndir um nafngiftir sínar á Íslandi. Þeir nefndu t.a.m. Valhúsahæð *Keighley Hill*. Keighley er lítill bær í Vestur-Yorkshire en fyrstu bresku hermennirnir hér áttu margir rætur að rekja á þær slóðir. Annað dæmi er *Camp Bournemouth*

sem var í landi Sæbóls í Fossvogi. *Charing Cross* (alþekkt heiti frá London) var um það bil þar sem Bústaðavegur og Sogavegur mætast.

Þegar bandarísku hermennirnir tóku við hervörnum 1941 bættust við fleiri heiti. Þá var gjarna vísað til þekktra einstaklinga úr bandarískri hersögu. Guðlaugur segir t.d. í grein sinni (2017:207): „Bandarísk ratsjársvéit var í *Camp Hickam* í Ártúnsbrekku. Horace Meek Hickam var ofursti og frumkvöðull í flugmálum í Bandaríkjunum. Hann fórst í flugslysi 5. nóvember 1934.“

Tillaga bandaríska sendiráðsins á Íslandi um að nefna nýju eldstöðina við Fagradalsfjall *Hot Stuff*, til minningar um bandaríska hermenn sem létust þegar samnefnd flugvél fórst á fjallinu, minnir óneitanlega á hina bandarísku nafngiftavenju úr setuliðssögunni sem hér var vikið að.

Viðbrögð við tillögunni voru blandin meðal íslenskra lesenda fréttarinnar á *Vísí*. Neðan við fréttina mátti lesa margar athugasemdir. Aðeins hluti þeirra kemur fram hér á eftir.

Nokkrir voru ánægðir, sbr.:

„Vá, flott nafn.“

„Frábær hugmynd!“

„Besta tillagan.“

„Þetta er snilldarhugmynd. Markaðslega séð þá mun þetta vekja enn meiri athygli á gosinu erlendis og koma sér til góða fyrir okkur.“

Talsvert fleiri virtust hins vegar neikvæðir, sbr.:

„Eigum við að leggja til að Bandaríkin breyti nafninu sínu í Vínland?“

„Ef Kaninn breytir um heiti á höfuðborginni Washington í Þvottatún þá kæmi til greina þetta með Hot Stuff.“

„Sjoppan sem reist verður í grenndinni ef gos varir í mörg ár má svo sem heita Hot Stuff. Íslenskt nafn á að vera á gosstöðvum.“

„Íslenskt nafn, takk.“

„Það á bara að finna gott íslenskt nafn á þetta fallega náttúruundur.“

„Ég er alls ekki sammála því, ég vil íslenskt nafn á íslenskt gos og hraun.“

Loks má tilgreina eftirfarandi athugasemdir sem bera með sér að fólk hefur sett það í sögulegt samhengi að tillagan kom frá bandaríska sendiráðinu.

„Ísland: Ó hey! Gos! Það er kúl! USA: Má ég vera með út af einhverju sem gerðist fyrir 80 árum?“

„Já, auðvitað vilja þeir eigna sér hraunið.“

„Þeir kannski hreinsa spilliefni og sprengjur eftir sig fyrst á Reykjanesskaga.“

Áður var minnst á að ýmsir erlendir staðir eiga rótgróin íslensk(uð) nöfn í íslenskri málnotkun, á borð við *Góðrarvonarhöfða*, *Þrándheim* og mörg fleiri. Og í ritmálinu hefur í ýmsum tilvikum verið leitast við að fella erlend heiti að einhverju leyti að íslensku málkerfi og stafsetningu (*Aþena*, *Mílanó* o.s.frv.). Tilhneigingar í þessa átt gætir þó síður eftir því sem staðurinn eða fyrirbærið er fjarlægara, í landfræðilegum eða menningar(sögu)legum skilningi, eða er fátíðara í textum.

Á vefsíðum á íslensku finnast hundruð niðurstaðna um höfuðborg Búrkína Fasó með rithættinum *Ouagadougou*, en aðeins átta dæmi um ritháttinn *Úagadúgú*. Japanska borgin *Tokushima* kemur lítið við sögu í íslenskum fréttum og öðru ritmáli; á *Tímarit.is* eru eingöngu dæmi um þessa umritun úr japönsku, þ.e. með *o-u-shi* (13 talsins). Þar í grenndinni er borgin *Hiroshima* sem af hörmulegum ástæðum er alþekkt og oft um hana rætt. Í íslenskum textum er langalgengast (3.000 dæmi) að rithátturinn sé þessi, *i-o-shi*. En umritunin *Hírósíma* kemur þó fyrir 600 sinnum, eða í sjötta hvert sinn sem borgin er nefnd.

Af dæmunum má sjá hvernig aðlögun að hefðbundnu sambandi bókstafa og framburðar í íslensku verður líklegri og algengari eftir því sem staðarnafnið verður kunnuglegra eða tíðara í textum. Það er eins og ritmálið taki sum heiti þá meira inn eða geri meira að sínum heldur en þau heiti sem eru ókunnuglegri eða koma sjaldan fyrir.

Fullkomnu samræmi í þessu efni, frá einum stað til annars, eða frá einu frummáli til annars, verður aldrei komið á og er eflaust ástæðulaust, enda þótt tilteknir fjölmiðlar eða útgefendur viðhafi sjálfsagt oft meginreglur um frágang erlendra staðaheita.

Farsælast hlýtur að vera að styðjast við þær hefðir sem skapast hafa. Gera má ráð fyrir að mörgum blaðalesendum brygði í brún ef höfuðborg Danmerkur yrði einn góðan veðurdag að *København* í íslensku blöðunum, til þess að gæta samræmis við *Washington*, eða ef *New Hampshire* yrði að *Nýja-Hamtúnsskíri*, til að gæta samræmis við *Nýfundnaland*.



## HEIMILDASKRÁ

Guðlaugur R. Guðmundsson. 2017. Erlend nöfn á Innnesjum. Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu. *Orð og tunga* 19:195–213.

Kristján Már Unnarsson. 2021. Eldgosið stutt frá þar sem Hot Stuff fórst með fjórtán manns. *Vísir.is* 27. mars.

*Tímarit.is.*

United Nations Group of Experts on Geographical Names. 2006. *Manual for the national standardization of geographical names*. New York: United Nations.



Ágústa Þorbergsdóttir

## Með svarta bletti á tungunni

Fundurinn skorar á íslenskar konur, að stuðla að því eftir mætti, að móðurmálið á heimilunum sé sem hreinast og ósýkt af útlendum orðskrípum, en tekin upp góð íslensk heiti, forn eða ný, á þeim hlutum, hugtökum og handtökum, sem í daglegu tali eru nefnd útlendum nöfnum, meira eða minna afbökudum.

Þessi áskorun var borin fram á aðalfundi Bandalags kvenna árið 1921 og kom frá Lestrarfélagi kvenna í Reykjavík (LFKR) sem stofnað var árið 1911. Eitt af hugðarefnum félagskvenna var hreint og óspillt móðurmál og kaus lestrarfélagið nefnd, skipaða fimm konum, til að vinna að þessu málefni. Nefndin gekk undir ýmsum heitum: orðanefnd, móðurmálsnefnd, orðahreinsunarnefnd og málhreinsunarnefnd. Í febrúarhefti *Mánaðarrits LFKR* árið 1921 er rætt við konu í nefndinni og starfinu lýst. Þar kom fram að konurnar safni orðskrípum og leiti að góðum og gildum orðum í staðinn. Þegar reki í vörðurnar skrifi þær orðin niður og geymi þangað til þær fundi með orðanefnd Verkfræðingafélagsins sem sé bakhjarl þeirra og þar hafi þær fengið mörg nýyrði.

Orðanefnd LFKR vann með orðanefnd Verkfræðingafélags Íslands og ýmsum fulltrúum verslunarstéttarinnar þegar verslunarmál var tekið til meðferðar á árunum 1924–1926. Árangurinn af þessu starfi var um 630 orða skrá (*Orð úr viðskiftamáli*) sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 3. október 1926 og var síðan sérprentuð í litlu vasabókarbroti, 34 blaðsíður á lengd. Hugmyndin með sérprentinu var sú að hentugt væri að hafa kverið meðferðis og leita ráða í því þegar vantaði íslensk orð, samanber það sem þar stendur í inngangi: „Berið kverið í vasanum og spyrjið það ráða.“ Nokkrar auðar síður eru settar aftast í kverinu og eru þær ætlaðar til þess að skrifa hjá sér ýmis erlend orð „sem enn eru ófengin góð íslensk orð yfir“ og senda til *Morgunblaðsins* ásamt tillögum sínum um íslenskar þýðingar á þeim. Með þessum hætti var talið að gæti komist á samvinna milli orðanefndarinnar og manna víðs vegar út um bæi og sveitir.

Í formála kversins kemur fram að orðanefnd Verkfræðingafélagsins hafi tekið það saman með ráðum og atbeina verslunarmanna í Reykjavík og að

sumu hefðu konur úr LFKR unnið. Heiti orðasafnsins er athyglisvert þar sem allur þorri orðanna er almennt mál en hér virðist sem heiti allra hluta sem ganga kaupum og sölum séu talin til viðskiptamáls. Hugsanlega gæti það haft eitthvað að segja að tvenn samtök verslunarmanna (Verslunarráð Íslands og Verslunarmannafélagið Merkúr) lögðu fram fé til þess að standa straum af kostnaði við nýyrðasöfnunina og nýyrðasmíðina og almennt hafi verið talið að verslunarmálið ásamt sjómannamáli og iðnaðarmáli væru verst á vegi stödd. Tilgangurinn með útgáfunni var að greiða fyrir því að þessi orð festu rætur og að verslunarstéttin tæki þau upp í auglýsingar sínar. Lifnaðarhættir þjóðarinnar höfðu breyst mikið og til hennar hafði streymt fjöldi nýrra efna og áhaldna sem hún hafði engin nöfn yfir. Landsmenn voru ekki viðbúnir að finna öllum nýjungunum góð íslensk heiti jafnóðum og þær komu og því höfðu hálfútlensk orð læðst inn í daglegt mál og auglýsingar.<sup>1</sup> Á þetta hafði orðanefnd LFKR bent og sagt að ætti viðleitnin til að hreinsa móðurmálið að verða að einhverjum notum yrði hún að hefjast heima fyrir. Móðurmálinu á heimilum væri mjög ábótavant og notuð væru erlend heiti um flesta húsmuni, eldhúsgögn og dagleg störf. Það eru einmitt slík orð sem er að finna í kverinu.

Í orðasafninu eru mörg nýyrði en einnig orð sem áður höfðu verið til en útlenska orðið hafði verið miklu meira notað. Mörg orðanna í orðasafninu hafa náð festu og má sem dæmi nefna orðin *skaftpottur*, *lifrarkæfa*, *handsnyrting*, *millipils* og *strokleður* í staðinn fyrir orðin *kastarhola*, *leverpostej*, *manicure*, *skjört* og *viskaleður*. Það sem er óvanalegt og framandi getur oft hljómað sérkennilega í fyrstu og jafnvel þótt vera hlægilegt. Hvað eru góð orð og er *dragspil* verra orð en *harmonika* (sem hefur fjölmörg ritháttar-afbrigði)?

Gaman er að fletta orðasafninu og skoða orðin. Hvað á að t.d. að bjóða upp á í stórafmæli? Á það að vera *bitlingur* (gúllas), *saxbauti* (hakkabuff), *ribbungar* (kótelettur), *brauðkænur* (tartalettur) eða síld í *kári* (karrí)? Meðlæti gæti verið *grænsúrs* (pikkles) og *glægúrka* (asíur). Einnig fer vel á því að hafa ávaxtabakka með *eiraldinum* (aprikósum), *gullaldinum* (mandarínnum) og *trölleplum* (melónnum) og hafa jafnframt bakka með áleggstegundum, s.s. *valbjúga* (salamipylsa) og *hangibjúga* (spegepylsa) en þá mega ekki gleymast *viðmetiskvíslin* (paalægsgaffall) og *mundlínurnar* (servíettur). Fyrir þá sem vilja

---

<sup>1</sup> Guðmundur Finnbogason, Hreint mál, *Skírnir* 102 (1928), bls. 145–155.

væri hægt að bjóða upp á *svertingja* (lakkrís) og *töggur* (karamellur) í skál. Drykkir gætu t.d. verið *aldinvatn* (limonade), *ginfari* (genever) með *gulaldini* (sítrónu), *bretaveig* (whiskey) eða *vermóður* (vermouth). Undir borðhaldi væri e.t.v. leikið á *dragspil* (harmoniku) eða á *yman* (píanó) eða jafnvel plötur settar á *hljóðfarann* (grammófóninn).

Orðin í *Orðum úr viðskiftamáli* eru yfirleitt haglega gerð. Mörg þeirra hafa átt erfitt uppdráttar, til dæmis ávaxtaheitin *bjúgaldin*, *glóaldin* og *eiraldin*. Það getur verið erfitt að skipta um orð í almennu máli. Benda má á Nýyrðasamkeppni sem haldin var 2008 á vegum Námsgagnastofnunar og málræktar sviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þar sem óskað var eftir nýjum orðum fyrir *trampólín* og *leggings*. Af innsendum tillögum leist dómnefndinni best á orðin *fjaðurdúkur*, *stökkdúkur* og *hoppa* fyrir *trampólín* og *leggjabuxur* og *leggjur* fyrir *leggings*. Nýyrðatillögurnar hafa ekki náð að festast í sessi enda þótt þær séu á ýmsan hátt betur myndaðar, s.s. gagnsærri og auðveldari í beygingu. Forsenda þess að nýyrðatillögur festist í málinu er að þeim sé komið vel á framfæri. Með útgáfu kversins *Orð úr viðskiftamáli* var greitt fyrir því að þessi orð yrðu sem fyrst lifandi á tungu manna í stað hinna útlendu orða. Verslunarstéttin sýndi einnig áhuga á því að styðja við hreinsun málsins með því að taka mörg af þessum orðum inn í auglýsingar sínar. Í formála kversins er þess jafnframt getið að ekkert orð hafi verið tekið í safnið án þess að sérfræðingur í hverri grein hafi goldið því samþykki. Þetta er athyglisvert og ekki ljóst hvaða sérfræðingar hafa samþykkt orð eins og *bretaveig* (whiskey) eða *skaftpottur* (kastarhola).

Hreyfingin sem vakin var í Lestrarfélagi kvenna á fyrri hluta síðustu aldar vildi að tekin yrðu upp góð íslensk heiti á öllum þeim margbreyttu fyrirbrigðum sem fyrir koma innan heimilanna. Í formála kversins *Orð úr viðskiftamáli* segir að orðunum verði ekki lífs auðið nema almenningur vilji taka þau að sér. Þar segir einnig: „Vonandi er, að vandlæting manna beinist ekki einungis að tilraunum til að íslenska erlend orð, heldur líka að hinum erlendu og hálferlendu orðskrípum, sem láta eftir sig svarta bletti á tungunni.“



Ásdís Egilsdóttir

## Margrét, mál og fræði

Þeir textar sem ég hef helst fengist við á minni starfsævi eru að miklu leyti karllægar bókmenntir. Bókleg menntun er höfundum hugleikin og þeir segja svolítið frá menntun kvenna. Í *Þorláks sögu helga* er menntun hins unga Þorláks lýst á þá leið að hann hafi fengið skólamenntun í Odda en að auki lært sitthvað um ættvísi og mannfræði, eins og það er kallað, hjá móður sinni. Ætla má að það hafi verið fróðleikur og sögur um forfeðurna. Í einni af jarsteinum Þorláks er greint frá abbadísinni Katrínu:

Þann sama vetr sem systir Katrín er síðan var fyrst ok þó langa tíma síðan abbadís at Stað í Reynisnesi, var at Þverá ok hon hafði tekit hreinlífisbúning, fekk hon svá mikinn augna krankleika at hon mátti sér ekki við heilagra bóka lestr skemmta, ok eigi þóttisk hon heldr psaltara á bók mega lesa, ok fyrir því hét hon til almáttigs Guðs ok ins sæla Þorláks byskups sér til þvílíkrar heilsubótar sem henni mætti bezt gegna, bæði í bráð ok lengð ok eptir því sem hon hafði fyrir ætlat. Byrjaði hon ferð sína fyrir sagða nauðsyn um vart eptir páska suðr um land, ok leiddi Ljótr ábóti hana til hests svá at hon hafði bundit fyrir bæði augun, ok svá fór hon allt vestr til Miðfjarðarár at hestr sá er hon reið var í togi hafður. Sem hon þóttisk þat eigi lengr mega þola þá sagðisk hon treystask sjálfum Guði ok inum sæla Þorláki byskupi at nökkur bót mundi verða á hennar máli. Tók hon þá í tauma hestsins ok reið síðan sem heilbrigðir menn þar til er hon kom í Skálaholt ok batnaði svá dag frá degi at næsta dag eptir eptir messu varð hon heileygð báðum augum.<sup>1</sup>

Hér segir frá abbadís í Reynistaðaklaustri sem Jörundur Hólabiskup setti 1296. Heimildir segja að Hallbera Þorsteinsdóttir hafi verið fyrsta abbadís þar en hún lést 1330. Eitt sinn birtum við Ármann Jakobsson litla grein þar sem við komumst að þeirri niðurstöðu að abbadísin Hallbera hefði tekið sér klausturnafnið Katrín og því sé hér um sömu konuna að ræða.<sup>2</sup> Það fer einmitt vel á því að þessi bókhneigða nunna hafi valið sér Katrínarnafnið, þar sem heilög Katrín er verndardýrlingur lærdómsmanna. Í *Katrínar sögu*,

---

<sup>1</sup> *Biskupa sögur II*, Ásdís Egilsdóttir gaf út, *Íslensk fornrit 16* (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2002), bls. 262.

<sup>2</sup> Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir, *Abbadísin sem hvarf, Þúsundgeitt orð sagt Sigurgeiri Steingrímssyni fimmtugum, 2. október 1993* (Reykjavík: Mettusjóður, 1993), bls. 7–9.

sem varðveitt er í íslenskum handritum frá 14. og 15. öld segir meðal annars frá því hvernig hin unga Katrín dispúteraði við fimmtíu heiðna spekinga og kvað þá alla í kútinn.

Sagan um abbadísina Katrínu er jarteinasaga. Aðalatriðið og tilgangurinn er að segja frá meini sem læknaðist eða vanda sem rættist úr fyrir meðalgöngu dýrlings. Systir Katrín þjáðist af augnverk og læknaðist með hjálp Þorláks helga, en við stöldrúm við þá staðhæfingu að hún hafi ekki getað skemmt sér við lestur. Hún hefur því verið læs, eins og hæfði konu í hennar virðulegu stöðu. *Jóns saga helga* segir einnig frá bóklærðum konum. Þekktasta dæmið er væntanlega frásögnin af Ingunni á Hólum, sem Ingunnarskóli í Grafarholti er nefndur eftir. Fleiri konur koma þar við sögu og því er lýst hvernig þær miðluðu fróðleik sem síðari rataði á bók.

Heilög Katrín, sem Hallbera valdi klausturnafn sitt væntanlega eftir, var píslarvottur og á helgimyndum er hún oft sýnd með hjólið sem notað var til þess að pynta hana áður en hún var tekin af lífi. Annað einkennistákn hennar er bók. Píslarvotturinn heilög Margrét er sömuleiðis oft sýnd með bók í hendi. Í lok *Margrétar sögu* fer mærin unga með bæn og segir: „Enn bið eg, drottinn, sá er ritar píslarsögu mína eða kaupir þá bók, fylltu þá af helgum anda. Og í því hýsi er bók sú er inni, verði þar eigi fætt dautt barn né lama.“<sup>3</sup> *Heilagra meyja drápa* er kvæði sem talið hefur verið frá 14. öld. Þar eru vísur ortar eftir Margrétar sögu og er sú þriðja þeirra á þessa leið:

Lesandi oft með fagnað fúsan  
fúsir menn er treysta henni  
hennar sögu þá er krankar kvinnur  
kvenligt stríð í sóttum bíða.  
Margareta brúðum bætir  
bætta hjálp með sínum mætti  
vaktar þessi meyjan mektug  
mektar gjörð á himni og jörðu.<sup>4</sup>

Í þessu erindi er gefið til kynna að konur í „kvenlegu stríði“, þ.e. léttasótt, megi vænta hjálpar af Margrėti og lesið hafi verið úr sögunni fyrir þær.

---

<sup>3</sup> *Heilagra meyja sögur*, Kirsten Wolf bjó til prentunar og ritaði inngang (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2003), bls. 42–49.

<sup>4</sup> *Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, Vol VII., útg. Margaret Clunies Ross (Turnhout: Brepols, 2007), bls. 914.



Heimildir úr öðrum löndum segja frá lestri úr *Margrétar sögu* við barnsburð, einnig tíðkaðist að lesa upphaf Jóhannesarguðspjalls og sögu fyrrnefndrar Katrínar.<sup>5</sup>

Í ritum miðalda kemur víða fram hvernig vald kirkjunnar birtist í mynd hins ritaða orðs. Lögð var áhersla á það að hinn guðdómlega sannleika væri að finna í hinu ritaða orði, ritningunni. Þeir sem bjuggu yfir kunnáttu í lestri og skrift nutu því forréttinda og valds, og bókin var ígildi þess og tákmynd. Máttur orðsins færðist yfir á bókina sem hafði það að geyma.<sup>6</sup> Það var því ábyrgðarhluti að meðhöndla bók. Mig langar að draga fram eina litla sögu úr *Jóns þatti Halldórssonar*. Þátturinn er talinn ritaður á 14. öld og er safn dæmisagna um norska biskupinn Jón Halldórsson sem var biskup í Skálholti á árunum 1332–1339. Þetta er flökkusaga og segir frá því þegar Jón var ungur námsmaður í París og „lítit skiljandi hjá því sem síðar.“ Í fjarvist meistara síns stelst hann í bók hans og um leið skellur á stormur. Þegar upp kemst um Jón segir meistarinn: „Líkna man ek þér, Jón, en þó skaltu hafa augu fyrir hvað þú kannt lesa meðan þú skilr eigi betr.“ Þegar Jón er orðinn biskup segir hann frá þessu atviki og útskýrir merkingu þess: „Má af slíku marka,“ sagði biskupinn, „hve listin lifir í bókunum þótt heimrinn gjöriz mjök gamall.“<sup>7</sup>

Margrét vinkona mín hefði ugglaust fengið viðurnefnið in málfróða eða málspaka á miðöldum. En auk þess að vera málfræðingur er hún tónlistarunnandi og fyrrum umsjónarmaður Háskólatónleika. Hún sér sjálfsagt strax að hér er samsvörun við söguna um lærisvein galdrameistarans, eins og hún birtist í kvikmyndinni *Fantasia* (1940), við tónlist eftir franska tónskáldið Paul Dukas (1865–1935). Hann byggði þetta sínfóníska ljóð á kvæði eftir Goethe, *Der Zauberlehrling*, frá 1797. Í kvikmyndinni túlkar Mikki mús lærisveininn með eftirminnilegum hætti. Í þessari gerð sagnarinnar syfjar galdrameistarann við iðju sína og hann dregur sig í hlé. Á meðan setur lærisveinninn á sig hatt meistarans og beitir takmarkaðri galdrabekkingu sinni á kústin sem hann á að þrífa híbýli meistarans með. Hann skipar kústinum að fylla fötur af vatni og hella í ker. En illu heilli sofnar hann á meðan kústurinn

---

<sup>5</sup> Höfundur þessarar greinar hefur skrifað slatta af greinum um Margrétar sögu og efni henni tengt og nennir bara ekki að telja þær upp.

<sup>6</sup> Albrecht Claessen, „Introduction,“ *The Book and the Magic of Reading in the Middle Ages*, ritstj. Albert Claessen (New York og London: Garland Publishing, 1998), s. ix–xlii.

<sup>7</sup> *Biskupa sögur* III, Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út, *Íslensk fornrit* 17 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1998), 445–447.

er að starfa. Hann dreymir að hann sé orðinn voldugur galdramaður en hrekkur upp við að herbergið er orðið fullt af vatni. Enginn leið er að stöðva kústinn, ekki einu sinni að höggva hann í búta, því umsvifalaust verða bútararnir að nýjum sópum sem allir fara að sækja vatn. Þegar galdrameistarinn vaknar tekst honum að stöðva kústana með einni handarhreyfingu. Allt fellur í ljúfa löð en lærisveinninn er minntur á að hann er enn ekki orðinn meistari og þarf að taka til við það verk sem hæfir honum betur, að sópa.

Skýldleiki frásagnarinnar í *Jóns þætti* og Lærisveini galdramannsins er auðsær. Báðar sögurnar eiga að minna nemandann á að ætla sér ekki um of áður en hann hefur öðlast vald á þekkingu sinni.<sup>8</sup> En það er athyglisvert hvernig bókin er fulltrúi þekkingar og valds í *Jóns þætti*. Mér er enn ekki ljóst hvar beina hliðstæðu við söguna í *Jóns þætti* er að finna, þar sem bókin er í aðalhlutverki, og Guðrún Ása Grímsdóttir ræðir það ekki í útgáfu sinni á þættinum.

Margrét Jónsdóttir lætur nú af störfum eftir að hafa um árabíl frætt nemendur um íslenskt mál og leiðbeint þeim svo að þeir lendi ekki í sömu hremmingum og Jón biskup og lærisveinn galdrameistarans. En þó að heimurinn gjörist mjög gamall, eins og segir í *Jóns þætti*, er Margrét langt frá því að vera gömul og heldur vonandi áfram að kanna mál og iðka fræði.

---

<sup>8</sup> Erika Sigurdson, *The Church in Fourteenth-Century Iceland: The Formation of an Elite Clerical Identity*. (Boston: Brill, 2015) bls. 44. The Northern World Series, 72.

## Tilraunir með umstokkun í íslenskri setningagerð

### 1. Inngangur

Ríkuleg beygingarmál bjóða á vissan hátt upp á sveigjanlegri orðaröð en tungumál sem hafa fátæklegri beygingar vegna þess að breytilegt form orða veitir ákveðnar upplýsingar um innbyrðis afstöðu þeirra. Þessu til stuðnings er auðvelt að benda á setningar eins og *María elskaði Harald* og *Harald elskaði María*, þar sem hæglega má sjá hver elskar hvern óháð orðaröð, andspenis setningunum *Mary loved Harold* og *Harold loved Mary* sem fela að sjálfsögðu í sér ólíka merkingu (sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2007:21). En hversu frjáls er orðaröð í málum eins og íslensku og hvernig má hugsa sér að prófa það? Í málkunnáttufræði er vel þekkt að setja fram tilgátur um formgerð setningarliða og heilla setninga í einstökum málum og raunar tungumálum almennt. Ef reglurnar leiða af sér ótækar setningar kallar það á sérstakar skýringar eða endurskoðun fræðilegra hugmynda sem aftur skapa nýjar forspár sem þarf að athuga hvort gangi eftir (sjá Chomsky 2013). Hér verður ekki farið út í þá sálma heldur sagt frá einfaldri aðferð til að stilla upp öllum hugsanlegum orðaraðartilbrigðum innan einnar og sömu setningar. Þessi umstokkunaraðferð býður upp á margvíslega flokkunarmögu- leika og prófanir. Til dæmis er hægt að nota afraksturinn í spurningalista og fá málhafa til að meta mismunandi tilbrigði en markmiðið hér er einfaldlega að vekja athygli á aðferðinni og gefa svolitla hugmynd um hvernig hægt er að vinna með umstokkun orðaraðar í einni tiltölulega einfaldri setningu.

### 2. Umstokkunartilraunir

Í þriggja orða setningum er mögulegur fjöldi mismunandi orðaraða  $1 \cdot 2 \cdot 3$  sem gefur margfeldið 6 og í fjögurra orða setningum eru möguleikarnir  $1 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 4 = 24$ . Fimm orð bjóða upp á  $1 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 4 \cdot 5 = 120$  mögulegar raðir o.s.frv. Hér á eftir verður lagt út af setningunni *Haraldur hefur líklega oft lesið Biblíuna vandlega* en hún inniheldur sjö orð, þ.e.a.s. frumlag, hjálparsögn, aðalsögn, andlag og þrjú atviksorð. Það þýðir að hægt er að raða þeim upp á 5.040 vegu ( $1 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 4 \cdot 5 \cdot 6 \cdot 7$ ). Fyrir fram má búast við að tiltölulega fá

tilbrigði við þessa grunnorðaröð séu tæk, t.d. spurnarorðaröð, kjarnafærsla og e.t.v. einhver umröðun atviksorða. Lausleg athugun bendir þó til að hægt sé að mynda u.þ.b. 30 sæmilega nothæfar (en misjafnlega góðar) setningar úr þessum sjö orðum og aðrar 30 sem geta talist vafasamar en kannski ekki alveg útilokaðar. Sjálfsagt finnst lesendum sumt afar stirt eða ótækt af því sem ég samþykki. Eins gæti auðvitað verið að einhverjir sætti sig við dæmi sem ég afskrifa. Flest tilbrigðin sem ég taldi tæk falla undir færslur og frávik í orðaröð sem fjallað er um í ýmsum yfirlitsritum um íslenska setningagerð og koma því í sjálfu sér ekki á óvart en það koma einnig fyrir forvitnileg dæmi sem í fljótu bragði virðast skrytín eða jafnvel ótæk í venjulegu tali en gætu e.t.v. gengið í tilteknu samhengi, t.d. í fornlegum stíl eða kveðskap. Matið á setningunum byggist á málkennd minni en lesendur geta sjálfir kallað fram öll umstokkunartilbrigðin og prófað sig áfram með allt að 10 orða setningar að eigin vali inni á textavinnsluvefsíðunni Text Mechanic (eflaust má finna fleiri sambærilegar síður á Netinu): <http://textmechanic.com/text-tools/combo-combination-permutation-tools/permutation-generator/>.

Nú skulum við sjá hvernig þetta virkar. Fyrst er að slá hvert orð fyrir sig inn í viðkomandi leitarglugga og láta forritið reiða fram allar mögulegar raðir (best er að hafa aukabil á eftir hverju orði svo að þau renni ekki saman þegar umstokkunin liggur fyrir):

Mynd 1: Sjálfvirk umstokkun.

Á mynd 1 sjást fyrstu þrjú orðin af sjö og fyrstu fjögur dæmin af 5.040. Eins og sjá má hefst umstokkunin aftast þannig að tveimur síðustu orðunum er umraðað fyrst. Þegar dæmin höfðu verið vistuð sem textaskjal var næsta

skref að færa þau yfir í Excel til að auðvelda yfirferð og úrvinnslu. Á *töflu 1* má sjá hvernig fyrstu 24 dæmin litu út þegar þangað var komið.

|    | A        | B     | C       | D        | E        | F        | G        |
|----|----------|-------|---------|----------|----------|----------|----------|
| 1  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | lesið    | Bíbliúna | vandlega |
| 2  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | lesið    | vandlega | Bíbliúna |
| 3  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | Bíbliúna | lesið    | vandlega |
| 4  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | Bíbliúna | vandlega | lesið    |
| 5  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | vandlega | lesið    | Bíbliúna |
| 6  | Haraldur | hefur | líklega | oft      | vandlega | Bíbliúna | lesið    |
| 7  | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | oft      | vandlega | Bíbliúna |
| 8  | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | oft      | Bíbliúna | vandlega |
| 9  | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | Bíbliúna | vandlega | oft      |
| 10 | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | Bíbliúna | oft      | vandlega |
| 11 | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | vandlega | Bíbliúna | oft      |
| 12 | Haraldur | hefur | líklega | lesið    | vandlega | oft      | Bíbliúna |
| 13 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | oft      | lesið    | vandlega |
| 14 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | oft      | vandlega | lesið    |
| 15 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | lesið    | oft      | vandlega |
| 16 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | lesið    | vandlega | oft      |
| 17 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | vandlega | oft      | lesið    |
| 18 | Haraldur | hefur | líklega | Bíbliúna | vandlega | lesið    | oft      |
| 19 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | oft      | Bíbliúna | lesið    |
| 20 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | oft      | lesið    | Bíbliúna |
| 21 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | lesið    | Bíbliúna | oft      |
| 22 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | lesið    | oft      | Bíbliúna |
| 23 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | Bíbliúna | lesið    | oft      |
| 24 | Haraldur | hefur | líklega | vandlega | Bíbliúna | oft      | lesið    |

Tafla 1: Sýnishorn úr dæmasafni í Excel.

Þarna sést betur hvernig umstokkunin virkar. Dæmi (1–6) sýna umstokkun þriggja síðustu orðanna í upphaflegu setningunni en orðaröðin þar fyrir framan er óbreytt. Dæmi (1–24) sýna allar mögulegar raðir síðustu fjögurra orðanna á eftir *Haraldur hefur líklega* sem er hlutlaust eða sjálfgefið upphaf. Lesendur sjá væntanlega fljótt að þarna eru ekki margar nothæfar setningar. Að mínu mati má flokka dæmin í *töflu 1* nokkurn veginn svona:

| Mat                        | Númer dæma í <i>töflu 1</i>  |
|----------------------------|------------------------------|
| Alveg eðlileg              | (1), (10)                    |
| Frekar eðlileg             | (5), (8–9), (20–21)          |
| Hvorki eðlileg né óeðlileg | (2), (7), (22)               |
| Frekar óeðlileg            | (11–15)                      |
| Mjög óeðlileg              | (3–4), (6), (16–19), (23–24) |

Tafla 2: Mat á umröðun orða á eftir *Haraldur hefur líklega*.

Miðað við þetta eru sjö dæmi alveg eða frekar eðlileg, 14 dæmi eru frekar eða mjög óeðlileg og þrjú dæmi eru einhvers staðar þar á milli en auðvitað má búast við að dómar fólks séu býsna mismunandi í þessum efnum eins og áður

var nefnt. Almennt má segja að aðalsögnin verði að vera á undan andlaginu (*lesið Biblíuna*) og yfirleitt er stirt að stinga atviksörðum inn í sagnliðinn (*lesið vandlega Biblíuna*). Ef *líklega* er skotið á milli frumlags og persónubeygðar sagnar í dæmum (1–24) (*Haraldur líklega hefur*) má segja að hvert dæmi fyrir sig falli niður um einn gæðaflokk eða svo en að öðru leyti helst flokkunin í *töflu 2* (sjá umræðu um þessa orðaröð hjá Maling 1980 og Halldóri Á. Sigurðssyni 1986). Það þýðir að tæk eða nokkurn veginn tæk dæmi eru orðin níu. Ef búnar eru til samsvarandi *já/nei*-spurningar eða frásagnarumröðun (*Hefur Haraldur líklega ...*) bætast aðrar tvær við og sé *líklega* skotið inn strax á eftir persónubeygðu sögninni í dæmum af því tagi (*Hefur líklega Haraldur ...*) fást tvær frekar eða alveg eðlilegar setningar til viðbótar. Heildartala til-  
tölulega eðlilegra dæma er þá komin í 13.

Þá er að líta á dæmi með kjarnafærðum liðum (*líklega, oft, Biblíuna, vandlega*) næst á undan persónubeygðri sögn og frumlagi. Á eftir strengnum *Líklega hefur Haraldur oft* eru sex mögulegar raðir:

- (25) lesið Biblíuna vandlega
- (26) lesið vandlega Biblíuna
- (27) Biblíuna lesið vandlega
- (28) Biblíuna vandlega lesið
- (29) vandlega lesið Biblíuna
- (30) vandlega Biblíuna lesið

Að mínu mati eru raðirnar í (25) og (29) frekar eða alveg eðlilegar, (27–28) og (30) ótækar og (26) á mörkunum. Ef *oft* og *líklega* skipta um sæti (*Oft hefur Haraldur líklega*) gildir það sama, þ.e.a.s. raðirnar í (25) og (29) koma best út. Þá röð má svo aftur stokka upp með því að segja *Oft hefur líklega Haraldur* og botna með (25) og (29). Tæk tilbrigði eru þá alls orðin 19.

Skodum þá kjarnafærslu andlags og umstökkun í slíkum setningum. Á eftir *Biblíuna hefur Haraldur líklega* koma eftirfarandi sex möguleikar til greina.

- (31) oft lesið vandlega
- (32) oft vandlega lesið
- (33) lesið oft vandlega
- (34) lesið vandlega oft
- (35) vandlega oft lesið
- (36) vandlega lesið oft

Hér geta fyrstu þrjár raðirnar gengið en hinar mun síður eða alls ekki. Með dæmum (30–33) eru tæk tilbrigði orðin 22 og með því að skjóta *líklega* á milli persónubeygðu sagnarinnar og frumlagsins (*Bibliúna hefur líklega Haraldur*) fást þrjú samsvarandi nokkuð eðlileg dæmi til viðbótar.

Loks er að prófa að kjarnafæra *vandlega* á sama hátt. Á eftir *Vandlega hefur Haraldur líklega* eru eftirfarandi raðir mögulegar.

(37) oft lesið Bibliúna

(38) oft Bibliúna lesið

(39) lesið oft Bibliúna

(40) lesið Bibliúna oft

(41) Bibliúna oft lesið

(42) Bibliúna lesið oft

Hér er má vel notast við (37) og (40) en hinar raðirnar eru vafasamar eða ótækar. Á sama hátt og áður má líka færa *líklega* fram fyrir frumlagið (*Vandlega hefur líklega Haraldur*) og botna með (37) og (40) þótt þær stirðni óneitanlega svolítið við það. Þar með eru „frekar eðlileg“ eða „alveg eðlileg“ dæmi orðin 29. Miðað við það sem hér var farið í gegnum má gera ráð fyrir að u.þ.b. 30 dæmi séu „hvorki eðlileg né óeðlileg“ eða „frekar óeðlileg“. Allar hinar raðirnar, eða u.þ.b. 4.980 dæmi, eru væntanlega með öllu ótækar en lesendur geta auðvitað prófað það sjálfir!

### 3. Lokaorð

Heildardæmasafnið sem hér liggur til grundvallar (allar 5.040 „setningarnar“ sem koma út úr umstokkuninni) er auðvitað ekki mjög árennilegt. Til þess að þrengja leitina að tækum setningum voru í fyrsta lagi athuguð dæmi með persónubeygðri sögn í öðru sæti (S2) og frumlagi eða kjarnafærðum lið í fyrsta sæti, í öðru lagi spurningar og frásagnarumröðun (S1) og í þriðja lagi innskot atviksorðs (sem felur í sér afstöðu mælanda) á milli frumlags eða kjarnafærðs liðar og persónubeygðrar sagnar (S3). Af þessum tilraunum má ráða að það eru ýmsar hömlur á því hvers konar orð og liðir geta færst fremst í setninguna, að hvaða marki hægt er að víxla röð innan liða og hvort hægt er stokka upp orðaröð „eftir“ að sjálfgefinni röð hefur verið breytt. Lengdar-mörk leyfa ekki frekara grúsk að sinni en það væri t.d. fróðlegt að athuga nánar merkingarlegar hömlur á innbyrðis röð atviksliða innan einnar og

sömu setningar. Eins væri forvitnilegt að skoða dæmi sem í fljótu bragði virðast brjóta gegn grundvallarreglum um orðaröð í íslensku en gætu gengið í tilteknu samhengi, t.d. í kveðskap (*Ég langömmu á ...*). Loks er vert að nefna að prófanir af þessu tagi gætu komið málfræðingum á sporið við leit að sjaldgæfum orðaraðartilbrigðum í gagnasöfnum á borð við *Risamálheildina*.

#### HEIMILDASKRÁ

- Chomsky, Noam. 2013. The ‘Generative Enterprise’: Its Origins, Goals, and Prospects. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton ritstj.: *Chomsky: Mál, sál og samfélag*, bls. 27–45. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Halldór Á. Sigurðsson. 1986. Verb Post-Second in a V2 Language. Östen Dahl og Anders Holmberg, ritstj.: *Scandinavian Syntax*, bls. 138–149. Institute of Linguistics, University of Stockholm, Stokkhólmi.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Maling, Joan. 1980. Inversion in Embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál* 2:175–193.

#### *Þakkir*

Ég þakka Þórhalli Eyþórssyni fyrir gagnlegar ábendingar við fyrri gerð þessarar greinar og stærðfræðingunum Friðriki Diego og Guðbirni Frey Jónssyni fyrir að hjálpa mér að finna hentugt umstokkunarforrit á Netinu.



## Af rófum

Í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (ROH) eru rúmlega hundrað samsett orð með síðari liðnum *-rófa* og til samanburðar hafa bara þrjátíu samsett orð í safninu seinni liðinn *-skott*. Þarna er sem sagt mikið af rófum en við nánari athugun kemur í ljós að þær eru líka af ýmsu tagi og bæði úr dýra- og jurtaríkinu. Fyrst má telja jarðarávexti sem margir eru kenndir við lit sinn og lögun: *blóðrófa*, *gulrófa*, *hvítrófa*, *rauðrófa*, *mjórófa* og *hnöttóttarófa*; eða aðra eiginleika: *fóðurrófa*, *mairófa*, *pottarófa*, *sykurrófa* o.fl. Úr dýraríkinu er *grísarófa*, *kattarrófa*, *músarrófa*, *selsrófa*, og fleiri orð sem vísa til hala á ákveðnum dýrategundum og svo eru til *brettirófa*, *griprófa* og *hálfrófa* á dýrum sem vísa til útlits eða eiginleika halans óháð dýrategund. Loks eru rófur í dýraríkinu sem ekki eru á dýrum heldur dýrin sjálf, t.d. *göngurófa* ‘könguló’ og *beinrófa* ‘hávella (fugl)’.

Hér verður þó einkum staldrað við orð sem notuð eru um fólk, einkum kvenfólk, og eru þannig séð tengd dýraríkinu. Þau vísa þó ekki til líkamshluta heldur manneskjunnar sjálfrar og eiginleika hennar og svipar að því leyti frekar til göngurófunnar en tíkarrófunnar. Þessi orð eru nærri því að vera þriðjungur samsettra orða með *-rófa* að síðari lið og eru þá meðtalin orð sem fundust í orðabókum þótt ekki séu dæmi um þau í ROH. Flest eru þau einkum höfð sem skammar- eða gæluyrði, sama orðið jafnvel sitt á hvað eftir aðstæðum, en þó virðist ekki alltaf fullt samræmi milli orðabókaskýringa og þeirra notkunardæma sem tiltæk eru í gagnasöfnum. Fyrri liður orðanna vísar oftast til athafna sem sá eða sú sem um er talað leggur stund á, t.d. hefur *dansrófa* gaman af að dansa og sækist eftir því, *rægirófa* er rógberi og *slúðurrófa* sögusmetta, *ertnisrófa* er væntanlega stríðnisþúki en *hannyrðarófa* gefur sig að handavinnu, jafnvel meira en góðu hófi þykir gegna ef marka má orðabók Sigfúsar Blöndals (OSB; 1920–24). Þar er orðið sagt „nedsættende“ þótt sjálf skýringin bendi ekki beinlínis til þess: ‘Kvinde, som er udmærket til al Slags kvindelige Haandarbejder’. Þarna kemur *göngurófa* líka við sögu því það orð er eingöngu skýrt sem ‘kona dugleg að ganga’ í *Íslenskri orðabók* (ÍO; 2002) þótt engin notkunardæmi hafa fundist um þá merkingu svo hugsanlega hafa ritstjórar lesið skakkt í orðið. Í mörgum slíkum orðum vísar

fyrri liðurinn til útlits og eiginleika sem setja svip á þann — eða oftast þá — sem um er talað og yfirleitt teljast þeim ekki til hróss: *hallærisrófa*, *hofmóðsrófa*, *sperrirófa*, *tilgerðarrófa*, *tildurrófa* og fleiri í þeim dúr. Dæmi úr ROH um orðin *hofrófa* og *tildurrófa* sýna þetta vel og um leið að svona kvenfólk þótti nú helst að finna á mölinni:

sagði, að lítið mundi koma til konu þessarar, **hofrófurnar** þar syðra væru ekki til annars en að eta mat. (Ólafur Davíðsson: *Íslenskar þjóðsögur* III, 282 (1947))

Já, hún er ólík þeim, **tildurrófunum** hjerna, enda er hún úr sveit. (*Hulda: Tvær sögur*, 67 (1918))

Notkun orðanna og viðhorfið sem í þeim felst endurspeglast í orðabókaskýringum, t.d. merkir *tildurrófa* ‘pyntesyg kvinde’ samkvæmt OSBl og sama skýring er gefin á orðinu *tilhaldsrófa* en *stássrófa* og *puntrófa* eru skýrð með danska jafnheitinu ‘pyntedukke’. Í ÍO er *tildurrófa* ‘glysgjörn stúlka’ og *stássrófa* ‘skartgjörn, tilhaldssöm kona’ og í *Íslenskri nútímamálsorðabók* (ÍNO) fær *tildurrófa* sömu skýringu en er þar jafnframt merkt sem gamaldags. Eins og sjá má er í langflestum tilvikum gert ráð fyrir að orðin vísi til stúlkna eða kvenna. Einu undantekningarnar frá því að þau orð komi beinlínis fyrir í orðabókaskýringum eru orðið *þjattrófa* sem ÍO skýrir sem ‘hégómleg manneskja’ — en kannski sýnir það bara að skýringarorðið *manneskja* sé oft(ast) haft sem samheiti við *kona* því í OSBl er skýringin ‘forfængeligt kvindemenneske’ og í ÍNO ‘kona sem er mikið fyrir glys og skraut og útlitslega hluti’.

Langflest dæmi í ROH um samsett orð af þessu tagi, þ.e.a.s. orð sem vísa til fólks, eru frá 19. og 20. öld og eina orðið sem einkum vísar til karla samkvæmt dæmunum er *höfðingjarófa* sem virðist notað um þá sem hengja sig á höfðingja:

að þér álítið mig vera einn af þeim, sem menn kalla **höfðingjarófu**. (Lúðvík Kristjánsson: *Vestlendingar* II, 60; dæmi frá 1855)

Hann var hin liprasta **höfðingjarófa** þar um slóðir. (Jón Thorarensen: *Svalheimamenn*, 41 (1977))

Frá síðari árum fundust einkum notkunardæmi um orðin *dekurrófa*, *þjattrófa*, *tildurrófa*, *stelpurófa* og *kelirófa* í *Risamálheildinni* (2019), langflest um

tvö þau fyrst nefndu. Það er forvitnilegt að skoða dæmin í ljósi orðabókaskýringanna, um hverja þau eru notuð og í hvaða samhengi. Orðið *tildurrófa* er nær eingöngu haft um konur eða stúlkur og yfirleitt með frekar neikvæðum blæ svo þar er allgott samræmi milli notkunar og orðabókaskýringa. Aftur á móti eru *þjattrófa* og *dekurrófa* áhugaverðari. Samkvæmt ÍNO, nýjustu orðabókinni sem einkum er ætlað að lýsa samtímamálinu, er „kona“ kjarni skýringarinnar á báðum þessum orðum, í fyrra tilvikinu er hún „mikið fyrir glys og skraut og útlitslega hluti“ og í því síðara er orðið haft um konur eða stúlkur „sem dekrað hefur verið við“. Dæmin sýna að bæði orðin vísa oftast til kvenna eða jafnvel enn frekar lítilla stelpna. Það er þó alls ekki einhlítt, karlar og drengir geta verið dekurrófur og líka hópar fólks og jafnvel dýr:

grenjið í þeim heimtufreku og gírugu **dekurrófum** sem ekki vilja taka þátt í sam-eiginlegum útgjöldum þjóðarinnar. (2014)

Úrvalsdeildarliðin hafa viðað að sér mishæfileikaríkum, ofmetnum og spilltum **dekurrófum**. (2006)

Kindurnar hans voru hálfgerðar **dekurrófur**. (2007)

Börnin þín voru ekki **dekurrófur** og unnu mikið og komust vel til manns. (2013)

Það eru líka dæmi um að *þjattrófa* sé haft um karla þótt það sé langoftast notað um konur:

það eru sjálfsgöð kvenréttindi að fá að vera **þjattrófa**. (2010)

við öfundum hann ef hann á flottari bíl (jafnvel þótt okkur finnst hann snobbuð **þjattrófa**). (2017)

**þjattrófan** pabbi í nýjum skóm úr mjúku leðri frá útlöndum. (2002)

Amma var mikil **þjattrófa** og passaði alltaf upp á að vera vel til fara. (2002)

Þessi orð eru ekki meiri skammaryrði en svo að konur nota þau oft um sjálfar sig og um aðrar konur sem eru þeim nákomnar, m.a. í minningargreinum. Þau eru því oft bara góðlátleg tilvísun til eiginleika í fari viðkomandi sem mætti allt eins líta á sem hrós.

Orðið *stelpurófa* er svolítið sér á parti því það er notað sem gæluorð um litlar stelpur án þess að vísa til ákveðinna eiginleika eða athafna. Síðasta orðið, *kelirófa*, er líka hreint gæluorð. Það gæti verið nýlegt því það kemur

hvorki fyrir í ROH né þeim orðabókum sem stuðst hefur verið við. Þótt það sé talið hér með orðum sem notuð eru um fólk — enda er það stundum haft um krakka — þá vísar það í langflestum dæmunum til gæludýra, oftast katta.

Eldri strákurinn minn er mjög glaðbeittur, **kelirófa** og vill hafa líf í kringum sig. (2015)

Þeir eru báðir kassavanir og miklar **kelirófur**. (2002)

Hann er mikil **kelirófa**, en svolítill hvolpur í sér ennþá og er alltaf til í að leika. (2007)

Að lokum gætum við, vinir og félagar Margrétar, stillt okkur upp í langa **halarófu** (enn eitt rófuorð þótt það rekist illa í hóp með öðrum) og óskað henni til hamingju með afmælið og áfangann. Nú gæti hún t.d. snúið sér að ræktun á litríkum rófum eða bara notið þess að vera frí og frjáls dekur- og þjattrófa.

#### HEIMILDASKRÁ

*Íslensk nútímamálsorðabók*. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.).

<<http://islenskordabok.is/>>. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

*Íslensk orðabók* (2002). Mörður Árnason (ritstj.). 3. útg. aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.

*Ritmalssafn Orðabókar Háskólans*. <<https://ritmalssafn.arnastofnun.is>>. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Sigfús Blöndal (1920–24). *Íslensk-dönsk orðabók*. Íslensk-danskur orðabókasjóður, Reykjavík. (Stafræn útgáfa 2021: <<https://blondal.arnastofnun.is>>. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.)

*Risamálheildin* (2019). <<https://malheildir.arnastofnun.is>>. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

(Leit í öllum söfnunum var gerð í mars og apríl 2021.)

## Orðsins afl

Orðið *ármaður* er ekki mikið notað í íslensku nútímamáli þó vissulega sé sérnafnið *Ármann* nokkuð algengt og þá bæði sem nafn á karlmanni eða íþróttafélögum. Ég heyrði orðið *ármaður* fyrst í daglegri notkun þegar ég flutti á heimavist Menntaskólans að Laugarvatni seint á sjöunda áratugnum en þá var heitið notað yfir eitt af embættum nemendafélagsins. Þeir sem voru tilnefndir til umrædds embættis urðu að vera þeim eiginleikum gæddir að vera samviskusamir, vandvirkir og áreiðanlegir ... jú og morgunglaðir, því embættið fólst í því að vekja nemendur á morgnanna og koma þeim í skólann áður en skólabjallan hringdi. Starfinu fylgdi því mikil ábyrgð því ef *ármaðurinn* svaf yfir sig svaf öll heimavistin yfir sig og lítið yrði þá úr skólalahaldi. Mitt fyrsta ár í Menntaskólanum gegndi þessu embætti vönduð og traust stúlka, Margrét Jónsdóttir. Í þessum fáu orðum tileinkuðum Margréti við starfslok hennar sem prófessors langar mig að forvitnast aðeins um uppruna og notkun orðsins *ármaður*. Umfjöllunin er ekki eiginleg rannsókn né varpar hún nýju ljósi á merkingu, þróun eða notkun orðsins enda ber greinin þess merki að hér fer leikmaður. Vonandi fyrirgefur Margrét mér framhleyfnina.

Það liggur beinast við fyrir leikmann að byrja á orðabókarskýringu á orðinu *ármaður* en í *Orðabók Menningarsjóðs* (1978) er orðið skilgreint sem 1. *Umboðsmaður konungs eða stórhöfðingja* 2. *Verndarvættur, hollvættur í fjalli eða steini*. 3. *Ræðari*. Hér er ekki vikið frekar að merkingunni ‘ræðari’ en ekki er að finna skýringu á orðinu *ármaður* í merkingunni ‘maður’ eða ‘kona’ sem sem fer á stúfana árla morguns þegar aðrir sofa í þeim tilgangi að koma þeim að verki. Vissulega hlýtur orðið að tengjast forskeytinu *ár-* sem er skilgreint í orðabókinni sem atviksorð sem merkir *snemma*, m.a. í orðasambandinu *ár og síð*, eða sem morfem eða orðhluti, s.s. í orðunum *ár-la*, eða *morguns-ár*.

Í *Ritmálssafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*<sup>1</sup> er 191 dæmi í gegnum tíðina um tvær mismunandi myndir orðsins *ár* eða *aar* og morfemsins *ár-* í merkingunni *snemma* eða *árla*. Elsta heimildin er frá 1594

---

<sup>1</sup> <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/561533>.

þar sem orðið kemur fyrir í messusöngbók eftir Guðbrand Þorláksson. Þar segir „Þu ert ein fœgr Sol skjinnande og klar / sem i Heime skyn sijdla og Aar“ (Dd, IVr). Hér eru aðeins gefin tvö dæmi af þeim næstum 200 sem í safninu má finna um þessa notkun orðsins *ár*. Dæmin eru úr ljóði Eggerts Ólafssonar „eg ángr bíð, nema' allan tíð, / ár og síð þér“ (1832, bls. 145) og ljóðabókinni *Kvæðum* eftir Jón Thoroddsen „Eins og þegar ár á morni / [...] / blómin úng, af værðum vakin, / vermir, lífgar sunna glöð“ (1919, bls. 218).

Í *Ritmálssafni Árnastofnunar* eru aðeins 33 dæmi um notkun orðsins *ármaður* en ekkert í þeirri merkingu sem það var notað í Menntaskólanum að Laugarvatni. Merking orðsins *ármaður* í *Ritmálssafninu* er nær orðabókar-skilgreiningunni, þ.e. 1. *Umboðsmaður konungs eða stórhöfðingja* 2. *Verndarvættur, hollvættur* en þó ekki alltaf. Orðið kemur fyrst fram í rituðum texta frá 18. öld í handbók um smjör og ostagerð frá 1780 eftir Olaus *Olavius*: „at gódir *ármenn* megu sífellt hafa gætur á haglendi sínu (bls. 52). Seinna er orðið *ármaður* þýtt sem ‘administrator’ eða stjórnandi í orðabók frá 1819 eftir Gunnlaug Oddssen (bls. 3). Matthías Jochumsson notar orðið *ármaður* bæði í ljóðum og þýðingum í sömu merkingu, m.a. í þýðingu sinni á *Sögum herlæknisins* þar sem *ármaður* er einhvers konar stjórnandi eða umboðsmaður sem er treyst fyrir lífi og eigum annarra. Árið 1947 skrifar Skúli Gíslason um *ármenn* og „bjargvætti“ (1947 bls. 66). Í *Sögum Ísafoldar* IV (bls. 185) er setning sem segir að viðmælandi þurfi að að útvega *ármann* „sem geti séð um jarðir konunnar“. Svo eru *ármenn* líka verndarar eins og hjá Jóni Trausta „Þar sem *ármenn* hversins og laugarinnar, sem höfðu það hlutverk með höndum að vernda þá frá slysum, sem þar höfðust við (1939, bls. 169) og sem stuðningsaðilar á fyrstu árum sálfræðinnar sem greinar á Íslandi (Símon Jóhann Ágústsson, 1964). Og að lokum orti Jakobína Sigurðardóttir um mátt ljóðsins „Lífsins mátt og orðsins afl þar kenni / *ármenn* réttar þíns“ (1960).

Í fljótu bragði mætti ætla að orðið *ármaður* eins og það var notað í Menntaskólanum að Laugarvatni forðum fylgi ekki hefðbundinni notkun þessa ágæta nafnorðs en þegar nánar er skoðað þá er ljóst að í merkingunni felst að aðeins þeir voru skipaðir eða kallaðir *ármenn* sem voru traustsins verðir og unnu verk sín af alúð og vandvirkni. Að því leyti á orðið *ármaður* prýðilega við skólasystur mína og íslenskufræðinginn, Margréti Jónsdóttur.

## HEIMILDASKRÁ

- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði Eggerts Ólafssonar*. Kaupmannahöfn.
- Guðbrandur Þorláksson. 1594. *Graduale. Ein Almenneleg Messusøngs Bok saman teken og skrifud ... af H. Gudbrand Thorlaks syne*.
- Gunnlaugur Oddsen. 1819. *Ordabók, sem inniheldr flest fágæt, framandi og vandskilinn ord, er verda fyrir í dønskum bókum*. Kaupmannahöfn: P. E. Rangel.
- Jakobína Sigurðardóttir. 1960. *Kvæði*. Reykjavík: Heimskringla.
- Jón Trausti. 1939–1946. *Ritsafn I–VIII*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- Jón Þórðarson Thóroddsen. 1919. Kvæði eptir Jón Þórðarson Thóroddsen. Önnur útgáfa aukin. Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson.
- Matthías Jochumsson. 1955–57. *Sögur herlæknisins I–III*. Akureyri: Oddur Björnsson.
- Olaus Olavius. 1780. *Fáeinar Skíringar greinir um Smiør og Ostabúnad á Islandi, framsettar af Olaus Olavius*. Kaupmannahöfn: Olaus Olavius.
- Símon Jóhann Ágústsson. 1964. *Um ættleiðingu*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Skúli Gíslason. 1947. *Sagnakver Skúla Gíslasonar*. Reykjavík: Sigurður Nordal.
- Sögur Ísafoldar I–IV*. 1947–1950.

(Öll dæmi eru úr *Ritmálssafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.)





Dagný Kristjánsdóttir

## Samsæri

Hér verður sagt frá kenningum um samsæri, eðli þeirra og aðferð, en slíkar kenningar hafa orðið stórvinsælar í seinni tíð og eru lúmskar og lævísar en útskýrðar hér svo að afmælisbarnið þekki þær og varist í framtíðinni.

Ofbeldi og ótti eru birtingarmyndir jafnréttishalla milli kynjanna þar sem vald, peningar og menning eru undir yfirráðum karla en konum og börnum er haldið valdalausum og undirskipuðum. Nýja kvennahreyfingin ætlaði að breyta þessu og mikið hefur áunnist en ekkert í því sem mestu máli skiptir. Peningar eru afl þess sem gera skal og konur stjórna ekki peningamálum þjóðarinnar. Það virðist vilji yfirnáttúrulegra máttarvalda sem enginn getur náð sambandi við að karlar ráði fjármálalífínu. Maður getur ekki annað en spurt sig: Hvernig er hægt að halda glerpakinu svo sprungulausu þrátt fyrir landslög og reglugerðir sem eiga að laga hlutföll kynjanna í stjórnun og ráðum? Einfaldasta og augljósasta svarið er að þetta séu samantekin ráð hagsmunaaðila, hér sé „samsæri“ á ferðinni.

### Samsæri!

Einkenni samsæriskenninga er að skýra illskiljanleg félagsleg mynstur með því að þau séu úthugsuð, samantekin ráð einhverra gegn einhverjum. Þau eru flókin og mjög leynileg. Einhverjir vita þó um þau og opinbera óhroðann til að vara aðra við. Þeir sem trú á samsæriskenningar telja það þeim til tekna ef þær eru rengdar eða gagnrýndar. Það þýðir þá að „óvinurinn“ er að reyna að fela sannleikann.

Samsæriskenningasmiðum tekst oft að sjá gagnrýnina fyrir og fella svör við henni inn í samsæriskenningar sínar þannig að allt hrökkvi af þeim. Kenningin lokast þannig utan um sjálfa sig og rökfléttu sína. Í samsæriskenningum má alltaf finna þrjá fasta, þ.e. að allt lýtur einu kerfi, ekkert er tilviljun og allt tengist á dularfullan hátt. Þannig minna samsæriskenningar meira á trúarkerfi en rökstudda kenningu. Samsæriskenningar byggjast oftast á andstæðum sem útiloka hvor aðra. Það er áhugavert að skoða þrjár birtingarmyndir á róttækum skáldsögum sem fylgja femínískum kenningum

út í öfgafyllstu og árásgjörnustu útfærslur þeirra, ekki til að mæla með að þeim sé fylgt heldur til að sýna sviðsmyndir slíkrar þróunar í formi útópía sem breytast í dystopíur.

### Gæðakonur

Í *Gæðakonum* Steinunnar Sigurðardóttur (2014) hittir aðalpersóna bókarinnar, María eldfjallafræðingur, dularfulla konu í flugvél á leið til Parísar. Þetta er fegurðardís sem kallar sig Gemmu og reynist hafa augastað á Maríu fyrir margra hluta sakir. Gemma er af aðalsættum, forsprakki leynireglu kvenna sem stefnir að útópísku kvennasamfélagi sem muni bjarga heiminum og gera hann að sælustað.

Kvennaparadís Gemmu er byggð konum en körlum verður kerfisbundið eytt. Fyrst skal siðleysi valdsmanna afhjúpað og þeir sviptir völdum og mannorði en vammlausar konur taka þeirra stað. Samtímis hefjist áætlun um að „fækka“ körlum og hindra að sveinbörn fæðist. Markmiðið er einkynja samfélag.

Leiðtogar kvennabyltingarinnar eiga að vera afburða vísindakonur eins og María. Gemma sýnir henni hvernig slíkt samfélag muni líta út þegar það er fullkomnað. Það hefur nefnilega verið reynt í tilraunaverkefni leynireglunnar á 30 þúsund manna eyju þar sem byggð hefur verið upp kvennaútópía en mikil leynd hvílir yfir verkefninu og engar upplýsingar mega komast í hendur óvinanna. María hrekkur frá þessum ágenga aðdáanda og framtíðarríki hennar með andúð og hryllingi. Hún getur ekki aðhyllt hryðjuverkastjórnsmál.

### Óþverrakeningar

Það gat hins vegar Valerie Solanas (1936–1991) sem skrifaði *The Scum manifesto* (óþverrastefnuskrána) árið 1967 fyrir baráttusamtök sem lengi vel höfðu aðeins einn féлага, þ.e. hana sjálfa.

Valerie Solanas ólst upp í mikilli fátækt við erfiðar aðstæður í New Jersey. Afi hennar barði hana með svipu, faðir hennar nauðgaði henni reglulega frá því hún var sjö ára og hún hataði fósturföður sinn. Hún ól tvö börn sem voru tekin af henni. Hún hafði aldrei samband við þau.

Solanas var bæði greind og næm og tókst að komast í Maryland-háskóla á ríkisstyrk og tók háskólapróf í sálfræði þar. Henni er lýst sem afburðanámsmanni en frekar „stríðum karakter“. Þegar hún kom til New York á sjöunda áratug síðustu aldar skrifaði hún *The Scum manifesto* 1967, rúmlega þrítug. Kristín Svava Tómasdóttir þýddi bókina á íslensku og kallaði hana *Sora*.

Valerie Solanas fer þar kerfisbundið og hnitmiðað gegnum andstyggilega eðlisþætti karlmanna, lélega listsköpun þeirra, greindarskort, greddu og illan vilja. Ástæðan fyrir því að það þurfi að útrýma körlum er augljós, rökin eru líffræðileg, menningarleg, efnahagsleg og tölfræðileg og koma saman í því að konum stendur ógn af körlum, þeir eru stórhættulegir.

Solanas skrifaði *Sora* undir lok eftirstríðsáranna 1945–1970 – eftirstríðsáranna þar sem margs konar uppstokkanir áttu sér stað. Hún reiðir öxi sína beint að rótum trjáanna eða hinu kapítalíska hagkerfi og hún leggur til að peningar verði afnumdir og þar með stéttaskipting og misskipting auðs. Vísindamenn eiga að búa til vélmenni sem sjá um megnið af framleiðslunni, sjálfvirkni, sjálfbærni og raunverulegt lýðræði mun ríkja. Ekki er gert ráð fyrir kynlífi, lesbismi kemur ekki í stað gagnkynhneigðar, segir Solanas. Stúlkubörn munu fæðast. Karlar sem geta skilið konur, hommar og klæðskiptingar fá að lifa. Fyrirmyndarsamfélag Solanas er stéttlaust, þar ríkir beint lýðræði, það er fullt af ást, gleði og sköpun.

*Sori* er barn síns tíma en Valerie Solanas væri 85 ára í dag hefði hún lifað. Hún gat ekki séð fyrir þær róttæku samfélags- og hugarfarsbreytingar sem bæði kvennabaráttan og hinsegin baráttan hefur haft á samfélagið ásamt vaxandi alþjóðahyggju og tæknibyltingum. Nóg er nú eftir samt í fullu gildi af samfélagsgagnrýni hennar.

### **Farðu nú bara að leggja þig, elskan ...**

Hér skal nefnd enn ein kynjadystópía sem málfræðingar kynnu að hafa gaman af. Höfundur hennar er hin norska Gert Brantenberg sem skrifaði skáldsöguna *Dætur Egalíu (Egalias døtre)* árið 1977. Sú bók er löngu orðin klassísk og flokkuð undir „femínískar útópíur“. Þar er sagt frá samfélagi þar sem konur hafa öll völd, karlarnir eru heimavinnandi húsfæður, elda og passa börnin. Húsfæðurnir punta sig og setja litlar slaufur í skeggið milli þess sem þeir hittast í kaffi og slúður. Húsmæðurnar eru í góðum stöðum,

þær klæðast einföldum en dýrum fötum, snerta ekki á nokkru heimilisverki og ýta börnunum yfir á húsfeðurna á kvöldin.

Öllu tungumáli bókarinnar, sem er norska, er umsnúið, út frá kynjaðri hugmyndafræði, valdaembætti og hálaunastörf eru til dæmis öll ætluð konum og kennd við þær; eins og forsæta, forsætisráðsfrú, yfirkona, sjó-kona, skipstýra, bankastýra o.s.frv. Öllu sem vísar til ríkidæmis, jákvæðra gilda eða verðleika er snúið upp á kvenkyn. Þetta verður oft mjög óþægilegt aflestrar af því að hver einasta setning truflar ósjálfráðan leshátt þess sem les en um leið afhjúpar þetta vel hve gegnsýrt tungumálið sem við tölum er af kynjahyggju.

Forstýran Rut Bram er aðalpersóna sögunnar. Hún er orðin hálfleið á hús-föðurnum sínum og klípur sæta skrifstofustráka í rassinn og gengur lengra þegar svo ber undir. Þegar hinn viðkvæmi húsfaðir hennar vill að þau tali saman um tilfinningar segir hún: „Farðu nú bara að leggja þig, elskan.“ Hún ber niður launa- og kjarabaráttu verkakarla á vinnustað sínum. Talsmaður karlanna hefur verið að snuðra í heimildum um forn karlveldi og krefst aukinna réttinda fyrir karla í Egalíu með vísun í þær. Rut Bram svarar þessum leiðtoga uppreisnarmanna og segir:

Og hvernig haldið þið að hafi farið fyrir þessum landsfeðrum sem þú segir að hafi verið til en við höfum aldrei heyrt um? Þú skilur – karlmenn skortir öll raunveruleg tengsl við lífið. Þeir hafa engin líkamlegt tengsl við afkomendur sína. Þess vegna geta þeir heldur ekki gert sér í hugarlund hvað gerist með íbúa jarðar eftir að þeir sjálfir eru dauðir. Í samfélagi þar sem karlar fengju leyfi til að ráða, myndi allt líf á jörðinni deyja út. Ef körlum verður ekki haldið niðri, ef karlmenn verða ekki stöðvaðir, ef karlmenn verða ekki siðmenntaðir, ef karlmönnum verður ekki haldið í skefjum, myndi lífið á jörðinni farast ...

Og eins og venjulega átti Rut Bram síðasta orðið ...

Með þessum öfgakenndu skáldsögum og þrúðum femínistakveðjum óska ég Margréti, vinkonu minni og starfsfélaga til áratuga, til hamingju með afmælið og hlakka til að hafa enn meira af henni að segja í framtíðinni en hingað til.

Eiríkur Rögnvaldsson

## Afhjúpanir internetsins: Misskilningur samtímans eða falinn fjársjóður?

Það er alþekkt í tungumálum að orð breytist og brenglist vegna endurtúlkunar eða misskilnings. Iðulega er þetta vegna þess að málnotendur átta sig ekki á uppruna orðanna og reyna að tengja þau við önnur orð eða orðhluta sem þeir þekkja og skilja. Þetta eru kallaðar **alþýðuskýringar** og um þær hefur mikið verið ritað. Það íslenska dæmi um alþýðuskýringu sem oftast er vitnað til er líklega þegar *þröskuldur* breytist í *þrepskjöldur*. Fyrri liður orðsins er skyldur sögninni *þreskja* og orðið merkir sennilega í upphafi 'þreskitré, þreskifjöl eða gangfjöl' samkvæmt *Orðsifjabókinni*. En þessi uppruni liggur ekki í augum uppi, og til að reyna að fá eitthvert vit í orðið tengja málnotendur það við *þrep* – *þröskuldur* er auðvitað eins konar þrep í dyrum – og *skjöld* – *þröskuldurinn* er einhvers konar hlíf.

En það er samt ekki svo að allar breytingar á torskildum orðum verði til þess að gera þau skiljanlegri. Dæmi um það er breyting orðsins *reiprennandi*. Í pistli í *Morgunblaðinu* 1993 sagði Jón Aðalsteinn Jónsson: „Þegar ég var að alast upp í Reykjavík á þriðja og fjórða áratug aldarinnar, var algengt að segja um þann, sem kunni eða fór með eitthvað, t.d. kvæði, viðstöðulaust utanbókar, að hann kynni eða færi með það *reiðbrennandi*.“ Frá hljóðfræðilegu sjónarmiði er þetta eðlileg breyting – í venjulegu samfelldu tali er mjög lítil framburðarmunur á *reiprennandi* og *reiðbrennandi*. Enginn munur er á /b/ og /p/ í þessari stöðu, og /ð/ fellur oft að mestu eða öllu leyti brott í framburði samhljóðaklasa eins og þarna. Málnotendur þekkja orðið *reið* betur en *reip(i)*, átta sig ekki á líkingunni, og greina orðið rangt.

Þótt þetta þýði ekki endilega að *reiðbrennandi* sé eitthvað skiljanlegri mynd fyrir þá sem nota hana en *reiprennandi* hefur hún lifað í málinu í a.m.k. hundrað ár en sárasjaldan komist á prent – einna helst þegar bent hefur verið á það í málfarsþáttum að hún sé röng. Gísli Jónsson nefndi hana t.d. nokkrum sinnum á níunda áratugnum í þáttum sínum um íslenskt mál í *Morgunblaðinu*. Þetta hefur hins vegar breyst á síðustu árum – á netinu má finna allnokkur dæmi um *reiðbrennandi*. Það er mjög skiljanlegt. Til skamms tíma

var mestallt prentað mál prófarkalesið vandlega og orðmyndir sem voru taldar rangar strikaðar út, ef þær sáust í handritum. Nú á tímum nets og samfélagsmiðla getur hver sem er skrifað texta sem enginn fer yfir fyrir birtingu en allur heimurinn getur lesið – og þá kemur ýmislegt í ljós sem er okkur hulið í talmálinu.

Þess vegna er við því að búast að við sjáum nú miklu meira en áður af myndum á borð við *reiðbrennandi* – myndum sem jafnvel hafa lifað í mál-samfélaginu áratugum saman en fáir hafa tekið eftir vegna þess að fram-burðarmunur þeirra og „réttu“ myndanna er svo lítill, og við höfum tilhneig-ingu til að heyra það sem við búumst við að heyra. Það er m.ö.o. vel hugsan-legt að fjöldi fólks hafi tileinkað sér myndina *reiðbrennandi* – og aðrar af sama tagi – á máltökuskeiði og notað áratugum saman án þess að aðrir tækju eftir því. Þegar þessar myndir fara að birtast í óhreinsuðu ritmáli er hulunni svipt af þeim og fólk áttar sig á því að þær eru til. Það er hins vegar ómögu-legt að segja hvaða áhrif það hefur. Það getur eftt þær, vegna þess að þær verða sýnilegri en áður – en á hinn bóginn gerir sýnileikinn þær varnarlausari fyrir gagnrýni.

Á undanförunum árum hef ég stöku sinnum rekist á myndirnar *afbrigði(s)-samur* og *afbrigði(s)semi* á netinu, í stað *afbrýðisamur* og *afbrýðisemi*. Þar gegnir sama máli og um *reiprennandi/reiðbrennandi* – framburðarmunur í eðlilegu tali er mjög lítill. Önghljóðið *g* ([ɣ]) veiklast oft eða hverfur í fram-burði í þessari stöðu, og hljóðfræðilegur munur *i* ([ɪ]) og *í* ([y], [i]) er lítill. Það er því ekkert óeðlilegt að sumir greini orðið ranglega – og skrifi það í sam-ræmi við þessa röngu greiningu. En er hún örugglega röng? Í skýringu orðs-ins *afbrýði* í *Orðsifjabókinni* (undir *ábrúðig(u)r*) kemur fram að einnig séu til myndirnar *ábryði* og *afbrygði*, og ekki sé víst hvort upphaflegt forskeyti sé *á*-eða *af*-. Síðan segir: „Upphaflegt *g* í síðara lið orðsins hefur fallið niður og valdið uppbótarlengingu, *-brugðigr* > *-brúðig(u)r*, *-brygði* > *-brýði*.“

Þarna er myndin *afbrygði* komin, og í safni forn málsorðabókarinnar í Kaupmannahöfn (ONP) er það aðaluppflettmynd orðsins, en *afbrýði* höfð á eftir. Um þessi orð eru örfá dæmi sem eru skrifuð svo í handritum: *afbrygdis* (2); *af bryþes* (1); *abbryde* (1); *af bryþe* (1). Auk þess er í safninu gefin upp-flettmyndin *ábryði*, með spurningarmerki á undan til marks um að hún þyki vafasöm. Sú mynd kemur fyrir í kvæði frá seinni hluta 18. aldar (í RMS) – reyndar skrifuð *ábríði* en þetta er löngu eftir að *y* féll saman við *i* í framburði þannig að stafsetningin segir ekkert, enda er fjöldi dæma um það frá

undanförnum öldum að orðið *afbrigði* sé skrifað með *y*. Myndin er líka gefin upp í Blöndal og *ÍO*, og fáein dæmi eru um hana á *Tímarit.is* frá síðustu árum 19. aldar og fram undir miðja 20. öld – flest úr vesturíslensku blöðunum.

Af myndinni *afbrygði* segir hins vegar ekki aftur fyrr en í upphafi 20. aldar – í blaðinu *Bjarka* árið 1902. Þar stendur að vísu *afbyrgði* en samhengið sýnir að það er prentvilla fyrir *afbrygði*. Árið 1924 er sýning á gamanleiknum *Afbrygðissemi* auglýst í *Vísi* og *afbrygðissemi* kemur fyrir í blaðinu *Brautinni* árið 1929. Eftir það má finna í blöðum örfá dæmi um nafnorðið *afbrigði(s)semi* og lýsingarorðið *afbrigði(s)samur* – öll með *i* en ekki *y*, en það segir lítið vegna þess að málnotendur tengja þetta væntanlega ekki við neitt annað og vita því ekki hvort á að nota *i* eða *y*. Athyglisverðasta dæmið er úr grein tveggja lögreglumanna í *Morgunblaðinu* 1995, þar sem fjallað er um ástæður þess að ofbeldi er beitt. Meðal ástæðna er talin *afbrigðisemi*. Þetta sýnir að orðið er ekki bundið við óvandaðan eða óprófarkalesinn texta á netinu.

Það er ljóst að myndin *afbrygði* kemur fyrir þegar í fornu máli, og frá því í upphafi 20. aldar, en spurningin er hvort hún eigi sér óslitna sögu þar á milli þótt hún hafi ekki ratað á bækur í margar aldir. Sé svo, sem ég hef tilhneigingu til að halda, eiga myndirnar *afbrigði(s)samur* og *afbrigði(s)semi* sem ég hélt að ættu rætur í misheyrn eða misskilningi á 21. öldinni sér í raun jafnlanga sögu og *afbrýðisamur* og *afbrýðisemi* – þótt strangt tekið ætti að skrifa fyrrnefndu myndirnar með *y* frekar en *i*. Það er í raun stórmerkilegt – en ekki einsdæmi – ef orðmyndir geta lifað í talmálinu í margar aldir án þess að komast á bækur svo að heitið geti. En vissulega er líka hugsanlegt að umræddar myndir hafi orðið til nýlega á þann hátt sem ég taldi í upphafi og séu óháðar eldri samhljóða myndum. Í því máli er erfitt að sanna nokkuð.

En ættum við að viðurkenna myndirnar *afbrygðisamur* og *afbrygðisemi* sem fullgildar orðmyndir í nútímamáli, úr því að þær gætu átt sér margra alda sögu? Það kæmi auðvitað ekki til greina að hafna *afbrýðisamur* og *afbrýðisemi*, þannig að þetta yrðu þá hliðarmyndir. Ég hef svo sem ekki ákveðna skoðun á þessu. Það er ljóst að myndir með *afbrygði* hafa alla tíð verið sjaldgæfar og spurning hvort hægt sé að segja að hefð sé fyrir þeim, þrátt fyrir að þær virðist geta verið ættaðar úr fornu máli. En ég myndi a.m.k. hika við að kalla þær rangar.

## HEIMILDASKRÁ

*Bjarki*. 1902. 24. október, bls. 1.

Blöndal = Sigfús Blöndal. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík 1920–1924.

*Brautin*. 1929. 22. mars, bls. 2.

Gísli Jónsson. 1981. Íslenskt mál. 120. þáttur. *Morgunblaðið* 4. október, bls. 7.

Gísli Jónsson. 1983. Íslenskt mál. 220. þáttur. *Morgunblaðið* 3. desember, bls. 9.

Gísli Jónsson. 1986. Íslenskt mál. 326. þáttur. *Morgunblaðið* 22. febrúar, bls. 24.

ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri: Mörður Árnason. 3. útg. aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.

Jón Aðalsteinn Jónsson. 1993. Orðabókin: Reiprennandi. *Morgunblaðið* 18. júlí, bls. 8.

*Morgunblaðið*. 1995. 25. október, bls. 34.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. <http://onp.ku.dk>

*Orðsifjabókin* = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

RMS = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is>

*Vísir*. 1924. 17. mars, bls. 1.



Guðrún Kvaran

## Orðabók Jónasar frá Hrafnagili enn og aftur

Fyrir ekki mjög löngu skrifaði ég litla grein í afmælisrit Halldóru Jónsdóttur og hafði hún titilinn *Hver á hvað í orðabók?* (Guðrún Kvaran 2017). Greinin var um dansk-íslenska orðabók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili sem hefur ávallt verið mér mjög hugstæð, líklega vegna þess að hún var ein fyrsta orðabókin sem ég eignaðist að gjöf frá afa mínum þegar ég byrjaði að læra dönsku í 12 ára bekk. Faðir hans, ásamt fleiri mönnum, hafði farið yfir handrit Jónasar og búið undir prentun og afa fannst að ég þyrfti að eiga þessa bók.

Ég hafði fyrir um þremur áratugum fengið ljósrit af handriti Jónasar ásamt ýmsum gögnum um málfræðiskrif sem varðveitt eru í Amtsbókasafninu á Akureyri. Handrit Jónasar, ritað með skýrri og fallegrri rithönd, virðist fullbúin orðabók, og fyllir það tvær stórar möppur hjá mér. Formáli fylgdi, dagsettur 1. ágúst 1896 og undirritaður af Jónasi. Þar kemur fram að hann hafi að mestu samið orðabókina á árunum 1885–1889. Hann getur þeirra orðabóka sem hann hafi nýtt sér, bæði erlendra og íslenskra, en einnig annarra rita eins og dýra- og steinafræði Benedikts Gröndal og flóru Íslands. Þá skrifar hann:

Fyrirkomulag bókarinnar er ið sama eins og nú gerist á orðabókum: að öllum samsetningum er raðað undir fyrri hlutann, og haggast stafrofsröðin dálítið við það.

Enn fljótt geta menn vanizt við að finna orðin fyrir því, enda vinnst mikið rúm með því móti.

Sjá má í handritinu að Jónas flutti sjálfur til síðari liði samsetninga þar sem þeir áttu heima miðað við þessa breytingu. Hann þakkar Birni Jónssyni og Einari Hjörleifssyni fyrir að hafa yfirfarið og endurbætt handritið og sömu leiðis fá Steingrímur Thorsteinsson og Pálmi Pálsson þakkir fyrir hið sama. Þá ræðir hann danska stafsetningu á bókinni og segist hafa valið stafsetningu Grundtvigs sem síðan hafi verið breytt 1889 og önnur stafsetning lögtekin í skólum 1891. Þeir Björn og Einar tóku að sér að breyta stafsetningunni „og hefir það verið mikið verk, þar er víða hefir þurft að breyta stafrofsröðinni.“

Að lokum þakkar Jónas fyrir styrk frá Alþingi til útgáfu bókarinnar sem honum hafði verið veittur 1893.

Fleira kemur ekki fram í formála Jónasar og er því næsta undarlegt að Björn Jónsson skuli hafa undirritað allt annan formála sem prentaður var skýringarlaust með bókinni. Hann er dagsettur 10. ágúst 1896, tíu dögum á eftir formála Jónasar. Á titilblaði stendur: *Ný dönsk orðabók með íslenskum þýðingum. Aðalhöfundr Jónas Jónasson.*

Bókin var prentuð í Ísafoldarprentsmiðju, sem vænta mátti, 1896. Í formála Björns er sagt frá vinnu við handrit Jónasar og hverjir komu að henni. Þar nefnir hann Steingrím og Pálma og segir (1896:III):

Hefir fyrir það þannig atvikast, að aðrir hafa raunar meiri ábyrgð en hann á frágangi ritsins, eins og það birtist hér, þótt hann hafi lagt grundvöllinn, — þar á meðal ekki í hvað minstum mæli sá, sem formála þenna ritar (í fjarveru aðalhöfundarins), þótt ekki hefði fyrirbúizt því, heldr í það leiðzt af óvæntum og óviðráðanlegum atvikum.

Mér hefur ekki tekist að finna neitt um viðbrögð Jónasar við breytingum á handritinu og því sem lesa má eftir Birni: „*hefir handritið að henni verið stórum aukid og miklar breytingar á því gerðar*“ (1896:I). Ég valdi því af handahófi eina síðu úr handritinu, bókstafinn *D* frá *da* til *Dadler* til að skoða í hverju þessar miklu breytingar eru fólgnar. Breytingar eru skáletraðar.

**Hdr.** Da, st. og ao. þá, því næst, síðan; þegar, þá er, meðan er; *þar eð*, af því að; þó að. Nu og —, öðruhverju; naa —da, hvað þá! Sms. Da—tid, þátíð (í málfr.) —værende, er þá var.

**Ob.** þá, því næst, síðan; þegar, þá er, meðan er; af því að; þó að; nu og — öðruhvoru; naa — *ekki nema það þó!* -tid þátíð (málfr.). —værende er þá var, *þáverandi*.

**Hdr.** Daa, en, -er, dádýr. Sms. *Daadyr* = *Daa*, -hjort *dáhafr*, -*kalv dá-kálfr*, -vildt dádýrabráð.

**Ob.** Daa dádýr. -hjort *dáhjörtr*. -vildt *dádýr*; dádýrabráð.

**Hdr.** Daab, en, áft. skírn. Sms. *Daabsakt* skírnarathöfn, -*broder guð-bróðir*, -*dag skírnardagr*. -*kjole skírnarkjóll*. -*pagt skírnarsáttmáli*, -*vidne skírnarvottr*.

**Ob. Daab** skírn. -**sakt** skírnarathöfn, -**spakt** skírnarsáttmáli.

**Hdr.** Daad, *en, áft*. dáð, hreystiverk, ágætisverk. Med Raad og –, með ráðum og dáð. Sms. Daad-fuld framkvæmdarsamr, -lös dáðlaus, *ónýtr*. -rig atorkusamr. Daads-kraft, dáð, þrek, -*liv atorkusöm ævi*, -*mand gjörandi*, *atorkumaðr*.

**Ob. Daad** dáð, *afrek*, hreystiverk, ágætisverk; med Raad og – með ráðum og dáð. -**fuld** *afreksmikill*.

-**lös** *ónýtr*, -**rig** atorkusamr, -**skraft** þrek, *atorka*, **skraftig** *þrekmikill*, *dáðrakkr*, -**strang** *afrekshugr*, *dáðrekki*.

**Hdr.** Daane, *s. líða* í ómegin. Sms. daane-færdig við að líða í ómegin. Daanelse, *en*, öngvit, *dá*.

**Ob. daane** líða í ómegin. -**færdig** *nær því liðinn* í ómegin, -**lse** *aðsvif*.

**Hdr.** Daase, *en*, -*er*, *dósir*, *flenna*.

**Ob. Daase**, *dós*.

**Hdr.** da capo aftr! einu sinni enn!

**Ob. da capo** aftr! einu sinni enn!

**Hdr.** Daare, *en*, -*r* flón, heimskingi, Sms. Daare-anstalt, -kiste örvitahús. -kistegal bandóðr. -*kistelem örvi*. -*kistesnak þvættingr*; -*streg heimskupar*, -*værk flónska*.

**Ob. Daare** flón, heimskingi, *dári*, -**anstalt**, -**kiste** örvitahús, -**kistegal** bandóðr, *örvita*.

**Hdr.** Daarlig *lo*. heimskulegr; *vondr*, *ónýtr*, lélegr, vesall, lasinn; -*t* Vejr, óveðr. -*Handling*

*Heimskupar*, -*t* Hoved heimskingi; blive – verða ilt; Daarlighed *heimskupar*, heimska.

Daarskab *en*, *er* heimska, heimskupör, axarsköft.

**Ob.** *daar-lig* heimskulegr, ónýtr, lélegr; lasinn, vesall, -t Vejr óveðr, -t Hoved illa gáfaðr maðr; blive – verða *lasinn*, **-lighed** heimska, **-skap** *asnaskapr*.

**Hdr.** Daddel, *en*, Dadler daðall (pálmhnetr). *Sms. Daddelpalme daðlapálmi*.

**Ob.** Daddel (Dadler) daðall, pálmhnot.

**Hdr.** Dadel *en*, *áft*. álas, ámæli, *lýti*. *Sms. dadel-fri lýtalaus*, -frihed lýtaleyssi, -lös = fri, -værdig ámælisverðr, *-værdighed ámælissök*.

**Ob.** Dadel álas, ámæli, *aðkast*, **-fri** *ámælislaus*, lýtalaus, **-løs** *lastvar*, *vammavar*. **-svotum** *aðfinsluatkvaði*, *ávítur*. **-værdig** ámælisverðr.

**Hdr.** dadle *s.* lasta, ámæla, finna að. *Sms. Dadlelyst aðfinningasemi*. -syg hótfyndinn. -syge hótfyndni. Dadler *en*, *r* lastari.

**Ob.** dadle lasta, ámæla, finna að. **-lyst** *lastmælg*. **-n** *aðkast*, *umlestr*. **-r** *lastmælismaðr*. **-syg** hótfyndinn, **-syge** hótfyndni, *lastmælg*.

Hér var birtur einn dálkur úr orðabókarhandriti Jónasar og samsvarandi kafli úr prentuðu bókinni. Mér er ljóst að þetta er lítið samanburðarefni en verður að nægja til að halda mig innan þess ramma sem gefinn var um lengd greinar. Áður en lengra er haldið er rétt að minna á orð Jóns Ólafssonar ritstjóra um hlut Jónasar í orðabókinni:

Hann á varla nokkurn staf af sjálfstæðu starfi í henni eins og hún er nú, nema ef vera skyldi að sézt hafi yfir nokkrar af vitleysum hans óleiðréttar. (1898:35)

Þessi orð eiga ekki við rök að styðjast heldur sýna vel illvilja í garð Jónasar eins og bent var á í afmælisriti Halldóru Jónsdóttur.

En hver er helsti munurinn á hdr. og ob. Ef lítið er á kaflann hér á undan er fyrst að nefna að orðabókin sleppir að tilgreina orðflokka og kyn nafnorða og sömuleiðis hvernig nafnorðin eru í fleirtölu. Jónas skráir *áft*. ef orðið er ekki notað í fleirtölu. Eina undantekningin er fleirtala orðins *Daddel*. Ekkert flettiorð er fellt burt og engu nýju bætt við. Breytingar felast í því að sam-

setningum er fækkað í ob en öðrum nýjum þó sums staðar bætt við. Allmargar þeirra samsetninga sem Jónas tók með en sleppt var í ob. eru einnig hjá Konráði Gíslasyni (1851). Þarna var útgefandi líklega að hugsa um að takmarka stærð ritsins. Val á samsetningum hlýtur oftast að vera matsatriði og sama gildir reyndar einnig um þau orð sem valin eru sem skýringar. Skáletrað er í orðalistanum þar sem hdr. og ob. ber á milli. Ég tel að Jónasi hafi ekki tekist vel þegar hann notar *dáhafr* yfir danska orðið *Daahjort* en annars eru skýringar hans vel ásættanlegar. Í ob. er notuð þýðingin *dáhjörtr* og eins í orðabók Freysteins Gunnarssonar (1926:29). Hvorugt íslensku orðanna er í *Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans* og hvorugt finnst í Blöndal en í orðabók Konráðs Gíslasonar (1851:76) er skýringin ‘hvata dádýrið’. Ef til vill eru það áhrif frá Konráði að þýða *Daase* með ‘dósir’ en því breytir ob. í ‘dós’.

Áhugavert hefði verið að bera orðalistann að orðabók Freysteins sem hann segir að sé orðabók Jónasar Jónassonar og Björns Jónssonar aukin og breytt. Þarna er Björn settur á sömu skör og Jónas. Freysteinn segist m.a. í formála hafa breytt ýmsum nýyrðum sem ekki hafi náð fóttfestu í málinu. Í orðalistanum má nefna orðið *daðall* bæði í hdr. og ob. sem vikið hefur fyrir nýyrðinu *daðla* sem sést á prenti áður en bók Jónasar kom út, að vísu innan gæsalappa.

#### HEIMILDASKRÁ

- Björn Jónsson. Formáli. *Ný dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Bls. I–VIII. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Freysteinn Gunnarsson. 1926. *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Orðabók Jónasar Jónassonar og Björns Jónssonar aukin og breytt. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2017. Hver á hvað í orðabók? *Alt for damen Dóra. Glanstímarit handa Halldóru Jónsdóttur 10. maí 2017*. Bls. 29–31. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1898. Tvær orðabækur. *Sunnanfari*, 7. árg., 1. tbl., bls. 25–35.
- Jónas Jónasson. 1896. *Ný dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Kaupmannahöfn.



## Á biðilsbuxum

Í skrifum Oddnýjar G. Sverrisdóttur (2012:183) um föst orðasambönd er nafnorðið *biðilsbuxur* nefnt sem dæmi um stakyrði í íslensku, en það merkir að orðið kemur eingöngu fyrir í föstu orðasambandi, þ.e. *vera á biðilsbuxunum*. Það er þannig í flokki með orðunum *humátt* og *grafgötur*, sbr. orðasamböndin *halda í humátt(ina) á eftir e-m* og *fara ekki í grafgötur með e-ð*. Þegar ég las þetta rifjaðist upp að ég hefði heyrt orðið *biðilsbuxur* notað í öðru samhengi um tiltekna tegund karlmannabuxna. Þetta greinarkorn segir frá tilraun til að grafast fyrir um heimildir um þá notkun orðsins.

Heimildir eru um orðið *biðilsbuxur* frá því á síðari hluta 19. aldar. Þrjú elstu dæmin um orðið á *Tímarit.is* eru í þýddu efni, líklega í öllum tilvikum úr norðurlandamálum.

- (1) a. eg gat alveg eins hugsað mér gæs sitja og kvaka á bækigreini eins og hugsað mjer Thorsen skólastjóra á biðilsbuxum. (*Þjóðólfrur*, 1.4. 1898, bls. 64)
- b. Holm fór að venja komur sínar oftast en áður. Hann gekk í biðilsbuxum. (*Kvenna-bláðið*, 23.12. 1901, bls. 91)
- c. *unir nú á biðilsbuxum sjer // hjá Björg á Mel, sem kvenna ríkust er.* (*Óðinn*, 1.12. 1906, bls. 72)

Í þessum textum er bókstaflega um kvonbænir að ræða. Ekki löngu síðar sjást dæmi um yfirfærða merkingu á vettvangi stjórnmalanna, t.d. þar sem þversummenn á atkvæðaveiðum eru sagðir biðla til kvenna ((2)a.) og þar sem Lárus H. Bjarnason heldur framboðsræðu ((2)b.).

- (2) a. Þeir eru allir komnir í sínar fínustu pólitísku biðilsbuxur. (*Lögrétta* 19.7. 1916, bls. 124)
- b. var okkur falið, að styðja stjórnarskrárbreytingu. Það lánaðist og því stöndum vér nú hér á biðilsbuxunum. (*Árvakur* 9.4. 1914, bls. 76)

Upp frá því er algengt að kvonbænalíkingin sé notuð um pólitískar þreifingar. Handbækur hafa þó ekki komið því skilmerkilega á framfæri að orða-

tiltækið sé notað á tvennan hátt. Í flettugrein orðsins *biðilsbuxur* nefnir *Íslensk orðabók* (ÍO) eingöngu orðasambandið *vera á biðilsbuxunum* og merkinguna „hugsa til kvonbæna, vera í bónorðsför“, sem á við dæmi (1) hér að framan. *Íslensk nútímamálsorðabók* (ÍN) gefur sömuleiðis aðeins merkinguna „vera í hjúskaparhugleiðingum“. Jón G. Friðjónsson (2006:61) sýnir hins vegar bæði orðalagið *vera á biðilsbuxunum* og *vera kominn á biðilsbuxurnar* sem merki „sækjast eftir e-u hjá e-m (oft með undirlægjuhætti), biðla til e-s“ og sé „oftast notað í háði eða í neikvæðri merkingu“. Til skýringar er dæmi af sviði stjórnmalanna, svipað dæmunum í (2). Lesendur þurfa því að fletta upp í tveimur handbókum til að finna bæði kvonbænamerkinguna og þá yfirlærðu.

Jón G. Friðjónsson (2006:61) og Guðrún Kvaran (2012) geta þess réttilega að orðatiltækið *vera á biðilsbuxunum* eigi sér erlendar hliðstæður eða fyrirmyndir og tilgreina dæmi úr dönsku og þýsku. Þó hafa Íslendingar lagað það að eigin smekk. Þótt dæmin í (1) hafi verið þýdd úr norðurlandamálum um aldamótin 1900 er ólíklegt að orðið *biðilsbuxur* hafi verið þýtt bókstaflega lið fyrir lið. Ekkert orð sem svarar nákvæmlega til þess hef ég fundið í dönskum orðabókum, hvorki orð sem hefði dö. *frier-* né *bejler-* sem fyrri lið, og ekki norskar eða sænskar samsvaranir heldur. Hins vegar hafa Danir í hjúskaparhugleiðingum gengið á \*biðilsfótum (*gaa paa Frierben, gaa paa Frierfødder*), farið í \*biðilsskó (*gaa paa/i Friersko*) eða \*biðilsstígvél (*have trukket i Frierstøvlerne*) og sett á sig \*biðilshanskana eða stungið þeim í vasann (*have trukket Frierhandskerne paa, gaa med Frierhandskerne i Lommen*). Samkvæmt *Ordbog over det danske Sprog* (ODS), sem birtir heimildir frá tímabilinu 1700–1950, er í öllum þessum tilvikum um kvonbænamerkinguna að ræða. Ef marka má *Den Danske Ordbog* (DDO), sem sýnir yngri dæmi, er það helst orðasambandið *gå/være på frierfødder* sem hefur lifað. Er það bæði notað um hjúskaparhugleiðingar og um það að leita eftir bandalagi við samstarfsaðila, t.d. í stjórnmalum eða viðskiptum. Biðilsfæturnir eiga líka beina samsörun í sænsku, þ.e. *gå/vara/stå på friarfot/friarfötter* (SAOB). Vera kann að orðatiltækið hafi fyrst orðið til í þýsku, sbr. *auf Freiersfüßen gehen*, og hafi borist þaðan til Norðurlanda.

Þegar Íslendingar gerðu *biðils*-orðasamböndin að sínum virðist dálæti á ljóðstafasetningu hafa ráðið ferðinni. Þeir gerðu biðilsfæturna að *biðilsbýfum*, en *ganga á biðilsbýfum* „gaa paa Frierfødder“ er skráð í orðabók Sigfúsar Blöndal (1920–1924:74). Eftirfarandi dæmi er úr skáldsögu Jóns Trausta, *Höllu*, sem kom fyrst út árið 1906.



- (3) Engum hafði þá komið til hugar, að Ólafur „gengi á biðilsbífum“, nema ef til vill Höllu. (Jón Trausti: *Ritsafn I*, 1946, bls. 57; ROH)

Einnig hafa biðilsbuxurnar íslensku ugglaustr orðið til vegna stuðlunarinnar; *biðilsbuxur* með *b*-in tvö hefur hljómað betur en *\*biðilsskór*, *\*biðilsstígvél* eða *\*biðilshanskar*.

Eins og dæmi (1) og (2) bera með sér hafa orðasamböndin *vera á biðilsbuxunum* og *vera kominn á biðilsbuxurnar* ekki verið „föst“ alla tíð í þeim skilningi að orðið *biðilsbuxur* hafi eingöngu verið notað með þessum sögnum og forsetningunni *á*. Ekki þarf að leita lengi á *Tímarit.is* til að sjá að menn hafa leikið sér með þetta nafnorð með og án greinis í ýmsu samhengi, talað um að *bregða sér í biðilsbuxur*, *skipta um biðilsbuxur* o.m.fl. og myndað orðin *biðilsbuxnatímabil* og *biðilsbuxnagrein*. Hér að neðan eru nokkur dæmi sem að einhverju leyti má kalla útúrslúning og orðaleiki. Að minnsta kosti lætur Hrafn Gunnlaugsson drukkinn mann í verslun segja setninguna í (4)a. í sögunni „Morðbréf Margeirs K. Laxdal“.

- (4) a. Heyrðu, ég ætla að fá einar biðilsbuxur og heit axlabönd — ha! (*Lesbók Morgunblaðsins*, 10.6. 1973, bls. 16)
- b. Biðilsbuxur Óskars voru sjóklæði útgerðarmanns og Íslandsbersa. (*Morgunblaðið*, 25.8. 1979, bls. 30)
- c. og Sesselju, sem saumaði sjaldhafnarklæði og biðilsbuxur Vopnfirðinga í meira en hálfu öld. (*Tíminn*, 27.11. 1974, bls. 9)

Þótt leit að orðinu *biðilsbuxur* í textum dagblaða og tímarita hafi leitt í ljós talsverða fjölbreytni í notkun orðsins rakst ég ekki á skýr dæmi um þá merkingu sem ég hafði kynnst sem barn. Óformleg könnun meðal fólks í Reykjavík gaf ekki heldur til kynna að hún væri vel þekkt. Í þessu litla úrtaki var m.a. fólk sem er sérfrótt um gamlan klæðnað. Fyrirspurn til reyndra félaga í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands skilaði engu. Lilja Árnadóttir þjóðháttufræðingur, sem hafði lengi umsjón með búningasafni Þjóðminjasafns Íslands, þekkti þessa merkingu ekki sjálf og fann ekki upplýsingar um orðið *biðilsbuxur* í skráum safnsins.

Reyndar var eitt svar á þá leið að orðið *biðilsbuxur* hefði merkt ‘sparibuxur karla’ og má þá ætla að karlmennirnir hafi ekki þurft að vera í konuleit. Sú merking sem ég var að leita eftir var hins vegar þrengri, ‘langröndóttar karl-

mannabuxur (stundum/einkum notaðar við lafajakka)', sem sagt hluti af þeim búningi sem Þórbergur Þórðarson lýsti svo:

- (5) Þann dag klæddist ég öllu mínu dýrasta skarti: röndótttri manséttskyrtu, svörtum **sjakket** og röndóttum sjakketbuxum. (*Edda Þórbergs Þórðarsonar*, 1941, bls. 96; ROH: *sjakket*)

Það að teinóttar sparibuxur karla hafi verið kallaðar biðilsbuxur, jafnvel eftir að lafajakarnir duttu úr tísku, hef ég frá Soffíu Ingvarsdóttur (f. 1903) og hef fengið þá merkingu staðfesta úr einni átt. Guðrún Kvaran kveðst muna eftir henni frá föðurömmu sinni, Elínborgu Böðvarsdóttur (f. 1895). Ef minnið bregst okkur ekki eru tveir heimildarmenn þá fundnir. Svo skemmtilega vill til að þessar sómakonur eiga það sameiginlegt að hafa stundað nám við Kvennaskólann í Reykjavík á öðrum áratug 20. aldar, þó ekki samtímis.

Ef aðrar heimildir um þessa sérstöku merkingu orðsins *biðilsbuxur* koma ekki fram má geta sér þess til að hún hafi tíðkast í Kvennaskólanum og hafi jafnvel orðið til þar í einhvers konar gamansemi. Hún gæti einfaldlega verið innblásin af þessari sparibuxnatísku eða af tilteknum reykvískum vonbiðli, bókmenntapersónu eða leikara á sviði. Tilefnið hafa þessar gengnu kvennaskólastúlkur þá tekið með sér í gröfina. Má kalla það merkilega tilviljun að skrif Oddnýjar G. Sverrisdóttur um orðasambönd í þýsku skyldu verða til þess að teinóttu biðilsbuxurnar rifjuðust upp.

#### HEIMILDASKRÁ

DDO = *Den Danske Ordbog*. Sótt 6. apríl 2021 af

<https://ordnet.dk/ddo/ordbog?query=frierf%C3%B8dder&tab=for>.

Guðrún Kvaran. 2012. „Eru til sérstakar biðilsbuxur, hvaðan kemur orðasambandið ‘að vera á biðilsbuxunum?’“ *Vísindavefurinn*, 17. apríl 2012. Sótt 2. apríl 2021 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=62167>.

ÍN = Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). *Íslensk nútímamálsorðabók*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 2. apríl 2021 af <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/5451>.

ÍO = *Íslensk orðabók*. Sótt 6. apríl 2021 af <https://snara.is>.

Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki: Uppruni, saga og notkun*. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.

Oddný G. Sverrisdóttir. 2012. Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins: Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku. *Milli mála* 4:179–191.

ODS = *Ordbog over det danske Sprog*. Sótt 6. apríl 2021 af <https://ordnet.dk>.

ROH = *Ritmalssafn Orðabókar Háskólans*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 6. apríl 2021 af <http://ritmalssafn.arnastofnun.is>.

SAOB = *Svenska Akademiens ordbok*. Sótt 6. apríl 2021 af <https://www.saob.se/artikel/?seek=friarefot&pz=2#U-F1319-209138>.

Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Fyrri hluti. Reykjavík: Íslensk-danskur orðabókarsjóður. [Ljóspr. 1980.]

*Tímarit.is*. Sótt 6. apríl 2021 af <https://timarit.is>.



Guðvarður Már Gunnlaugsson

## Lestrarframburður

Björn Guðfinnsson rannsakaði mállýskur. Fyrst og fremst athugaði hann harðmæli eða linmæli, rödduð hljóð eða órödduð á undan *p*, *t*, *k*, *hv*- eða *kv*-framburð, *yg*- eða *y*-framburð, *rl*-, *rn*- eða *(r)dl*-, *(r)dn*-framburð, flámæli eða „réttmæli“, einhljóð eða tvíhljóð á undan *ng*, *nk*, einhljóð eða tvíhljóð á undan *gi* [ji] og önghljóð eða lokhljóð á undan *ð*. Í nokkrum tilvikum var talið að það framburðarafbrigði sem var sjaldgæfara væri eldra, þ.e. að harðmæli, rödduð hljóð á undan *p*, *t*, *k*, *hv*-framburður, einhljóð á undan *ng*, *nk*, einhljóð á undan *gi* [ji] og *rl*-, *rn*-framburður en framburður meirihlutans væri nýjung. Í öðrum tilvikum var talið að sjaldgæfara afbrigðið væri nýjung, svo sem flámæli og lokhljóð á undan *ð*; síðastnefnda afbrigðið er samt gömul nýjung.

Ekki er allt sem sýnist og fyrir mörgum árum sýndi ég fram á í stuttri grein að einhljóðsframburður á undan *gi* [ji] væri nýjung sem hefði komið upp með hljóðdvalarbreytingunni og tvíhljóðsframburður meirihluta landsmanna væri forn framburður. Jón Axel Harðarson hefur reyndar lagað þessa hugmynd mína um tvíhljóðsframburðinn, sem hann telur að sé líka nýjung, en eftir stendur að skaftfellski einhljóðsframburðurinn er nýjung.

Stefán Karlsson hélt því fram að *rl*-, *rn*-framburðurinn í Austur-Skaftafellssýslu í orðum eins og *varla* og *barn* væri ungur, þ.e. hann hefði komið upp aftur á takmörkuðu svæði sem lestrarframburður. Hann hélt því fram að allir landsmenn hefðu tekið upp *dl*-, *dn*-framburð á miðöldum en *rl*-, *rn*-framburðurinn væri lestrarframburður frá 19. öld (eða frá um 1800). Því hefur einnig verið haldið fram að og *rdl*-, *rdn*-framburðurinn sé einnig lestrarframburður frá 19. og 20. öld. Sem minnir mig á að framburðurinn *-unum* fyrir *-onum* í þágufalli fleirtölu hefur mér alltaf þótt skýrt dæmi um lestrarframburð og ofvöndun.

En hvað með fleiri framburðarafbrigði? Gætu hugsanlega fleiri afbrigði verið lestrarframburður frá 19. öld? Reyndar geta afbrigði eins og linmæli og *kv*-framburður varla verið lestrarframburður og ekki heldur lokhljóðsframburður á undan *ð* (a.m.k. ekki í orðum með /fð/), en hvað með harðmæli og önghljóðsframburð á undan *ð* (a.m.k. í orðum með /fð/)? Og hvað með einhljóðsframburð á undan *ng*, *nk*?

Hugtakið einhljóðsframburður á undan *ng*, *nk*, eða vestfirskur einhljóðsframburður, er notað yfir það þegar /a/ og /ö/ eru borin fram sem einhljóð á undan *ng* og *nk*. Að sjálfsögðu eru /i/ og /ú/ ávallt einhljóð á undan *ng* og *nk* í máli allra landsmanna. /e/ er hins vegar langoftast borið fram sem tvíhljóð alls staðar á landinu, en nokkur börn lásu /e/ á undan *ng* sem einhljóð fyrir Björn Guðfinnsson.<sup>1</sup> /y, ý/ runnu saman við /i, í/ og vart er hægt að finna erfðaorð með /o/ á undan *ng*, *nk*.

Hafa verður í huga að þegar sérhljóðakerfið íslenskunnar byrjaði að riðlast (á 12. öld) og stuttu, nálægu og miðlægu sérhljóðin /i, y, u, e, ø, o/ sigu (urðu [ɪ, ʏ, ω, ε, œ, ɔ]) fylgdu stuttu hljóðin á undan *ng* ekki með; þau héldu nálægðar- eða fjarlægðarstigi sínu eins og samsvarandi löng hljóð /í, ý, ú, é, ø, ó/ og fylgdu breytingum í langa kerfinu. Þess vegna berum við fram [i] og [u] enn þann dag í dag á undan *ng* og *nk* og /e/ varð [ei] á undan *ng* eins og /é/ vildi verða en fékk ekki. Hér ætla ég að láta /ö/ á undan *ng* liggja á milli hluta – það er ekki útilokað að það hafi haldist sem einhljóð á vestanverðu landinu alla tíð þótt það hafi tvíhljóðast víðast hvar og runnið saman við /au/ í þeim tilvikum. Á hinn bóginn er saga /a/ á undan *ng* líklega flóknari.

Víðast hvar á landinu hefur þetta /a/ á undan *ng*, *nk* fylgt /á/ og er núna tvíhljóð sem er hljóðritað [au] og er það í samræmi við það sem sagt hefur verið að stuttu hljóðin á undan *ng* hafi fylgt þróun langa kerfisins. Einhljóðsframburður á /a/ er einnig þekktur eins og áður hefur komið fram, en svo eru til heimildir um að /a/ á undan *ng* hafi í máli manna á vestanverðu landinu tekið aðra stefnu og fylgt /æ/, þ.e. /a/ hafi verið borið fram sem [ai]. Það virðast því hafa verið til tvö framburðarafbrigði af /a/ á undan *ng* á Vestfjarðakjálkanum (og við Breiðafjörð?).<sup>2</sup>

Hins vegar er líklegri sú sögulega þróun að /a/ á undan *ng* hafi fylgt /æ/ (þegar það elti ekki /á/) frekar en stutta *a*-inu. Það að fylgja *a*-inu er stílbrot og óeðlileg þróun. Af hverju ætti /a/ á undan *ng* sums staðar á landinu að brjóta fyrrnefnda reglu um tengsl sérhljóða á undan *ng* og langra einhljóða? Er ekki líklegra að það hafi tekið upp á því að elta annað langt hljóð, þ.e. /æ/? Tvíhljóðið [ai] fyrir /a/ á undan *ng* í máli Vestfirðinga var til og því má spyrja hvort það hafi ekki verið vel í lagt að láta einhljóðsframburð lifa þar líka.

<sup>1</sup> Er ekki líklegt að skólabörnin, sem lásu /e/ á undan *ng* sem einhljóð, hafi vandað sig mjög mikið við lesturinn?

<sup>2</sup> Það eru einnig til ýmsar heimildir um að það hafi verið hlegið að Vestfirðingum fyrir framburð á /a/ á undan *ng* og þeir hafi margir hverjir vanið sig af honum fyrir vikið, en í þessu tilviki skiptir sennilega engu hvort framburðurinn var [a] eða [ai].

Og þá er ég kominn að því sé mig langaði til að segja afmælistonunni, þótt hún sé austfirsk en ekki vestfirsk, en það er það að einhljóðsframburður á /a/ á undan *ng* er kannski lestrarframburður frá 19. öld. Hann hafi komið upp þegar sumir Vestfirðingar fóru að venja sig af [ai]-framburðinum.<sup>3</sup> Er það ekki auðveldasta skýringin á uppkomu vestfirska einhljóðsframburðarins?

---

<sup>3</sup> Aðrir hafa tekið upp hinn ráðandi tvíhljóðsframburð með [au].





Heimir Pálsson

## Fjórir á flóttu

Smágrein þessi með kveðju til minnar kæru vinkonu Margrétar Jónsdóttur fjallar eiginlega bara um þrjá flóttamenn, en Fjórir á flóttu er svo miklu flottari titill að Vilhjálmur Tell fær aukahlutverk.

Í aðalhlutverkum eru Hrappur Örgumleiðason, Gunnar Þiðrandabani og Gustav Vasa. Hinn fyrstnefndi er vandstaðsettur, Einar Ólafur lét að því liggja í Njáluútgáfunni (*Íslensk fornrit* 12:209) að hann kynni að vera Þingeyingur, því þar voru kunnir á landnámsöld bæði Geirólfur og viðurnefnið gerpir en samkvæmt bók bókanna, Njálu, hét afi Hrapps einmitt Geirólfur. Hins vegar eru Vopnfirðingar á eftir honum segir hann, þegar hann vill komast til Noregs, og Hákon jarl þegar hann vill forða sér frá Noregi til Íslands. Gunnar Þiðrandabani vegur víg sitt fyrir austan og er á flóttu undan Austfirðingum þegar Guðrún Ósvífursdóttir bjargar honum til Noregs, enda er hann æskaður þaðan. Gustav Vasa var hins vegar á flóttu undan Dönum og hluta Svía og bjargaðist með því að verða kóngur í Svíþjóð. Hér er ekki ætlunin að fjalla nema um agnarlítið brot af ævi þeirra, flóttu þegar lítið liggur við.

### Hrapps þáttur

Það var jafnan álit nemenda minna í Njáls sögu að Hrappur Örgumleiðason væri einn orðheppnasti maður þar, næst Skarphéðni og Hallgerði. Var lýsing hans á manndrápinu „Ég gerði að bakverk Ásvarðar“ venjulega talin einstaklega vel heppnað upphaf samtalsins við Guðbrand í Dölum (það eru ekki sömu Dalir og mætti nefna í umfjöllun um Gunnar Þiðrandabana, ef Guðrún Ósvífursdóttir hefði ekki skipt um bústað við Snorra goða, né heldur þeir Dalir sem við sögu Gustavs Vasa koma en merkileg eru þessi örnefnatengsl öll). Kann það raunar að styðja aðdróttun um þingveyskan uppruna Hrapps að hann er bæði orðhvatur og orðheppinn.

Það sem einkanlega vakti athygli mína í Hrappsþættinum í Njálu voru felustaðirnir sem Þráinn Sigfússon valdi honum þegar Hákon jarl hafði ákveðið að hefna svívirðunnar sem Hrappur hafði gert sig sekan um er hann brenndi hof Dala-Guðbrands. Þegar leitað er að Hrappi er Hákon jarl afar

virkur: „Jarl gekk einn saman frá öllum mönnum og bað engan mann með sér ganga og dvaldist þar um stund. Hann féll á kné bæði og hélt fyrir augu sér.“ (*Íslenzk fornrit* 12:215). Þarf ekki að orðlengja það: Eftir þennan knébeð veit jarl hvar á að leita. En Hrappur kemst undan og leitar ásjár Þráins Sigfússsonar og tekst að særa hann til liðveislu.

Þráinn felur Hrapp þrívégis svo að jarl finnur hann ekki: Í tunnum sem bundnar eru saman og fljóta á sjó; í búlkanum á skipinu með því að taka sekki úr staflanum og láta Hrapp skríða inn í staðinn og í þriðja sinn með því að vefja hann innan í seglið sem heflað er upp við rána.

Mig hefur lengi grunað, án þess að geta fundið þess nokkur sanninda-merki, að þarna sé á ferðinni merkileg sögn um tengsl manns og náttúruafla: Þegar Hákon jarl hefur ekki tengsl við höfuðskepnu sína, jörðina, missir hann alla skyggniáfu. Og engin furða, því felustaðirnir sem Þráinn velur Hrappi eru eiginlega í Hvergilandinu: Hrappur er í sjó en þó ekki í sjó, á skipinu en þó ekki á skipinu, í lofti en þó á sjó. Hann er hvergi ef gert er ráð fyrir að hver maður eigi sér sína höfuðskepnu, sitt essi. Einhvers staðar í forneskju er til sú hugmynd að sá sem ekki er í essinu sínu sé ekki. Ég er búinn að leita að stuðningi við hugmyndina í ein fjeritigi ár, en hef ekki frekar en Hákon fundið Hrapp.

## Gunnars þáttur Þiðrandabana

Hér er ekkert rúm til að rekja Gunnars þátt, sem um margt er hnýsilegur, en á flóttu undan Þorkatli Geitissyni leitar hann á náðir Sveinka. Hann felur Gunnar undir báti sem liggur þar á hvolfi í fjörunni.

Þá mælti Þorkell: „Fylgsni væri það að fara hér undir skipið.“ – Sveinki mælti: „Því em eg vanur að geyma þar undir skipreiða minn eða hví fer eigi nokkur yðar inn undir skipið og rannsakið enn hér? Ella fer eg ef þér þorið eigi.“ – Síðan fór hann inn undir skipið. Þá lagði Þorkell upp undir skipið og kenndi að kvikt var fyrir, og lagði í lær Gunnari. – Og er Sveinki sá það þá brá hann hnífi og stakk í lær sér áður hann fór undan skipinu og sneri hnífinum svo sem með spjóti hefði lagt verið og mælti er hann kom út: „Ekki hygg eg að þér hafið hlíft mér í þessari ferð og það ætla eg, ef jafnir málendur eru að, að þessa mundi eigi óhefnt.“ (*Íslenzk fornrit* 11:205).

Síðar felur Sveinki Gunnar í heystáli (alveg eins og Þráinn faldi Hrapp) og frekar verður sagan ekki rakin nema hvað þátturinn er enn hnyttnari en Laxdæla þegar hann lætur Guðrúnu Ósvífursdóttur segjast heldur vísa brúð-

gumanum Þorkeli Eyjólfssyni en vígamanninum Gunnari Þiðrandabana á dyr, og fari Þorkell á burt sem hann kom. „En ekki vinn eg það til hans að selja þá menn undir vopn er eg vil halda.“ (*Íslensk fornrit* 11:210, sbr. *Íslensk fornrit* 5:202–203). Hefur þá Gunnar Þiðrandabani ekki til einskis komið til Íslands að verða tilefni þessarar replikku!

## Gustav Vasa

Hrappur var í norskum dal en frægur flótti Gustavs Vasa var um Dalina í Svíþjóð. Þar urðu margir til að skapa sér frægð og frama fyrir að hjálpa konungsefninu, en ég ætla bara að staðnæmast við einn, og það hlýtur að verða fyrsta spurning hvort það sé tilviljun að hann heitir Sven og er þar með væntanlega nafni Sveinka sem bjargaði Gunnari Þiðrandabana. Gustav er falinn í heyi á sleða:

Knektarna undersöker lasten genom att sticka sitt spjut in i hölasset. Gustav blir skadad i benet men säger inget. Det droppar dock blod ned i den klara snön. Efter ytterligare en stund upptäcker Sven detta men finner än en gång på råd. Han tar sin kniv och skär sin egen häst i ena bakbenet på ett ställe där det gör minst skada. [...] När släden än en gång stannas av knektar som ser det blodiga spåret så visar Sven Elfsson på hästens ena ben och de får fortsätta sin färd.<sup>1</sup>

Til marks um að við Margrét Jónsdóttir fylgjumst með tímanum er meginheimild mín um konungsefnið *Wikipedia* og þar er þessi skemmtilega fót-nóta: „Sägnen om en flykting som gömmer sig i ett hölass, blir stucken av förföljarna och bonden som skär sin häst i hoven för att dölja blodspåren är utbredd i hela Europa och har berättats i otaliga varianter, bland annat redan om Wilhelm Tell.“

Það er í samræmi við nútímasýn á dýraplagerí sem íslenskum lesanda þykir dálítið skelfilegt að ESB-löndin skuli telja sjálfsagt að stinga hrossið en íslenski bóndinn hiki ekki við að særa sjálfan sig heldur andstyggilega, ef það mætti bjarga flóttamanni. Ég sendi afmælisikonunni hugheila ósk um að íslensk flóttamannahjálpar verði jafn mögnuð og áður og taki áfram fullt tillit til dýraverndunarlaganna.

---

<sup>1</sup> [https://sv.wikipedia.org/wiki/Gustav\\_Vasas\\_%C3%B6den\\_och\\_%C3%A4ventyr\\_i\\_Dalarna](https://sv.wikipedia.org/wiki/Gustav_Vasas_%C3%B6den_och_%C3%A4ventyr_i_Dalarna)



## Helga Hilmisdóttir

### Að rottast einn eða með öðrum? Merking sagnarinnar *að rottast*

Eftirfarandi brot úr samtali má finna í hljóðupptökum rannsóknarverkefnisins *Íslenskt unglíngamál*. Í brotinu er umræðustjóri, nemi úr Háskóla Íslands, að spjalla við þrjá fjórtán ára unglínga í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Hann er með fyrir fram ákveðnar spurningar sem snúa m.a. að námi, frí-  
stundum og framtíðarsýn viðmælenda. Áður en brotið hefst berst talið að lífinu eftir skóla og ferðum nemenda niður í miðbæ Reykjavíkur. Í línu 1 spyr svo umræðustjórinn hvað nemendurnir séu að gera í bænum.

#### *Að rottast niðri í bæ*: Íslenskt unglíngamál

(U=umræðustjóri, S=Sunneva, G=Guðfinna, 1 þögull þátttakandi)

```
01 U hvað eruði að gera ef þið farið niður í bæ
02 S ég fæ mér að éta (.)[og svo er ég bara ] (.) um sumrin
03 G [já fá sér að borða]
04 S kannski tek ég hjólabrettið mitt með
05 S og bara (1,0) [x x x ]
06 G [og líka bara] fara í búðir eins og Húrra
07 Reykjavík
08 (0,5)
09 G eða Spúútnik já (.) og skoða
10 U jáhhh
11 (0,7)
→ 12 S eins og maður segir að rottast niðri í bæ? [$heh$]
13 G [já ]
14 U [£hehe]hef .hhh
→ 15 rottast niðri í bæ
16 S [já]
17 G [já] alltaf ef maður fer í (.) Kringluna og er (í) núll fjögur
→ 18 þá er maður svona kringlu[rotta]
19 S [já ]
```

Sunna og Guðfinna útskýra fyrir umræðustjóranum að þær fái sér að borða (lína 2 og 3) og fari í búðir til að skoða (lína 6–7 og 9). Sunneva dregur þetta svo saman með því að segja að þetta kallist „að rottast niðri í bæ“ (lína 12). Umræðustjórinn virðist ekki kannast við hugtakið, a.m.k. ekki í því samhengi sem hér um ræðir. Það sést meðal annars á því að hann hlær og endurtekur frasann orðrétt (línur 14–15).

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2002) er orðasambandið *rotta sig saman* notað í niðrandi merkingu yfir það að „draga sig saman, ná saman, finna hvern annan“. Hvergi er þó minnst á *st-sögnina rottast* í íslenskum orðabókum. Elsta tilvikið sem birtist á *Tímarit.is* er frá 1953:

Enda ættu þessir „slagsmálamenn“ innan lögreglunnar sem oftast **rottast** saman á vöktunum, að kunna yfirráð yfir drukknum mönnum, án þess að misþyrma þeim. (*Mánudagsblaðið* 1953)

Hér eru það ofbeldishneigðir lögreglumenn sem safnast saman á vöktum og fara illa með drukkna borgara. Orðið er því notað í neikvæðri merkingu eins og orðabókarskýringin gefur til kynna. Samkvæmt Þórarni Eldjárn geta þó einnig dauðir hlutir eins og ljóð og smásögur rottast saman og orðið að bókum.

Ég er alltaf að skrifa hjá mér allskonar hugdettur. Ég safna þeim í skúffur. Ef vel lætur, rís eitthvað upp úr því drasli síðar meir. Það er þegar ég gef mér tíma til að ráðast á þessar hirslur. Þetta á við um ljóð og smásögur. Slíkt **rottast** saman eftir á. (*Helgarpósturinn* 1984)

Þótt finna megi ný og nýleg dæmi sagnarinnar sömu merkingar og í dagblaðatextunum hér að framan er algengara að *rottast* sé notað í annarri og ögn óræðari merkingu. Í opinskáu hlaðvarpsviðtali hvetur t.d. íslenskur poppari hlustendur til að leita sér hjálpar við andlegri vanlíðan.

[v]ið verðum að gera hlutina upp, því að getum ekki verið að **rottast** með hlutina í höfðinu á okkur. (*DV* 2020)

Hér virðist sögnin *rottast* merkja eitthvað í líkingu við ‘hírast’, ‘hanga’, eða ‘vesenast’ þótt erfitt sé að segja nákvæmlega til um merkingu orðsins. Augljóst er þó að þeir sem *rottast* gera það oft í einrúmi eins og eftirfarandi þrjú dæmi bera með sér.

Til að mynda var hver framleiðandi að **rottast** í sínu horni þannig að útkoman varð sú að diskar sem hægt var að taka upp á í spilara frá einum framleiðanda gengu ekki í spilara frá öðrum. (*Mbl.is* 2003)

Þetta er bara sama gamla íslenska torfkofa-mentaliteitid, allir að **rottast** í zsinu horni og vilja ekki taka thatt í neinu sem heitir heild. (Jeppaspjallið 2010)

Og mér er sagt að ef ég sæi hann *rottast* fyrir utan bygginguna ætti ég ekki að hleypa honum inn. (Blogg 2021)

Einnig benda mörg dæmi til þess að sá sem *rottast* hafi ekki mikið að gera, sé ef til vill bara að „hangsa“ og eyða tíma niðri í bæ. Ef til vill tengist þessi merking hugtakinu *miðbæjarrotta*, þ.e. ‘einstaklingur sem býr eða eyðir mjög miklum tíma í miðbænum’, sér í lagi listamenn og aðrir sem eru kenndir við hangs á kaffihúsum.

[...] ég hef mun minna að segja frá svona þegar maður er dobbúl bókaður alla daga og er að *rottast* í 101 alla daga vikunnar nema á sunnudögum [...] (Blogg frá 2008)

Alltaf að *rottast* niðri bæ og stela í 10-11. (Blogg frá 2010)

Að *rottast* á þó einnig við um „hangs“ í verslunarmiðstöðum í úthverfum, sbr. athugasemd Guðfinnu um *Kringlurottur* í samtalinu hér að framan. Einnig er hægt að *rottast* uppi í Breiðholti.

Svo gaman að *rottast* aðeins í mjóddinni. (Instagram-færsla frá 2020)

Eins og sjá má á þessari yfirferð yfir notkun sagnarinnar *rottast* virðist merking orðsins hafa breyst undanfarin ár. Sögnin er ekki lengur notuð á sama hátt og orðasambandið *rotta sig saman* heldur er hún notuð í merkingunni ‘hangsa’ eða ‘eyða tíma á ákveðnum stað’. Eins og áður sagði má ef til vill rekja upprunann til þess að sá sem *rottast* hagar sér eins og *miðbæjarrotta*. Sams konar orðmyndunar með *st*-endingu gætir víða í íslensku unglingslangri og til samanburðar má nefna orð eins og *nördast* ‘að haga sér eins og nörd’.

Orðið *rottast* kemur hvergi fyrir í orðasöfnum Árnastofnunar og aðeins sjö dæmi er að finna á *Tímarit.is* og í *Risamálheildinni*. Þrátt fyrir það kemur sögnin víða fyrir á íslenskum bloggsíðum og á spjallborðum, og nýju merkinguna má rekja a.m.k. til ársins 2003. Sögnin virðist þó fyrst og fremst bundin við óformlegt talmál.

### Viðauki: Skráningarlykill

|           |                                |
|-----------|--------------------------------|
| ( . )     | pása styttri en 0,3 sekúndur   |
| ( 0 , 5 ) | pása mæld í sekúndum (hér 0,5) |
| [         | samhliða tal hefst             |
| ]         | samhliða tali lýkur            |
| £he he£   | hlátur                         |
| x         | ógreinilegt orð                |

### HEIMILDASKRÁ

*Íslensk orðabók*. 2002. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.

*Íslenskt unglíngamál. Gagnagrunnur*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Risamálheildin*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Malheildir.arna-stofnun.is (sótt í mars 2021).

*Tímarit.is* (sótt í mars 2021).



Helgi Skúli Kjartansson

## Of lítið á sig lagt?

Persónufornöfn er yfirleitt einfalt að velja þegar átt er við hluti. Skápurinn er „hann“, sömuleiðis þröskuldurinn og snaginn. Skúffan er „hún“ eins og hurðin eða hillan. Fleirtalan ekki alveg eins upplögð. Tvær hurðir eru vissulega „þær“ og tveir skápar „þeir“ – en aldrei veit ég almennilega hvort hurðin og þröskuldurinn eru í einu lagi „þau“, hvað þá hillan og skápurinn.<sup>1</sup>

Þegar persónufornöfn eru höfð um fólk spilar saman það sem kalla mætti *orðkyn* og *eðliskyn*. Afmælisbarnið er „það“ meðan orðkynið ræður, og greinarhöfundar á sama hátt „þeir“. Þangað til persónurnar birtast bak við orðin og afmælisbarnið reynist vera „hún“ en höfundarnir „þau“. Þá er hægt að spyrja: „Fékk *afmælisbarnið* bókina? Hvernig heldur þú að *henni* lítist á?“

Sérstök flækja er að nota persónufornöfn um svokallaða „lögaðila“, þ.e. samtök, félag, fyrirtæki, stofnanir, yfirvöld. Ef heiti lögaðilans er nálægt því að vera „tegundarheiti“ má láta orðkynið ráða fornafni. *Lögreglan á Suðurnesjum* getur verið „hún“, *Landsdómur* „hann“, *dómsmálaráðuneytið* „það“, *Fiskbúð Haflíða* „hún“ og *Ísfélag Vestmannaeyja* „það“. Vafasamara hvort *Samherji* er „hann“, útilokað að *Te og kaffi* séu „þau“ (þ.e. te-ið og kaffið), hæpið að *Sjóvá* eigi neitt eðliskyn, og þó að *NI* beygist vissulega í karlkyni<sup>2</sup> er engin leið að segja „hann“ og meina NI.

Til að smokra sér fram hjá orðkyninu eru tvær leiðir færir, býsna ólíkar. Í virðulegu ritmáli, ekki síst stofnanamáli, eru notuð nafnorð í stað persónufornafns. MA er ekki „hann“ heldur *skólinn*; Eimskip ekki „það“ heldur *félagið*; tollstjóri ekki „hann“ heldur *embættið*; samkeppniseftirlitið ekki „það“ heldur *stofnunin*; o.s.frv.

Í óþvinguðu talmáli er nafnorðalausnin alltof uppskrúfuð. Þar hefur hins vegar tíðkast það sem ég hef nefnt **stofnanakarlkyn**, reyndar karlkyn fleirtölu, og fornafnið *þeir* látið gilda fyrir alls konar lögaðila.

---

<sup>1</sup> „Já, þeir eru tilbúnir,“ gæti ég sagt um þröskuldana sem ég átti að slípa, eða „þær“ um hurðirnar, en um hvort tveggja segði ég eitthvað í áttina við: „Já, *það* er *allt* tilbúið.“

<sup>2</sup> „Hjá NI“ er lesið „hjá enn *einum*“ – þó að bókstafsheitið N sé út af fyrir sig hvorugkyns, sbr. ritháttarvandann um „*eitt n* eða *tvö*“.

„Hljóta þeir ekki að gefa afslátt?“ er hægt að spyrja, hvort sem „þeir“ á við einhverja verslun eða t.d. Sjóvá eða N1. „Af hverju eru þeir ekki löngu búnir að setja ljós í staðinn fyrir þetta glataða hringtorg?“ get ég fjasað og þarf ekki einu sinni að hafa hugmynd um hvort þessir „þeir“ eru Vegagerðin (vegna þjóðvega í þéttbýli) eða Reykjavíkurborg eða einhver sérstök stofnun hennar. „Nú bara hljóta þeir að fara að opna aftur í sund, a.m.k. fyrir okkur bólusetta gamlingja,“ get ég líka nöldrað, og eru „þeir“ þá einhvers konar blanda af Þórólfi sóttvarnalækni, Ölmu landlækni, Svandísi ráðherra og sjálfri ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur. Ég get líka spurt hvort „þeir“ hafi ekki boðið afmælisbarninu vinnuástöðu eftir starfslok, og slepp þá við að taka fram hvort ég meina Háskólann („hann“), fræðasviðið („það“) eða deildina („hana“).

Þessi málnotkun á sér hliðstæður í skyldum tungumálum og sjálfsagt fyrirmynd í dönskunni á sínum tíma. Þar er þó ekki, frekar en í ensku eða þýsku, nema eitt persónufornafn í fleirtölu, hið sama fyrir öll kyn. Að velja karlkyn á íslensku hefur væntanlega komið af sjálfu sér og það af tvennum sökum. Annars vegar af því að karlkyn sumra fornafna er notað sem „ómerkt“ kyn, sérstaklega um fólk. Eins og þegar ég lít inn í mannlausa kennslustofu og segi að þar sé „*enginn*“ eftir, *allir farnir*“ – án þess að í því felist neinn dómur um eðliskyn þeirra sem þar höfðu verið.

Og svo af því að auðvitað voru það yfirleitt karlmenn sem tóku ákvarðanir fyrir hvers konar vinnustaði, fyrirtæki og stofnanir. „*Þeir* eru í einhverjum vandræðum með að finna stærðfræðikennara,“ hefði verið hægt að segja um flesta framhaldsskóla. En örugglega ekki um kvennaskóla eða húsmæðra-skóla af því að þar var ekki reiknað með karlmönnum við stjórnvölinn.

Nú er þessi seinni forsenda farin að breyta (tími til kominn!) og „stofn-anakarlkynið“ þess vegna smátt og smátt að víkja. Líkt og aðstandendur *Vinstrihreyfingarinnar, græns framboðs* heita ekki lengur „Vinstri-grænir“ (með fornafninu *þeir*) heldur „Vinstri-græn“ (*þau*) má æ oftast heyra hvað „þau“ eru að gera eða ættu að gera í alls konar stofnunum og fyrirtækjum.

Fyrir nokkrum árum potaði ég mér á sjálfa Rask-ráðstefnuna með það heldur óvísindalega erindi að mæla með þessum umskiptum, ekki aðeins sem eðlilegri málþróun heldur sem táknrænni jafnréttismálnotkun. Eða eins og sagði í ágripi:

### Helgi Skúli Kjartansson: Útrýmum stofnanakarlkyni!

Boðendur nýrra sjónarmiða boða oft breytingar á viðteknu orðalagi, t.d. svonefnt „mál beggja kynja“, sem innleitt hefur verið með ýmsum nýmælum í erlendum málum, og eðlilega líkt eftir þeim á íslensku. ... Fyrirlesari mælir með einni af þessum breytingum, þ.e. að nota fornafn „þau“ í stað „þeir“ þegar átt er við yfirvöld, stofnanir og fyrirtæki. Reglan, sem kalla má „stofnanakarlkyn“, hefur verið að nota „þeir“ þegar fornafn 3. persónu er notað um slík fyrirbæri. Það má gera að táknrænu mállýti sem meðvituðum málnotendum beri að forðast.

Þarna gekk ég út frá því að íslenskan þyrfti að eiga sína hliðstæðu við táknrænar jafnréttismálbreytingar grannmálanna, breytingu sem ekki aðeins gerist heldur geti hugsjónafólk gert hana að baráttumáli og almenningur sýnt fylgi sitt við málstaðinn með því að temja sér hana.

Að velja þessa breytingu: *þau* í stað *þeir* í talmáli sem persónufornafrn stofnana og fyrirtækja, virtist mér hafa ýmsa kosti. Hún vísar beint til þeirrar samfélagsbreytingar sem berjast þarf fyrir: að ákvarðanir séu ekkert fremur teknar af körlum en konum. Hún beinist gegn orðalagi sem er svo algengt að hver og einn hefur ærið tækifæri til að temja sér það eða temja sér það ekki. Hún er einföld og auðskilin, skiptir út orði en breytir engu um gerð setninganna, hvað þá að hún geri þær flóknari en var með gamla laginu. Og loks beinist hún gegn málnotkun sem í eðli sínu er hálfgerð „dönskusletta“, ekki neinn þjóðlegur arfur frá Njálu og Heimskringlu.

Þetta bar ég saman við þunglamalegri breytingar sem krafist hafði verið í öðrum tungumálum. Eins og að segja *han/hun* eða *he/she* um ótiltekna persónu.

Eða þegar Þjóðverjar máttu allt í einu ekki tala um lækna sem *Ärzte* heldur *Ärztinnen und Ärzte* (hægt að stytta í riti sem *ÄrztInnen* en lesið úr því á sama hátt), og annað eftir því. Ég var reyndar, sem karlmaður, svolítið móðgaður yfir því að um skeið virtist haldið áfram að kalla morðingja bara *Mörder*, en það sýnist mér eitthvað farið að lagast. (Leikrit Kambans væri væntanlega sýnt undir nafninu *Wir Mörderinnen und Mörder*.) Þó skilst mér að enn tíðkist að tala um skattsvikara sem *Steuerhinterzieher* frekar en *Steuerhinterzieher und -hinterzieherinnen*.

Að ónefndri þeirri flækju sem fylgir því að tala rétta ensku um „sex“ og „gender“. Þar sem annað er líkamlegt, hitt félagslegt. Ég hrekk stundum við þegar ég sé eða heyri fagfólk tala um karla og konur sem „sexes“, en það er þá í samhengi eins og t.d. næringarfræði þar sem virkilega er átt við líkam-

lega eiginleika, óháða þeim hugmyndum sem samfélagið kann að gera sér um eðli og hlutverk kynjanna. Fyrir almenna málnotendur er þessi aðgreining á móta óviðráðanleg eins og til að mynda sú málnotkun eðlisfræðinnar að tala um „afl“ og „kraft“ sem ólíka hluti. En þá er hægt að hafa vaðið fyrir neðan sig og segja bara „gender“ – það móðgar engan. Þannig var t.d. útlistað fyrir mér á ensku hvernig ostrur skipta um kyn – „change gender“ – og er þó fátt ófélagslegra en tímgun skelfiska.

Í ensku hefur að vísu slegið í gegn ein mjög einföld jafnréttislausn. Það er að smjúga fram hjá *he/she* með því að nota bara fleirtöluna, *they*, um einstakar persónur af ótilgreindu kyni. Sá eða sú sem uppfærði „their story“ á samfélagsmiðli er ekki raunverulegt fleirtölufyrirbæri (eins og *buxur* eða *skæri* hjá okkur) heldur bara persóna sem kerfið veit ekki hvort heldur er „he“ eða „she“. Sá sem skoðar „their patient“ þarf ekki heldur að vera meira en einn læknir, bara af ótilteknu kyni.<sup>3</sup>

Þetta virðist vera undantekning, tilhneigingin fremur að svona breytingar séu flóknar. Það sannaðist tilfinnanlega á sænskunni þegar þar kom fram sú einfalda nýjung að í stað *han/hon* (um t.d. lækni eða skattsvikara sem ekki er tilgreind persóna, karl eða kona) skuli nota hlutlaust fornafn: *hen*. Jafnréttishreyfingin gleypiti við tillögunni, en ekki til einföldunar sem einu fornafni í stað tveggja heldur sem þriðja fornafninu við hlið hinna tveggja. Sem fólk getur látið nota um sig ef það fellir sig hvorugt hinna. Þannig að nú er ekki nóg að skrifa *han/hon* heldur *han/hon/hen*.

Stofnanakarlkynið: Jú, það er rétt og sjálfsagt að hverfa frá því, tala um að *þau* ætli nú að fara að hækka skattana; *þau* hætti við að sýna *Oss morðingja* í Þjóðleikhúsinu og allt eftir því.

En líklega er það of einfalt. Of eðlilegt og viðráðanlegt til að gera það að táknrænu baráttumáli. Sýnir ekki nóg samlega hvað við viljum á okkur leggja fyrir málstaðinn.

---

<sup>3</sup> Ekki veit ég nákvæmlega hvaða takmörk þessari málnotkun eru sett. Ég finn t.d. ekki talað um hvað „almighty God“ geri „by *Their* infinite mercy“.

## Glásir

Fyrir nokkrum árum var reistur stór og glæsilegur fjölbrautaskóli í Þórshöfn í Færeyjum sem ber heitið Glásir. Nafnið er sótt í norræna goðafræði og vísar til skógarlundar eða trés sem var nálægt Valhöll og þótti ákaflega fagurt.<sup>1</sup> En það sem er áhugavert við þetta orð frá málfræðilegum sjónarhóli er beygingin þar sem þetta er sterkt karlkynsorð úr flokki svonefndra *ia*-stofna sem eru nánast horfnir úr færeysku nútímamáli. Þetta skapar vanda-mál í beygingu þar sem þeim tilmælum hefur verið beint til fólks í Færeyjum að nota forna þágufallið *Glasi* en sú mynd rímar illa við þolfallsmyndina *Glásir* þar sem *-r* er hluti stofnsins. Þágufallið hefur því vafist fyrir færeysku-málhöfum undanfarin ár og a.m.k. tvenns konar frávik frá viðurkenndri beygingu hafa sprottið upp eins og nánar verður rakið hér að neðan.

Hin forna beyging *ia*-stofna er ágætlega varðveitt í íslensku. Sérnafnið *Glásir* myndi beygjast í íslensku eins og hér er sýnt ef það væri í almennri notkun í málinu:

|     |            |         |
|-----|------------|---------|
| (1) | Íslenska   |         |
|     | nefnifall  | Glasi-r |
|     | þolfall    | Glasi   |
|     | þágufall   | Glasi   |
|     | eignarfall | Glasi-s |

Hér er stofninn *Glasi-* í öllum beygingarmyndum en *-r* kemur aðeins fram sem ending í nefnifalli eintölu. Eins og kunnugt er voru endurtúlkaðar myndir með stofnlægu *-r* algengar í íslensku fyrr á öldum (sjá Hrein Benediktsson 1969, Lindu Ösp Heimisdóttur 2008 og Jóhannes Gísla Jónsson 2015), sbr. beygingarmyndir eins og *læknir-s* og *hellir-ar*. Endurtúlkaðar myndir *ia*-stofna hafa verið á undanhaldi í málinu í um það bil heila öld en eru þó langt frá því að vera útdauðar. Einkum virðist algengt að endurtúlka þolfall eintölu en endurtúlkun í fleirtölu er greinilega orðin sjaldgæf.

---

<sup>1</sup> Nánari umfjöllun um nafnið og leiðbeiningar um beygingu þess má finna á heimasíðu skólans (sjá <https://www.glasir.fo/um-skulan/>).

Í færeysku nútímamáli hafa öll samnöfn sem áður féllu í flokk *ia*-stofna skipt um beygingarflokk. Til dæmis hefur orðið *læknir* fengið veika karl-kynsbeygingu eins og sjá má í eintölunni (sjá Thráinsson o.fl. 2012:409):

|     |           |         |           |
|-----|-----------|---------|-----------|
| (2) | Færeyska  | eintala | fleirtala |
|     | nefnifall | lækn-i  | lækn-ar   |
|     | þolfall   | lækn-a  | lækn-ar   |
|     | þágufall  | lækn-a  | lækn-um   |

Eignarfalli er sleppt í öllum töflum í þessari grein enda er það mjög lítið notað í færeysku nútímamáli nema þá helst sem fyrri hluti samsettra orða, sbr. *læknatrot* ‘læknaskortur’ og *læknafrøði* ‘læknisfræði’ (sjá Thráinsson o.fl. 2012:433–434).

Af beygingartöflunni í (2) má ráða að breytingin í beygingu orðsins *læknir* hafi orðið þannig að málnotendur hafi fundið hlutlausustu eintölumyndirnar miðað við fleirtöluna. En það sem eftir stendur af *ia*-stofnum í færeysku eru nokkur sérnöfn sem hafa varðveitt upprunalega beygingu í þágufalli þótt endurtúlkuð mynd með stofnlægu *-r* sé nú einhöfð í þolfalli. Þannig sjást enn þágufallsmyndir eins og *Ægi* og *Birgi* þótt þær séu ekki algengustu þágufallsmyndir þessara orða ef marka má leitarniðurstöður á Google. Bæði *Birgir* og *Birgiri* er algengara sem þágufall en *Birgi* og *Ægir* kemur oftast fyrir í þágufalli en *Ægi*. Beygingarmyndin *Ægiri* virðist hins vegar vera sjaldgæf. Í beygingu sérnafnsins *Birgir* eru því þrjár mögulegar myndir í þágufalli eins og sýnt er í (3):

|     |           |                    |               |                 |
|-----|-----------|--------------------|---------------|-----------------|
| (3) | Færeyska  | Viðurkennd beyging | A-beyging     | B-beyging       |
|     | nefnifall | Birgir             | Birgir        | Birgir          |
|     | þolfall   | Birgir             | Birgir        | Birgir          |
|     | þágufall  | <b>Birgi</b>       | <b>Birgir</b> | <b>Birgir-i</b> |

Viðurkennda beygingin hér er sú sem færeyska málnefndin mælir með (sjá malrad.fo) en hún er ekki að öllu leyti upprunaleg vegna þolfallsins. Frávikin frá viðurkenndri beygingu eru hér til hægðarauka nefnd A-beyging og B-beyging en báðar þessar beygingar hafa stofnlægt *-r*. Munurinn er hins vegar sá að þágufallsendingin *-i* kemur fram í B-beygingunni en ekki A-beygingunni.

Víkjum nú aftur að sérnafninu *Glasir*. Eins og sýnt er í (4) koma a.m.k. þrjár beygingarmyndir til greina í þágufalli þess orðs en dæmi af netinu um þessar þágufallsmyndir má sjá í (5).

|     |           |                       |               |                |
|-----|-----------|-----------------------|---------------|----------------|
| (4) | Færeyska  | Viðurkennd<br>beyging | A-beyging     | C-beyging      |
|     | nefnifall | Glasir                | Glasir        | Glas-ir        |
|     | þolfall   | Glasir                | Glasir        | Glas-ir        |
|     | þágufall  | <b>Glas-i</b>         | <b>Glasir</b> | <b>Glas-um</b> |

(5a) Í gjár fingur seks nýklaktir byggifrøðingar prógv á Glasi.

(5b) Hvar skal kokkaútbúgvingin vera á Glasir?

(5c) Fyrri fyrilesturinn var við Alex Ocampo, lærara á Glasum.

Ég hef ekki fundið nein dæmi um B-beyginguna (*Glasiri*) og þess vegna er henni sleppt hér. Það þýðir þó ekki að þessi þágufallsmynd sé útilokuð. Hins vegar hef ég fundið ýmis dæmi um það sem hér er kallað C-beyging en samkvæmt henni er *Glasir* endurtúlkað sem fleirtöluorð þar sem stofninn er *Glas*- og á eftir kemur fleirtöluendingin *-ir* sem táknar nefnifall eða þolfall í sterku kvenkyni og karlkyni.<sup>2</sup> Miðað við þessa endurtúlkun hlýtur þágufallið að vera *Glasum*.<sup>3</sup> Þessi mynd er þó greinilega sjaldgæfari en bæði *Glasi* og *Glasir*.

Þeir sem nota þágufallsmyndina *Glasum* ættu að nota *Glasir* sem fleirtöluorð, t.d. þegar það er frumlag í nefnifalli. Ég hef þó ekki fundið nema tvö dæmi af netinu þar sem persónubeygða sögnin er í fleirtölu til samræmis við frumlagið *Glasir* og þau eru sýnd í (6c–d). Þegar *Glasir* er frumlag er persónubeygða sögnin langoftast í eintölu, sbr. dæmin í (6a–b):

(6a) Glasir er umleið 20.000 fermetrar til stóddar.

(6b) Glasir hefur framvegis brúk fyrir pengum.

(6c) Glasir eru latnar upp og hópin av ungdómi gongur har.

(6d) Glasir hava nýggjan rektara.

<sup>2</sup> Athugið að þolfall fleirtölu í sterkum karlkynsorðum í færeysku hefur runnið saman við nefnifallið, hvort sem endingin er *-ar* eða *-ir* (Thráinsson o.fl. 2012:408–409).

<sup>3</sup> Þar sem *u*-hljóðvarp er ekki lengur virk hljóðkerfisregla í færeysku (Thráinsson o.fl. 2012:397–399) er beygingarmyndin *Gløsum* útilokuð.

Í viðurkenndu þágufallsmyndinni *Glasi* er ekkert stofnlægt *-r* en þar með eru stofnvíxl í þeirri beygingu (*Glafir-* vs. *Glasi-*) sem ekki er hægt að fella undir neina almenna hljóðkerfis- eða hljóðbeygingarreglu í færeysku. Það kemur því ekki á óvart að málnotendur eigi erfitt með að tileinka sér þessa beygingu og velji þess í stað reglulegri beygingarmynstur þar sem stofnlægt *-r* birtist í öllum beygingarmyndum, þ.e. A- eða B-beygingu. Hin opinbera málstýring virðist því dæmd til að mistakast hér eins og svo oft áður.

Yfirlitið í (4) sýnir líka að þeir sem hafna hefðbundnu þágufallsmyndinni *Glasi* eiga um a.m.k. tvær myndir að velja í staðinn, þ.e. *Glafir* eða *Glasum*. Þetta sýnir að endurtúlkun á tiltekinni beygingarmynd fer ekki alltaf eftir einhverri einni leið en beygingarmyndin *Glasum* er möguleg vegna þess að heiti bygginga getur verið fleirtöluorð. Afleiðingin er sú að upp koma þrjár þágufallsmyndir af sérnafninu *Glafir* (*Glasi* – *Glafir* – *Glasum*) en þrímyndir eru reyndar mjög sjaldgæfar í beygingum almennt, hvort sem horft er til færeysku eða íslensku.

#### HEIMILDASKRÁ

- Hreinn Benediktsson. 1969. On the inflection of the masculine *ia*-stems in Icelandic. Jakob Benediktsson, Ólafur Halldórsson, Stefán Karlsson, Jónas Kristjánsson og Jón Samsonarson (ritstj.): *Afmálsrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, bls. 391–402. Reykjavík: Mál og menning.
- Höskuldur Thráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese: An overview and reference grammar*. Tórshavn & Reykjavík: Føroya Fróðskapar-felag & Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2015. Endurtúlkun í *ia*-stofnum í íslensku og færeysku. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8. Greinasafn frá færeysk-íslenskri ráðstefnu í Þórshöfn 24. og 25. ágúst*, bls. 253–266. Tórshavn: Fróðskapur.
- Linda Ösp Heimisdóttir. 2008. *Yfirlit yfir beygingu karlkyns -ija-stofna frá 19. öld til nútímamáls*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

#### Þakkir

Ég vil þakka eftirfarandi málhöfum fyrir upplýsingar og umræður um færeysku: Annika Simonsen, David Fossdalsá, Gunnvør Hoydal Brimnes, Iben Nyholm Debess, Jóhanna Magnusardóttir Isaksen, Lena Reinert og Rakul Eyvindsdóttir. Auk þess á Eva Ragnarsdóttir Kamban þakkar skildar fyrir aðstoð.



Jón G. Friðjónsson

## Á stað eða af? Breytingar í kerfi forsetninga

### Inngangur

Í grein þessari verður fjallað um tiltekna breytingar í kerfi forsetninga:

- (1) *af stað* > *á stað* 'af stað' [*fara/leggja ... af stað* > *fara/leggja ... á stað*] og
- (2) *fara/leggja ... á stað* 'af stað' > *fara/leggja ... af stað*.

Megináhersla verður lögð á að sýna þessar breytingar og aldur þeirra með dæmum í tímaröð og enn fremur verður leitast við grafast fyrir um orsakir breytinganna. Áður en komið verður að breytingunum sjálfum er nauðsynleg að víkja að tvennu, annars vegar því sem kalla má *hlutverksmerkingu* forsetninga og hins vegar að því sem hér verður nefnt *forsetningasambönd*.

### Hlutverksmerking forsetninga

Með eigin merkingu forsetninga (orðabókarmerkingar) er t.d. átt við muninn á merkingu forsetninganna *á* og *í*. Forsetningin *á* vísar jafna til ytra borðs (*á sjónum*; *á vatninu*) en forsetningin *í* til innra borðs, þess sem er innan tiltekinna marka (*í sjónum*, *í vatninu*). Auk eigin merkingar geta forsetningar gegnt mismunandi hlutverki (e. *function*; þ. *Funktion*). Notkun forsetninganna *á* og *í* (og reyndar fleiri fs.) byggist á kerfi þar sem einkum er tekið mið af *hreyfingu* (hvert, hvaðan), *kyrrstöðu* (hvar), *stefnu* í tíma og rúmi og *afstöðu* til þess sem miðað er við. Þessir þættir eru hluti af merkingu forsetninga og hér verður vísað til þeirra sem *hlutverksmerkingar*, andstætt eigin merkingu. Þetta má til einföldunar sýna með eftirfarandi hætti.

| Hreyfing (hvert)          | Kyrrstaða (hvar)        | Hreyfing (hvaðan)          |
|---------------------------|-------------------------|----------------------------|
| á e-ð (þf.)               | á e-u (þgf.)            | af e-u (þgf.)              |
| í e-ð (þf.)               | í e-u (þgf.)            | úr e-u (þgf.)              |
| <i>fara/leggja á stað</i> | <i>vera á stað(num)</i> | <i>fara/leggja af stað</i> |
| <i>fara í fót</i>         | <i>vera í fötum</i>     | <i>fara úr fötum</i>       |

## Forsetningasambönd

Í íslensku eins og öðrum tungumálum er algengt að forsetning ásamt stofn-orði myndi merkingarlega heild (þ. *präpositionsartige Präpositionalphrasen*) sem notuð er aftur og aftur, t.d.:

*að teknu tilliti til e-s; með tilliti til e-s; við hliðina á e-u; í staðinn fyrir e-ð; í tilefni e-s/af e-u; vinstra/hægra megin við e-ð.*

Af svipuðum toga eru föst forsetningasambönd þar sem stofnorð hafa misst eigin merkingu og fengið hlutverksmerkingu í staðinn, t.d.:

*ganga á bak [‘á eftir’] orðum sínum > ganga á bak orða sinna; til móts við [‘til fundar við’] e-ð > á móts við [‘á svipuðum stað og’] e-ð.*

Forsetningasambönd geta einnig samsvarað atviksliðum, t.d.:

*fyrst í stað; í annan stað; þegar í stað.*

Því er þetta nefnt hér að no. *staður* er mjög algengt í fjölmörgum föstum orðasamböndum, ýmist með munstrinu *í stað – í stað – úr stað* eða *á stað – á stað – af stað*. Sú breyting sem hér er til umræðu *af stað > á stað > af stað* er einskorðuð við forsetningasambönd með stofnorðinu *staður* í hlutverksmerkingu. Hennar gætir ekki í forsetningaliðum þar sem stofnorð (t.d. *bak, braut, fundur, land* ...) heldur orðfræðilegri merkingu sinni, þ.e.:

*á bak – af baki; á braut – af brautu; á fund – affundi; á land – aflandi; á sjó – afsjó.*

Hér hefur verið gert ráð fyrir breytingunni *af stað > á stað* en allt eins mætti gera ráð fyrir að um væri að ræða merkingarbreytingu, þ.e. *á stað > ‘af stað’*. Hér verður þó gert ráð fyrir formbreytingu (*af stað > á stað*) því að með þeim hætti birtist breytingin í heimildum.

## Dæmabálkur

Orðasambandið *fara, ganga, hafa sig, koma e-u ... af stað* með vísun til hreyfingar (hvaðan) er kunnugt í fornu máli og fram á 16. öld,<sup>1</sup> sbr.:

- 1) þakkaði hann Haraldi lífgjöfina og hafði sig síðan af stað (Flat II, 51 (1387–1395));
- 2) og spari þeim [peningum] ekki þar til, að þess heldur koma hann skipgerðinni af stað og svo öðrum erindum meðan hann stendur í þessum vorum erindum og umbodði gjörandi það besta hann kann af stað koma (DI IV, 547 (1434) (frumrit));
- 3) gjörir hún svo ráð fyrir að þær skulu fara annan veg en vant er að ganga. ... Og fara af stað (m16 (Reyk I, 84));
- 4) láta heldur saman dragast með sætt en sökum, svo yðar vegna sem pilsins, því ei veit hvað sá hinn vondi af stað kemur, þúshund véla smiður (GÞBr 70 (1574));
- 5) þetta erindi [...] er svo frábærilega stórt að hvörki einglar né nokkrar aðrar skepnur gátu því af stað komið (s16 (Eintal 17 (OHR)));
- 6) Dramblætið er ekki gott og kemur aldrei nema illu af stað (s16 (Eintal 61 (OHR))).

Elstu dæmi um breytinguna *af stað* > *á stað* eru frá 16. öld:

- 7) leggja honum heilustu ráð sem eg kann á stað að koma (DI XI, 769 (1550));
- 8) þá var honum undirvísað að Abner ... var á stað farinn með friði (s16 (2. Sam 3, 23 (GÞ))).

Myndin *fara/koma/halda/leggja ... á stað* er síðan nánast einhöfð fram á 20. öld. Dæmin er fjölmörg og hér skulu aðeins örfá tilgreind í aldursröð:

- 9) prestur reið á stað (f17 (Safnsög I, 89 (JE)));
- 10) segja sumir hann hafa sent strax á stað aftur Ara son sinn að taka herra Marteín (f17 (Safnsög I, 91 (JE)));
- 11) Farðu ekki svo fljótt á stað (s18 (SigPétLeik 166));
- 12) bjuggu sér til seglmyndir og héldu svo á stað (f19 (Sagnabl II, 14 (OHR)));
- 13) sagt .... nýr floti eigi að fara á stað strax sem vorar (Skírn 1828, 14 (ÞG));
- 14) þá hann fór á stað þangað (Skírn 1829, 54 (ÞJ));
- 15) Alls staðar á Ítalíu er samsæri undir niðri og átti nú að hleypa öllu á stað (Skírn 1853, 152 (SvSk/AÓ));
- 16) Um kveldið lögðum við á stað (s19 (GGJÓl 204));
- 17) Eftir því sem þið segið er nú smali gamla mannsins kominn á stað (SvSkBenJ 160 (1892));

---

<sup>1</sup> Ávallt er vísað til traustra heimilda, stafréttra sé þeirra kostur, en stafsetning er færð til nútímamáls, þó er leitast við að halda einstökum orðmyndum óbreyttum.

- 18) *kom því [félagi] á stað til að vinna gegn þessu* (SvSkBenJ 199 (1901));
- 19) *Skálholt lagði á stað heim til Khafnar í gærkveldi* (Ísaf 1905, 15 (OHR));
- 20) *Ég veit þá ekki fyrr til en að klárin tekur viðbragð og þýtur allt í einu á stað á hardasta stökki* (f20 (GGJÓL 16));
- 21) *þótt hann öldungis félaus og áttavilltur stiklaði á stað frá heimagarði* (f20 (FGEnd I, 188));
- 22) *ég þótti gerráður, jafnvel stökkva á stað áður en ég fékk leyfi* (f20 (FGEnd II, 10)).

Eins og sjá má helst breytingin *af stað* > *á stað* fram á fyrri hluta 20. aldar en einstök dæmi þess að breytingin hafi gengið til baka, þ.e. *af stað* > *á stað* > *af stað*, eru frá síðari hluta 18. aldar og 19. öld, t.d.:

- 23) *Verður hún hér við svo uppvæg ... að hún hleypur upp, steðjar af stað, stökkur og stöðvast ei fyrr en í þriðju kirkjusókn að Hlíðarenda* (JHÍslm III, 132 (1797));
- 24) *Greinin kom af stað meira uppþoti en Rússar vildu svo að þeir létust vilja bæta úr skák en vöruðust þá að taka neitt aftur* (Skírn 1876, 7 (GÞorl));
- 25) *slítur hún [þjóðin] sig þá lausa af fyrirliðum Torímanna og fer aftur að halda af stað eftir Vigmönnum* (Skírn 1842, 50 (JPét));
- 26) *stukku nú af stað og stikuðu stórum* (m19 (ÞjóðsJÁ2 V, 140));
- 27) *stekkur hún þá af stað og flýtir sér mjög til borgarinnar* (m19 (ÞjóðsJÁ II, 399));
- 28) *nú eru þeir hræddir um að hann muni ekki láta sitt eftir liggja þegar hinir allir fara af stað* (Skírn 1839, 10 (MH)).

Þegar kemur fram á 20. öld verða *af stað* dæmi algeng og í nútímamáli virðast þau hafa leyst *á stað* dæmin af hólmi:

- 29) *Strákarnir [...] af stað og eg á eftir* (Skírn 1916, 416 (OHR));
- 30) *Fer þá Guðmundur suður fyrir að smíðjunni en Svartnasi af stað út brekkubarð og Guðmundur á eftir* (f20 (FJÞjóðh 393));
- 31) *Nú gátu þær sigið af stað, það rökkvaði* (m20 (VesaasKlak 162 (OHR)));
- 32) *Ætluðu allir til Winnipeg nema ég sem atlaði af stað í Raeburn* (m20 (HEinÆv 50 (OHR)));
- 33) *Auðvitað sló ég frá mér öllum grillum og grylum ... og hélt djarfmannlega af stað* (f20 (FGEnd II, 7));
- 34) *styrkja og efla þá menn sem hrundið höfðu styrjöldinni af stað* (m20 (ThSALincoln 239));
- 35) *treystum við móðir mín á fremsta hlunn og lögðum af stað út í bylinn* (f20 (HÞor 46)).

Skýlt er að taka það fram að þar sem mér er eiginlegt að nota myndina *fara/leggja/halda ... af stað* má vel vera að mér hafi skotist yfir þá mynd í

heimildum frá 18. og 19. öld en dæmi úr *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (OHR) benda þó til þess að dæmi um *afstað* séu einkum frá 20. öld. Í OHR telst mér til að dreifing *afstað*- og *ástað*-dæma, í merkingunni ‘af stað’, sé eftirfarandi:

|                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| af-stað dæmi, 16. öld: 2 | á-stað dæmi, 19. öld: 10 |
| á-stað dæmi, 16. öld: 1  | á-stað dæmi, 20. öld: 8  |
| á-stað dæmi, 17. öld: 5  | af-stað dæmi, 20. öld: 5 |
| á-stað dæmi, 18. öld: 2  |                          |

Í OHR er ekkert *af-stað* dæmi frá 17. til 19. aldar, þau eru öll frá 20. öld.

Af tímaröð dæma um *afstað* og *ástað* má sjá að elsta dæmi um *afstað* með vísun til hreyfingar (hvaðan) er frá lokum 14. aldar. Spyrja má hvað hafi verið notað um það er lagt var í ferð áður en menn ‘fóru af stað’? Því er vandsvarað en til gamans skal litið á tvö dæmi (úr Stjórn og Sverris sögu) með afbrigðum innan hornklofa:

- (3) *Síðan lyftir hann sinni ferð [hefur hann sína ferð (B (1350))] með þetta lið (StjC 504 (1300–1325));*
- (4) *Nú lyftir hann ferð sinni og ætlar til Björgynjar (Sv 10 (1300)) = býr hann ... ferð sína og ætlar til Björgynjar (f14 (Eirsp 274)) = Nú byrjar hann ferð sína og ætlar til Björgynjar (s14 (Flat III, 161)); Nú býr Sverrir kóngur ferð sína ofan í Sogn og ætlar til Björgvinjar (s15 (AM81, 22)).*

Orðasamböndin *lyfta ferð sinni*, *hefja ferð sína*, *búa ferð sína* og *byrja ferð sína* eru öll svipaðrar merkingar (‘fara af stað’) en trúlega nokkuð framandi í nútímamáli.

## Niðurstaða

Í þeim dæmum sem hér hafa verið til skoðunar hefur stofnorðið *staður* glatað eiginlegri (orðfræðilegri) merkingu og fengið hlutverksmerkingu. Af yfirlitinu má sjá að elstu dæmi um breytinguna *fara afstað* > *fara ástað* í óbreyttri merkingu (‘af stað’) eru frá 16. öld (7–8). Vera kann að merkingarmunur skipti ekki máli í þessum dæmum og sú sé skýring á breytingunni, þ.e. merkingarþátturinn ‘hreyfing’ skiptir höfuðmáli en merkingarþættirnir ‘hvert’ og ‘hvaðan’ verða umframir í þessu sambandi. Í nútímamáli er myndin *fara af stað* nánast einhöfð en afbrigðið *fara ástað* í sömu merkingu er sjaldséð. Svo

virðist því sem *af stað* hafi öðlast sinn fyrra sess aftur en afbrigðið *á stað* (í merkingunni ‘af stað’) eigi í vök að verjast og hér kann kennsla í skólum að hafa haft áhrif en það hefur sá sem þetta ritar ekki athugað sérstaklega.

#### HEIMILDASKRÁ

- AM81: A. Kjær og L. Holm-Olsen (útg.): *Det Arnamagnæanske Haandskrift 81a Fol* (Skálholtsbók yngsta). Oslo, 1947.
- DI: *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn ...* I oáfr. Kaupmannahöfn, Reykjavík, 1857–1972.
- Eirsp: Finnur Jónsson (útg.). *Eirspennill*. AM 47 fol. Nóregs konunga sögur: ... Kristiania, 1913–16.
- FGEnd: Gils Guðmundsson (útg.). *Friðrik Guðmundsson: Endurminningar I–II*. Reykjavík, 1972–73.
- Flat: Sigurður Nordal (útg.). *Flateyjarbók I–IV*. Akranesi, 1944.
- GGJÓL: Gils Guðmundsson: *Ævintýramaður – Jón Ólafsson, ritstjóri*. Reykjavík, 1987.
- GP: GP aftan við Bibliútilvitnun vísar til Guðbrandsbiblíu (1584).
- GPBr: Páll Eggert Ólason (útg.). *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Reykjavík, 1912–1942.
- HÞor: Hannes Þorsteinsson: *Sjálfævisaga*. Reykjavík, 1962.
- OHR: Orðabók Háskólans, ritmálsskrá.
- Reyk: Agnete Loth (útg.). *Reykjahólabók: Íslandske helgenlegender I–II*. Editiones Arnamagnæanæ A 15–16. Kaupmannahöfn, 1969–70.
- Safnsög: *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju I–XIII*. Hið íslenska bókmentafélag. Kaupmannahöfn, Reykjavík, 1856 o.áfr.
- SigPétLeik: *Leikrit og nokkur ljóðmæli Sigurðar Péturssonar fyrrum sýslumanns í Kjósar og Gullbringusýslu*. Reykjavík, 1845.
- Skírnir: *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* I o.áfr. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1827 o.áfr.
- Stj: C. R. Unger (útg.). *Stjorn*. Gammelnorsk Bibelhistorie fra Versens Skabelse til det babyloniske Fangenskab. Christiania, 1862.
- Sv: Gustav Indrebø (útg.). *Sverris saga* etter Cod. AM 327 4to. Kristiania, 1920.
- SvSkBenJ: Sveinn Skorri Höskuldsson: *Benedikt á Auðnum* Reykjavík, 1993.
- ThSALincoln: Thorolf Smith: *Abraham Lincoln*. Ævisaga. Reykjavík, 1959.

Jón Axel Harðarson

## Alexanders saga: *En þó er vilinn skjótr til áræðisins*

Í Alexanderskviðu líkir Walter af Châtillon aðalpersónu sinni 12 ára gamalli við ljónsunga sem veiðir hjört í huganum löngu áður en hann hefur líkamlegt þrek til þess. Á svipaðan hátt barðist Alexander, enn óvígfar sökum ungs aldurs, gegn Dario Persakonungi í huganum. Um ljónsungann segir Walter m.a. (v. 52–55):

Nec pede firmus adhuc nec dentibus asper aduncis  
Palpitat, et uacuum ferit inproba lingua palatum,  
Effunditque prius animo quam dente cruorem,  
Pigriciamque pedum redimit matura uoluntas.

(orðrétt) ‘og eigi styrkur á fæti né hættulegur sökum innbeygðra tanna skjögrar hann og óráðvönd tungan lemur tóman góminn (þ.e. svangur gefur hann frá sér ógurlegt öskur) og hann úthellir blóði fyrir í huga sér en með tönn sinni; fyrir dugleysi fótanna bætir snemmproska viljinn’.

Í beinu framhaldi segir svo um Alexander (v. 56–58):

Sic puer effrenus totus bachatur in arma,  
Inualidusque manu gerit alto corde leonem,  
Et preceps teneros audacia preuenit annos.

(orðrétt) ‘Þannig æðir drengurinn (Alexander) taumlaus í orrustu; vanmáttugur í hendi leikur hann ljón í sínu djúpa hjarta og bráð dirfska hans fer fram úr árunum ungu’.

Í Alexanders sögu er lýsingin á ljónsunganum umorðuð þannig (texti eftir stafréttri útgáfu Finns Jónssonar 1925, bls. 3):<sup>1</sup>

En tenn ero sva litlar at *hann* ma eigi bita þo hellir *hann* ut bloði hiartarins með huginum at *hann* mege eigi með taunnunom. *hann* er þa oc seinn afæti. en þo er vilinn skiootr til arøðesens.

---

<sup>1</sup> *Alexanders saga*. Islandsk oversættelse ved Brandr Jónsson (biskop til Holar 1263–64). Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske legat. København: Gyldendal, 1925.

Með samræmdri stafsetningu:

En tenn eru svá litlar at hann má eigi bíta, þó hellir hann út blóði hjartarins með huginum at hann megi eigi með tönnunum; hann er þá ok seinn á fæti en þó er vilinn skjótr til áráðisins.

Hér er *vili skjótr til áráðis* kominn í stað *snemmbroska vilja* (matura uoluntas). Það breytir þó engu um aðalatriði samlíkingar Alexanders og ljónsungans en það er að vilji þeirra og dirfska hafi þroskast fyrr en líkamlegt atgervi þeirra.

Í nýlegri útgáfu sinni af Alexanders sögu kýs Andrea de Leeuw van Weenen að lesa *en þó er vilinn skjótr til atgerðisins* (í stað ... *áráðisins*).<sup>2</sup> Nú hlýtur maður að spyrja hvað réttlæti þann lestur og hver kostur hans sé. Áður en því er svarað er rétt að víkja stuttlega að orðmyndun og hyggja nánar að textasamhenginu.

Fyrst má nefna að orðið *\*atgerði* væri stakdæmi. Ef það hefði verið til hefði það verið leitt af orðinu *atgerð*, sem merkti ‘fyrirtæki, framkvæmd; læknis- aðgerð; framtaksemi, dugnaður’. Hvorugkenndir *ija*-stofnar leiddir af kvenkynsorðum sem mynduð voru með *ð*-viðskeyti voru afar sjaldgæfir í forn-íslensku. Þó koma fyrir dæmi eins og samsettu orðin *atferði*, *framferði* og *meðferði* (: *atferð*, *framferð* og *meðferð*). Eftirtektarvert er að þessi orð hafa öll mjög áþekka merkingu: *atferði* ‘háttur, verklag’ (: *atferð* ‘þ.s.’), *framferði* ‘aðferð, hegðun, líferni’ (: *framferð* ‘það að fara fram (hjá), brottför; framkvæmd; aðferð’), *meðferði* ‘aðferð’ (: *meðferð* ‘það að hafa e-n eða e-ð með í för; eignarhald; meðhöndlun; aðferð’). Myndun þeirra hefur ekki gegnt því hlutverki að skapa nýja merkingu. *Atferði* merkir nákvæmlega það sama og grunnorðið *atferð* en það stafar af því hve þröngt merkingarsvið þess síðar- nefnda var. Á hinn bóginn hafa *framferði* og *meðferði* þrengra merkingarsvið en grunnorð þeirra; það má því segja að myndun þeirra þjóni þeim tilgangi að klæða ákveðið merkingartilbrigði grunnorðanna nýjum búningi; þetta merkingartilbrigði er ‘aðferð, háttur’ (sem ‘hegðun’ og ‘líferni’ eru komin af). Þar sem *atferði* hefur alveg sömu merkingu og grunnorðið er eðlilegt að líta svo á að þar sé aðeins um formlega endurnýjun að ræða (sem hafi orðið vegna áhrifa frá hinum orðunum *tveimur*). – Í fornmáli kemur einnig fyrir orðið *siðferði* (og *siðferð*) og er það greinilega myndað til samræmis við ofangreind

<sup>2</sup> *Alexanders saga*. AM 519a 4to in The Arnarnagnæan Collection, Copenhagen. Edited by Andrea de Leeuw van Weenen. Copenhagen: Museum Tusulanum Press, 2009.



orð. Auk þessara orða, sem öll hafa viðliðinn *-ferði*, má nefna *hannyrði* (: *hannyrð*) en uppruni þess er umdeildur.

Gerum því nú skóna að til hafi verið hvorugkynsorðið *\*atgerði/\*atgørði* sem leitt hafi verið af *atgerð/atgørð* líkt og *atferði* af *atferð*. Sögulega séð væri afleiðslan vissulega ekki alveg sambærileg þar sem orðið *(at)gerð/(at)gørð* er komið af *\*(-)garwiþō-* en *(at)ferð* af *\*(-)farði-*; hins vegar beygðust orðin á sama hátt í forníslensku eftir að mynd nf. og þf. flt. *(at)gerðar* hafði breyst í *(at)gerðir*. Ómögulegt er að segja til um það með vissu hvaða merkingu orðið *\*atgerði/\*atgørði* hefði haft en af samanburði við hvorugkynsorðin sem fjallað er um hér að ofan má draga þá ályktun að það hefði haft einhverja af merkingum grunnorðsins *atgerð/atgørð*.

Hvernig samrýmist lestur Andreu textasamhenginu í Alexanders sögu? Af því sem rakið var hér að framan er bert að setning sem hefði merkt 'viljinn er skjóttur til framkvæmdar eða dugnaðar' kæmi engan veginn heim við lýsingu Walters af Châtillon á ljónsunganum en einkenni hans er einmitt 'viljinn til áræðis' í bókstaflegri merkingu, þ.e. viljinn til að ráðast á (fráða á) veiðidýr áður en nauðsynlegum líkamsþroska er náð. Andstætt orði eins og *\*atgerði/\*atgørði* hæfir *áræði (áréði)* mjög vel lýsingunni á eðli ljónsungans. Þetta orð hefur fengið merkinguna 'hugrekki, dirfska' og er hún sú eina sem orðabækur tilfæra. Þó er ekki ólíklegt að eldri merking orðsins, þ.e. 'atlögu-eða árásargirni' (sbr. sögnina *ráða(st) á*), hafi lengi lifað við hlið yngri merkingarinnar 'dirfska'; a.m.k. hafa menn ætíð áttað sig á tengslum nafnorðsins *áræði* við sögnina *ráða(st) á*.

Loks er rétt að athuga handritafræðilega hlið málsins. Viðkomandi staður í AM 519 a 4to, aðalhandriti Alexanders sögu (frá ofanverðri 13. öld), er að vísu torlæsilegur en þar virðist þó helst bera að lesa: <[skiotr til] areðefenf> (eða <areðefenf>; 1v:32); orðmyndin sem um ræðir er vissulega ógreinileg en erfitt er að sjá að þar geti staðið <atgerðefenf>.

Niðurstaðan er þessi: Lestur orðmyndarinnar *áræðisins* (<areðefenf>, <areðefenf> e.þ.l.) á umræddum stað hvílir á traustum textafræðilegum grunni. Á hinn bóginn félli orð eins og *\*atgerði/\*atgørði* illa að innihaldi textans; þá yrði myndun þess að teljast óvenjuleg; auk þess kæmi það ekki fyrir í öðrum textum; loks virðist handritið ekki leyfa lestur myndarinnar *\*atgerðisins* (<atgerðefenf> e.þ.l.). Allt bendir því til að orðið *\*atgerði/\*atgørði* hafi aldrei verið til í íslensku máli.



Jón Karl Helgason

## Hvar er þín Walden?

Ferð mín um Massachusetts í marsmánuði 2019 miðaði að einum áfangastað: Walden Pond, náttúruperlunni þar sem bandaríski rithöfundurinn og heimspekingurinn Henry David Thoreau bjó í sínum fábreytta timburkofa á árunum 1845–1847. Tjörnin reyndist aðeins stærri en ég hafði gert mér í hugarlund, umhverfis hana kvísluðust snotrir skógarstígar; stígurinn norðan tjarnarinnar, sem lá í átt að rjóðrinu þar sem Thoreau byggði kofa sinn, var eins og við var að búast fjölfarnastur en rjóðrið sjálft skar sig ekki úr öðrum rjóðrum á svæðinu. Allt var fagurt og friðsælt en að vissu marki olli Walden Pond samt vonbrigðum; þar var ekkert að sjá sem gerði tjörnina frábrugðna þúsund öðrum stöðuvötnum Nýja Englands. Sérstaðan felst í sögu staðarins og þeirri merkingu sem hann hefur öðlast í hugum okkar undanfarin 170 ár.

Á þrjá vegu voru hlíðarnar í kringum tjörnina vaxnar skógi, sú fjórða var með ljósri sandströnd. Ofan við hana lá þjóðvegur og handan hans bílastæði og snyrtilegt móttökuhús þar sem hægt var að fræðast um Thoreau, ævi hans og verk. Hvít brjóstmynd af honum blasti við á miðju gólfi. Brjóstmyndin var í einum af nokkrum glerkössum sem höfðu að geyma ýmsa gripi sem Thoreau hafði átt (eða hefði getað átt). Þar voru einnig frumútgáfa og þýðingar á *Walden; or, Life in the Woods* (1854), bókinni sem hann skrifaði um dvöl sína í skóginum þessi tvö ár, tvo mánuði og tvo daga.

Eftirminnilegasti safngripurinn reyndist þó vera gríðarstór tölvuskjár uppi á vegg með korti af heiminum. Skjárinn var tengdur við fáeinar skjá-tölvur sem gerðu gestum kleift að svara hinni heimspekilegu spurningu: *Where is your Walden?* Eftir að hafa skráð nafnið mitt sló ég inn örnefnið Hvaleyrravatn. Í minningu minni virtist það helst líkjast þeim stað sem ég var staddur á (heimsókn mín fáum vikum síðar staðfesti það). Þessu næst merkti ég við þrjá af tíu valmöguleikum sem áttu að skýra það hvers virði Hvaleyrravatn væri mér. Ég setti X við fegurð, útivist og kyrrð (meðal annarra valmöguleika voru bókmenntir og saga). Að síðustu tengdi ég lýsinguna landfræðilegum hnitum. Á stóra heimskortinu, efst uppi á skjánum, birtist nafnið mitt eins og lítið nafnspjald á brjósti litla Íslands. Að mér hvarflaði að ég hefði leitað langt yfir skammt.

Á leiðinni út að bílnum staldraði ég við í tilgátuhúsinu sem byggt hafði verið til að hjálpa gestum að sjá fyrir sér daglegt líf Thoreaus við Walden Pond. Innanbrjósts togudust á tvær tilfinningar; skömmin yfir því að hafa fallið í þessa túristagildru og undrunin yfir því hve vistarveran var í raun og veru lítil. Ekki svo að skilja að Thoreau geri mikið úr henni í riti sínu. Efst á síðu gestabókarinnar, sem lá þarna frammi, var vitnað í upphaf sjötta kaflans þar sem segir (í verðlaunabýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur og Hildar Hákonardóttur): „Ég átti þrjá stóla í húsinu: þann fyrsta fyrir einveru, annan fyrir vináttu, þann þriðja fyrir félagsskap.“ Eftir að hafa lesið þessi orð á ensku leit ég (eins og til var ætlast) í kringum mig til að reyna að átta mig á hver af stólunum þremur þar inni hefði verið ætlaður undir einveru. Það tók ekki nema augnablik að komast að niðurstöðu.

Að sjálf sögðu var stóllinn við skrifborðið sá sem Thoreau sat á þegar hann var einn. Það var þar sem hann skrifaði í dagbók sína. En hvorn hinna stólanna tveggja skyldi hann hafa ætlað undir vináttuna, þegar hann fékk einn gest, einhvern náinn vin? Ég var aðeins lengur að komast að niðurstöðu en hún var samt afgerandi. Það hlaut að vera stóllinn við arininn. Þegar góður vinur kemur í heimsókn býður maður honum eða henni sæti við eldinn; í því felst hið sanna vinarþel. Og þannig hafði mér, með gamaldags útilokunaraðferð, tekist að ákveða hvaða stóll var ætlaður undir félagsskap, það er að segja þriðja gestinn þegar slegið var upp samkvæmi í litla húsinu við Walden Pond.

Það hvarflaði að mér að setjast í þennan þriðja stól, mér fannst eins og hann væri ætlaður túristum eins og mér. En þá bergmálaði næsta setning úr sjötta kaflanum í höfðinu og síðan setningin sem kemur næst á eftir henni: „Þegar margir gestir komu óvænt var aðeins þessi þriðji stóll til handa þeim öllum, en þeir nýttu venjulega plássið vel með því að standa upp á endann. Það er merkilegt hve margir frábærir karlar og konur komast fyrir í litlu húsi.“ Ég ákvað að standa í lappirnar og ritaði nafnið mitt niður í annað sinn á stuttum tíma, að þessu sinni með penna. Síðan hélt ég ferð minni áfram.

## Undir áhrifum (orða)gengis

### 1. Inngangur

Meðal þeirra beygingarfræðilegu atriða sem Margrét Jónsdóttir hefur rannsakað finnst mér umfjöllun hennar um íslensku sagnirnar *kvíða* og *niðurbala* vera einna mest spennandi. Beyging umræddra sagna hefur í tímans rás brotið í bága við hina venjulegu þróunarleið úr sterkum flokki sagna yfir í veikan (Bybee 2015:97–98) og þess í stað stefnt í öfuga átt. Sem dæmi má tilfæra beygingarmyndir sagnanna tveggja: nh. *kvíða* ~ 1/(2/3)p.et.nt.fh. (veikt) *kvíði(r)* ~ 1/(2)/3p.et.pt. *kveið(st)* ~ 1p.ft.pt.fh. *kviðum* ~ lh.pt. *kviðið*, sbr. *skríða* ~ *skrið(ur)* ~ *skreið(st)* ~ *skriðum* ~ *skriðið*; nh. *niðurbala* ~ 1/(2/3)p.et.nt.fh. *niðurbel(ur)* ~ 1/(2)/3p.et.pt.fh. (veikt) *niðurbalaði(r)*/(sterkt) *niðurból(?st)*<sup>1</sup> ~ 1p.ft.pt.fh. *?niðurbólum* ~ lh.pt. (veikt) *niðurbalað*/(sterkt) *niðurbalið*, sbr. *ala* ~ *el(ur)* ~ *ól(st)* ~ *ólum* ~ *alið*.

Hér er því haldið fram að (sjaldgæf) sterk beyging ísl. *niðurbala* og fær-  
eysku tökusagnarinnar *tiltrekkja*, sbr. d. *tiltrække*, sem oftast er beygð veikt, byggist á sömu forsendum og hliðstæð þróun í ensku. Færð verða rök fyrir því að í öllum tilgreindra tilfella stuðli **hliðstæðar formlegar samsvaranir** (e. *one-to-one formal correspondences*) (Gentner og Hoyos 2017) milli beygingar-  
dæma lítils hóps sterkra sagna að því að viðkomandi orð myndi **orðagengi** (e. *lexical gang*) (sjá Katrínu Axelsdóttur 2015). Borin verða kennsl á eiginleika orðagengisins sem valda áhrifsbreytingunni í hverju tilviki fyrir sig, með það að markmiði að sýna hvernig formlega sambærilegar sagnir lokkast inn í gengið (sjá t.d. Rącz o.fl. 2020:1).

---

<sup>1</sup> Hér gefur ‘?’ til kynna að viðkomandi mynd hafi ekki fundist við leit á *Tímarit.is*. Eitt dæmi fannst þar um 3p.ft.pt.fh. *niðurbólu*, en ekkert dæmi um 1p.ft.pt.fh. *\*niðurbólum* eða 2p.ft.pt.fh. *\*niðurbólud*.

## 2. Orðagengisáhrif og þróun sterkra mynda af veikum sögnum

### 2.1 Áhrif *string* ~ *strung-gengisins*

Sterki sagnflokkurinn í ensku sem inniheldur t.d. sögnina *string*, sbr. þt. *strung* (*string* ~ *strung*-flokkurinn hjá Bybee og Moder 1983) samanstóð af um sex sögnum á fornenska tímabilinu, en síðan hafa um 12 sagnir sem áður voru veikar bæst við (bls. 129). Til að gera grein fyrir útvíkkuðu umdæmi viðkomandi beygingarmynsturs styðjast Bybee og Moder við hugmyndir um **orðagengisáhrif** (e. *gang effect*). Orðagengisáhrif skilgreinir Bybee (2010:69) þannig að samþyrping formlegu eiginleikanna sem lítill hópur orða eigi sameiginlega verði til þess að lokka formlega sambærileg orð inn í sama flokk (sjá einnig Jóhönnu Barðdal 2008:146–6). Þannig skýra Bybee og Moder tilurð mynda á borð við ensku þátíðarmyndirnar *brung* og *snuck* (hvorug viðurkennd), sbr. eldri þátíðarmyndirnar *brought* (nh. *bring*) og *sneaked* (nh. *sneak*), þ.e.a.s. að þær miða við að yngri myndirnar eigi rætur sínar að rekja til líkinda við lítinn flokk sterkra sagna sem einnig hafa uppgómmælt samhljóð í bakstöðu rótar, sbr. nh. *string* ~ þt. *strung*, *strike* ~ *struck*, *dig* ~ *dug* (Bybee og Moder 1983:128).

Þó er ekki ólíklegt að fleiri hliðstæðar samsvaranir sem lúta að **samfellu** (e. *continuum*) samþyrpingar af sameiginlegum formlegum einkennum stuðli að útvíkkun mynstursins. Til dæmis mætti nefna rôtarsérhljóðið *i* [ɪ], sbr. t.d. *cling* ~ *clung*, og/eða *s*-klasa í framstöðu, sbr. t.d. *strike* ~ *struck*, eiginleika sem margar sagnir undirflokksins eiga sameiginlega (sama heimild). Jöfnurnar í (1) og (2) lýsa áhrifum *string* ~ *strung-gengisins*.

(1) nt. *strike* : þt. *struck*  
nt. *sneak* : þt. X; X = *snuck*

(2) nt. *cling* : þt. *clung*  
nt. *bring* : þt. X; X = *brung*

Útkoman í (1) og (2) gefur til kynna að skilgreining á beygingarmynstri sé alls ekki háð því að *allar* samsvarandi beygingarmyndir orðagengis sýni fullkomlega hliðstæðar formlegar samsvaranir, heldur virðast áhrif sterkra orðagengisins stafa af **frummyndatengslum** (e. *prototype structure*) milli meðlima þess (sjá einnig Dressler 2003:37, 47; Rosch 1975; Rosch o.fl. 1976).

## 2.2 Áhrif 6. hljóðskiptagengisins á ísl. niðurhala

Í grein sinni frá 2007 rekur Margrét Jónsdóttir notkun sterku myndanna 1p.et.nt. *niðurhel*, 2/3p.et.nt. *niðurhelur*, 1/3p.pt.et. *niðrhól*, lh.pt. *niðrhalið* af sagnorðinu *niðurhala* afar rækilega. En þótt Margrét bendi á ýmsar mögulegar þróunarleiðir sem hefðu getað stuðlað að tilurð umræddra mynda er hún skiljanlega varkár í fullyrðingum um uppruna þeirra. Í staðinn tekur Margrét fram að fróðlegt verði að fylgjast með þróuninni á næstu árum (bls. 138).

Meðal þeirra fyrirmynda sterku beygingarinnar sem Margrét nefnir eru sagnir sem lúta að beygingarvenslum eins og t.d. *telja*: 1(2/3)p.et.nt.fh. *tel(ur)* ~ lh.pt. *talið*; *fela*: 1(2/3)p.et.nt.fh. *fel(ur)* ~ pt.fh. *fól-* ~ lh.pt. *falið*; nh. *ala* ~ 1(2/3)p.et.nt.fh. *el(ur)* ~ pt.fh. *ól-* ~ lh.pt. *alið*. Á grundvelli þessara dæma mætti gera sér í hugarlund að *l* í bakstöðu rótar væri **öngullinn** (e. *hook*) sem lokkaði sögnina *niðurhala* í áttina að beygingu samkvæmt 6. hljóðskiptaröðinni. Þó þykir einnig líklegt að samfella hliðstæðra samsvarana, eins og t.d. nafnháttar á *-aC-*, hafi gefið útvíkkun víxlamynstursins nh. *-aC-* ~ et.nt. *-eC-* ~ pt. *-óC-* ~ lh.pt. *-aC-* byr undir báða vængi, sbr. nh. *taka* ~ 1(2/3)p.et.nt.fh. *tek(ur)* ~ pt.fh. *tók-* ~ (en þó) lh.pt. *tekið*; nh. *fara* ~ 1/2/3p.et.nt.fh. *fer(-)* ~ pt.fh. *fór(-)* ~ lh.pt. *farið*. Þannig má hugsa sér að orðagengið sem myndar 6. hljóðskiptaröð hafi náð að lokka sögnina *niðurhala* til sín eins og jöfnurnar í (3) og (4) gefa til kynna.

- (3) nh. *ala* : 1(2/3)p.et.nt.fh. *el(ur)*  
nh. *niðurhala* : 1(2/3)p.et.nt.fh. X; X = *niðurhel(ur)*
- (4) pt. *ól-* : lh.pt. *alið*  
pt. *niðrhól-* : lh.pt. X; X = *niðrhalið*

## 2.3 Áhrif 3. hljóðskiptagengisins í færeysku

Vitnisburður um svipuð orðagengisáhrif kemur fram í beygingarþróun færeysku tökusagnarinnar *tiltrekkja*. Notkun sagnarinnar, sem einkennist af lágrí **staktíðni** (e. *token frequency*), er oftast samkvæmt veiku beygingarmynstri *ija*-stofna, sbr. fær. pt.et. *tiltrekti*.<sup>2</sup> Aftur á móti koma sterkar þá-

---

<sup>2</sup> Valið á *ija*-flokknum kann við fyrstu sýn að koma á óvart, enda er veiki flokkurinn sem inniheldur upprunalega *ō*-stofna, auk seinni tíma viðbóta, langstærsti og þar með langvirkasti sagnflokkurinn í færeysku. En þó er tvennt sem gerir valið skiljanlegra að einhverju leyti.

Í fyrsta lagi hefur færeyskum *ija*-stofnum fjölgað í aldanna rás með því að taka við sögnum sem áður voru sterkar, t.d. *hjalpa*, sbr. fær. pt.et. *hjalpti* (físl. pt. *halp*, ísl. *hjálpaði*), og jafnvel við

tíðarmyndir, t.d. 1/3p.et.þt. *tiltrakk*, einnig fyrir (en þó langt um sjaldnar), þannig að þátíð með *-a-* skiptist á við *e-*myndir í nútíð, sbr. t.d. nh.1(/2/3) p.et.nt. *tiltrekki(r)*. Helst minnir þetta sterka víxlamynstur á beygingu undirflokks færeyskra sagna sem tilheyra 3. hljóðskiptaröðinni, en beyging hans einkennist einmitt af *e~a*-víxlum milli nútíðar og þátíðar, sbr. t.d. *drekka*: 1p.et.nt. *drekki* ~ 1/3þt.et. *drakk*; *sleppa*: *sleppi* ~ *slapp*; *brenna*: *brenni* ~ *brann*, o.fl.

Hér væri e.t.v. hægt að færa rök fyrir því að formleg líkindi sagnanna *tiltrekkja* og *drekka* dugi ein til að lokka sögnina *tiltrekkja* (stundum) inn í 3. hljóðskiptaröðina. Hins vegar mætti færa gegn þessu þau mótrök að líkindi milli *trekkja* og *tiltrekkja* séu meiri, þannig að áhrif sagnarinnar *drekka* eiga e.t.v. lítið í þau áhrif sem stafa af formlegum líkindum *tiltrekkja* og *trekkja*. Því er unnt að benda á fleiri þætti sem gætu hafa stuðlað að beygingu fær. *tiltrekkja* eftir 3. hljóðskiptaröð.

Í þessu sambandi má nefna að formleg líkindi milli sagnanna *drekka*, *trekkja* og *tiltrekkja* aukast í fyrstu persónu eintölu í nútíð, sbr. 1p.et.nt. *drekki*, *trekki*, *tiltrekki*, þar sem klasinn *-kki* táknar [ʰtʃ] í báðum orðum (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2019:24). Nánast allar færeyskar sagnir enda á *-i* í fyrstu persónu eintölu í nútíð, óháð beygingarflokki. Það merkir að endingin 1p.et.nt. *-i* gefur ekki vísbendingu um hvaða mynstri viðkomandi sögn beygist eftir og býr hún yfir litlu sem engu **vísigildi** (e. *cue validity*) með tilliti til flokkunar.

Þá má velta fyrir sér hvaða aðrir áhrifavaldar stuðli aukalega að því að fær. *tiltrekkja* beygist stundum sterkt. Í þessu sambandi virðist nafnháttarmynd með *-e-* blasa við. Eins og áður segir þá einkennir þessi formlegi eiginleiki flestar sagnir 3. hljóðskiptaraðarinnar í færeysku, sbr. t.d. fær. *drekka*, *sleppa*, *brenna*, *renna*, *bresta*, en í beygingu allra umræddra sagna víxlast *e* í nafnhætti og öllum persónum nútíðar á við þt.et. *-a-* (sjá ofar).

Það að nt. *e* ~ þt. *a*-víxlin eru endurtekin í beygingu fleiri sagna stuðlar svo eflaust að alhæfingu yfir hina **skematísku** (e. *schematic*) eiginleika orðagengisins sem lýtur að umræddu víxlamynstri (Bybee 2010:64). Í ljósi samspils milli þáttanna sem nefndir eru ofar má telja að óvissan sem stafar af flokkun út frá 1p.et.nt. *tiltrekki* sé öngullinn sem togar *tiltrekkja* (stundum) í

---

sögnum sem áður voru *ō*-sagnir eins og t.d. *rópa*, þt.et. *rópti* (einnig *rópaði*, sbr. físl./ísl. þt. *hróp-aði*) o.fl. Þar fyrir utan var fyrirmyndin að *ija*-stofnabeygingunni, þ.e. fær. *trekkja*, þegar föst í viðkomandi flokki þegar fær. *tiltrekkja* var tekin inn í málið.



aðra átt en að veika mynstrinu sem það sveigist oftast að. Þaðan er stuttur spölur yfir í að nútíðarmyndin 1p.et.nt. *tiltrekki* skiptist á við 1/3p.et.pt. *tiltrakk* vegna formlegra líkinda við samsvarandi mynd sagna eftir 3. hljóðskiptaröðinni, sbr. 1p.et.nt. *drekki*, *sleppi*, *brenni* annars vegar, sem skiptast á við 1/3p.et.pt. *drakk*, *slapp*, *brann* hins vegar.

Áhrifum orðagengisins í tilurð pt. *tiltrakk* má lýsa með jöfnunni í (5).

- (5) 1p.nt.et. *drekki* : 1/3p.pt.et. *drakk*  
1p.nt.et. *sleppi* : 1/3p.pt.et. *slapp*  
1p.nt.et. *brenni* : 1/3p.pt.et. *brann*  
1p.nt.et. *tiltrekki* : 1/3p.pt.et. X; X = *tiltrakk*

### 3. Niðurstöður

Hér er komist að þeirri niðurstöðu að sterk beyging íslensku sagnarinnar *niðurhala* og fær. *tiltrekkja* hafi þróast á sömu forsendum og þeim sem stuðluðu að útvíkkun *string~strung*-flokksins (Bybee og Moder 1983). Með öðrum orðum: Í öllum ofangreindum tilfellum þar sem upprunalega veik sögn tekur upp (þó ekki nema stundum) sterka beygingu virðist hægt að færa rök fyrir því að breytingin stafi af endurflokkun veikrar sagnar. Endurflokkunin er svo háð skynjun á hliðstæðum formlegum líkindum milli veiku sagnarinnar og tiltölulega lítils orðagengis.

Af dæmunum sem tilfærð voru í hverju tilfelli fyrir sig er ljóst að gengið þarf ekki að vera fullkomlega heildstætt hvað hliðstæðar formlegar samsvaranir milli beygingardæma varðar. Þvert á móti hafa meðlimir gengisins misjafnlega mikið aðdráttarafl eftir því hve lík þau eru utanaðkomandi orði. Þessi niðurstaða er í samræmi við kenningar um áhrif samfelldra eiginleika orðanna sem mynda saman orðagengi, en samfellan stafar af frummynda-skipulagi beygingarflokka.

#### HEIMILDASKRÁ

Bybee, Joan. 2007. *Frequency of Use and the Organization of Language*. New York: Oxford University Press.

Bybee, Joan. 2010. *Language, Usage and Cognition*. New York: Cambridge University Press.

Bybee, Joan. 2015. *Language Change*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Bybee, Joan og Carol Lynn Moder. 1983. Morphological classes as natural categories. *Language* 59:251–70. [Endurprentað í Bybee 2007.]
- Gentner, Dedre og Christian Hoyos. 2017. Analogy and Abstraction. *Topics in Cognitive Science* 9:672–93.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lón Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2019. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. 3. útg. Tórshavn og Reykjavík: Fróðskapur og Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jóhanna Barðdal. 2008. *Productivity: Evidence from Case and Argument Structure in Icelandic*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- Katrín Axelsdóttir. 2015. Beyging og merking orðsins *hjalt*. *Orð og tunga* 17:95–114.
- Margrét Jónsdóttir. 2007. „Hvernig niðurhel ég?“ *Íslenskt mál* 29:125–40.
- Rácz, Péter, Clay Beckner, Jennifer B. Hay og Janet B. Pierrehumbert. 2020. Morphological convergence as on-line lexical analogy. *Language* 96(4):1–36.
- Rosch, Eleanor H. 1975. Cognitive Representations of Semantic Categories. *Journal of Experimental Psychology: General* 104:192–233.
- Rosch, Eleanor H., Carolyn B. Mervis, Wayne Gray, David Johnson og Penny Boyes-Braem. 1976. Basic Objects in Natural Categories. *Cognitive Psychology* 8:382–439.

Katrín Axelsdóttir

## Joðskortur í hádeginu: Undantekningar frá óbrigðulli reglu

Málfræðingar eru eðlilega talsvert uppteknir af reglum enda má segja að tungumál séu eins konar reglubúnt. Margir í þessum hópi hafa eingöngu fræðilegan áhuga á reglunum og þá ekki síður undantekningunum sem finna má, þeir keppast við að greina þetta allt og skýra. Aðrir hafa jafnframt kennslufræðilegan áhuga á reglum, í þessu tilliti telst vera mikill kostur að reglan hafi sem fæstar undantekningar, helst engar. Margrét er einmitt ein þeirra sem hafa fræðilegan jafnt sem kennslufræðilegan regluáhuga. Tilhneigingarnar og þumalfingursreglurnar, sem hún hefur bent á og lýst, hafa sannarlega verið erlendum nemendum hennar ómetanleg haldreipi á því glerhála svelli sem íslensk beygingarfræði er.

Ein er sú regla í íslensku sem býsna auðvelt er að kenna annarsmálsnemum enda virðist hún undantekningalaus. Reglan sú snýr að hvorugkynsorðum sem enda á *-gi* og *-ki*, orðum eins og *engi* og *ríki*. Í þágufalli og eignarfalli fleirtölu hafa þessi orð *j* á mörkum stofns og beygingarendingar, *engjum*, *engja* og *ríkjum*, *ríkja*, eða eins og Valtýr Guðmundsson (1922:74) orðar það: „beholder *-i* i Form af *j* i D. og G. Pl.“ Önnur orð sömu beygingar (hvorugkynsorð sem enda á *-i*) hafa ekkert *j* þarna og ekki heldur *i* (*kertum*, *kerta*, *dæmum*, *dama*); það er gómhljóðið í stofni orða eins og *engi* og *ríki* sem gerir hér gæfumuninn.

Þessa reglu kunna erlendir nemendur vitaskuld að meta og sama gildir auðvitað um þá sem kenna þeim beygingarfræði. En nú eru blikur á lofti því að nýlega var mér bent á að þessi góða regla væri hreint ekki undantekningalaus. Þessu átti ég bággt með að trúa en viðmælandinn sigaði mér umsvifalaust á *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) um orðið *hádegi*. Og viti menn. Sé orðinu *hádegi* flett upp þar kemur í ljós að þágufall fleirtölu er *hádegum* og eignarfallið *hádega*. Sami joðskorturinn hrjáir systurorðin *háskammdegi*, *langdegi*, *miðdegi*, *síðdegi* og hið skemmtilega samsetta orð *búmannshádegi* sem öll eru sýnd í fleirtölu í BÍN.<sup>1</sup> Sjálf myndi ég segja að ég hefði eytt of

---

<sup>1</sup> Ýmis fleiri orð sem enda á *-degi* eru í BÍN en þau eru ekki höfð þar í fleirtölu.

mörgum *hádegjum* í íþróttahúsi Háskólans (og of fáum á endurnærandi Háskólatónleikum), ef ég notaði þá orðið í fleirtölu á annað borð. Ég taldi því víst að hér hefðu orðið einhver mistök, einhver tölvuvömm hefði kannski orðið til þess að BÍN spýtti út úr sér vitleysu. En netleit að orðmyndunum *hádegum* og *hádega*, og einnig *síðdegum*, *síðdega*, leiddi í ljós að BÍN var ekkert ein um vitleysuna. Netleitin skilaði t.d. þessum dæmum:

- (1) a. Ætliði að borða á veitingastöðum öll kvöld? En í **hádegum**?  
b. Í **hádegum** höfum við heitan mat í boði alla virka daga frá 11–13.

Fyrri dæmið er af spjallþræði á *bland.is*, þar sem stafsetning er nú oft svona og svona. Hitt er af heimasíðu hjálparsamtaka en síðan hefur verið frekar slælega yfirlesin. Ég afgangi þessi og mörg önnur dæmi sem fljótfærni. En svo kom höggið. Örstuttur málfarsmoli (Málið) um orð með *-degi* að síðari lið birtist í *Morgunblaðinu* árið 2013 og hljómar svo:

**Síðdegi** er „dagurinn eftir hádegi, einkum upp úr nóni“ (ÍO). Seinni hluti orðsins tíðkast aðeins í samsetningum: **árdegi** t.d., „dagurinn fram að hádegi“. „-degið“ er svolítið lúmskt í beygingu í fleirtölu: frá **síðdegum**, til **síðdega**. Ekkert joð, þótt freistandi sé.

Það var huggun harmi gegn að höfundurinn nefnir að freistandi sé að hafa joð þarna.<sup>2</sup> Því að það finnst mér sannarlega. Og ekki bara til að reglan góða haldi, það stríðir harkalega gegn málvitundinni að sleppa joðinu. Ég hresstist síðan ögn við að finna dæmi að mínu skapi, í bloggi prófarkalesara og þýðanda:

- (2) Auðvitað er gamli fámenni tíminn horfinn inn í fortíðina og við endurheimtum ekki heimavinnandi foreldra sem sjóða ýsu í öllum **hádegjum** og lygna augunum meðan þau hlusta á hádegisfréttir.

En mér þykir leitt að segja að dæmi sem þetta eru sárafá, teljandi á fingrum annarrar handar. Joðlausu hádegisdæmin skipta hins vegar hundruðum.

---

<sup>2</sup> Nú má vera að höfundur þessa málfarsmola hafi ekkert fyrir sér um beyginguna annað en það sem hann kann að hafa séð í BÍN. Þá hefði hann mátt huga að því að hlutverk BÍN er ekki að vera vísandi um beygingar heldur lýsandi, BÍN segir okkur hvernig málið er en ekki hvernig það ætti að vera.

En hvað með önnur orð en þau sem enda á *-degi*? Eru fleiri dæmi þess að reglan um joðið sé brotin? Í gegnum réttu samböndin tókst mér að komast yfir lista yfir öll hvorugkyns grunnorð sem enda á *-gi* eða *-ki* og hafa ratað inn í BÍN. Athugun á beygingu þessara orða þar, sem og samsetninga sem ég fann í leiðinni, leiddi í ljós að flestallt fylgir reglunni (mörg þessara orða eru reyndar ekki til í fleirtölu, s.s. *fylgi* og *ofstaki*). En orð sem enda á *-degi* eru þó ekki alveg ein á báti. Orðið *einstigi* er í þágufalli og eignarfalli fleirtölu *einstigum* og *einstiga* í BÍN. Og *einvígi* er bæði haft joðlaust og með joði: *einvígum/einvígjum* og *einvíga/einvígja*. Ýmsar samsetningar þessa orðs eru sýndar á sömu lund, þ.e. með tvennum hætti. Það á við um *bjóreinvígi*, *heimsmeistaraeinvígi*, *lofteinvígi*, *skallaeinvígi*, *skoteinvígi*, *undanúrslitaeinvígi* og *úrslitaeinvígi*.<sup>3</sup> *Einvígi* leiðir hugann að *návígi*. Það orð er ekki haft í fleirtölu í BÍN. En sé orðmyndunum *návígum* og *návígjum* slegið upp á netinu kemur í ljós að orðið er sannarlega til í fleirtölu, dæmin eru á fjórða þúsund.<sup>4</sup> Af þessum tveimur myndum er sú síðari þó til allrar hamingju (fyrir kennarahjartað) mun algengari, með um 72% hlut. Ef aðeins er leitað á *Tímarit.is* er hlutfallið svolítið lægra en þó ekki miklu.

Hér hafa þá verið leidd fram þrjú orð, til viðbótar við orð með *-degi*, sem ættu að hafa joð í fleirtölu en hafa það ekki eða ekki alltaf: *einstigi*, *einvígi* og *návígi*.<sup>5</sup> Eiga þessi þrjú orð eitthvað sameiginlegt sem gæti varpað ljósi á af hverju þau hneigjast til að losa sig við joðið? Jú, joðlausar myndir allra síðari hlutanna eru til, í beygingu annarra orða. Myndirnar *stigum*, *stiga* eru auðvitað alþekktar, sem hlutar af beygingu orðsins *stig*. Orðið *einstig*, sömu merkingar og *einstigi*, er meira að segja til og hefur auðvitað *einstigum*, *einstiga* í þágufalli og eignarfalli. Það má því gera ráð fyrir þeim fræðilega möguleika að í þágufalli og eignarfalli fleirtölu grípi málnotendur til beygingarmynda

---

<sup>3</sup> En svo eru annars konar *einvígi* í BÍN þar sem aðeins eru joðmyndir í þágufalli og eignarfalli fleirtölu, alveg samkvæmt reglunni góðu: *sjónvarpseinvígi*, *skákeinvígi* og *tugþrautareinvígi*.

<sup>4</sup> Fleirtala orðsins *návígi* kemur einkum fyrir í íþróttafréttum og -umfjöllunum, hinir og þessir eru sterkari en aðrir í *návígjum/návígum*. Þess má geta hér í framhjáhlaupi að þetta alkunna orð virðist vera tiltölulega ungt í málinu. Það er ekki að finna í forn málsorðabókum og leit í fornritum *Íslensks textasafns* Árnastofnunar skilar engu. Orðið er ekki að finna í orðabók Cleasby frá 1874. Elsta dæmið um orðið á *Tímarit.is* er frá 1877, elsta dæmi *Ritmálssafns Orðabókar Háskólans* er frá 1883.

<sup>5</sup> Tvö til viðbótar voru í hópnum en heltust úr lestinni, *ákneiki* (stakyrði í fornu máli og merkir 'hneisa') og *dagplægi* ('um það bil hálf engjaslátta'). Þau voru höfð í fleirtölu í BÍN (og joðlaus). En þetta reyndist stafa af mistökum við merkingu í gagnagrunninum og fleirtalan, sem átti aldrei að vera þarna, er nú horfin þaðan.

styttra orðsins *einstig*.<sup>6</sup> Ekki er sá möguleiki þó mjög sennilegur, orðið *einstig* er miklu sjaldgæfara orð en *einstigi* (*einstig* er t.d. ekki í orðabók Cleasby). En eftir stendur að (-)*stigum*, (-)*stiga* eru mjög kunnar beygingarmyndir í málinu og *einstigum*, *einstiga* hljóma því harla eðlilega. Orðið *einvíg* er að finna í BÍN og er auðvitað í þágufalli og eignarfalli fleirtölu *einvígum*, *einvíga*. Ekki er samt líklegt að menn bregði fyrir sig beygingarmyndum þess orðs þegar þeir ætla sér að nota *einvígi* í þágufalli eða eignarfalli fleirtölu. *Einvíg* er kannski á mörkum þess að teljast fullgilt orð í íslensku, það kemur ekki fyrir í nýrri orðabókum og ekki er það hjá Cleasby eða Sigfúsi Blöndal, nokkur gömul dæmi má þó sjá í seðlasöfnum. Orðið *víg* er á hinn bóginn alþekkt og kemur fyrir í fjölda samsetninga. Fleirtölumyndirnar (-)*vígum*, (-)*víga* eru því alþekktar og *einvígum*, *einvíga* hljóma þannig séð býsna vel. Svipað er síðan að segja um *návíg*, það er ekki í orðabókum og ekki heldur í BÍN (en bregður þó fyrir í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* og í eldri blöðum og tímaritum á *Tímarit.is*); þeir sem nota *návígum*, *návíga* eru varla með sjaldyrðið *návíg* í huga.<sup>7</sup>

Það er því kannski á einhvern hátt *skiljanlegt* að orðin *einstigi*, *einvígi* og *návígi* komi stundum fyrir joðlaus í fleirtölu; joðlausir síðari liðir þessara orða eru kunnuglegir úr öðrum nafnorðum. En hvað þá með orðin sem enda á *-degi*? *Degum* og *dega* eru ekki þekktir strengir í beygingu neinna annarra orða en þeirra sem enda á *-degi*, orðið *\*deg* er ekki til. Joðskortinn í *hádegi* og félögum verður því að skýra á einhvern annan hátt. Slær einhvern veginn út í fyrir fólki þegar það þröngvar í fleirtölu orði sem oftast er haft í eintölu (og færi best á að nota bara í eintölu)?<sup>8</sup> Við leggjumst einhvern tíma yfir þetta saman, Margrét. Kannski yfir joðríku hádegissnarli að loknum vel heppnuðum Háskólatónleikum?

---

<sup>6</sup> Orðapör á borð við *einstigi* og *einstig* eru allmörg í málinu, t.d. *systkini* og *systkin*. Um slík pör er Margrét Jónsdóttir manna fróðust, sjá t.d. Margréti Jónsdóttur (2006).

<sup>7</sup> Því má velta fyrir sér hvenær joðlausar fleirtölumyndir byrja að sjást í þeim orðum sem hér hefur verið fjallað um, *einstigi*, *einvígi* og *návígi*. Ekki er hægt að vera viss um neitt í þeim efnum þar sem *einstig*, *einvíg* og *návíg* eru líka til, að nafninu til að minnsta kosti.

<sup>8</sup> Ég gerði nýlega örlitla könnun og bað nokkra vini að beygja orðið *hádegi* í fleirtölu. Flestir sögðust ekkert geta haft þetta orð í fleirtölu. En þegar þrýst var á þá kom oftast *hádegjum*, *hádegja*; hjá tveimur kom *háðögum*, *háðaga* eftir talsvert hik.

## HEIMILDASKRÁ

- BÍN = *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Ritstjóri Kristín Bjarnadóttir.  
<http://bin.arnastofnun.is/> (9. og 11. mars 2021).
- Cleasby, Richard og Gudbrand Vigfusson. 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford.  
*Íslenskt textasafn*. [Án ártals.] Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.  
[www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is). [Bein slóð: <http://corpus.arnastofnun.is/>]
- Margrét Jónsdóttir. 2006. *kaffi* og hvorugkyn. *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextug-  
an 26. desember 2006*, bls. 159–162. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnus-  
sen, Reykjavík.
- Málið. 2013. *Morgunblaðið*, 2. maí, bls. 41.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans* (nú Orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í  
íslenskum fræðum), Reykjavík.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dansk ordbog*. Reykjavík.
- Timarit.is*. [Án ártals.] [Bein slóð: <http://timarit.is/>]
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk grammatik*. H. Hagerups forlag, Kaupmannahöfn.





Kristján Árnason

## Ég veit ei hvað skal segja ...

Segir í dægurlagatexta sem til er í flutningi tveggja stórkvemma í sögu íslenskrar dægurtónlistar. Þetta eru þær Soffía Karlsdóttir (upptaka frá 1955) og Björk Guðmundsdóttir (upptaka frá 1990). Lagið er erlent við texta eftir Loft Guðmundsson. Ort er fyrir munn ungrar stúlku sem er í vandræðum með að velja meðal vonbiðla sinna. Þeir eru nefnilega þrír: Jón (sem dansar eins og engill en hrýtur eins og hrútur), Geir (sem hvíslar stundum „heyrðu“, en síðan aldrei meir, og þykist hafa rekið sig á þegar þau kyssast) og Sveinn, sem hún þorir aldrei að vera með ein, af því að atlot hans kveikja ástarbál svo undarlega heit, að sögn vinkvennanna Svönu og Gunnu, að hætta er á ferðum. Og nóg um þessar ástarraunir ungrar stúlku um miðja öldina, séðar frá sjónarhóli karls, en að söng þeirra Soffíu og Bjarkar.

### Framgómhljóð eða uppgómhljóð

Stóra málið er það, að þessar ágætu söngkonur bera fram með ólíkum hætti það sem fylgir viðkvæðinu í textanum, sem er frá höfundarins hendi: *Ég held ég elski hann Jón/Geir/Svein*. Soffía segir, táknað með grófri hljóðritun: *Ég held ég [elscan] Jón*, með framgómmeiltu [c] í *elski hann*. Björk segi hins vegar *Ég held ég [elskan] Jón* með uppgómmeiltu [k]. Ekki stór munur samkvæmt heimsmælikvörðum á framgómun eða ekki framgómun, en vera kann að þetta sé vísbending um viðburð í íslenskri málsögu, sem síðar verður greindur sem stórbylting. Þegar Soffía hefur framgómhljóð er það til marks um að hún noti viðtengingarhátt, en þegar Björk hefur uppgómhljóð bendir það til þess að hún noti framsöguhátt: *Ég held ég **elska** hann Jón*. Sögnin hefur framsöguháttarmynd; ef hún hefði „hugað“ viðtengingarhátt hefði hún haft lokhljóðið framgómmeilt. Myndirnar [elscan] og [elskan] eru þannig til komnar að hengilmynd fornafnsins (*h*)ann, sem byrjar á sérhljóði fellir brott endingarsérhljóðið samkvæmt gamalkunnri reglu um brottfall sérhljóðs á undan endingu sem byrjar á sérhljóði. Hjá Soffíu sjást merki um hið hugsaða (eða baklæga) /i/ í framgómun lokhljóðsins. Björk notar hins vegar /a/,

valkost sem mér virðist sækja mjög á í öllu tali, sem er að hafa framsöguhátt í skýringarsetningum þar sem áður var viðtengingarháttur.

### **Merking og notkun viðtengingarháttar og framsöguháttar**

Viðtengingarhátturinn er hluti af því dularfulla erfðagóssi sem íslenskir málnotendur sitja uppi með og nefnist málfræðilegar formdeildir, eins og fall og kyn nafnorða og myndir og hættir sagna. Þessar formdeildir skilgreina beygingardæmi og oft rembast málfræðingar við að finna einhverja merkingu eða hlutverk fyrir þessar formdeildir. Meðal annars lagði ég í það að skrifa grein sem bar yfirskriftina „Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku“ í afmælisrit helgað Halldóri Halldórssyni (Kristján Árnason 1981). Í þeirri grein var ég að leita að reglum sem máltilfinning mín sagði mér að réðu því hvort notaður væri viðtengingarháttur eða framsöguháttur, haldandi að ég væri fyrirmyndarmálnotandi, bæði í skilningi Chomskys og Halldórs. Sú fyrirmynd sem þar var hugsuð á hvorn veginn sem var er reyndar löngu úrelt, en samt taldi ég að það væri ótvíræð regla að sagnir í aðalsetningu kölluðu sumar á framsöguhátt, en aðrar á viðtengingarhátt í skýringarsetningum: *Ég veit að Stína elskar Jón* (vissa) á móti *Ég held að Stína elski Jón* (óvissa). Þetta tengdi ég við þá gömlu hugmynd að viðtengingarháttur táknaði efa, sem fælist í því að dregið væri úr fullyrðingarkrafti af hálfu talandans. Þessi efamerking kemur heim við tilhneigingu sem þekkt er úr nútímamáli, þar sem í stað kórréttis framsöguháttar í skilyrðissetningum sem tengjast með *ef* er stundum notaður viðtengingarháttur og sagt: *Ef að þú sért að fara til útlanda skaltu láta bólusetja þig í stað Ef að þú ert ...* Hjá Guðrúnu Þórðardóttur (2017 og ritum sem hún vitnar til) kemur fram að viðtengingarháttur sækir einnig á í spurnarsetningum sem tengdar eru með *hvort* (t.d. setningum eins og *Ég athuga hvort hann er/sé heima*).

Samkvæmt vitnisburði söngkvennanna Soffíu og Bjarkar og því sem ég tek eftir er að verða breyting á notkun viðtengingarháttar sem gengur í hina áttina, þannig að menn hætta að nota hann. Mér finnst ég æ oftast heyra í töluðu máli að framsöguháttur sé (er?!) notaður í skýringarsetningum eins og þessari. Dæmi eins og: *Ég held, að allir eru að reyna að gera sitt besta* og *Mér finnst, að þetta lag er leiðinlegt* eru nánast daglegt brauð í samtölum á Rás 1. Og hjá Guðrúnu Þórðardóttur (tilv. rit bls. 131) kemur reyndar fram að 33,3% 9. bekkinga þess tíma samþykktu setninguna: *Hann spyr hvort hann á*

*að kaupa ...*, þar sem framsöguháttur er í aukasetningunni. Hins vegar hafnar mikill meirihluti fullorðinna framsöguhættinum í þessu dæmi.

### Ritmál og talmál

Hér er greinilega ýmislegt að gerast, sem fróðlegt verður að skoða nánar í næsta lífi; togast er á um notkun og hlutverk viðtengingarháttarins. Það er hins vegar athyglisvert, að í ritstýrðum textum virðist viðtengingarhátturinn nokkuð fastur í sessi í skýringarsetningum með sögnum eins og *halda*. Að minnsta kosti er framsöguhátturinn vandfundinn í *Risamálheild Árnastofnunar*, þegar hugað er að samböndum eins og *Ég held að ...* Þar fann ég við snögga skimun ekkert dæmi um framsöguhátt sagnar í skýringarsetningu. Hins vegar virðist mér, eins og fram kom, mjög algengt að framsöguháttur sé notaður í tali, og afar algengt að í útvarpsviðtölum sé sagt eitthvað í átt við: *Ég held, að allir eru að reyna að gera sitt besta*.

Hér ber að huga að skilum milli talmáls og ritmáls. Ástæðan fyrir því að dæmi um framsöguhátt í skýringarsetningum í *Risamálheildinni* eru af skornum skammti er e.t.v. ekki síst sú að þar eru að stærstum hluta ritstýrðir og útgefnir textar. Sjálfsprottnu tali í útvarpi er hins vegar ekki ritstýrt á sama hátt, þótt menn hafi jafnan reynt að „vanda mál sitt“ (sbr. Ara Pál Kristinsson 2009). Þótt menn vandi mál sitt virðist það ekki útiloka dæmi eins og þau sem hér hafa verið nefnd. Hér verður að hafa í huga, þegar þessir hlutir verða rannsakaðir, að hljóðheimur hins talaða máls hefur áhrif, sem ekki gætir með sama hætti í rituðum textum. Þegar talað er, tekur hljóðkerfið óhjákvæmilega einhver völd, t.d. sá hluti þess sem stýrir tónfalli, áherslu og lotubindingu (fraseringu). Þessu er stýrt með áherslum, hraða eða hiki og tónhæðarsveiflum, sem eiga rætur í áherslutónum og markatónum.

Í þeim greinarmerkjareglum sem ég lærði í æsku átti, ef ég man rétt, að vera komma á undan skýringartengingunni *að*. Og þetta kemur heim við það, að vel getur farið á því að hafa smá skil í framsögninni einmitt á undan tengingunni. Ef þetta er gert í tali kann að slakna á tengslum aðalsetningar og aukasetningar, og þá verður skýringarsetningin að hálfgerðri aðalsetningu, sem mætti túlka sem eins konar fullyrðingu talandans: *Ég held – að – allir eru að reyna að gera sitt besta. (Það er það sem ég held)*. Slík dæmi væru þá ekki skýr vitnisburður um að setningavenslin hafi breyst þannig að ekki yrði notaður viðtengingarháttur í rituðum texta. Hér er greinilega þörf á rann-

sókn þar sem tónfall talaðs máls er tekið með í reikningsdæmið. Og hljóðkerfisþættir hjálpa til við að tímasetja þá nýjung sem hér virðist vera á ferðinni, þótt enn sjáist lítil merki um hana í rituðum textum.

## Niðurstaða

Niðurstaða mín er þá sú, í anda Hreins Benediktssonar, að fyrstu merki um þær breytingar sem hér eru á ferð sé að finna um það bil eða e.t.v. rétt fyrir miðjan síðasta (þ.e. fjórða) fjórðung tuttugustu aldar, sem sé eftir að ég skrifaði þessa grein í afmælisrit Halldórs, en áður en eða um það leyti sem Björk gaf út plötu sína *Gling Gló*. Hins vegar kunna ritmálsheimildir að vera mun seinna á ferðinni, því að dæmi um þetta í rituðum textum virðast sannast sagna ekki á hverju strái.

## HEIMILDASKRÁ

- Ari Páll Kristinsson. 2009. „Í fréttum er þetta helst“. Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls. Ritgerð til doktorsprófs við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Reykjavík: Hugvísindastofnun.
- Guðrún Þórðardóttir. 2017. Hvert stefnir viðtengingarháttur? *Tilbrigði í setningagerð* III. Ritstjórar Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Bls. 125–137.
- Kristján Árnason. 1981. Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. *Afmælikveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*. Ritnefnd: Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið. Bls. 154–172.

## Stíll og strategía

Við sem kennum íslensku sem annað mál erum oft spurð um árangur og gengi nemenda okkar í íslenskunáminu. Þessar spurningar tengjast gjarnan móðurmáli eða uppruna nemendanna; það er m.ö.o. gert ráð fyrir að nemendur nýti sér fyrst og fremst reglur móðurmálsins í glímunni við íslensku. Spurt er til dæmis hvort nemendum frá Þýskalandi gangi ekki betur en öðrum að ná tókum á íslensku þar sem íslenska og þýska hafi svo líkt málkerfi eða norrænum nemendum þar sem grunnorðaforðinn er sameiginlegur í norrænum málum. Eftir áralanga reynslu okkar hefur sú tilfinning hins vegar styrkst að það séu frekar ákveðin persónuleikaeinkenni eða námsstíll (e. *learning style*) og fjölbreyttar námsaðferðir (e. *learning strategies*) sem hjálpa nemendum að ná árangri í íslensku.

Innan kennslufræði annars máls hefur lengi verið rætt og ritað um mismunandi kennsluáðferðir sem kennarar viðhafa en minna farið fyrir umræðum um mismunandi námsstíl og námsaðferðir nemenda. Þetta hefur þó breyst síðustu ár og sjónum er í síauknum mæli beint að nemandanum sjálfum og hlutverki hans í náminu. Krafan um nemendasjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi hefur kallað á nýjar nálganir í kennslu og þessi krafa er talin geta aukið meðvitund nemenda um námið og námsaðferðir og þar með stuðlað að árangursríkara tungumálanámi. Hugtökin námsstíll og námsaðferðir tengjast; lítum nánar á þessi hugtök og það sem í þeim felst.

Í stuttu máli má segja að námsstíll lýsi því hvernig nemendur *eru* og námsaðferðir því sem nemendur *gera*. Námsstíll lýsir námshegðun og viðhorfi nemenda til viðfangsefnisins. Hann snertir m.a. persónuleika, hugsun og skynjun þeirra þegar þeir fást við nýtt tungumál. Námsstíll lýsir þeim þáttum í fari nemenda sem einkenna þá og greina þá frá öðrum nemendum. Sumum hugnast til dæmis betur að vinna með sjónræna skynjun; þeir vilja lesa sér til og fá sjónræna örvun. Aðrir vilja frekar hlusta, njóta fyrirlestra og munnlegra samskipta í náminu. Nemendur er líka hægt að flokka eftir sjónarhorni þeirra; annars vegar eru nemendur sem beina sjónum að heildarmyndinni, eru heilðrænir (e. *global*) í hugsun og nálgun og hins vegar þeir sem eru uppteknir af smáatriðum og eru greinandi (e. *analytic*) í hugsun.

Heildrænir nemendur koma fljótt auga á heildarmyndina en forðast til dæmis greiningu á málfræðilegum smáatriðum sem greinandi nemendur eru oft mjög uppteknir af. Jafnvægi milli þessara tveggja eiginleika er mjög mikilvægt í tungumálanámi.

Enska orðið *strategy* er leitt af gríska orðinu *strategia* sem merkir her-stjórnarlist. Í því samhengi sem hér er til umræðu er hernaður í eiginlegri merkingu sem betur fer víðs fjarri en sá hluti hans sem lýtur að stefnumörkun, úrræðum, tækni og aðferðum er til staðar. Í raun má segja að þessir þættir lýsi námsaðferðum, þ.e. þær snúast um það að nemandi setur sér takmark eða markmið og notar svo ákveðnar aðferðir eða tækni, leynt eða ljóst, til að ná markmiðum sínum.

Í rannsóknum á námsaðferðum nemenda hefur komið í ljós að þær eru margbreytilegar og nemendur eru yfirleitt ómeðvitaðir um þær. Vitund um námsaðferðir hefur reynst nemendum gagnleg og talið er að sterk tengsl séu milli námsstíls og námsaðferða (Oxford 2003:9). Heppilegt samspil námsstíls og námsaðferða getur skýrt góðan árangur nemenda í tungumálanámi. Ef nemandi velur á meðvitaðan hátt þær námsaðferðir sem henta námsstíl hans og verkefninu sem hann glímir við getur það orðið lykillinn að aukinni færni í málinu. Þeir nemendur sem hafa takmarkaðar námsaðferðir hafa gagn af því að gera sér grein fyrir námsstíl sínum og aðferðum til þess að geta þróað námstæknina og notað fleiri aðferðir en þeir hafa tamið sér.

Talið er að ef samræmi sé á milli námsstíls og námsaðferða nemenda annars vegar og kennsluáferða og kennsluefnis hins vegar sé líklegra að nemendum gangi vel í námi, séu öruggir og fyllist ekki kvíða. Ef árekstur eða ósamræmi er þarna á milli er líklegra að nemendum gangi illa, líði illa, þeir verði óöruggir og fyllist kvíða. Þessi árekstur getur auk þess leitt til þess að nemendur hafni með öllu kennslunni, kennaranum og viðfangsefninu í heild sinni, þ.e. gefist hreinlega upp.

Það er því ljóst að þó krafan um sjálfstæði og ábyrgð nemenda hafi aukist seinni ár þá er hlutverk kennarans enn mikilvægt. Hlutverk hans hefur þó breyst; hann er ekki lengur eingöngu í hlutverki uppfræðarans sem miðlar þekkingu, heldur felst starf hans í því að hjálpa nemendum að byggja upp þekkingu eða færni á eigin forsendum ef svo má segja. Hann þarf að gera nemendur meðvitaða um *hvernig* þeir læra – ekki bara *hvað* þeir læra. Hlutverk kennarans er því jafnmikilvægt og fyrr en eðli þess hefur breyst.

Í ljósi þessara hugmynda um námstíl og námsaðferðir langaði okkur að kanna nokkra þætti meðal nemenda okkar á fyrsta ári í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Í því skyni lögðum við fyrir nemendur nokkrar spurningar sem snerta námsstíl þeirra og námsaðferðir. Þar sem okkar helstu kennslugreinar í faginu hafa verið málnotkun, einkum og sér í lagi talþjálfun, einskorðaðist könnunin við reynslu og hegðun nemenda við aðstæður þar sem þeir reyna að tala og skilja íslensku í daglegu lífi.

Þegar nemendur tala nýtt tungumál liggja fleiri þættir að baki heldur en í lestri eða ritun. Það þarf til dæmis að huga að nákvæmni í framburði, orðaforða og málfræði. Rennsli (e. *fluency*) þarf að þjálf, þ.e. það að tjá sig hiklaust og nokkuð auðveldlega. Talað mál er sjaldnast eintal. Samtal við aðra reynir á skilning á því sem viðmælandinn segir. Í könnuninni voru nemendur beðnir um að raða nokkrum þáttum (málfræði, framburði, rennsli og orðaforða) í röð eftir mikilvægi þeirra við áður nefndar aðstæður og í ljós kom að nemendur hafa ákveðnar hugmyndir um mikilvægi þessara þátta. Flestum fannst orðaforðinn og rennslið mikilvægast. Nákvæmni í málfræði og framburði fannst nemendum síður mikilvægt. Það er greinilegt að nemendur taka merkinguna og tjáninguna fram yfir nákvæmnina þegar þeir tala tungumálið. Það kemur ekki á óvart – það er erfitt að halda öllum boltum á lofti í eðlilegu tali og nákvæmni krefst ögunar, tíma og mikillar þjálfunar. Þó finnst okkur kennurum mikilvægt að nemendur leitist við að vanda framburð og æfa hann – það er framburðurinn sem veldur oftast misskilningi og gerir það að verkum að innfæddir eiga í erfiðleikum með að skilja þá sem eru að læra málið.

Ein stærsta hindrunin sem nemendur þurfa að yfirvinna þegar þeir vilja tala er kvíðinn sem tengist því að segja eitthvað vitlaust, asnalegt eða eitthvað sem enginn skilur. Nemendur óttast að sá sem hlustar dæmi þá út frá þessu ófullburða tungumáli sem þeir nota. Hræðsla þeirra við að birta sjálfa sig á þennan ófullkomna hátt er mjög oft til staðar. Þessi ótti er hluti af því ferli sem felst í því að byggja upp nýja sjálfsmynd í nýju tungumáli. Fræðimenn (sjá t.d. Ahktar 1995) hafa lýst þessu sem mjög erfiðu og oft sársaukafullu ferli. Rithöfundar sem hafa reynslu af tveimur tungumálum hafa líka lýst þessu á áhugaverðan hátt í skáldverkum sínum (sjá til dæmis smásöguna *Fyrnist yfir allt* eftir Svövu Jakobsdóttur (1989)). Sársaukinn liggur líklega í þessari togstreitu milli tveggja sjálfsmynda, hinnar gömlu sterku og hinnar nýju ómótuðu.

Í könnuninni lögðum við nokkrar spurningar fyrir nemendur sem við töldum snerta tilfinningar sem koma upp þegar þeir nota íslensku í samskiptum við Íslendinga í daglegu lífi. Flestum nemendum finnst þeir vera annaðhvort barnalegir eða vitlausir þegar þeir tala íslensku. Margir þeirra finna fyrir því að þeir séu ekki þeir sjálfir þegar þeir tala tungumálið og afleiðing þess er að mjög margir forðast að tala íslensku. Fáeinir verða reiðir eða finnst allir vera á móti sér. Þessar niðurstöður mætti tengja hinu sársaukafulla ferli sem felst í því að byggja upp nýja sjálfsmynd í tungumálinu og þær sýna óöryggi nemenda sem þeir þurfa að yfirvinna til að geta notað og tengst tungumálinu sem þeir eru að læra.

Fræðimenn (t.d. Naiman o.fl. 1978) hafa komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem ná góðum árangri í tungumálanámi eru ekki endilega þeir sem eiga auðveldast með það. Þeir sem ná góðum árangri eru fremur þeir sem hafa ákveðinn námsstíl eða persónueinkenni til að bera sem hjálpar þeim að ná árangri eins og áður var nefnt. Þessi einkenni, sem eru mjög tengd hvata eða tilgangi (e. *motivation*), eru jákvæðni gagnvart viðfangsefninu, sterk sjálfsmynd, þörf fyrir að ná árangri, metnaður, stefnufesta, þrautseigja og óreiðuþol, þ.e. nemendur halda ótrauðir áfram þó að þeir skilji ekki eða eitthvað trúfli. Þeir geta lifað við óreiðu og eru þolinmóðir í þeirri vissu að skilningurinn komi síðar.

Í könnuninni lögðum við átta spurningar fyrir nemendur sem við töldum snerta þessi tilteknu persónueinkenni eða námsstíl; jákvæðni gagnvart viðfangsefninu, stefnufestu, þrautseigju eða óreiðuþol nemenda og að lokum sjálfsmyndina. Svörin voru metin í stigum; jákvæð persónueinkenni gáfu hærri stig en neikvæð. Þær niðurstöður voru bornar saman við prófseinkunn nemendanna í námskeiðinu. Stigin voru lögð saman og nemendum skipt í tvo hópa, A og B. Í hópi A voru nemendur með mörg jákvæð stig. Meirihluti þeirra eða 64% var með 8 og herra í prófseinkunn, minnihlutinn eða 36% var með 7,5 og lægra. Í hópi B, þar sem nemendur voru með færri jákvæð stig, var minnihlutinn eða 39% með 8 og herra í prófseinkunn en meirihlutinn eða 61% með lægri einkunn en 7,5. Niðurstöðurnar sýna tengsl milli persónueinkenna og árangurs í náminu. Þau persónueinkenni sem fræðimenn telja heppileg í tungumálanámi finnast einkum hjá þeim nemendum sem ná góðum árangri í prófi.

En hvað er til ráða? Námsstíl, námshegðun og ekki síst námsaðferðir má móta og vinna með á markvissan hátt í tungumálanámi. Aðferð sem nefnd



hefur verið SSBI (Styles and Strategies Based Instruction) hefur reynst gagnleg til að gera nemendur meðvitaða um námsstíl sinn og oft á tíðum takmarkaðar og ómeðvitaðar aðferðir sem þeir nota í tungumálanáminu. Með því móti er hægt að hvetja nemendur til að temja sér heppilegri námshegðun og þar með árangursríkari námsaðferðir.

#### HEIMILDASKRÁ

- Akhtar, S. 1995. A Third Individuation: Immigration, Identity, and the Psychoanalytic Process. *Journal of the American Psychoanalytic Association* 43/4.
- Naiman, N., H. Frohlich, H. Stern og A. Todesco. 1978. *The Good Language Learner*. The Ontario Institute for Studies in Education, Toronto.
- Oxford, R. L. 2003. Language learning styles and strategies: Concepts and Relationships. *The International Review of Applied Linguistics in Language Teaching* 41(4):271–278.
- Svava Jakobsdóttir. 1989. *Undir eldfjalli*. Forlagið, Reykjavík.



## Orðsifjar og etýmología: Þankar um nýyrðasmíði og tökuorð

### 1. Inngangsorð

Greinin, sem ég færi Margréti Jónsdóttur að gjöf, eru vangaveltur um sambúð og notkun íslenskra nýyrða og tökuorða. Verður einkum drepið á mikilvægi íðtökuorða frá merkingarfræðilegu sjónarmiði. Spurningin sem þessi hugarfluga fæst við er hvort öll nýyrði séu eins hvað varðar merkingarlegt gildi þeirra gagnvart samsvarandi tökuorðum eða hvort einhver munur sé á þeim sem gerir það að verkum að nýyrðasmíðin nái ekki alltaf að framleiða fullkomin samheiti fyrir erlend hugtök.

Útgangspunktur greinarinnar eru tvær athugasemdir sem ég fékk árin 2014 og 2016: Í fyrra skiptið var athugasemdin: „einnig er bent á að orðið *orðsifjar* sé e.t.v. ekki nógu heppilegt þegar um tökuorð sé að ræða“. Í seinna skiptið (2016) var hún hins vegar: „Ekki er um að ræða *orðsifjar* orðsins *lögregla* í raun og veru, fremur ætti að vera í titli hugtakið *orðmyndun*“.<sup>1</sup> Í stuttu máli virðist vera einhver munur á merkingu orðanna *orðsifjar* og *etýmología*.<sup>2</sup>

Í því sem á eftir fer mun ég ræða um orðin tvö, og reyna að varpa ljósi á hvaðan munurinn kemur. Síðan verður róið móti straumnum og stungið upp á að einnig tökuorð geti verið leið til að auðga tungumálið. Verða þar nefnd nokkur atriði sem kynnu að hvetja til frekari rannsókna á íslenskum íðorðaförða og sambandi hans við (alþjóðleg) tökuorð.

---

<sup>1</sup> Greinin sem seinni athugasemdin á við (Tarsi 2018) fjallar í rauninni um uppruna orðsins *lögregla* („saga og orðmyndun“ segir nú í titlinum), og því hélt ég að ég mætti nota orðið *orðsifjar*. Á ensku hefði greinin getað borið titilinn *The Etymology of Icel. lögregla* ‘*police*’.

<sup>2</sup> Lausleg athugun á netinu virðist þó renna stoðum undir notkun þessara orða sem fullkominna samheita, en athugasemdirnar komu eflaust frá íhaldssömum málnotendum. Samt sem áður hefðu þessir málnotendur ekki gert neinar athugasemdir, hefðu þær ekki verið byggðar á einhverjum raunverulegum notkunar- og merkingarmun. Jón Axel Harðarson (1993:275 nmgr. 1 og 277 nmgr. 5), „doktorfaðirinn minn“, telur í ritdómi sínum um *Íslenska orðsifjabók* Ásgeirs Blöndal Magnússonar, íslensk heiti yfir alþjóðlega hugtakið *etymologia* vera „mjög ónákvæm“.

## 2. Orðsifjar og etýmólógía

Orðið *orðsifjar* er alíslenskt nýyrði. Það er samsetning af *orð* og *sifjar* og þýðir ‘skyldleiki orða’. Orðið er að öllum líkindum frá tímabilinu 1925–1950. Því til stuðnings má tína eftirfarandi atriði til:

- (1) Orðið er t.a.m. ekki að finna í ritfregni Björns M. Ólsens frá 1915 um norska orðsifjabók Alfs Torps í *Skírni*. Bókin er þar kölluð „orðabók“.
- (2) Elsta aðgengilega dæmið sem birtist á vefnum *Tímarit.is* er frá 1951, þar sem Árni Böðvarsson glósar umrætt orð með d. *etymologi*. Engin eldri dæmi eru í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans*.<sup>3</sup>
- (3) Í viðbæti íslensk-danskrar orðabókar Blöndals (1963) er einungis orðið *orðsifjabók* að finna, og er það útskýrt sem „etymologisk ordbog“. Þetta þýðir þó ekki að orðið *orðsifjar* hafi ekki verið til sem slíkt, enda bendir Baldur Jónsson (1964) í ritdómi á að „heildarsafnið, sem úr var móðað, hafi verið mjög gloppótt“.
- (4) Í orðabók Blöndals (1920–1924) kemur orðið *etymologi* í skýringum einkum fyrir í orðunum *upprunarakning* ‘orðsifjafraðileg greining’ (d. *etymologisk analysering* (af *ord*)) og *uppsprettuleiðsla* ‘orðsifjar’ (d. *etymologi*). Bæði orðin má rekja til 18. aldar.

Orðið *etýmólógía* er „alþjóðatökuorð“, þ.e. tökuorð sem er til í mörgum tungumálum og hefur ratað í þau a.m.k. að hluta til eftir sömu leiðum.<sup>4</sup> Uppruna þess má rekja til fgr. *ἐτυμολογία*. Markmið etýmólógiunnar er leit að raunmerkingu orðanna, að hinu sanna sem orðin táknuðu upphaflega, eða öllu heldur að hinni sönnu (og huldu) lýsingu raunveruleikans sem er falin í nútímabúningi orðanna. Orðið táknar því fræði um uppruna orða, hvort sem hún er skilgreind eins og t.d. hjá Plató, Isidor frá Sevilla, Petrus Helias og allt til Grunnavíkur-Jóns, svo einhver dæmi séu nefnd — þar sem upprunaskýringin er ágiskun um hvernig tiltekið orð hefur orðið til miðað við það sem orðið táknar í samræmi við samtímalegan orðaforða og jafnvel goðsagnir og þjóðsögur<sup>5</sup> — eða hvort þau lýsa hljóð-, merkingar- og orðmyndunarfræðilegri sögulegri útkomu af eldri málstigum ásamt skyldleika við önnur orð í

<sup>3</sup> Ari Páll Kristinsson á þakki skildar fyrir að hafa athugað hvort seðlasafn *Ritmálssafns Orðabókar Háskólans* lumaði ekki á dæmum eldri en þeim sem skráð eru á netinu.

<sup>4</sup> Sbr. Baldur Jónsson hjá Margréti Jónsdóttur (2020:20 nmgr. 3).

<sup>5</sup> Til dæmis er litið á orðin sem samandregnar myndir af lengri orðum, t.d. *grænn* < *grasvænn* hjá Grunnavíkur-Jóni eða *fenestra* ‘gluggi’ < *ferens nos extra* ‘berandi okkur út’ hjá Petrus Helias (12. öld), eða sem samsettar myndir, t.d. *vípera dicta, quod vi pariat* ‘hún heitir naðra (*vípera*) af því að með ofbeldi (*vi*) fæðir hún (*pariat*).’ hjá Isidor (6./7. öld). Ég þakka Gottskálki Jenssýni seinni þýðinguna úr latínu.

öðrum málum (ytri etýmólógía),<sup>6</sup> rétt eins og í dag. Fræðilegi grunnurinn hefur breyst en ekki markmiðið sjálf. Því er orðið *etýmólógía* gott og gilt enn í dag.

En ef orðin tvö, *orðsifjar* og *etýmólógía*, eru samheiti, af hverju ætti fyrra orðið að vera óheppilegt þegar verið er að rekja sögu annarra orða en erfða-orða? Einfalt svar við þessari spurningu er fólgið í því að íslenska orðið er gjarna notað í þröngum skilningi, og önnur orð helst notuð til að lýsa upprunaferli tökuorða eða samsettra orða. En, til að nefna bara eitt dæmi um tökuorð, það kynni að hljóma furðulega að hafna notkun orðsins *orðsifjar* ef verið væri að fjalla um ævafornt tökuorð, þar sem einungis hljóðkerfisfræði og samanburður við önnur mál gefa vísbendingu um eðli þess. Sem dæmi má nefna lat. *bōs* ‘uxi’, þar sem /b/ (< ie. /\*g<sup>u</sup>/) getur ekki verið upprunalegt í latínu (ie. /\*g<sup>u</sup>-/ > lat. /u-/), sbr. t.d. fgr. βίος og lat. *vīta*), og bendir samanburður við önnur mál til þess að orðið hafi líklegast verið fengið að láni úr sabellískum málum (sbr. umbr. **bum** ‘uxa [pf.et.]’, de Vaan 2008, u. *bōs*, *bovis*).

Tökuorð eru „öðruvísi“ einungis í sögulegu samhengi, þar sem má skilja milli tökuorða og erfðaorða (en tökuorð á tilteknu málstigi getur svo verið skilgreint sem erfðaorð með tilliti til annars málstigs). Samtímalega séð eru öll orðin góð og gild innan orðaforðans. Annað mál er að dæma tökuorð í ljósi málhreinsunar, en þetta varðar frekar dóm um málfar og draumsýn um „sjálfbæran orðaforða“.

### 3. Um mikilvægi þess að taka inn (tiltekin) tökuorð: stutt varnarræða

Íslenskur orðaforði getur falið í sér „mótsagnir“ hvað varðar notkunarvið sumra innlendra orða og erlendra samheita þeirra. Þetta á rætur að rekja – að því er höfundur virðist – til sjálfrar orðasmíðinnar. Þegar verið er að smíða orð eins og *orðsifjar* er ekki tekið mið af öllu notkunarviði þess orðs sem liggur til grundvallar (í þessu tilviki hugsanlega d. *etymologi*), heldur er einungis miðað við (einhverja) dæmigerða notkun. Þetta er þó fjarri því að vera einsdæmi.<sup>7</sup> Oftast er hins vegar svo, að íslensk ný íðorð, sem smíðuð eru að erlendri fyrirmynd, eru **tökuþýðingar**, þ.e. að þau samsvara fyrirmyndinni

<sup>6</sup> Til er einnig innri etýmólógía, sem rannsakar orðmyndunarfræðilegt samband skyldra orða innan ákveðinnar tungu.

<sup>7</sup> Sbr. orðin *stjórn málafræði* og *pólitik* þar sem notkunarviði þeirra skarast ekki fullkomlega: t.d. *málpólitik* en ekki *málstjórn málafræði*.

orðhluta fyrir orðhluta (með fyrirvara um þýðingarfrelsi, sbr. t.d. lat. *evangelista* = ísl. *guðspjallamaður*, *guðspjallaskáld*, *guðspjallari*).<sup>8</sup> Í þessum tilvikum er einskis annars að vænta en að merkingarsvið íslenska og erlenda orðsins skarist fullkomlega. Orðið *orðsifjar* er þó annars eðlis, það er **innlent nýgert orð**,<sup>9</sup> þ.e. orð sem er óháð erlendri fyrirmynd að formgerð (þó að það kunni að vera smíðað sem íslenskt heiti á erlendu orði). Frægt dæmi um þetta er orðið *tölva*, en það orð er ekki eins vandasamt af því að það er heiti á vél. Orðið *orðsifjar* er hins vegar flóknara, það er bæði heiti á ferli og fræði. En þó að nýyrðasmíði sé öflug og fullþróuð leið til að auðga orðaforðann er hún e.t.v. ekki alltaf besti kosturinn því að íslenska þarf oftast á orðum að halda, sem lýsa nákvæmlega því sem þau eru smíðuð til að lýsa, e.t.v. á því augnabliki sem þau verða til. Þetta hefur í för með sér að til verða fleiri (og misgóðir) þýðingarmöguleikar þegar þörf er á nýju orði,<sup>10</sup> og í kjölfarið fylgir að nýsmíðuð íðorð, og þá einkum á sviði hugvísinda, geti haft þrengra notkunarvið en samsvarandi tökuorð.

Telja mætti upp fleiri dæmi þar sem merkingar- og notkunarvið íslensks nýyrðis er þrengra en hjá fyrirmyndinni, en til þess er ekki rými hér. Það verður að nægja afmælisbarninu og lesandanum að hafa þetta svona, en vonandi mun þetta litla framlag mitt hvetja til frekari rannsókna á íslenskri nýyrðasmíði, einkum hvað íðorð í hugvísindum varðar.

<sup>8</sup> Um þessi orð og mörg önnur „samheitapör“ sjá nánar Tarsi (2020a).

<sup>9</sup> Um þetta orðaval og tengsl þess við eldri rannsóknir á íslenskri nýyrðasmíði sjá Tarsi (2020b:72–73, einkum nmgr. 5)

<sup>10</sup> Í þessu sambandi er vert að minna á að öðruvísi þýðingartillögur eru ekki einskorðaðar við innlend nýgerð orð. Má t.d. nefna þýðingar á hugtakinu *philosophia* í aldanna rás: *fróðleiksást*, *spekt* og *heimspeki* (með þ. *Weltweisheit* eða d. *den verdslige Visdom* að fyrirmynd, Gunnar Harðarson hjá Gottskálki Jenssyni 2010:26). Orðið *fróðleiksást* (stakorð í físl., í *Fyrstu málfræðiritgerðinni*, ONP, u.o.), er bein þýðing á lat. *amor sapientiae*, þ.e. fgr. φιλοσοφία. Að þessari niðurstöðu hafa fleiri fræðimenn komist, þ. á m. Gunnar Harðarson (2008). Gunnar (2008:41) tilfærir enn fremur textasýnishorn úr AM 435 12mo þar sem önnur möguleg þýðing á *philosophia* kemur fyrir: *ástarspekt*, en út frá samhenginu — heldur hann áfram — er merking þess ‘spekt ástarinnar’ frekar en ‘ást spektar’, þ.e. *philosophia*. Latínutextinn sem þarna býr að baki styður túlkun Gunnars. Textinn sem um ræðir er sennilegast úr *Compendium Theologicae Veritatis*, riti sem lengi var eignað Albertus Magnus (1206–1280), þýskum biskupi og guðfræðingi, en var í rauninni tekið saman af Hugo Ripelin frá Strassborg á sjöunda áratug 13. aldar (Gottskálf Jensson í tölvupósti, 11. desember 2018). Í ritinu segir (Borgnet 1895:82 A 6) *ex amore philosophiæ et honestatis* [...] en á íslensku er textinn svohljóðandi *en sakir ástar spektar og sómasemdar* [...]. Engar heimildir eru til um samsetta orðið *ástarspekt*, en það er ljóst af samanburði íslenskrar og latneskrar þýðingar að það er *spekt* sem þýðir lat. *philosophia*, en *ást* samsvarar lat. *amor*. Að þessari niðurstöðu höfum við Gottskálf Jensson komist óháðir hvor öðrum.

## HEIMILDASKRÁ

- Árni Böðvarsson. 1951. Þáttur um málfræðistörf Eggerts Ólafssonar. *Skírnir* 125:156–172.
- Baldur Jónsson. 1964. Sigfús Blöndal. Íslenzk-dönsk orðabók. Viðbætur. *Skírnir* 138: 245–253.
- Björn M. Ólsen. 1915. Norskar bækur um norræn fræði. *Skírnir* 89:428–432
- Borgnet, C. A. (ritstj.). 1895. *Alberti Magni Opera Omnia /34, Compendium theologicæ veritatis in septem libros digestum*. París.
- Gottskálf Jensson. 2010. Af merkingarusla í heitum háskólagreina. *Ritið* 3/2010:7–35.
- Gunnar Harðarson. 2008. Philosophia í miðaldahandritinu GKS 1812 4to og tengsl hennar við fróðleiksást. Í: Gunnar Harðarson og Sverrir Tómasson (ritstj.), *Í garði Sæmundar fróða*, bls. 25–45. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Axel Harðarson. 1993. Íslenzk orðsifjabók [ritdómur]. *Skírnir* 167/vor:275–283.
- Margrét Jónsdóttir. 2020. *epík, keramik og klassík* — Gerð og beyging fleirkvæðra orða sem enda á *-ík*. *Orð og tunga* 22:19–37.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Kaupmannahafnarháskóla. <http://onp.ku.dk>.
- Orðabók Sigfúsar Blöndals* — *Netútgáfa*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://blondal.arnastofnun.is>.
- Ritmalssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is>.
- Tarsi, Matteo. 2018. *Að halda uppi lögum og reglu* — Saga og orðmyndun orðsins *lögregla*. *Orð og tunga* 20:105–120.
- Tarsi, Matteo. 2020a. *Loanwords and native words in Old and Middle Icelandic (12th c. – 1550)*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands.
- Tarsi, Matteo. 2020b. Samspil tökuorða og innlendra orða í samheitapörum í Þriðju málfræðiritgerðinni. *Orð og tunga* 22:69–96.
- de Vaan, Michiel. 2008. *Etymological Dictionary of Latin and the other Italic Languages*. Leiden/Boston: Brill.





Már Jónsson

## Forgott exemplar. Jónsbókarhandritið AM 168 a 4to

Tilgangur þessarar greinar er sá að reyna að varpa ljósi á ástæður þess að í einu handriti Jónsbókar frá lokum 14. aldar skuli leynast allt að því upphaflegur texti, sem þó hafði verið rækilega endurskoðaður fyrir miðja öldina á þann veg að fjöldi breytinga úr réttarbótum konungs frá 1294, 1305 og 1314 hafði verið innlimaður (d. *interpoleret*). Greinarhöfundur hefur áður fullyrt að naumast megi ákvarða textatengsl á milli skinnhandrita Jónsbókar, því að skrifarar höfðu aðgang að mörgum handritum og þekktu textann svo vel að þeir treystu sér til að snyrta orðalag og jafnvel gera leiðréttingar. Þó megi greina skyldleika eða venl eða kannski öllu heldur hópamyndun.<sup>1</sup> Þess verður að geta að hér verður aðeins fjallað um áhrif réttarbóta konungs í einu handriti og ekki um texta þess að öðru leyti.

### I.

Ný lögbók fyrir Ísland var lögtekin sumarið 1281 og fékk nafnið Jónsbók í höfuðið á Jóni Einarssyni lögmanni sem hafði fært landsmönnum hana ári fyrir ásamt sendimanni Noregskonungs, Loðni leppi. Ekki eru til jafn mörg handrit nokkurs íslensks rits. Frá 14. og 15. öld eru varðveitt um 50 heil eða heilleg eintök og 40 brot, flest í safni Árna Magnússonar. Seinnipart sumars 1710 lá leið þess mæta manns um Vestfirði. Aðstoðarmenn tóku saman jarðabók og hann leitaði handrita. Fyrstu daga ágústmánaðar var hann á Eyri í Skutulsfirði, sendi eiginkonu sinni varning og borgaði séra Teiti Pálssyni fyrir brot úr latínusöngbókum. Hann skrapp til Bolungarvíkur og í beinu framhaldi áskotnaðist honum skinnbók sem innihélt Jónsbók, réttarbætur og kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar (AM 168 a–b 4to). Gripinn útvegaði Andrés Gíslason, 18 ára bóndasonur frá Dynjanda við Leirufjörð í Jökulfjörðum,

---

<sup>1</sup> Már Jónsson, „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar“, *Lindæla. Sigurður Lindal sjötugur*. Reykjavík 2001, bls. 373–389.

síðar prestur í Dýrafjarðarþingum. Hann hafði fengið handritið hjá Jóni Ólafssyni bónda á Hesteyri, áður á Sléttu, sem var nálægt sjötugu.<sup>2</sup>

Hér verður að minnast lítillega á minnisgreinar Árna um aðföngin sem sýna að við skoðun kom handritið honum þægilega á óvart. Hann hafði heyrt af því hjá Sæmundi Magnússyni og Sigmundi syni hans á Hóli í Bolungarvík sem vissu að Jón Ólafsson hefði átt það fjörutíu árum fyrr. Þeir höfðu hjá sér afrit með hendi Árna, bróður Sæmundar, og þótti handritasafnaranum lítið til þess koma: „sýndist mér af útskriftinni sem bókin mundi ekki sérleg verið hafa.“ Skinnbókin reyndist hins vegar vera „forgott exemplar“ og Árna datt helst í hug að hann hefði skoðað afritið „í ofmiklum hasti“ eða að það væri „rangt skrifað“ og jafnvel „flikkað saman úr kálfskinnsbókinni og þeirri prentuðu eða annarri eins vondri.“ Á öðrum seðli hnykkir Árni á aldri og gæðum: „gott gamalt exemplar.“<sup>3</sup> Hafa ber í huga að maðurinn vissi sitthvað um Jónsbók og má til hliðsjónar hafa ummæli um AM 127 4to frá seinni hluta 14. aldar: „með mjög fornt skriftarlag; er þó bókin ekki sérlega svo gömul, að sýnist, sem skriftin er fornleg. ... Annars eru engar af þeim úrteknu greinum í þessari bók.“ Þetta er hárrétt og orðið „forgott“ um AM 168 a–b 4to bendir til að Árni hafi áttað sig á því hvers eðlis textinn var með tilliti til hinna úrteknu greina sem eru allar á sínum stað.

## II.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt er eðlilegt að spurt sé hvað geri handritið merkilegt. Það hefur verið laglega gert í upphafi með rauðum kaflaheitum og myndarlegum upphafsstöfum sem nú eru máðir. Skondnar teikningar af dýrum fylgja sumum, svo sem glaðhlakkalegt hross (bl. 23r). Myndmál og skreytingar tengja handritið við svonefndan Helgafellsskóla í handritagerð eftir miðja 14. öld.<sup>4</sup> Það er ríflega meðalstórt og lögulegra en mörg handrit Jónsbókar, en ekki í hópi hinna glæstustu. Það er 227 millimetrar á hæð og 150 að breidd sem gerir 377 millimetra í hálfmál

---

<sup>2</sup> Már Jónsson, „Raunir handritasafnarans: Vestfjarðaleiðangur Árna Magnússonar sumarið 1710“, *Handritasýrpa. Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum*. Ritstjóri Rósa Þorsteinsdóttir. Reykjavík 2014, bls. 23–39.

<sup>3</sup> Seðlar framan við AM 168 a 4to, sjá myndir á ljósmyndaslóð Árnasafns í Kaupmannahöfn á *Vef. digitalesamlinger.hum.ku.dk/Home/Samlingerne/2423*; sbr. *Arne Magnussons levned og skrifter* II. Finnur Jónsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1930, bls. 153.

<sup>4</sup> Stefan Drechsler, „The Illuminated *Þjófabálkr* in Fourteenth-Century Icelandic *Jónsbók* Manuscripts“, *Viking and Medieval Scandinavia* 12 (2016), bls. 1–40.

(ít. *semiperimetro*) og gefur hlutfallið 0,660, en meðaltöl lögbóka eru 343 millimetrar og hlutfallið 0,745. Létt er yfir leturfletinum sem þekur 42% blaðsíðna á móti 54% að meðaltali. Athygli vekja drjúgar neðri spássíur.<sup>5</sup> Skrifað er í einum dálki með 26 línur á hverri síðu að jafnaði. Merkt er fyrir línunum með götum yst á spássíum og sést að dregið var fyrir þeim með þurrum oddi. Skriftin er skýr og stöðug. Nokkuð er um skemmdir og ófá blöð hafa glatast. Nafn Jóns Ólafssonar er neðst á bl. 1r og á bl. 60v merkir Ólafur sonur hans sér bókina.

Kristian Kálund setti AM 168 a–b 4to óljóst til 14. aldar en Ólafur Halldórsson skrifstofustjóri og Jón Þorkelsson miðuðu ritunartíma við um 1360.<sup>6</sup> Aldursgreining skinnbóka ætlað seint að taka á sig vísindalega mynd og verða einungis nefnd fáein atriði sem fremur benda til aldarloka. Þegar er getið myndskreytinga. Bókstafurinn „ð“ kemur ekki fyrir. Ávallt er skrifað *svo* en ekki *svá* og *voru* en ekki *váru*. Engin merki eru um *u*-innskot (*maðr*, *góðr*). Skrifað er *eðr* en ekki *eða* og sé litið til stafagerðar er tvískipt bagga-eff einrátt en ekki komnir punktar yfir „i“. Forsetningunum *í* eða *á* er aldrei skeytt framan við næsta orð eins og altítt var fram eftir 14. öld. Má því telja fullvíst að handritið sé skrifað að minnsta kosti öld eftir að Jónsbók var lögtekin og hálfri öld eftir að textinn var tekinn til endurskoðunar. Út frá því atriði skiptir útgáfa Jónsbókar frá 1904 handritum í tvo flokka. Langflest hafa hinar kerfisbundnu viðbætur en á annan tug hinna elstu ekki.<sup>7</sup> Einnhverra áhrifa gætir þó í flestum þeirra frá réttarbót 15. júlí 1294 sem skipaði að fjögur ákvæði skyldu fjarlægð úr bókinni. Jafnframt átti að auka einu við:

13. Sú klausa er úr tekin bókinni er fyrirbýður að hafa dilkfé.
14. Og það kapitulum er fyrirbýður að þeir menn reisi búnað er minna fé eigu en fimm hundruð. ...
31. Það kapitulum er úr tekið bókinni er vottar um tveggja missera vinnumenn. ...
43. Þess orð eru úr tekin bókinni að ekki skal að skáldskaparmálum ráða. ...
50. Það kapitulum skal og vera í bók yðvarri sem vottar um bygging á konungs jörðu.<sup>8</sup>

---

<sup>5</sup> Már Jónsson, „Uses and Usability of Icelandic Medieval Books of Law“, *Liber amicorum Ditlev Tamm. Law, history and culture*. Ritstjóri Per Andersen. Kaupmannahöfn 2011, bls. 149–158.

<sup>6</sup> *Ordbog over det norrøne prosasprog. Register*. Kaupmannahöfn 1989, bls. 447.

<sup>7</sup> *Jónsbók*. Ólafur Halldórsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1904, bls. xxix–xxx.

<sup>8</sup> *Jónsbók. Lögbók Íslendinga*. Már Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík 2004, bls. 310–312.

Aðeins eitt óinnskotið handrit gerir ekkert af því sem réttarbótin bauð eða GKS 3271 4to frá því snemma á 14. öld. Í elsta varðveitta handriti Jónsbókar, AM 134 4to, vantar klausuna um dilkfé. Eyða er þar sem getið er skáldskaparmála og þar sem kafli um konungsjarðir hefði átt að koma, en klausur um tveggja missera vinnumenn og lágmarkseign eru á sínum stað. Í AM 169 4to, sem er litlu yngra, vantar ákvæði um dilkfé og konungsjarða er ekki getið. Hin ákvæðin eru á sínum stað. Önnur handrit í úrvalsflokki vantar einhver eða öll af þeim atriðum sem áttu að hverfa og eru þar að auki lítillega „smituð“ af réttarbótum að öðru leyti. Nægir að nefna AM 346 fol., AM 351 fol., AM 127 4to, AM 135 4to, AM 154 4to, GKS 3268 4to, GKS 3269 a 4to, GKS 3269 b 4to og GKS 3270 4to.

Víkur þá sögunni að AM 168 a 4to. Það er nr. 15 í flokki óinnskotinna handrita hjá Ólafi Halldórssyni með bókstafinn f og fær umsögnina „nærmest í“ sem þýðir textalíkindi með AM 134 4to og GKS 3271 4to.<sup>9</sup> Hér verður það atriði ekki rætt heldur bent á að þrjár af fjórum klausum sem höfðu átt að hverfa eru á sínum stað (bl. 16v, 48r) en eyða þar sem ákvæði um dilkfé ætti að vera (á milli bl. 46 og 47). Aftur á móti er kafla um byggingu konungsjarða komið kirfilega fyrir sem öðrum kafla landsleigubálks (bl. 28v). Það er einsdæmi í hópi óinnskotinna handrita en í stað þess að líta á það sem ljóð á ráði skrifarans verður það túlkað hér sem vísbending um að hann hafi gert sér ljósa grein fyrir því sem hann var að gera og vildi gera. Markmiðið var að hafa eintakið sem upprunalegast og þess vegna hélt hann til haga ákvæðum sem höfðu verið afnumin. Aðrar breytingar lét hann eiga sig með þeirri einu undantekningu að auka við nýjum kafla sem var nefndur sérstaklega í réttarbót. Mætti verja nokkru rými í að sýna vönduð vinnubrögð að öðru leyti en plássins vegna bíður það betri tíma.

### III.

Sé það helsta sem hefur komið fram dregið saman í nokkrum orðum þá er það eftirfarandi: Á sama hátt og ónafngreindir lögspekingar um miðja 14. öld uppfærðu texta Jónsbókar með kerfisbundnum hætti í þágu dómgæslu í samtímanum tók skrifari AM 168 a 4to sig til nokkru síðar og útfærði eigin ritstjórnarstefnu með það fyrir augum að útbúa sem elstan texta verksins, þó þannig að veigamikil viðbót fékk að fljóta með. Handritið er þá „forgott

---

<sup>9</sup> *Jónsbók*, bls. xvi.

exemplar“, eins og Árni Magnússon orðaði það, vegna þess að þar birtist metnaðarfullt textafræðilegt verkefni frá síðustu árum 14. aldar sem er mikilvægur vitnisburður um þá ritsmíð sem Jón og Loðinn færðu Íslendingum fyrir hönd Magnúsar konungs Hákonarsonar, svonefnds lagabætis.



Rúnar Helgi Vignisson

## Eftir minni

Ég fer með leigubíl upp í Lissabonháskóla til að taka þátt í vinnustofu hjá bandaríska rithöfundinum Robert Olen Butler. Sem ég geng upp að skólanum er kallað á mig. Það reynist vera Robin Hemley, mesti heims-hornaflakkari sem ég hef kynnst. Robin er þarna ásamt nemendum og samkennurum úr ritlistardeild Yale-NUS-háskóla í Singapúr en þar las ég einmitt upp í boði hans fyrir nokkrum árum. Robin á sjálfur að vera með vinnustofu þennan sama morgun. Ég segi Robin og öðrum sem til heyra að ég hafi tekið þátt í svo mörgum vinnustofum hjá honum að kominn sé tími til að gefa honum frí frá mér.

Butler nálgast þessa vinnustofu á óvæntan hátt. Eiginlega er þetta engin vinnustofa heldur bara málstofa þar sem þessi Pulitzer-verðlaunahafi (hann kemur því að) lætur móðan mása. Butler telur sköpunina eiga upptök sín í dulvitundinni, þaðan sem draumarnir koma, ómengaðir af rökhugsuninni. Það mætti ekki vera nein hugmynd að baki skrifunum heldur ættu þau að vera sjálfsprottin. Ekkert stórbrotið listaverk hefði sprottið af hugmynd. Sem listamaður þurfi maður að þora að horfa ofan í dulvitundina sem sé ógnvænlegur staður. Maður þurfi að vera í ham eins og íþróttamaður, *in the zone*. Minnið er að hans mati þrándur í götu listarinnar og hefur hann eftir Graham Greene að allt sem skrifað sé eftir minni verði ekki annað en blaðamennska. Allir góðir skáldsagnahöfundar hafa slæmt minni að mati Butlers og ráðleggur hann okkur að varpa af okkur helsi minnisins ef annað eigi við um okkur.

Þegar menn eru svona vissir í sinni sök og ná að smætta flókið fyrirbæri í einfaldar kennisetningar, hljóma viðvörunarbjöllur í hausnum á mér. Sjálfur hef ég oft velt því fyrir mér hvort skortur á vinnsluminni kunni að há höfundum. En getur þetta verið svona einfalt? Víst trúi ég á dulvitundina, að hún sé dannaðri og menntaðri en aðrir hlutar vitundarinnar, en hvernig verður hún það? Verður hún það ekki meðal annars á því að innbyrða alls kyns upplýsingar og upplifanir og vinna úr þeim? Eru minningar, meðvitaðar og ómeðvitaðar, þá ekki byggingarefni dulvitundarinnar? Ég hefði haldið það, annars þyrftum við ekkert minni. Hvað gerir minnislaus maður

svo sem? Hann getur ekki séð um sig sjálfur og er settur á stofnun. Ég er ekki kominn þangað enn en eigi að síður óska ég þess oft að ég hefði meira vinnsluminni og ætti hægara með að sækja upplýsingar og sögur í það. Vissulega get ég búið til sögur þrátt fyrir það og kemst þá stundum í einhvern ham sem gerir að verkum að sögurnar virðast skrifa sig sjálfar. Sennilega á það ekki síst við um bókina *Strandhögg* sem fáir muna eftir.

Í ritgerðasafninu *Tjöldin* fjallar Milan Kundera m.a. um gleyskuna í tengslum við bóklestur. Þar segist hann gleyma jafnóðum því sem hann les, jafnvel um leið og hann flettir á næstu síðu. Hann muni ekki nema eins konar samantekt sem geri honum kleift að skilja það sem á eftir kemur. Þetta þýðir að ég vinn við að gleyma enda hafði ég gleymt þessu og hefði ekki getað tilfært það hér nema af því að Fésbókin rak gamla færslu um þetta upp í andlitið á mér; miðillinn sá er orðinn að eins konar aukaminni!

Þáttur minnisins í að búa eða búa ekki til höfund varð mér enn ljósari þegar ég gluggaði í bók Gunnþórunnar Guðmundsdóttur *Representations of Forgetting in Life Writing and Fiction*. Þar fjallar hún m.a. um það hvað gleyskan á stóran þátt í að móta minningar okkar. Minningar eru það sem eftir verður þegar gleyskan hefur grisjað. Þannig móti gleyskan allar frásagnir okkar; þær eru byggðar á þeim minningabrotum sem eftir standa. Að muna allt mundi fljótt fylla minnisfrumurnar og spilla frásagnarferlinu; það yrði t.d. ljóta frásögnin sem væri full af hversdagslegum smáatriðum úr tilveru minni í Árnagarði undanfarin ár.

Hvað maður man og hverju maður gleymir segir trúlega sína sögu. Stundum er líka eins og maður muni hverju maður hefur gleymt. Sjálfsmynd okkar mótast síðan út frá því sem maður man – og þá líka hverju maður gleymir. Við búum til sögur úr minningabrotunum, fyllum eflaust í eyðurnar, og þessi hrákasmíð nærir síðan sjálfsmyndina og mótar. Við erum búið til úr þessum sögum segir í bók Gunnþórunnar, bæði gagnvart sjálfum okkur og öðrum mundi ég bæta við, rétt eins og mannkynssagan verður til úr völdum sögum. Og við sjálf nýtum ekki endilega sömu sögurnar til sjálfsmyndarbyggingar og aðrir gera þegar þeir búa sér til mynd af okkur. Þarna getur orðið misgengi sem mig grunar að leiði stundum til óhamingju.

Ég sýti stundum gleyskuna en ekki síður það sem ég þó man. Á hverjum degi engist ég út af óþægilegri minningu sem skýtur upp kollinum, einhverjum fjárans glappaskotum sem ég hef gert um ævina: þegar ég setti frostlög í olíuna á Flugfélagsjeppanum, þegar mér misheyrðist og tilkynnti



ranglega úti í bæ að vinnufélagi minn hefði eignast son, þegar ég sagði starfsmanni bílaumboðs að fara í rass og rófu af því mér fannst reikningurinn alltof hár, þegar gamall skólafélagi mundi eftir mér en ég ekki eftir honum og þannig endalaust alla daga. Þetta eru eins og sjálfspyntingar, ósjálfráð raflost. Stundum óska ég þess heitast að geta losnað við þessar minningar úr kollinum en þekki enga leið til þess. Ég veit að sumir leita í vímugjafa til að komast í eins konar óminnisástand en gleymist þá ekki bara í besta falli það sem gerist meðan á því ástandi stendur? Og svo kemur mórallinn, að sjá eftir því sem maður man ekki eftir. Því miður man ég best eftir afglöpum mínum sem tengist kannski því að manni er ætlað að læra af þeim.

Robin talaði um að fara út að borða eftir vinnustofuna og það gerum við, göngum niður einhverja götu frá skólanum og komum að stað sem heitir Borges eins og argentínska skáldið. Við ákveðum því að láta á staðinn reyna. Þarna er margt um manninn og svo er að sjá sem þetta sé ekki túristastaður. Við pöntum okkur báðir kola en þegar maturinn kemur líkist hann ekkert kola. Við spyrjum hvað þetta sé og þjónninn kallar í yngri mann sem á að kunna eitthvað fyrir sér í ensku. Hann virðist hafa ruglast í minnisríminu því hann bendir á matseðilinn þar sem stendur þorskur, *cod*.

Þetta er ekki koli og ekki þorskur, segir Robin þegar hann er farinn. Þetta er kolkrabbi.

Það sem meira er, kolkrabbinn er allur úti í bleki sem gerir hann heldur ógeðfelldan. Okkur tekst því ekki að sporðrenna nema litlum hluta réttarins.

Um kvöldið er okkur rithöfundum boðið í hof í útjaðri borgarinnar, við skrúðgarð afar fagran, og þar hitti ég dr. Maurice Lee, forseta ráðstefnunnar. Hann segir mér að sagan mín, „Dagur í lífi barns“, verði með í amerísku útgáfunni af antólógíunni sem gefin verður út á vegum ráðstefnunnar. Minn gamli kennari, Júlían Meldon D’Arcy, hefur þýtt söguna og fann í henni innri speglun sem ég hafði ekki hugsað út í sjálfur eða verið búinn að gleyma. Hann sá að drengurinn litli var eftirmynd föður síns sem er hálfgerður fauti og því eins líklegt að mynstrið ætti eftir að endurtaka sig.

Söguna fann ég í tölvunni minni þegar ég fór að taka saman efni í bók sem á endanum fékk nafnið *Ást í meinum*. Þegar ég kom að sögunni og las hana mundi ég mér til skelfingar ekki eftir því að hafa skrifað hana. Í fyrstu óttadist ég að hún gæti verið eftir nemandan enda fyllast tölvurnar mínar af efni eftir nemendur. Samt var hún í möppu með öðrum sögum eftir mig. Ég þurfti að fara í talsverðan fornleifauppgröft áður en fór að grilla í minningar

um ritun hennar. Óttaðist lengi vel að um tilbúna minningar væri að ræða. „Sagan ber öll þín einkenni,“ sagði einn af ritstjórunum sem ég bar þetta undir en enn þann dag í dag finnst mér þetta samt óþægilegt.

Sem ég tek þetta saman, kominn heim í Árnagarð, dett ég inn á grein um ritstuld í *Guardian*. Þar segir af Helen Keller sem var sökuð um ritstuld á unga aldri. Tólf ára hafði hún skrifað smásögu sem hún kallaði „The Frost King“. Hún var himinlifandi yfir því að fá hana birta þar til henni var bent á að hún líktist sögu Margaret T. Canby „The Frost Fairies“. Keller segir að sögurnar hafi verið svo líkar hvað hugsun og tungutak áhrærir að ekki leiki nokkur vafi á því að saga Canby hafi einhvern tímann verið lesin fyrir hana. Hún var látin sæta formlegri rannsókn á því hvort hún hefði viljandi gerst sek um ritstuld. Hún var sýknuð og þó að hún hefði viðurkennt að sagan hlyti að hafa verið lesin fyrir hana mundi hún ekkert eftir því. Allar götur síðan segist Keller hafa engst yfir því hvort það sem hún semji sé frá henni sjálfri komið eða ekki enda verði hún stöðugt fyrir áhrifum af því sem aðrir skrifi.

Í því kemur Margrét vinkona mín í gættina eins og hún hefur gert undanfarin ár til að rjúfa tilbreytingarleysið. Nú segir hún mér að hún hafi verið hér í Árnagarði frá því fyrir þrítugt. „Ég hef eingöngu kennt hér,“ segir hún. „Ég þekki þetta hús út og inn, hitakerfið, loftræstikerfið og hvaðeina og get sagt margar sögur af þeim sem hér hafa starfað.“ Ekki efast ég um það enda er hún minnug. Ætli hún muni líka einhverjar sögur af mér? Örugglega, en því miður mundi ég ekki eftir því að hún hafði farið austur á firði helgina áður til þess að halda upp á sjötugsafmælið sitt.

Svavar Sigmundsson

## Til hamingju, gæska!

Í þessari grein til heiðurs Margréti leitar hugurinn austur á land og því varð orðið *gæska* fyrir valinu þegar velja skyldi efni. Orðin *gæska* og *gæskur* hafa allengi verið nefnd sem dæmi um austfirsku. Orðið *gæska* er auðvitað gamalt í málinu en sem ávarpsorð er það e.t.v. miklu yngra. Um það eru ekki heimildir fyrr en á 19. öld. Jónas Hallgrímsson hefur dæmi um *gæska* sem ávarp: „– ætlarð' ufrum í dag, gæska!“ (*Ritverk* (1989) II, 169). Annað dæmi: „„Fáðu mér keyrið mitt, gæska!““, sagði drottningin.“ (II, 169). Jón Thoroddsen notaði líka orðið *gæska* í skáldsögu sinni, *Pilti og stúlku*: „Það gengur eitthvað að þér í dag, gæzkan mín!“ (*Skáldsögur* (1942) I, 65).

Orðabók Sigfúsar Blöndals sem kom út á árunum 1920–1924, nefnir þessa notkun orðsins *gæska*. Orðið *gæskur* k. hefur síðan verið búið til sem karlkynsorð til að nota sem ávarpsorð til samræmis við kvenkynsorðið *gæska*. Elsta dæmið sem ég hef fundið á prenti um *gæskur* er í blaðinu *Stormur* sem kom út 9. september 1939 (en þá var undirritaður tveggja daga gamall!). Þar segir höfundurinn Hörður frá reynslu sinni af óhóflegri verðlagningu á samkomu framsóknarmanna fyrir austan og segir m.a.:

... og altaf fjölgaði þeim ölvuðu eftir því sem á tímann leið. – Ég áráddi svo loks að „fara út á pallinn“ og notaði nú tækifærið til að spyrja dömu mína, hvernig þessu viki eiginlega við. Hún brosti – þessu fallega austfirsku brosi – „heyrðu – gæskur – ég skal segja þér hvar þú getur fengið sprútt“. – Hún hvíslaði þessu að mér, um leið og ég hallaði mér innilega að henni. – Sá litli, sem setti samkomuna, selur „Svartadauða“ – og ég hvíslaði aftur: „Hvað kostar hann? – og hún tylti sér á tá: „20 krónur flaskan“. (Útisamkoma – 100 Procent.)

Í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (nú Árnastofnunar) er elsta dæmi um *gæskur* úr *Paradísarheimt* Halldórs Laxness frá 1960 og næstelsta dæmið úr *Grískum þjóðsögum og æfintýrum* sem Friðrik Þórðarson þýddi og út komu 1962 og þar sem segir: „Segðu mér það nú, gæzkur, sagði kóngsdóttir.“ (63). Orðið *gæskur* er síðan tekið upp í viðbæti við orðabók Blöndals sem út kom 1963 og sagt „(i tiltale) min kære, min gode.“

Það liggur í orðum Halldórs í *Paradisarheimt* að hann er að velta fyrir sér merkingarblæ og notkun ávarpsorðsins *gæskur*. Hann er að lýsa orðaskiptum sýslumanns og Steinars í Hlíðum:

Ég hef heyrt sagt að þú segir aldrei já né nei, hlíðabóndi, sagði sýslumaður. Mig lángrar að sannprófa við hentugleika hvort það sé rétt.

Bóndinn kumraði við mjótt og svaraði: ég hef nú sosum ekki tekið eftir því blessaður gæskurinn minn, sagði hann, og fylgdi venju sannra steinhlíðinga að tala jafnan við stórhöfðingja einsog bróður eða kanski öllu heldur einsog niðursetning sem maður ann ekki svo mjög sakir verðleika hans, heldur af því maður sér í honum guðdómlega persónu. (1960, 16–17).

Það er hvergi tekið fram í orðabókum að *gæska* og *gæskur* séu einkennandi fyrir austfirsku og þeir höfundar sem fyrstir eru skráðir fyrir þeim eru hreint ekki Austfirðingar.

Sigurður Ó. Pálsson, skólastjóri grunnskólans á Eiðum, flutti spjall á aðalfundi Stéttarsambands bænda þar á staðnum 1977 og ræddi þar m.a. austfirskar málvenjur. Hann sagði m.a.:

„Þegar ég lagði í fyrsta sinn upp í ferðalag út úr þessum fjórðungi var ég nýorðinn 19 ára að aldri, ef ég man rétt, og var að fara á vertíð til Vestmannaeyja. Þá var það að kunningjastúlka á líkum aldri og ég, en ögn víðreistari, varaði mig sérstaklega við að nota 5 tiltekin orð ef ég ætlaði mér að sleppa við að verða að athlægi í öðrum fjórðungi.“ Þetta voru orðin skjóla, reka, sperrtur, rúskinn, og gæskur eða gæska. „Gæskur eða gæska sem merkir sama og góði minn eða góða mín, þau eru skrifuð með æ sem er borið fram eins og e, og þarna geymum við Austfirðingar enn í lifandi máli fornan framburð á æi að áliti málvísindamanna.“ ... „varð hin vel meinta viðvörun stúlkunnar ... að sjálfsögðu til þess eins að ég notaði þessi voðalegu orð í tíma og ótíma þarna á vertíðinni og varð að sjálfsögðu að athlægi fyrir.“ (Austfirskt mannlíf fyrr og nú, *Freyr* 15.12. 1984, 985).

Sigurður Ó. var fæddur 1930 svo að þetta hefur verið laust fyrir 1950 sem hann varð að athlægi í Vestmannaeyjum fyrir austfirsku sína.

En önnur ávarpsorð í svipuðum dúr eru líka áhugaverð. Þannig er eina ávarpsorðið sem kennt er við Austfirði í orðabókum orðið *heilla* kv. sem orðabók Blöndals tilfærir: „*heilla mín* min kære. (Af).“ Elsta heimild um það orð er Hallgrímur Scheving sem sagði „Heilla mín!“ og dæmið frá því um miðja 19. öld. Nokkur dæmi eru auk þess í Íslenskum þjóðsögum Jóns

Árnasonar og í *Felsenborgarsögum* sem voru prentaðar 1956 en voru þýddar m.a. af Guttormi Guttormssyni (1809–1881), sem var frá Hofi í Vopnafirði.

*Heill kv. – heillin* – sem ávarpsorð er með vissu kunnugt frá 18. öld: „Heillin mín góð! svaraði Rósa henni.“ (Úr *Kvöldvökum* Hannesar Finns-sonar I, 14). Kunn eru orðin úr þjóðsögunni: *Ýsa var það, heillin*.

Nafnorðin *góði k.* og *góður k.* eru til skráð frá f. h. 19. aldar þegar Rasmus Rask skráir í orðasafn sitt í Add. 627 c 4to: „gódinn minn! þ.e. góðurinn minn Sv. P.“ (þ.e. Sveinn Pálsson læknir) (Bibliotheca Arnamagnæana XX, 297). Skrifarinn á Stapa skrifaði 1830: „Engar fréttir ætla eg að skrifa þér, góðurinn minn.“ (1957, 63).

Nafnorðið *góða kv.* er elst frá 20. öld hjá Jakobi Thorarensen: „Sleppum nú öllum metingi um þessa hluti, góðurnar mínar“, sagði konsúllinn.“ (*Svalt og bjart II. Sögur* (1946), 339). (*Ritmálssafn*).

Í kvenkyni er *góðin* til hjá Hannesi Hafstein, *Ljóðabók* (1951), 131: „Þá gleður mig, góðin mín litla, / við gluggann þig að sjá.“

Í bók Guðmundar G. Hagalín, *Sturlu í Vogum* (1938), I, 9) er karlkynsmyndin *gourinn* („blessaður gourinn“) og kvenkynsmyndin *góin* er í bók Ólafs Jóh. Sigurðssonar, *Speglar og fiðrildi* frá 1947: „Ætlarðu ekki að hella upp á snöggvast, góin mín?“ (80). Þessar orðmyndir eru líklega tæpitungu- myndir upphaflega sagðar við börn, en hitt gæti líka verið að þær væru teknar upp eftir Færeyingum, sem einmitt hafa þessi orð í sínu máli.

Enn er hægt að bæta við ávarpsorðin. Orðin *ljúfa* og *ljúfur* eru notuð í ávörpum og hafa verið það á fyrri öldum. Í vikivakakvæðinu *Hvað skal mér stendur þetta*: „Lifðu í friði, ljúfi minn, / lukkunnar hljóttu gengi.“ (Jón Samsonarson, *Kvæði og dansleikir* II, 113) í handriti frá 17. öld.

Jónas Hallgrímsson orti: „Ljúfi! gef mér lítinn koss, / lítinn koss af munni þínum!“ í þýðingu sinni á *Kossavísu* eftir Adelbert von Chamisso (*Ritverk* I (1989), 194). Jón Thoroddsen orti: „Líttu um ljóra, / ljúfa!“ (*Kvæði* (1919), 133).

Það er einnig haft með greini: „Og ég held það sé óvíst, ljúfin, – óvíst að þér lukkist að gera mig algerlega hamingjusaman. (Jakob Thorarensen, *Amstur dægranna* (1947), 25). Guðmundur Hagalín skrifar „O, nei, ljúfurinn!“ í *Sturlu í Vogum* (1938), I, 9.

Orðið *sæt kv.* er hægt að hafa um konu eða stúlku: „sætin góð“ (*Íslensk orðabók* Eddu 2002) en ekki er sambærilegt orð nefnt fyrir karlkynið. Í orða- bókinni *Nucleus latinitatis* (Kleyfsa) er tvírætt dæmi um orðið sæta, hvort það

er no. eða lo. Það er í þýðingu á latínu Mellitulus „nökkud sætur, listelegur, elskulegur, *item Vox blandientis*, litla Sæta, Elsku-Barn.“ (1994, 161).

#### HEIMILDASKRÁ

*Ritmalssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

<<http://ritmalssafn.arnastofnun.is/>> (7. apríl 2021).

*Tímarit.is*.

Trausti Jónsson

## „Nógan gefur snjó á snjó“

Pistlinum fylgja hamingjuóskir til Margrétar og þakkir fyrir áratuga vináttu. Mikið hlýindaskeið hófst hér á landi upp úr 1920 og stóð í rúm 40 ár. Ekki voru hlýindin alveg linnulaus, einstakir mánuðir og jafnvel ár skáru sig nokkuð úr, þó ekki svo að hægt væri að tala um afturhvarf til fyrri tíðar. Vorið 1949 var sérlega hart um land allt og töldu sumir þá að gamanið væri búíð. Austanlands gerði gríðarlegar rigningar sumarið 1950 með mannskæðum skriðuföllum á Seyðisfirði og seint á árinu gerði eftirminnileg norðanveður, bæði 30. nóvember og 10. desember. Í síðara veðrinu hlóð niður snjó á Norður- og Austurlandi.

Veturinn (desember til mars) 1950 til 1951 var kaldur, þá, á landsvísu, sá kaldasti frá 1920 og kaldari vetur kom ekki aftur fyrr en 1965 til 1966. Séu nóvember og apríl einnig taldir til vetrarins kemur í ljós að ekki hafa nema tveir vetur síðan verið kaldari, 1967 til 1968 og 1978 til 1979.

Snjóhuluathuganir hafa nú verið gerðar á landinu í nærri hundrað ár. Á Norður- og Austurlandi er þessi vetur sá snjóþyngsti frá upphafi, sá 14. snjóþyngsti á Suður- og Vesturlandi og sá næstsnyjóþyngsti á landsvísu, ásamt vetrinum 1982 til 1983, snjóþyngstur var veturinn 1994 til 1995.

Alhvítir dagar voru 166 á Akureyri veturinn 1950 til 1951 og hafa aldrei verið fleiri frá upphafi snjóathugana 1924. Alhvítt var allan desember, janúar, mars og apríl, og 24 daga í febrúar. Í Reykjavík var fjöldi alhvítra daga 58, örlítið færri heldur en í meðalári. Þar var aðeins einn alhvítur dagur í desember, 7 í janúar, en 27 í febrúar og 20 í mars.

### Illviðratíð

Eftir áramót 1950 til 1951 linnti vart fregnum af snjó og hríðum. Þann 18. janúar féll snjóflóð á beitarhús á bænum Hjarðarhaga á Jökuldal og drap 48 kindur, snjóflóð féllu víða í Eyjafirði þann 13. og dagana þar á eftir. Ófærðar gætti meira að segja suðvestanlands og lenti fólk í miklum hrakningum á vegum í nágrenni Reykjavíkur þann 29. janúar. Tveimur dögum síðar, þann 31. janúar, fórst flugvélin Glitfaxi í snörpum hríðarbyl út af Vatnsleysu-

strönd og með henni 20 manns. Þann 21. eða 22. féll snjóflóð á hitaveitu Ólafsfjarðar.

Mars 1951:

Við látum veðurathuganamenn Veðurstofunnar lýsa tíðarfari mánaðarins í almennum orðum.

Gunnhildargerði á Úthéraði [Anna Ólafsdóttir]

Marsmánuður hefir verið með afbrigðum erfiður, svo að slíkt mun einsdæmi. Svo mikil óveður dag eftir dag að vart hefir verið hægt að sinna skepnuhirðingu því víðast hvar er fé á beitarhúsum hér um slóðir og ekkert til að styðjast við þegar að hvergi sér á dökkvan díl, og svo mikill snjór að elstu menn hér um slóðir segja að slíkt hefi ekki verið á þessari öld nema ef ske kynni 1910. Hér í nánd eru skaflar víða um 20 metra djúpir. Nú hefir gengið svo á heyfeng bænda að margir eru á þrotum, og þó nokkur heimili sem eru alveg bjargarlaus og hafa aðrir reynt ofurlítið að miðla þeim því allstaðar er af mjög litlu að taka.

Anna segir þann 6. mars:

Ótrúlega mikill snjókoma hefir verið nú í 3 dægur, víða á sléttu eru 3 m djúpir skaflar og alveg vandræði að komast húsa milli vegna ófærðar.

Þann 25. segir hún:

Svo ótrúlega mikill snjór er nú að þess þekkjast ekki dæmi, hvergi sér á girðingarstaura nema aðeins á hliðarstólpa sem eru meira en 3 metrar upp frá jörðu.

Á Seyðisfirði segir athugunarmaður, Sigurður Sigurðsson, frá því að úrkomumælir hafi hvað eftir annað farið á kaf í snjó.

Hof í Vopnafirði [Jakob Einarsson]

Harðindi. Stórhriðar 5. - 6. og 21. með fannburði og stórviðrum, einkum 5. og 21. Vonskuhriðir og eljaveður oft þar fyrir utan. Var komin talsverð jörð í mánaðarbyrjun eftir blotann um mánaðamótin, en hvarf að mestu hér og víðast alveg. Þó var hér á Hofi til snöp á parti af Kofaborgartungu og enda Þormundarstaðaháls er upprof var, ef ekki var mulla sem byrgði. Í mánaðarlok kominn einhver sá mesti snjór sem ég hef



séð, bæði á sléttlendi, en einkum þó í sköflum í og yfir brekkum og í giljum. Öll gil full sem nokkurn tíma geta fyllst og fleiri og öðruvísi en ég hef áður séð.

### Sandur í Aðaldal [Friðjón Guðmundsson]

Harðindatíð var allan mánuðinn með frostum, fannkomum og jarðbönnum. Snjóþungt var með afbrigðum og vegir allir ófærir bílum.

### Reykjahlíð við Mývatn [Pétur Jónsson]

Versta veðurátta. Meiri snjór kominn en ég hefi séð síðan ég fór að hafa veðurathuganir [1936]. Símalínur komnar undir snjó sumstaðar og hús á kafi.

### Teigarhorn [Jón Kr. Lúðvíksson]

Mars fremur kaldur og vindasamur. Góðir hagar hér og í nálægum sveitum. Fé beitt alla daga, aðeins einn innistöðudagur. Sjósókn stopul, tregur afli þegar gaf á sjó.

### Tilraunastöðin á Sámsstöðum [Bogi Nikulásson]

Svipar til fyrri mánaða, en samfelldari frostaveðurátta. Sól flesta daga þegar upp birti, en fannkoma meiri og oft það mikil að Krísvíkurleið varð ekki bílfær án snjó-moksturs. Úrkomulítið eins og fyrri mánuði og talsverður hluti úrkomunnar bræddur snjór. Áttin var tíðast norðaustan en aldrei mjög hörð. Samgöngur urðu allar mjög erfiðar og gefa varð öllum fénaðinum, því beit var nær engin.

### Síðumúli í Borgarfirði [Ingibjörg Guðmundsdóttir]

Marzmánuður hefir verið óvanalega þurviðrasamur. Öll úrkoma mánaðarins var ekki meiri en oft kemur fyrir á einu dægri. Vatnsskortur er víða tilfinnanlegur og þarf á sumum bæjum að sækja vatn langar leiðir. Jörð er nú frosin og að mestu hulin snjó og ísum.

### Stykkishólmur [Valgerður Kristjánsdóttir]

Í mánuðinum hefur verið regluleg vetrartíð.

## Lambavatn á Rauðasandi [Ólafur Sveinsson]

Það hefir mátt heita óslitin austan- og norðaustanátt allan mánuðinn. Oft töluvert hvassviðri en úrkomulítið. Snjór alltaf lítill. Þótt eitthvað hafi snjóað hefur það fokið af straks. Svell hafa verið töluverð og hagi því lítill. Eins og fyr í vetur hefur mátt heita hér algerð innistaða fyrir allar skepnur.

## Fagurhólsmýri [Helgi Arason]


Í lok mánaðarins var hér í sveit allmikill snjór á jörðu. Hann þó fokinn í fannir og jörð víða auð. Ég býst við að hér í sveit hafi ekki verið svo miklar fannir síðan veturinn 1929–1930.

Eins og sjá má voru snjóþyngsli óvenjuleg austanlands, á Suðurlandi var kvartað undan ófærð, en vestanlands var sérlega þurrt.

## Veðrið þann 21. mars

Veðrið þann 21. mars var að ýmsu leyti óvenjulegt. Suðvestlæg átt var ríkjandi í háloftum yfir landinu, en í neðri lögum var áttin norðaustlæg. Lægð fór til norðausturs skammt fyrir suðaustan og austan land. Þegar svona háttar til snjóar oft býsna mikið á Suður- og Vesturlandi – þrátt fyrir norðaustanáttina. Mikil snjókoma var víða á Suðurlandi og fór snjódýpt í 30 cm á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, mikla en skammvinna hríð gerði í uppsveitum Árnessýslu, en festi ekki mikið. Talsvert snjóaði sums staðar suðaustanlands. Faxaflói og Breiðafjörður sluppu að mestu við fannkomuna, en mikið snjóaði á landinu norðan- og austanverðu. Eystra var linnulítill hríð allan daginn. Vindur var allhvass eða hvass um land allt. Satt best að segja kemur á óvart að ekki skuli vera fréttir af snjóflóðum – þau hafa ábyggilega orðið víða eystra, þó ekki hafi valdið tjóni.

## Synop: 1951-03-21 kl. 18:00



Mynd. Kortið sýnir veðrið á landinu kl. 18 miðvikudaginn 21. mars 1951. Mikil bríð er um landið norðan- og austanvert, sérstaklega frá Húnavatnssýslum austur og suður um og allt vestur í Öræfi. Á þessu svæði var skyggni víðast aðeins nokkur hundruð metrar, á Daltanga 400 metrar og innan við 100 metrar í Fagradal í Vopnafirði. Suðvestanlands hefur létt til en þar var þó lágur skafrenningur. Skyggni á Hæl í Hreppum 5 km og 2,5 á Síðumúla í Borgarfirði. Best var skyggnið í Reykjavík, 65 km.

Tíð hélst nokkuð erfið fram í miðjan apríl en síðan batnaði. Veðráttan, tíma-rit Veðurstofu Íslands, segir um máímánuð:

Tíðarfarir var hagstætt, hlýindi og stillur lengst af. Hvergi varð tjón af vatnavöxtum vegna þess hve leysingin varð jöfn. Þó að geysimikla snjóá leysti í mánuðinum á Norður- og Norðausturlandi, voru þar enn skaflar í lautum í mánaðarlok. Tún grænkuðu þar jafnótt og þau komu upp, en um sunnan- og vestanvert landið greri seint vegna klaka í jörðu, og víða urðu þar verulegar kalskemmdir.

Afgang ársins var tíð nokkuð misjöfn, kuldaköst gerði um sumarið og rigningatið var austanlands þegar á leið. Haustið var hagstætt, en desember erfiður.

## Um heimildir


Kort og talnaheimildir sóttar í gagnagrunn Veðurstofu Íslands, textar eru úr veðurskýrslum og *Veðráttunni*. Bolli Pálmason hagræddi kortagerðarforriti. Fyrirsögn er úr stöku Hjálmars Jónssonar frá Bólu, „Snjókoma“. Jón Þorkelsson útgefandi ljóðmæla Hjálmars (1915–19) segir: „Vísu þessi er snúin úr vísu séra Stefáns Ólafssonar: Ofan drífur snjó á snjó (*Kvaði* II, 147–148), og færð til dýrara brags“. Neðanmáls segir hann um fyrsta orðið: „Ofan, Akureyrar útg. (rangt). – Vísan er hér tekin eptir handriti Antons á Djúpár-  
bakka“.

Nógan gefur snjó á snjó,  
snjó um vefur flóa tó,  
tóa grefur móa mjó,  
mjóan hefur skó á kló.

## Af stálböðum (og sápukúlum)

Margt getur skemmtilegt skeð, Margrét. Mig vantaði nauðsynlega dæmi um orðið *sápukúla* og hóf leit. Í framhaldi af því varð til þessi greinarstúfur sem fjallar um allt annað.

Í *Vísir* 4. mars 1971, bls. 3, er mynd af lokkaprúðri konu í sturtuklefa. Undir myndinni stendur: „Svona mun baðherbergi framtíðarinnar líta út, eða svo segir Snowdon lávarður, maður Margrétar Bretaprinsessu, sem hefur hannað þetta stálbað. Sérstakt tæki sendir upp sápukúlur, og vatni er spýtt yfir menn úr öllum áttum samtímis, gólfi, veggjum og lofti.“



*Vísir* 4. mars 1971 / *Tímarit.is*.

Þessi uppfinning eiginmanns nöfnu þinnar sló ekki í gegn og þeir eru varla margir sem nú um stundir hafa á takteinum orðið *stálbað*, sem þarna kemur fyrir, þótt sápukúlur séu áreiðanlega á hvers manns vörum. Orðið *stálbað* er a.m.k. ekki að finna í söfnum Orðabókar Háskólans né í prentuðum orðabókum og ofangreint dæmi er eitt fárra sem verða fyrir þegar leitað er í blaðasafninu *Tímarit.is*. Reyndar er þetta eina dæmið sem ég finn þar um orðið í merkingunni ‘sturtuklefi úr málmí’. Orðið kemur einnig fyrir í auglýsingu um baðker úr stáli (1966) og leit á netsíðum leiðir í ljós nýleg dæmi í þeirri merkingu þar sem mælt er með slíkum baðkerum fremur en úr steypujárni. En orðið kemur einnig

fyrir í annarri og alls óskyldri merkingu, og er það hún sem hér verður gerð að umræðuefni – þó að ég hefði raunar miklu frekar viljað tala um sápukúlur.

Á vefsíðu sem fyrir mér varð, þegar ég fór að leita nánar að stálböðum fremur en sápukúlum, er rætt við framkvæmdastjóra fyrirtækis nokkurs. Hann ber sér nokkuð og segir:

Ég held að fólk sé búið að gleyma því að árin 2001–2003 var samdráttarskeið í íslensku efnahagslífi og dollarinn nálgadist ískyggilega 120 kr. múrinn. Þarna tók félagið dýfu og ég segi oft við fólk að ég hafi lagst í mitt stálbað þennan tíma, þetta tók virkilega á.

Orðið *stálbað* er þarna notað um erfiðleika sem fyrirtæki hefur gengið í gegnum. Í þessari merkingu, ‘sársaukafull en hreinsandi og herðandi meðferð’, er orðið *stálbað* til í dönsku, norsku og sænsku.<sup>1</sup> Ofangreint dæmi sem hér var nefnt er ef til vill undir sænskum áhrifum, því á Facebook-síðu framkvæmdastjórans sést að hann er mæltur á sænsku og líklega menntaður í Svíþjóð eða hefur búið þar.<sup>2</sup>

Orðið og þessi merking þess á sér þýskar rætur. Upphaflega var það m.a. notað um sérstök heilsuþöð sem innihéldu járn og önnur steinefni. Upprunann má rekja til 18. aldar en það er á 19. og 20. öld sem notkun þess vex og það fær smám saman ofangreinda yfirfærða merkingu. Um þetta og nánar um rætur orðsins og notkun þess má lesa í stórfróðlegri grein eftir sænskan fræðimann, Lennart Larsson (2013). Á fyrri hluta 20. aldar varð orðið vinsælt í orðræðu nasista í Þýskalandi og eftir seinni heimsstyrjöld hefur það fengið á sig nokkuð slæman stimpil og í dag tengja margir Þjóðverjar *Stahlbad* hiklaust við nasismann.<sup>3</sup>

Norðurlandamálin tóku snemma upp orðið og fylgir notkun þess notkuninni í þýsku. Í upphafi 20. aldar er það t.d. talsvert notað í sænsku, fyrst einkum af þeim sem hlynntir voru útþenslustefnu Þjóðverja en fljótlega jafnframt af andstæðingum þeirrar stefnu. *Stálbað* þótti gamaldags í sænsku á 7.–8. áratug liðinnar aldar og virtist vera nánast horfið úr málinu þegar það var tekið upp aftur í lok 9. áratugarins í orðræðu sem tengdist nýfrjálsbyggju. Meðal þeirra sem tóku orðið upp á sína arma voru þáverandi fjármálaráðherra, sósíaldemókratinn Kjell-Olof Feldt (Larsson 2013:24), sá hinn sami og stóð fyrir umtalsverðum breytingum í sænskum efnahagsmálum í markaðsvæðingarátt undir merkjum „þriðju leiðar“ Bills Clinton og Tonys Blair,

---

<sup>1</sup> Dæmi eru líka um orðið í færeysku, t.d. „Krigsins stálbað“ í þýðingu á *Bödeln* eftir Pär Lagerqvist (*Böðilin*, Eilif Samuelson þýddi, Tórshavn 2008, bls. 56). Athyglisvert er að í íslensku þýðingunni, sem kom út 1934, stendur: „Já, stálbeð ófriðarins er nauðsynlegt!“ (*Böðullinn*, Jón Magnússon og Sigurður Þórarinnsson þýddu, Akureyri 1934, bls. 56, feitletrun mín.) Um þetta orð, *stálbeð*, er ekki heldur nein dæmi að finna í íslenskum orðabókum eða söfnum. – Sænski textinn er: „Jo, krigets stálbad är något som måste till.“

<sup>2</sup> Vefsíðan er óvirk nú. Ég hef tiltækar upplýsingar um Facebook-síðuna.

<sup>3</sup> Munnleg heimild, þýskur heimildarmaður f. 1948.

og stjórnarandstæðingurinn Carl Bildt, sem virðist vera sá sem gefur orðinu þyngd á ný í pólitískri orðræðu í Svíþjóð.

Hér var þess getið í upphafi að á *Tímarit.is* sé fáein önnur íslensk dæmi að finna um orðið *stálbað* auk þess sem við fáum í fréttinni um Snowdon lávarð og merka uppfinningu hans. Þau eru frá 4.–7. áratug liðinnar aldar. Öll eru þau í textum sem á einn eða annan hátt gagnrýna nasismann eða uppgang hans.

Í *Skutli*, málgagni Alþýðuflokksmanna á Ísafirði, er 20. október 1933 að finna smágreinina „Liðsstyrkur nazista“. Er þar greint frá umfjöllun *Dagens Nyheder* um nýútkomna bók eftir þýskan prófessor, Ewald Bamse (rétt: Banse<sup>4</sup>). Bókin er sögð handbók handa kennurum og uppeldisfræðingum í Þýskalandi.

Takmark hins þýzka uppeldis á að vera, að því er prófessor Bamse segir, það, að skapa starfandi hermenn, æskulýð, sem frá byrjun séu innrættar hugsjónir hins þýzk-germanska vilja, eða hetjuþróttis, æskulýð, er temji sér árárarlöngun og dirfsku sem grundvallaratriði í framkvæmdum mannlífsins. (*Skutull* 20.10. 1933, bls. 2)

Er haft eftir *DN* að prófessor Banse telji stríð „hvorki mönnunum til skammar né til niðurdreps menningunni [...] heldur lífsins balsam „til eilífrar endurnýjunar“, „hið hreinsandi stálbað“ og þar fram eftir götunum“.

Þetta er elsta dæmi sem ég þekki um orðið *stálbað*. Framhald greinarinnar er raunar harla ógeðfellt, en þar er greint frá hugmyndum prófessorsins, í anda nasismans, um notkun taugaveiki- og pestarsýkla í hernaði. Um þetta má fræðast nokkuð nánar í grein eftir undirritaðan frá 2015.

Nokkur önnur, valin dæmi um orðið *stálbað* eru þessi (feitletrun er mín):

Við könnumst öll við það, að stríðið hefir verið nefnt **stálbað**, sem herði þjóðirnar. [...] Við getum [...] tekið undir með Nordahl Grieg í kvæði hans *Pingvöllur*: Það eru *fjandmenn* okkar, sem tala um **stálbað** stríðsins, við trúum því aldrei, að stríð *skapi* heiminn. (*Alþýðublaðið* 25.4. 1945, bls. 4)

Við höfum sjeð, hvernig kenningin, er byggðist á ofbeldinu, er aðhylltist styrjöldina sem styrkjandi **stálbað** fyrir þjóðirnar, er virti að vettugi talið um frelsi mannanna, jafnrjetti og bræðralag, hefur farið í stríði til þess að brjóta þjóðirnar undir sig. (*Lesbók Morgunblaðsins* 13.5. 1945, bls. 278)

---

<sup>4</sup> Sjá um hann grein mína (2015:138) og heimildir sem þar er vitnað til. Ég þakka Jóni Eiríkssyni bókaverði í Kaupmannahöfn fyrir að útvega mér ljósrit af greininni í *DN*.

Þegar þessi kynslóð stóð frammi fyrir staðreynd heimsstyrjaldarinnar á hinum sólríku ágústsdögum 1914 datt henni ekki annað í hug en að styrjöldinni yrði lokið á fáeinum vikum, hæsta lagi nokkrum mánuðum. Þetta yrði bara hressandi „stálbað“, eins og Vilhjálmur Þýzkalandskeisari komst að orði. (*Þjóðviljinn* 5.4. 1964, bls. 7)

Nýrri dæmi sem skoða má á íslenskum vefsíðum minna sum á notkunina í þessari gömlu þýskættuðu merkingu. Eitt er að finna á síðunni *blog.is* og mun vera frá nóvember 2009. Höfundur þess, Baldur nokkur Hermannsson, notar orðið um hressandi heilsumedferð stjórnmalaflokks. Fyrirsögnin er „Sjálfstæðisflokkur í hressandi stálbaði“ og er þarna fjallað um þann flokk eftir fylgishrun, þegar Bjarni Benediktsson yngri tók við, og um fjárstyrki sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk. Blogginu lýkur með þessum orðum: „Við skulum hverfa til upphafsins og rifja upp til hvers þessi flokkur var stofnaður á sínum tíma. Sjálfstæðisflokkurinn er í hressandi stálbaði og mun í fyllingu tímans stíga úr því ferskur og endurnærður.“

Viðbrögð þeirra sem sendu athugasemdir við orðum höfundar voru mismunandi og varpa sum hver dálitlu ljósi á bloggið í heild þó að notkun hans á orðinu *stálbað* virðist fara fram hjá flestum. Þó segir einn: „[...] og þú sagðir að þú hefðir ekki húmor: „hressandi stálbað“.“

Hér verður ekki lengra haldið að sinni, en ljóst er að ef áður var þörf þá er nú nauðsyn að setja á blað nokkrar línur um orðið *sápukúla*.

#### HEIMILDASKRÁ

*blog.is*: <http://baldher.blog.is/blog/baldher/entry/851216/>. (Skoðað 22.4. 2021.)

*Dagens Nyheder* 12.9. 1933, bls. 9: En frygtelig Bog.

Larsson, Lennart. 2013. Stálbad – från medicamentösa bad till nedskärningspolitik.

*Språk och stil* 23:9–30.

*Tímarit.is*: *Alþýðublaðið* 25.4. 1945, bls. 4; *Lesbók Morgunblaðsins* 13.5. 1945, bls. 278;

*Skutull* 20.10. 1933, bls. 2; *Vísir* 4.3. 1971, bls. 3; *Þjóðviljinn* 5.4. 1964, bls. 7.

Veturliði Óskarsson. 2015. „Villi boxari“. Þáttur um Vilhelm Jakobsson og ógæfusama æfi hans, byggður á blaðafregnum og skrifum 1911–1941. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 54 (2014–2015):119–154.



Vilhjálmur Bjarnason

## Í Hátúni á Nesi

Fyrir þá, sem eigi hafa lokið formlegu námi í íslensku, er langt frá því að vera einfalt að segja allt rétt og fara með jafn einföld orð og forsetningar. Þannig verður verulega flókið fyrir ólærða að nota *að* og *af*. Einn maður vissi ekki og gat alls ekki skilið hvenær á að nota *að* og *af*. Skilningurinn hjá mannum jókst aðeins þegar hann honum var sagt að hugsa hvort kona væri aðlaðandi eða aflaðandi.

Enn versnar í því hvenær á að nota forsetningarnar *á* og *í*. *Á* virðist benda til legu „ofaná“ en *í* virðist benda til legu „inni“. Staðsetning samkvæmt þessari hugsun er alls ekki skýr með örnefnum. Þannig er húsið í Reykjavík og í Bolungarvík en það eru einnig hús á Hólmanvík og á Húsavík. Svo er hús í Húsavík við Borgarfjörð eystri.

Á Norðfirði eru öldur hafsins og skipin sigla á Norðfirði. Í Norðfirði eru nokkrir bæir. Bæirnir eru inni í sveit. Á þarsíðustu öld fæddust börn á bæjum í Norðfirði. Stúlkan fæddist í Grænanesi en drengurinn fæddist á Hofi. Skammt frá Grænanesi er bærinn í Skuggahlíð en skammt frá Hofi er gamall kirkjustaður á Skorrastað. Síðar varð bróðir húsfreyjunnar í Grænanesi bóndi á Hofi.

Hof og Skorrastaður eru norðan við Norðfjarðará en Grænanes og Skuggahlíð eru sunnan við Norðfjarðará.

Pilturinn, sem fæddist á Hofi, og stúlkan, sem fæddist í Grænanesi, felldu hugi saman, gengu í hjónaband og hófu búskap í Hátúni á Nesi í Norðfirði. Reyndar er það svo að Nesið er út með bænum, Tröllavegur liggur að Hátúni frá Tröllanesi.

Það er efni í aðra stúdíu að rannsaka legu Hátúna. Það var ekki tún við Hátún. Tún hjónanna í Hátúni stóð nokkru fyrir innan Hátún og túnið var kennt við drenginn. Túnið var kallað Villatún.

Hátún stendur hátt í landi, andstætt því sem Hátún er í Reykjavík, það er fyrir neðan Laugaveg. Hátún á Djúpavogi stendur einnig hátt í landinu fyrir ofan Voginn.

Miðgarður er í norrænni goðafræði heiti haft um hina byggðu jörð manna eða garðinn umhverfis hana. Miðgarður er við rætur heimstrésins Yggdrasils

og jaðrar við Útgarð þar sem jötnar búa og Álfheima þar sem álfar búa. Miðgarður tengist einnig við Ásgarð með brúnni Bifröst og tengist einnig við undirheima og Hel. Um langt skeið var aðeins eitt hús við Miðgarð, síðar voru önnur hús byggð við Miðgarð og enn önnur hús fengu húsnúmer við Miðgarð. En fyrsta húsið við Miðgarð er stundum nefnt Mikligarður.

Miðgarður gengur út frá Tröllavegi á Tröllanesi í austur, en Ásgarður er út frá Tröllavegi í vestur.

Nú er Hátún á Nesi í Norðfirði aðeins til í hugum fólks. Börnin, sem fæddust í Hátúni, eru öll látin. Hátún er nú Hlíðargata 33 í Fjarðabyggð en áður í Neskaupstað.

Allt er í heiminum hverfult. Eftir stendur óvissa um *á* og *í*.

Því gildir að vera í góðu skapi á tímamótum.

Yelena Sesselja Helgadóttir

## Æðruleysis-þula

Mannsminni er undarlegt. Margrét er einn af allra fyrstu Íslendingunum sem ég kynntist; hún kenndi mér íslenska málfræði, eins og flestöllum sem tóku íslensku fyrir útlendinga fyrir rúmlega tuttugu árum síðan. Úr þeim kennslutímum sitja aðallega í minni málfræðireglurnar sem Margréti tókst að líma inn í hausinn á mér (skil ekki hvernig hún fór að því, hún hlýtur að hafa notað tonnatak). Annars dúkka aðeins upp brotabrot: einhverjir af samnemendunum, næðingur í gömlu kennslustofunni í Aðalbyggingunni með hækandi bogadregnum sætaröðum, hljómmikla Margrétarröddin sem útskýrði reglurnar og krafðist svara, og stundum eitthvert skemmtilega glettið Margrétarbros. En aldrei neitt samtal eða atvik – fyrir utan eitt.

Hér þarf innskot af persónulegu tagi: Ég er ein af þeim sem hafa alltaf áhyggjur. Spurningin er bara af hverju nákvæmlega ég hef áhyggjur þá og þá stundina. Ekkert var mér eins framandi til að byrja með en hið íslenska *þetta reddast*, þótt ég hafi slípast mikið til á þessum tuttugu árum. Mér gekk líka illa að meðtaka æðruleysisbænina sem ég var þá nýbúin að kynnast hjá Þjóðkirkjunni (enda hafði ekki farið mikið fyrir bæninni á sovéskum uppeldisárum mínum).

Atvikið, sem mér er sannarlega enn í fersku minni, var örstutt. Margrét fékk spurningu um notkun viðtengingarháttar – eða var það málfræðilegt horf? – í setningunni sem hún hafði skrifað á töfluna. Hún sneri sér að töflunni og sagði: *Þetta fer nú bara eftir því sem fer ...* – og í því hringdi bjallan. Ég frétti aldrei hvort bjallan gleypsti næstu orð (t.d. ... *fer á undan* eða ... *fer á eftir*), eða hvort það fylgdu yfirleitt nokkur orð, kannski gafst Margrét upp á hávaðanum í bjöllumni. Hið mikilvægasta – fyrir mig þ.e.a.s. – var hins vegar komið fram. Þessi orð reyndust mér miklu skiljanlegri en æðruleysisbænin: *Þetta fer bara eftir því sem fer*. Punktur. Þetta varð æðruleysismantran mín.

Núna þegar ég hugsa með mér: Almáttugur! Hvað á ég að gefa henni góðu Margréti? Líkar henni nokkuð hugmyndin? – þá anda ég bara inn og út og hugsa með mér: *Þetta fer bara eftir því sem fer*. Og þá sjaldan þegar þetta virkar ekki heyri ég innra með mér hljómmiklu röddina segja: *Hlýddu þessu! Það þýðir ekkert að mótmæla mér!*

Í *Íslenskri orðabók* segir að *mantra* sé „þula til að þjálfa hugann og efla andlegan styrk“.<sup>1</sup> Hvað væri meira viðeigandi en að gefa Margréti þulu sömu leiðis? Þá er ráðið að fara alla leið og gefa alvöru íslenska þulu úr hennar eigin landshorni.

Á Austurlandi bjó aðeins um tíundi hluti allra íbúa landsins um það leyti sem þjóðfræðasöfnun hófst rétt fyrir miðja 19. öld. Söfnunin sýndi þó að úrval af þulum var jafn fjölbreytt þar og t.d. á Norðurlandi, en þar átti um fjórðungur landsmanna heima um svipað leyti. Samt sem áður eru sumar þulur sjaldgæfar á Austurlandi, þ. á m. þulan sem hefst oft á *Stígum við stórum* (önnur algeng upphöf eru *Hér let ég skurka* og *Hver er kominn úti?*). Þessi þula er ein hinna útbreiddustu á Norðurlandi bæði á 19. og 20. öld, en annars staðar er hún mun sjaldgæfari. Á Austfjörðum virðist þó hafa þróast í henni sérstakt og skemmtilegt tilbrigði.

Einn af elstu og fyllstu textum þulunnar er vel þekktur í uppskrift sr. Benedikts Þórarinssonar á Ási í Fellum, Norður-Múlasýslu, í DFS 67, 250r. Ólafur Davíðsson leggur þessa uppskrift að líkindum til grundvallar blönduðum þulutexta í útgáfu sinni.<sup>2</sup> Síðar birtir Aðalheiður Guðmundsdóttir uppskriftina og ber hana saman við útgáfu Ólafs og önnur handrit sem hann studdist við;<sup>3</sup> Aðalheiður táknað uppskriftina *D*. Meðal handrita sem Ólafur nefnir ekki í umræddri útgáfu er önnur uppskrift að austan, að því er virðist ekki eins þekkt; hún er í þjóðfræðasafni Jóns Árnasonar, Lbs 416 8vo, 296r (bls. 595 skv. blaðsíðutali í handritinu). Uppskriftin er eftir Magnús Einarsson, vinnumann á Klyppstað og ýmsum öðrum stöðum austanlands (fæddur á Desjarmýri 1828),<sup>4</sup> og verður hér táknuð *K*. Hún kom líklega í þjóðfræðasafn Jóns Árnasonar fyrir tilstuðlan sr. Sigurðar Gunnarssonar á

---

<sup>1</sup> *Snara.is*, „mantra“, síðast athugað 4.04. 2021. Mantra er vissulega þula í allt öðrum skilningi en ég nota jafnan, sbr. doktorsritgerð mína við Háskóla Íslands: YSH, *Íslenskar þulur síðari alda*, Reykjavík, 2020 (<https://hdl.handle.net/20.500.11815/1939>).

<sup>2</sup> *Íslenskar þulur og þjóðkvæði*, Ólafur Davíðsson hefir safnað. Kaupmannahöfn, 1898–1903, 205.

<sup>3</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „(Ó)Traustar heimildir“, *Skáldskaparmál* 4, 1997, 222–225.

<sup>4</sup> Jón Samsonarson, rannsóknargögn á skjalasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, askjan merkt „Þuluútgáfa yfirlit | Jón Árnason“, kafli 38. Þar vekur Jón m.a. athygli á þessari greinargerð á 302v (bls. 610) í Lbs 416 8vo: „Þetta hefir skrifað Magnus Einarsson ungr maðr á Klippstað“ ásamt athugasemd Bjarna Vilhjálmssonar: „(Sr. Sig. Gunnarsson, sýnist mér. B. V.)“.

Desjarmýri sem hafði milligöngu um margar þjóðfræðauppskriftir frá Austfjörðum.<sup>5</sup> Texti K er nauðalíkur D, sbr. lesbrigði í hægri dálki:<sup>6</sup>

|   |   |
|---|---|
| Stigum við Stórum,<br>Stundum til grunda<br>belg ber eg eptir mer<br>barnanna fulla   | fulla] fullann  |
| her læt eg Skurka<br>fyrir Skála dyrum<br>vaknaðu gígur,<br>ei vill gígur vakna,<br>er frammorðið<br>Sol á milli augna Þinna  | Sól] + er; milli] millum  |
| Sofa mattu lengur<br>einn dúrinn drengur,<br>hver er komin úti<br>björn á brotnu Skipi,<br>[h]vað vill björn?<br>biðja um nálar,<br>hvað vill björn með nálar?<br>að Sauma Segl,<br>hvað gengur að Segli?<br>Slitið af veðri,<br>hvað gjörði hann við nalarnar<br>sem eg fekk honum i firragær? | björn] hann<br>að Sauma Segl] sauma að segli<br>gengur] er<br>við nalarnar] af nálunum  |
| hann hala bróðir, [svo]<br>hvað gjörði hali við?<br>Kastaði útá miðja götu og sagði:<br>að brenna Skildi<br>á baki þeim sem ætti,<br>hvað ertu að segja núna<br>eg er að singja á tölur minar<br>gott barn,<br>Þvi heilagt er á morgun –  | hala bróðir] fékk Hala bróður<br>hali] Hala bróðir; við] af<br>miðja götu] miðjar götur<br>að] ÷<br>minar] + og binda skóþveingi mína,<br>barn] + í kvöld<br>Þvi] ÷ |

Mesti munurinn á þessum tveimur þulutextum er línan „og binda skóþveingi mína“ (aðeins í D).<sup>7</sup> Að öðru leyti eru textarnir eins í öllum helstu atriðum

<sup>5</sup> Jón Samsonarson, tilv. rit, kaflar 36–43.

<sup>6</sup> Uppskriftir í þessari grein eru stafréttar; línuskipting mín. Fyrir stafbrigðin *i*, *l*, *í* og *l* í K er notað *i*. Við val lesbrigða var ekki horft til stafsetningar eða greinarmerkja. Í K er *s* í framstöðu oftast hástafur en orðin *björn* og *hali* hefjast með lágstaf, en í D er því öfugt farið.

<sup>7</sup> Aðeins eitt af lesbrigðunum í útgáfu Ólafs Davíðssonar sem ekki er unnt að rekja til uppgefina handrita (Aðalheiður Guðmundsdóttir, tilv. rit, 225) er í K: *milli* í 10. línu – og ekki er víst að K hafi verið meðal (óuppgefina) heimilda Ólafs.

sem snúa að byggingu þulunnar – og standa einir sér, a.m.k. meðal þeirra tæplega 80 texta þulunnar *Stígum við stórum* sem ég hef greint hingað til.

Greiningin sýnir að þulan *Stígum við stórum* samanstendur oftast af fjórum helstu hlutum, eða blokkum.<sup>8</sup> Fyrst er tvískiptur inngangur, oftast fjórar og fjórar línur (sjá 1–8 í K); u.þ.b. fjórðungur texta hefst þó strax á seinni hluta inngangsins, og enn nokkrir eru ekki með innganginn. Næst kemur blokk sem mætti kalla meginmál þulunnar, en það er samtal sem hefst jafnan á spurningunni *Hver er kominn úti?* Lokablokkinn er einnig samtal, það hefst með spurningunni *Hvað ertu að segja/syngja núna?* og hefur ýmis tilbrigði. Um það bil fjórðungur allra texta þulunnar samanstendur af þessum fjórum hlutum (tveimur inngangsblokkum, aðalblokk og lokablokk), og í um tíu textum í viðbót er svo klykkt út með dansviðlaginu(?) *Við skulum stíga hægt í kvöld*.

Nokkrar línur lauma sér stundum inn á milli inngangsblokkanna og meginmáls – t.a.m. „er frammorðið // Sol á milli augna Þinna // Sofa mattu lengur // einn dúrinn drengur“ í uppskriftinni frá Klyppstað (örugglega uppáhaldslínur allra nátthrafna). Þessi stutta innskotseining virðist einmitt vera einkennandi fyrir Austfirði. Fyrir utan D og K er hún einnig til í uppskrift annars Austfirðings, Sigmundar Matthíassonar Long, í Lbs 1124 8vo [I], bls. 16. Þar kemur innskotseiningin einnig á eftir inngangsblokkunum tveimur, en með henni lýkur textanum:

(hvað) er frammorðið?  
(Hádeigi er komið)  
Sól er á milli augna þinna  
sofa máttu leingur,  
einn dúrinn Dreingur –<sup>9</sup>

Á 20. öld haldast þessar línur jafnan í Múlasýslum eða rata a.m.k. ekki mjög langt þaðan. Þær koma á eftir inngangsblokkunum og aukainnskotinu *Sefur hann sætast // snemma á morgna* í uppskrift Ásmundar Helgasonar frá Bjargi (3r) í ÞMJ 3 – og eru jafnframt síðustu línurnar í texta þulunnar *Stígum við stórum* þar. Austfirska innskotið er líka í uppskriftum frá Arelí (Arelli)

---

<sup>8</sup> Blokkir eru stærri byggingareiningar í þulum síðari alda, tiltölulega stöðug og heilleg sambönd (samsteypur) af ákveðnum heitum og/eða minnum (smærri byggingareiningum í þulum); sbr. YSH, *Íslenskar þulur síðari alda*, 203–204.

<sup>9</sup> *i* stendur hér fyrir öll *i*-stafrbrigði.

Þorsteinsdóttur frá Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, SÁM 32, 310r  
(sbr. SÁM 45, 18v):

Er framorðið?  
Kominn miður morgunn.  
Einn dúrinn lengur  
máttu sofa drengur.

Í einu stöku tilfelli fór austfirska innskotið reyndar í ferðalag þvert yfir landið, en það fannst í Stykkishólmi (sbr. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, ÞP 6414) ásamt öðru innskoti á sama stað í þulunni: *Farðu á fætur Dísu, // úti er kveðin vísa*. Slíkt er einsdæmi í textum þulunnar. Athyglisvert er að þetta síðarnefnda innskot virðist fremur tengjast Vesturlandi (og er frekar fyrir morgunhana). En það er allt önnur saga. Við Bjarki og Þuríður óskum Margréti margra góðra æðrulausra morgna!





## ‘Seðlabankastjórar eiga ekki að vera pólitískir, halló?’ Lítið eitt um notkun *halló* á netmiðlum

Orðið *halló* er í flestum tilfellum notað þegar heilsað er. Hins vegar er *halló* einnig notað til þess að láta í ljós ýmislegt annað eins og dæmin í (1) sýna:

- (1) a. Og **halló** þá kom í ljós nýr dagskrárliður í sjónvarpinu takk. (www.fiskaspjall.is, 30.07. 2015)  
b. Íslendingar, **halló** er enginn heima? (isdrottningin.blog.is, 30.07. 2015)  
c. Jújú þetta er þokkalegur leikmaður en **halló**? (www.spurs.is, 01.08. 2015)  
d. Talað er um að ráðherrar og þingmenn axli ábyrgð og séu þegar búnir að því **halló** er einhver heima þarna niðri á alþingi? (percival.blog.is, 30.07. 2015)

Dæmin eru fengin af hinum ýmsu netsíðum. Þessi notkun á *halló* er óvenjuleg og ekki alveg sambærileg þeirri sem lýst er í orðabókum. Hér verður gerð tilraun til þess að fara nánar í saumana á notkuninni. Byrjað verður á því að tíunda það hvernig orðið er almennt skilgreint í orðabókum og þessu næst verða sýnd frekari dæmi um notkun þess á netinu. Að lokum verður svo nánar reynt að greina merkingu og hlutverk *halló* í því samhengi og hvort þessi notkun er sjálfsprottin í íslensku eða til komin fyrir erlend áhrif.

Í *Íslenskri nútímamálsorðabók* hefur upphrópunin *halló* fjórar merkingar, eins og sýnt er í (2):

- (2) a. kveðja þegar hringt er, svarað í síma eða til að kanna símasamband, sbr. ‘halló get ég fengið samband við forstjóran’, ‘halló, við hvern tala ég?’ og ‘halló, heyrirðu í mér?’  
b. óhátíðleg kveðja, sæl/sæll, ‘halló gaman að sjá þig’, ‘halló krakkar, eru þá allir komnir?’  
c. kall til að vara við eða vekja athygli á e-u, ‘halló, þið þarna, það er bannað að fara inn á lóðina’  
d. innskotsorð á undan spurningu eða mótmælum við því sem sagt er eða gert, ‘halló, ég var á undan þér í röðinni’

Merking *halló* eins og hún kemur fram í (1) á einna helst skylt við (2)c. og d. en í seinna tilvikinu er þó ekkert rætt hvaða merkingu innskotsorðið hefur við þessar aðstæður.

Við söfnun dæma var stuðst við *Íslenskan orðasjóð* (ÍOS) sem er gagnagrunnur geymdur við Háskólann í Leipzig. Gagnagrunnurinn safnar textum af netinu í fjölmörgum tungumálum, þ. á m. íslensku (sjá Erlu Hallsteinsdóttur 2007). Þar sem íslenskan á í hlut virðist textinn einkum vera af blogg-síðum og heimasíðum en þar má oft finna töluvert talmálslegan texta. Hægt er að leita að einstökum orðum í ÍOS og sjá þau í setningarumhverfi sínu en gagnagrunnurinn er einnig vel brúklegur til rannsókna á orðmyndun. Stuðst var við útgáfuna frá 2015 en finna má fjölmörg dæmi þar um *halló*. Hér verða tilfærð dæmi frá árunum 2014 og 2015. Mest er þar um að ræða dæmi um hefðbundna notkun eins og í (3):

- (3) a. Klara vildi bara segja **halló** og knús á ykkur. (leor.123.is, 30.07. 2015)  
b. **Halló halló** er einhver hér? (aurum.is, 21.08. 2014)  
c. Hún kann að segja hæ, bæ og **halló** en notar það svona við sína hentisemi. (kjartans.123.is, 30.07. 2015)

Hins vegar er einnig til töluvert af dæmum um svipaða notkun og sýnd er í (1) og til þess að greina notkunina frekar voru tínd til tæplega tuttugu dæmi af nokkru handahófi.<sup>1</sup> Voru þau auðfínanleg en stundum var ekki alveg ljóst hvort um var að ræða styttinguna fyrir *hallærislegur*, þ.e. *halló*, eða kveðju-orðið, sérstaklega í setningum sem hófust á ‘en (halló)’.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Til samanburðar var leitað að svipuðum dæmum um *halló* á *Tímarit.is* á tímabilinu 2018–2019. Aðeins sex dæmi fundust sem ef til vill er ekki óeðlilegt miðað við það hversu talmálsleg notkun *halló* er. Dæmin eru úr ýmsum fjölmiðlum:

- (i) Og bláa fjallkonudressið, **halló!** Djöf... er það flott (*Skessuborn* 19.6. 2019)  
(ii) Uppáhaldshljómsveit? „Írafár er sú eina sem mér dettur í hug í augnablikinu, **halló** þjóðhátíð!“ (*DV* 2.3. 2018) (Skýring: Ég túlka þetta þannig að verið sé að vekja athygli forráðamanna þjóðhátíðarinnar á hljómsveitinni.)  
(iii) Í alvöru, sko. Hvernig gekk í íþróttaprófinu? Sjúklega erfitt, sko! Ég bara... **halló!** (*Fréttablaðið* 2.6. 2018)  
(iv) Heldurðu að ég sé fáviti? **Halló!** Ég kom jú út úr skápnun. (*Fréttablaðið* 7.11. 2018)  
(v) Mætir jafnvel með blað og nennir varla að halda fyrirlesturinn. **Halló?** (*Vikurfréttir* 12.7. 2018)  
(vi) **Halló!** Þú átt ekki heima í New York eða Tókýó, heldur örsamfélaginu Íslandi. (*DV* 5.1. 2008)

<sup>2</sup> Dæmi um styttinguna *halló* (fyrir *hallærislegur*) í ÍOS eru m.a. þessi:

- (i) Það er **halló** að berjast fyrir hinu góða á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. (omargeirsson.blog.is, 30.07. 2015)  
(ii) Æ, hvað gaurinn er **halló**. (www.fritt.is, 01.08. 2015)  
(iii) Ég veit ég er **halló** en þar sem ég get nálgast Ísfólkið núna þá ákvað ég að lesa þær aftur. (3amigos.blog.is, 30.07. 2015)

Í sumum dæmanna virðist *halló* notað til þess að láta í ljós undrun yfir einhverju, sbr. (4):

- (4) a. Jújú þetta er þokkalegur leikmaður en **halló**? ([www.spurs.is](http://www.spurs.is), 01.08. 2015)
- b. Jæja, farin að horfa á Will og Grace Halló **halló**, er ekki komið sumar? ([einarsigurds.blog.is](http://einarsigurds.blog.is), 30.07. 2015)
- c. Þetta er sjálfstæðisflokkurinn **halló**! ([www.pressphotos.is](http://www.pressphotos.is), 01.08. 2015)
- d. Ok. Eiríkur er flottur söngvari og allt það en **halló**? ([sigga.blog.is](http://sigga.blog.is), 30.07. 2015)
- e. auðvitað gerast ævintýri af og til, en **halló** var Anne Nichole hrifin af sínum öldungum? ([www.arvik.is](http://www.arvik.is), 30.07. 2015)
- f. Það er alltaf hægt að halda því fram að styrkir hafi ekki áhrif á gjörðir manna en **halló**! ([blog.pressan.is](http://blog.pressan.is), 22.08. 2014)
- g. Seðlabankastjórar eiga ekki að vera pólitískir, **halló**? ([hunavatnshreppur.is](http://hunavatnshreppur.is), 01.08. 2015)

Í öðrum tilvikum virðist meira verið að láta í ljós hneykslun, sbr. (5):

- (5) a. Því, **halló**, hann var að spila með foking Burnley! ([www.kop.is](http://www.kop.is), 31.07. 2015)
- b. Ég meina, **halló**, þau kusu hann! ([www.akureyri.is](http://www.akureyri.is), 21.08. 2014)
- c. Auðvitað lenti hann í meiðslum en **halló** þau eru búin. ([www.hugi.is](http://www.hugi.is), 01.08. 2015)
- d. Soldið ýkt dæmi en **halló** er eitthvað vit í þessu. ([axelaxelsson.blog.is](http://axelaxelsson.blog.is), 31.07. 2015)
- e. Íslendingar, **halló** er enginn heima? ([lopapeysa.123.is](http://lopapeysa.123.is), 30.07. 2015)
- f. Talað er um að ráðherrar og þingmenn axli ábyrgð og séu þegar búinir að því **halló** er einhver heima þarna niðri á alþingi? ([percival.blog.is](http://percival.blog.is), 30.07. 2015)
- g. Konur opna augun, **halló**! ([kt.blog.is](http://kt.blog.is), 30.07. 2015)

Einnig virðist hægt að nota *halló* til þess að vekja athygli á einhverju, sbr. skilgreininguna í (2)c. en þó er notkunin ekki alveg sambærileg:

- (6) a. Og **halló** þá kom í ljós nýr dagskrárliður í sjónvarpinu takk. ([www.fiskaspjall.is](http://www.fiskaspjall.is), 30.07. 2015)
- b. Það er mjög erfið staða - en **halló** - þegar ég var að kaupa mína fyrstu íbúð fór vísitala upp í 130%. ([helgafell.blog.is](http://helgafell.blog.is), 30.07. 2015)
- c. Svára þessum skilaboðum Vitna í þessi skilaboð það var verið að skipta um stjórn **halló**. ([hjalti.fagun.is](http://hjalti.fagun.is), 01.08. 2015)
- d. Svo, **halló**, plís haltu þig á jörðinni ef þú ætlar að láta taka þig alvarlega. ([tilveran-i-esb.blog.is](http://tilveran-i-esb.blog.is), 30.07. 2015)
- e. Bíddu, **halló** - er ekki hellings sekt bara fyrir að taka húfuna af löggunni? ([tigercopper.blog.is](http://tigercopper.blog.is), 30.07. 2015)

Hér hafa verið gefin dæmi um notkun *halló* á netmiðlum en næsta skref er að huga að því hvaðan þessi notkun er komin inn í íslensku.

Í *Oxford English Dictionary* er *hello* skilgreint á þrennan hátt fyrir utan hina hefðbundnu kveðju sbr. dæmin í (3). Í fyrsta lagi er orðið notað til þess að vekja athygli á einhverju, sbr. ‘Hello! – back here! shouted the captain [...]’, í öðru lagi til þess að tjá undrun eða óvænta breytingu á atburðarás, sbr. ‘Hello’ I thought. ‘Something’s different.’ Í þriðja lagi er orðið notað til þess að láta í ljós, oft með vantrú eða kaldhæðni, að viðkomandi einstaklingur fylgist ekki með, hafi ekki skilið eitthvað eða sagt einhverja vitleysu, sbr. ‘He’s working in Paris every weekend for six months? Well, hello? Go to Paris for a weekend with him’.

Ekki þarf að leita lengi í íslensku dæmunum í (4)–(6) til þess að finna svipaða notkun og í ensku og það þarf auðvitað ekki að koma á óvart miðað við svo margt annað sem borist hefur inn í málið úr þeim sið. Hins vegar er gaman að reyna að túlka þessi ‘íslensku’ *halló* á mannamál og eftirfarandi túlkanir eru a.m.k. hugsanlegar:

- |                                      |                   |
|--------------------------------------|-------------------|
| (7) a. Er ekki allt í lagi (hjá þér) | e. Bíddu hægur    |
| b. Hvað er eiginlega í gangi?        | f. Heyrðu (góði)  |
| c. Er einhver með meðvitund þarna?   | g. Guð minn góður |
| d. Er einhver vakandi eða hvað?      |                   |

Ljóst er af þessu lauslega yfirliti um *halló* að mun fleira býr í orðinu en kveðjan ein. Eins og áður var nefnt er líklegt að notkunin á netmiðlum sé aðflutt úr ensku. Hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að íslenskir málnotendur hafi gefið orðinu sérstakan merkingarblæ á köflum. Við getum því ef til vill talað um merkingarlega aðlögun *halló* að íslensku í þessu tilviki.

#### HEIMILDASKRÁ

Erla Hallsteinsdóttir. 2007. Íslenskur orðasjóður. *Orð og tunga* 9:109–125.

Íslensk nútímamálsorðabók. <https://islenskordabok.arnastofnun.is>

Íslenskur orðasjóður (ÍOS). [https://corpora.uni-leipzig.de/de?corpusId=isl-is\\_web\\_2015](https://corpora.uni-leipzig.de/de?corpusId=isl-is_web_2015)

*Oxford English Dictionary*. <https://www.oed.com>

*Tímarit.is*.

## Af blendingsmáli og geðshræringu

Rithöfundurinn Guðmundur G. Hagalín var kunnur fyrir það stílbragð að gæða persónur sínar lífi með því að ljá þeim talmálslegt orðfæri sem birtist einkum í notkun alþýðlegra orða og slettna margvíslegra en einnig í hálfklár- uðum setningum, endurtekningum, orðræðuögnum og tafsi hvers konar; atriðum sem einkenna talað mál í afslöppuðum samtölum. Þessi stíleinkenni koma líklega hvað sterkast fram í tungutaki hinnar vestfirsku kempu Krist- rúnar í Hamravík og er Hagalín sagður hafa einna fyrstur rithöfunda brotist „undan oki málvöndunarstefnunnar“ (Erlendur Jónsson 1966:10) með þess- ari meðvituðu ákvörðun sinni „að nota daglegt mál í samtölum“ eins og Erlendur hefur eftir Hagalín.

Gagnrýnendum sýndist sitt hverjum um þessi stílbrögð og í dómum um skáldverkið *Konunginn á Kálfskinni* þar sem Hagalín gengur enn lengra í því að færa talsmáta sögupersóna sinna í átt að eðlilegu flæði samtala skortir ekki stóru orðin. Þannig segir MK (1945:282) að „langdregin mælgí“ sé eitt helsta stíleinkenni Hagalíns en einnig „sífelldar innskotssetningar og auka- setningar, endurtekningar, eintöl manna og dýra, búkhljóð, upphrópanir, fúkyrði, klám, dönskuslettur, ambögur, hálfkaraðar málsgreinar og einstæð fyrirlitning á málfræðilegu samhengi“ og að þetta ásamt groddalegum og klúrum persónulýsingum séu „smekkleysur“.<sup>1</sup> Helgi Sæmundsson (1946:4) er nokkuð vægari í dómi sínum og bendir á sérstöðu Hagalíns með sínum einstæða stíl sem enginn annar hafi tamið sér og sé „sennilega ... á einskis annars færi“.

Guðmundur G. Hagalín skráði líka ævisögur þekktra samtímamanna sinna, m.a. Danans Adams Hoffritz sem kom til Íslands árið 1924 sem vinnu- maður í Gaulverjabæ í Flóa. Adam, sem fékk fljótlega viðurnefnið Dansk- urinn í Bæ, var hamhleypa til verka og eftirsóttur starfskraftur og var vel tekið af Íslendingum enda þótti hann koma alls staðar vel fyrir. Í bókinni greinir Hagalín frá ýmsum atvikum í samskiptum Adams við heimamenn,

---

<sup>1</sup> Viðhorf gagnrýnandans sem var Magnús Kjartansson, síðar ritstjóri *Þjóðviljans*, eins og fram kemur á forsíðu tímaritsins litast vafalítið nokkuð af afstöðu vinstri manna til svokallaðra borg- aralegra rithöfunda eins og Guðmundar G. Hagalín sem áttu lítt upp á pallborðið hjá þeim.

oft á spaugilegan hátt og sviðsetur þá gjarnan lífleg samtöl þar sem Danskurinn fer um víðan völl.

Adam var vel þekktur fyrir sitt dönskuskotna málfar og í ljósi dálætis höfundar á því að endurskapa lifandi talmál mætti ætla að hann færði sér það í nyt til að draga fram karaktereinkenni sögupersónu sinnar. En nú bregður svo við að það mun ekki vera nema á einum stað sem hann leitast við að líkja eftir málfari Dansksins með því að leggja honum í munn einhvers konar blending af íslensku og dönsku (Erlendur Jónsson 1966:10). Erlendur saknar þess að Hagalín hafi ekki gert sér meiri mat úr blendingsmáli Adams og látið það endurspeglast í talsmáta hans „svo maður hefði enn betur á tilfinningunni, að söguhetjan væri Danskur maður á Íslandi“ en getur sér til að það sé vegna þess að höfundur hafi hvorki „viljað misbjóða málinu né spauga með söguhetju sína, Danann“ sem hafi, þá bókin er færð í letur, verið búsettur á Íslandi í um fjóra áratugi. Erlendur bætir svo við að slíkt hafi kannski verið ótilhlýðilegt þar sem Adam sé „**þrátt fyrir** sína dönsku íslenzku, skemmtilegur maður, skapgóður, umtalsfrómur og viðfelldinn í hvívetna.“ (leturbreyting mín) (Erlendur Jónsson 1966:10–11).

Þessi síðustu orð eru nokkuð athyglisverð og endurspeglu hugsanlega viðhorf til blendingsmála eða málvíxla eins og slíkur blendingur er kallaður.<sup>2</sup> Viðhorf til málblöndunar voru lengstum frekar neikvæð og málblöndun gjarnan álitin vitnisburður um málleysi viðkomandi, þ.e. ófullkomna málkunnáttu á öðru málinu eða jafnvel báðum, sem sé skort af einhverju tagi og fólki því frekar til minnkunar (sjá Romaine 1995:290–302).

En þó svo að Hagalín hafi ekki látið Danskinn mæla á slíkum blendingi íslensku og dönsku nema á einum stað þá kemur fram í bókinni að enda þótt honum hafi gengið „mjög böslulega að læra að tala íslenzku“ (bls. 79) hafi hann engu að síður látið allt fjúka og lítt skeytt þótt kímt væri að blendingsmáli hans. Hann var jafnvel sagður hafa færst í aukana þegar hann varð var við slíkt og nýtt sér það til skemmtanagildis. Þannig segir frá samskiptum hans við konu nokkra sem gat ekki stillt sig um að brosa því hún „hafði aldrei

---

<sup>2</sup> Málvíxl eru svo nefnd þegar einn og sami málhafi notar tvö tungumál til skiptis í sömu orðræðunni, hvort heldur eru stök orð, setningabrot eða heilar segðir. Rannsóknir hafa leitt í ljós að menn víxla ekki málum á tilviljanakenndan hátt heldur búa þar að baki ákveðin málleg lögmál. Málvíxl hafa enn fremur verið sögð leið hins tvítyngda til að koma til skila merkingarblæbrigðum og ná fram tilteknum áhrifum í orðræðunni og hlutverk þeirra sé því fyrst og fremst samskiptalegt (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2015:243–244).

kynnzt dansk-íslenzku máli. Og Adam unni henni svo vel skemmtunarinnar, að hann gerði sér far um að tala sízt minna skrytinn blending en venjulega“ (bls. 156). Af þessum orðum mætti ráða að hann hafi verið vel meðvitaður um málvíxl sín og haft á þeim nokkra stjórn sem rímar vel við niðurstöður rannsókna á málvíxlum tvítyngdra (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2015:246; Þórdísi Gísladóttur 2004:154–155).

En hvernig er þessi fyrrnefnda eina blendingssetning Adams í bókinni og má eitthvað álykta af samhenginu af hverju þessu stílbragði er hér skyndilega beitt? Sviðsetningin er barningur Adams og fleiri við að bera varning af hestvögnum upp brekkur á leið austur Helligheiði í miklu fannfergi. Sagt er að honum hafi runnið í skap þegar hann sá að kona nokkur sem var með þeim í för sat sem fastast enn á einum hestinum sem stóð í kvið í snjó og hafi hann þá sagt orðrétt: „Tú fanens kelling segist geta gangt, en hef ekkert geta gengt, – strax kominn [svo] upp á!“ (bls. 100) um leið og hann ýtti við henni þannig að hún valt af baki ofan í snjóinn. Síðan segir að Adam hafi séð að konunni hafi „dálítið brugðið“ og hann þá sagt við hana í mildari tón: „Nú gengur þú upp, meðan við berum af síðasta vagninum, – þér ætti ekki að vera áhugamál að sliga þá blesóttu, ef ske kynni, að hún gæti fleytt þér austur yfir heiðina. Það mundi líka enginn hafa verra af að ganga sér til hita.“ (bls. 100–101). Hér bregður svo við að Danskurinn talar gullaldarmál þegar rennur af honum reiðin.

Athyglisvert er að svo er sem hugarástand Adams, skaphiti og æsingur, framkalli blendingsmálið. Þekkt er að hugaræsing getur tekið af mönnum ráðin þannig að þeir missa ekki aðeins stjórn á skapi sínu heldur einnig orðum og ekki er ótítt að eitthvað hrökkvi út úr munnni hins reiða sem hann sér eftir síðar. Menn geti þannig misst stjórn á málbeitingunni undir andlegu álagi. Hér gægjast e.t.v. fram viðhorf um að menn blandi frekar málum þegar þeir eru æstir, þ.e. að blendingsmål sé einhvers konar birting stjórnleysis. Í því sambandi má nefna að í umfjöllun um bókina segir Helgi Sæmundsson (1966:7) að Adam blandi „dönsku óspart saman við íslenzku í tali, **enda fljóthugi**“ (leturbreyting mín) sem túlka mætti sem svo að geðríki hans og hvatvísi hafi átt einhvern þátt í því hve mikið hann blandaði.

Svipað má sjá á fleiri stöðum í bókinni. Þannig er dönskum bátskokki, sem hafði fyrst við eftir að hafa verið snupraður fyrir klaufaskap við að leysa flæktar færálínur, lögð blendingssetning í munn og bætt við sem skýringu: „Hann var nefnilega farinn að tala einhvern blending“ (bls. 129) eins og það

hafi ekki verið hans almenna tungutak nema þegar hann komst í geðshræringu. En þetta gildi ekki einungis um Dani heldur líka Íslendinga í samskiptum við Dani! Adam varð það á að gagnrýna nostursemi bóndans á Bæ við frágang á taðhausum sem þeir höfðu stungið út úr fjárhúsunum. Þá fauk í bóndann og setti hann á langa ræðu um ástæðu þess og að henni lokinni segir í textanum: „Degi var svo mikið niðri fyrir, að hann lét vaða á súðum, talaði bjagaða dönsku og brákaða íslenzku“ (bls. 80). Það er því ekki aðeins að bóndinn láti allt flakka við Danskinn í geðshræringu sinni heldur tekur stjórnleysið svo af honum ráðin að málbeitingin fer öll í einn dansk-íslenskan hrærigraut.

En er einhver fótur fyrir því að hugaræsing geti haft áhrif á það hve mikið tvítyngdir víxli málum? Eitthvað hefur það víst verið rannsakað en niðurstöður eru ekki ótvíræðar. Og hversu mikið vitum við í raun um (meint?) viðhorf fyrri tíma til blendingsmála sem birtingarmyndar hugaróreiðu og ófullkomleika? Eða er þetta kannski bara ein af mörgum kímnbrellum Hagalíns til að skapa lifandi frásagnarflæði?

#### HEIMILDASKRÁ

- Erlendur Jónsson. 1966. Hagalín fyrr og nú. *Morgunblaðið*, 16. desember.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. 1966. *Danskurinn í Bæ. Adam Hoffritz segir frá*. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Helgi Sæmundsson. 1946. Hin nýja saga Guðmundar G. Hagalíns: Konungurinn á Kálfskinni. *Alþýðublaðið*, 17. febrúar.
- Helgi Sæmundsson. 1966. Dönsk-íslensk samvinna. *Alþýðublaðið*, 16. desember.
- MK [Magnús Kjartansson]. 1945. Ritdómur um *Konunginn á Kálfskinni* eftir Guðmund Gíslason Hagalín. *Tímarit Máls og menningar* 8,3:282–284.
- Romaine, Suzanne. 1995. *Bilingualism*. 2. útgáfa. Blackwell, Oxford.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2015. Danskernes variant af islandsk. Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik Skyum-Nielsen (ritstj.): *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*, bls. 223–272. Forlaget Vandkunsten, København.
- Þórdís Gísladóttir. 2004. Hvað er tvítyngi? *Ritið* 4,1:143–157.



Þórdís Úlfarsdóttir

## Af frelsi og jafnrétti

Mörgum er umhugað um frelsi einstaklingsins. Fólk á að geta gert það sem það vill (kannski innan ramma laganna), sagt það sem það vill, farið á þá staði sem það vill. Sumir vilja meira frelsi en aðrir og finnst allar frelisskerðingar hið versta bölg, þeir eiga til dæmis erfitt með að þola skert ferðafrelsi. Skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, trúfrelsi – við viljum hafa þetta allt og margar aðrar tegundir frelisis, það er sjálfsgætur hlutur.

En allt þetta frelsi er nýlegt fyrirbæri. Fyrr á öldum var fólk ekki frjálst á þann hátt sem nú tíðkast. Höfðu menn trúfrelsi? Nei. Skoðanafrelsi? Klárlega ekki. Ferðafrelsi? Ekki raunverulega því að einhver þurfti að sinna akrinum eða heyskapnum eða kúnum og öllu þessu daglega amstri, átthagafjötrar voru sterkir. Menn stukku ekki bara burt í helgarferð. Sömuleiðis er varla mjög langt síðan jafnrétti kynjanna varð til sem hugtak. Í því sambandi verður hér vitnað í stuttan kafla úr *Þúsund og einni nótt*. Sú fræga bók geymir fjölmargar sögur, einkum frá Arabalöndunum, sem safnað var saman í eitt rit á miðöldum. Arabalönd og miðaldir: Þetta er hvorki heimshluti né tímabil sem orðað hefur verið við frelsi einstaklingsins, því síður jafnrétti kynjanna, auk þess sem þrælahald var í algleymingi. Það er því forvitnilegt að taka dæmi úr bókinni og hlýða á tal háttsettra manna þegar kaupa skal ambátt handa konungi nokkrum í *Sögunni af Núreddín og Persameynni fögru*:

Það var einhvern dag eftir ráðstefnu, að konungurinn í Balsora var að tala við báða vezírana og fleiri úr ríkisráðinu. Ræddu þeir um konur þær, er keyptar eru sem ambáttir og njóta því nær sömu virðingar á meðal vor sem lögmætar konur. Héldu sumir þeirri skoðun fram, að það nægði, ef slíkar ambáttir væru fríðar og vel vaxnar, svo þær gætu verið þeim til hugbótar, er annaðhvort fyrir frændsemi sakir eða annarra hluta vegna neyðast til að eiga konur, sem ekki eru alltэнд sérlega fríðar eða öðrum líkamlegum kostum búnar.

Sumir karlmenn eru í erfiðri stöðu, í nauðungarhjórabandi með eiginkonu sem er hin versta herfa og með afleitt vaxtarlag. Það er skiljanlegt að þeir vilji eiga fríða ambátt sem tekur vel á móti þeim þegar þeir koma þreyttir heim úr vinnunni.

Áfram með konunginn og félagi:

Aftur voru aðrir [...] er mótmæltu þessari skoðun og sögðu, að það væri ekki fegurðin ein og líkamlegir kostir, er heimta skyldi af þesskonar ambátt, heldur ætti hún að vera andrík, hygginn, kurteis og látprúð og kunna margskonar fræði og fagrar listir, svo sem unnt væri. Færðu þeir það til síns máls, að ekkert væri þeim mönnum inndælla, sem hafa áriðandi störf á hendi, en að koma heim til skemmtilegrar lagskonu eftir dagsverk sín og hafa bæði gagn og gaman af viðtali hennar í góðu tómi. Því menn gerðu sig jafna dýrum, ef ambáttin væri ekki höfð til annars en augnagamans og til að svala fýsn þeirri, er sameiginleg er mönnum og dýrum. Þessu varð og konungurinn samdóma, og skipaði hann Kakan vezir sínum að kaupa handa sér ambátt afbragðs fríða og gædda öllum hinum áðurnefndu kostum, en það var einkum tekið fram, að hún skyldi vera vel menntuð.

Þannig er það. Hjá konungi og félögum ómar hér ákveðið frjálsslyndi, þeim finnst að konan eigi ekki bara að vera „beib“ heldur eru gáfur og framkoma einnig mikilvægar. Konungurinn vill fá hæfileikaríka og háskólamenntaða ambátt, en samt verður hún að vera augnayndi og gædd persónutöfrum. En konungur hefur efni á dýrri ambátt. Persamærin sem varð fyrir valinu kostaði tíu þúsund gullpeninga. Því miður hlaut tómt vesen af kaupunum þar sem sonur vezírsins fékk áhuga á Persameynni með ófyrirséðum afleiðingum. En frá því verður ekki greint nánar hér.

*Allah akbar!* الله أكبر

#### HEIMILDASKRÁ

*Þúsund og ein nótt. Arabískar sögur II* (bls. 2–3). Íslenskað hefur Steingrímur Thorsteins-son. Fjórða útgáfa 1978. Mál og menning, Reykjavík.

## Jón Eggertsson vitjar loforðs

Svíar virðast ekki hafa átt neina sagnfræðinga á borð við Saxo í Danmörku, Þóri (Teodoricus) munk í Noregi eða Snorra á Íslandi, sem þegar á 12. og 13. öld skrifuðu forna frægðarsögu þjóða sinna. Því urðu þeir að leita að heimildum um fornsögu Svíaríkis í öðrum norrænum heimildum og þá fyrst og fremst íslenskum. Þegar á seinni hluta 17. aldar voru Íslendingar starfandi í Stokkhólmi og Uppsölum við þýðingar og skýringar á þeim fornorrænu handritum sem Svíum hafði tekist að næla sér í. Fyrstur þeirra var Jón Rúgmann (Jonas Rugman) sem fyrir slysi þvældist til Svíþjóðar 1658 og hafði tvö ekki ýkja gömul handrit meðferðis, sem þó voru dýrmæt fyrir Svíana þar sem þetta voru frásagnir úr fornaldarsögum sem gerast einmitt oft í Svíþjóð.

Jón lést 1679, en Svíar voru áfjaddir í að útvega fleiri og eldri handrit sem fjölluðu um sögu Svíþjóðar. Árið 1682 sendi þáverandi þjóðminjavörður Svía, Johan Hadorph, erindreka til Kaupmannahafnar til að útvega einhvern sem gæti keypt handrit fyrir þá á Íslandi, en það var stranglega bannað öðrum þjóðum en Dönum að kaupa handrit á Íslandi, enda var Ísland þá hluti af Danaveldi. Enginn vinskapur var milli Dana og Svía á þessum tíma eftir að Svíar höfðu árið 1658 rænt Dani góðum helmingi Danaveldis, eða Skáni, Hallandi og Blekinge, og höfðu áður tekið Gotland af þeim.

Erindrekanum, J. G. Sparfvenfeldt, tókst þó að finna Íslending sem vildi taka að sér þetta verkefni og í bréfi til Hadorphs, segir hann að sér hafi tekist að „múta Íslendingi með 80 ríkisdöllum til að kaupa handrit á Íslandi fyrir Svíana.“ Þessi Íslendingur var Jón Eggertsson, sem þá var staddur í Kaupmannahöfn vegna eilífra málaferla sinna.

Sennilegt má telja að það hafi verið Jón sem þá seldi Sparfvenfeldt litlu íslensku galdrabókina sem hann keypti af manni sem ekki leyfði að nafn sitt væri nefnt í sambandi við kaupin. En Jón Eggertsson hafði nokkrum árum áður verið ákærður fyrir galdra og dreginn fyrir dóm þar sem „galdrablöð“ af einhverju tagi höfðu fundist í fórum hans. Hann var þó aldrei dæmdur fyrir kukl enda mætti hann ekki fyrir dómi.

Jón sýndi strax dugnað sinn í afritun handrita og sendi fljótlega sænsku fornfræðastofnuninni afrit af meðal annars því Heimskringluhandriti sem

kallað var Kringla og til að sýna að afritið væri rétt stal hann einu blaði úr handritinu og sendi með afritinu. Er þetta blað nú það eina sem til er úr þessu handriti sem fórst í brunanum mikla í Kaupmannhöfn.

Jón fór til Íslands sumarið 1782 og varð vel ágengt við að safna handritum, gat enda borgað í reiðufé. Í skrá þeirri sem hann gerði yfir kaup sín voru um 50 handrit sem hann hafði keypt víðsvegar um landið. Vorið 1783 sigldi hann með hollensku skipi til Hollands og komst þaðan til Helsingjaeyrar. Honum tókst að koma handritunum áleiðis til Stokkhólms og sneri sér síðan að málaferlum sínum. Hann var þó fljótlega settur í skuldafangelsi þar sem hann mátti dúsa í þrjú ár. Hann notaði tímann vel og skrifaði m.a. hið efnismikla og mikið notaða handrit Papp. 64 fol. og virðast m.a. Páll Vídalín og Árni Magnússon hafa verið honum hjálplegir við að útvega handrit til afritunar.

Síðsumars 1689 komst hann loks til Stokkhólms og hafði þá meðferðis m.a. áðurnefnt handrit Papp. 64 fol. Hann var vongóður um að Svíar myndu útvega sér góða stöðu sem þakklætisvott fyrir handritin. Hann leigði herbergi á Kungsholmen en þar veiktist hann og andaðist eftir aðeins tvo mánuði í Stokkhólmi, ef til vill vegna skorts á aðhlynningu, og áður en Svíar voru búnir að ákveða hvaða stöðu þeir gætu boðið honum.

Samkvæmt eftirmælum sem Íslendingar í Stokkhólmi birtu var hann jarðaður á kostnað ríkisins: „... hederliga begrafwen uti mycket förnämt folks närvaru på Kungsholms kyrkiogård den 16. nov. 1689: hwarest hans grafsten står uprest till ewigt dödaminne.“ Þessi steinn virðist þó aldrei hafa verið reistur.

Fyrir um 30 árum skrifaði ég grein í sænska mánaðarritið *Populär Historia* þar sem ég fjallaði um leit sænska stórveldisins á 17. öld að heimildum um forna frægð Svíaríkis. Í sambandi við greinina skoðaði ég nokkur skinnhandrit á handritadeild Konunglega Bókasafnsins í Stokkhólmi sem Jón Eggertsson hafði keypt fyrir Svíana, meðal annars mjög slitið og dökkleitt handrit frá 14. öld, sem m.a. hefur að geyma elstu varðveittu uppskrift af Gunnlaugs sögu ormsgungu. Auðsjáanlega hefur einmitt Gunnlaugs saga verið lesin mjög oft. Þar sem sagan byrjar er spássían efst til hægri svo slitin að gat er komið á bókfellið undan þumalfingri þar sem lesarinn hefur hafið lesturinn: „Þorsteinn hét maður. Hann var Egils son, Skalla-Grímssonar ...“.

Ég skoðaði vandlega Papp. 64 fol. og fannst mikið til um það. Stórt, þykkt, vel skrifað með stórri, skýrri og auðlæsilegri hendi sem ég, þá alls óvön handritalestri, var ekki í neinum vandræðum með. Ég las þar m.a. greinargóða

þætti um handtöku og aftöku Jóns Arasonar og sona hans og skoðaði einnig hið merkilega safn hans af rúnaletrum, og aðra þætti um rúnir og galdra.

Mér varð mikið hugsað til Jóns meðan ég var að þessu grúski og einkenni-legra örlaga hans að andast rétt þegar hann var að hefja nýtt líf í Stokkhólmi. Í huganum talaði ég við Jón, harmaði örlög hans og hét honum því að ég skyldi strax daginn eftir leggja leið mína í Kungsholmens kirkjugarð og kveikja á leiðiskerti í minnislundinum honum til heiðurs. En daginn eftir hafði ég ekki tíma til að fara í garðinn og svo liðu vikurnar og árin.

Fimm árum seinna 1998, þegar ég var byrjuð að rannsaka sögu og þróun rúna á Íslandi lagði ég leið mína aftur á Konunglega bókasafnið og skoðaði



*Kungsholmens kirkja, mynd í Svecia Antiqua et Hodierna 1703.*

Papp. 64 fol. til að skoða rúnalettrin og þættina „Rúna list og aðferð, samt letursháttanna myndir“, „Skript Ólafs hins gamla“ og fleiri. Ég pantaði einnig skannaðar myndir af þeim blaðsíðum sem rúnalettrin og þættirnir voru á og skilaði pöntuninni í afgreiðsluna. En þegar ég kom til að vitja um pöntunina fannst hún hvergi! Afgreiðslumaðurinn skildi ekkert í þessu. Hann var viss um að myndirnar hefðu verið teknar og

umslagið með myndunum sett á réttan stað, en það fannst ekki!

Ég endurnýjaði þá pöntunina og vitjaði hennar nokkrum dögum seinna. Þá fannst hún, en það voru bara alls ekki þær blaðsíður sem ég hafði pantað heldur einhverjar allt aðrar. Aftur var afgreiðslumaðurinn alveg gáttaður, pöntunin var skýr en samt fékk ég rangar blaðsíður. Í þriðja sinn pantaði ég sömu síður og í þeirri pöntun voru nokkrar blaðsíður þær réttu, en flestar voru það ekki. Afgreiðslumanninum varð ekki um sel þegar ég pantaði sömu blaðsíður í fjórða sinn.

Á leiðinni frá bókasafninu tók ég Jón tali í huganum og sagði: „hvers vegna læturðu svona við mig, Jón minn, mig sem aldrei hef sagt neitt þér til hnjóðs.“ En svo mundi ég eftir lofordinu sem ég hafði gleymt að efna! Og nú beið ég ekki boðanna, strax daginn eftir var ég komin í kirkjugarðinn við Kungsholmens kirkju. Ég kveikti á leiðiskertinu í minningarlundinum og hóf afsökunarbæn mína. Aðrir gestir kirkjugarðsins sneiddu hjá mér þar sem

ég stóð við kertið með spenntar greipar. Ég bað Jón Eggertsson innilega afsökunar á þeim trassaskap að gleyma loforðinu sem ég hafði gefið honum fimm árum áður. Ég haldi honum fyrir það merka starf sem hann hafði unnið við að safna handritum og einnig afrita mörg þeirra. Óvíst er að slíkir dýrgripir sem Hómilíubókin og handrit Gunnlaugs sögu ormstungu hefðu varðveist hefðu þau verið áfram á Íslandi eða verið send til Kaupmannhafnar. Ég nefndi einnig hið merkilega afrek hans að skrifa upp handrit og nefndi sérstaklega hvað oft væri einmitt vitnað í Perg. 64 fol. vegna viðtæks efnis þess. Að lokum lofaði ég að ég skyldi ætíð minnast hans og tala um hann með vinsemd og virðingu.

Daginn eftir sótti ég fjórðu pöntunina og viti menn, nú fékk ég loksins réttar blaðsíður. Afgreiðslumaðurinn dró andann léttar og ég vissi að Jón Eggertsson hafði fyrirgefið mér.

#### HEIMILDASKRÁ

- Bjarni Einarsson. 1955. *Munmmælasögur 17. aldar*. Reykjavík.
- Gödel, Vilhelm. 1897. *Fornnorsk-isländsk litteratur i Sverige*. Stockholm.
- Heimir Pálsson. 2017. *Örlagasaga Eyfirðings – Jonas Rugman – Fyrsti íslenski stúdentinn í Uppsölum*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Nilsson, Gun. 1954. Den isländska litteraturen i stormaktstidens Sverige. *Scripta Islandica* 5:19–41.
- Schück, Herman. 1932. *Kungliga Vitterhets Historie och Antivitetssakademien I–II*. Stockholm.

## Sögnin þaga

### 1. Inngangur

Sögnin *þaga* hefur hingað til ekki hlotið þá viðurkenningu sem henni ber heldur hefur hún mætt fálæti, ef ekki beinlínis óvild. Ef minnst er á hana á annað borð eru það einkum höfundar málfarspistla sem agnúast út í notkun hennar. Undantekning er Halldór Halldórsson (1956) sem fjallaði um sögnina á nokkuð fræðilegan hátt í dagblaðinu *Tímanum*. Halldór taldi þó að þessi sögn væri aðeins til í nafnhætti. Hér verður sýnt fram á að svo er ekki heldur er *þaga* þvert á móti fullgild sögn sem er líka til í persónuháttum, lýsingarhætti nútíðar og e.t.v. sagnbót. Halldór setti enn fremur fram sögulega skýringu á tilurð sagnarinnar og verður hér tekið undir sjónarmið hans þótt raunar séu staðreyndirnar heldur flóknari en Halldór taldi. Þá er einnig velt vöngum yfir merkingu sagnarinnar *þaga* og ályktað að þar sé frekari rannsókna þörf.

Dæmum sem notast er við í þessari umfjöllun var fyrst og fremst safnað úr *Risamálheild* (RMH) en einnig af leitarsíðunni Google og samskiptaforritinu Twitter. Þá var reynt var að afla upplýsinga um elstu dæmi sagnarinnar í stafræna blaðasafninu *Tímarit.is* (en ekki var kerfisbundið safnað öllum dæmum þar).<sup>1</sup>

### 2. Beygingarmyndir

#### 2.1 Beygingardæmi sagnarinnar þaga – yfirlit

Töflurnar hér á eftir sýna þau dæmi um sögnina *þaga* sem fundust við leit í áðurnefndum gagnasöfnum. Heildarfjöldi dæma er 165 en tölur um fjölda einstakra orðmynda eru innan sviga í töflunum. Orðmyndir sem fundust ekki eru sýndar innan hornklofa. Dæmi fundust ekki um eftirtaldar orðmyndir:

---

<sup>1</sup> Eva Hrund Sigurjónsdóttir, BA-nemi í almennum málvísindum, aðstoðaði við leit að dæmum. Henni er þakkað kærlega fyrir gott starf. Fúslega verða veittar upplýsingar um uppruna dæmanna verði þeirra óskað.

- Í framsöguhátti: 2. pers. ft. nt., 1. pers. et. þt., 2. pers. ft. þt.
- Í viðtengingarhátti: allar persónur nema 3. pers. et. og ft. nt.

Þrátt fyrir þessar gloppur er ljóst að *þaga* beygist í öllum háttum, tíðum og persónum og í báðum tölum. Fyrir utan sagnbót (sem raunar er óljóst hvernig á að túlka) virðist vanta orðmyndir lýsingarháttar þátíðar, en sú staðreynd helgast væntanlega af því að þær væru formlega eins og af *þegja* (*þagaður*, *þöguð*, *þagað*; *þagaðir*, *þagaðar*, *þöguð*) og því verður ekki greint þar á milli (lh. þt. af *þegja* er raunar ýmist *þagaður* eða *þagður* o.s.frv.).

#### Nafnháttur

þaga (95)

| Fh.     | nú tíð    |           | þá tíð      |             |
|---------|-----------|-----------|-------------|-------------|
|         | et.       | ft.       | et.         | ft.         |
| 1. pers | þaga (1)  | þögum (2) | [þagaði]    | þöguðum (1) |
| 2. pers | þagar (1) | [þagið]   | þagaðir (2) | [þöguðuð]   |
| 3. pers | þagar (7) | þaga (8)  | þagaði (7)  | þöguðu (1)  |

| Vh.     | nú tíð   |          | þá tíð    |           |
|---------|----------|----------|-----------|-----------|
|         | et.      | ft.      | et.       | ft.       |
| 1. pers | [þagi]   | [þögum]  | [þagaði]  | [þöguðum] |
| 2. pers | [þagir]  | [þagið]  | [þagaðir] | [þöguðuð] |
| 3. pers | þagi (1) | þagi (1) | [þagaði]  | [þöguðu]  |

#### Bh.

|         | et.                      | ft.       |
|---------|--------------------------|-----------|
| 2. pers | þagaðu (27) / þagðu* (4) | þagið (1) |

#### Lh. nt.

þagandi (3)

#### Sagnbót (lh.þt.hk.)

þagið\* (3)

Eins og sjá má beygist sögnin *þaga* að mestu leyti eins og *elska*, *kalla* o.s.frv., þ.e. eftir fyrsta (ō-) flokki veikra sagna (Noreen 1923, Iversen 1984). Frá



Þessu eru þó undantekningar, merktar í töflunum með stjörnu á eftir orðmyndinni:

- Bh. et. er ýmist *þagaðu* (reglulegt skv. 1. beygingu) eða *þagðu* (*þag* minnir á stýfðu bh.-myndina *þeg af þegja* en gæti líka verið sterk beyging).
- Regluleg mynd sagnbótarinnar (lh. þt. hk.) væri *þagað*, sem er raunar eins og samsvarandi mynd sagnarinnar *þegja* og því vandasamt að greina á milli. Orðmyndin *þagið* er óregluleg (virðist vera sterk beyging).

## 2.2 Dæmi um sögnina *þaga* í þeim málheildum sem kannaðar voru

Af þeim 165 dæmum um *þaga* sem fundust voru fáein úr málfarspistlum þar sem amast er við notkun sagnarinnar. Taka ber slíkan vitnisburð gildan því að tæplega væri verið að gagnrýna notkun fyrirbæris sem ekki er til.

Nafnhátturinn *þaga* kemur mjög oft fyrir í heimildunum og er raunar langalgengasta orðmynd sagnarinnar.

- (1) Það er mjög sérkennilegt að þessa byltingu í aðhaldi í ríkisfjármálum skuli reynt að **þaga** í hel af hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar

Af persónuháttum er framsöguháttur algengastur. Hér er dæmi um 3. pers. eintölu í nútíð.

- (2) vera geymd í harðlæstri skúffu í kjallaranum í því sem á að hluta til að heita landbúnaðarráðuneyti. Yfir þessu **þagar** forysta bænda.

Dæmið í (3) sýnir 1. pers. fleirtölu. Sá sem skrifar er að vitna í texta með orðmyndunum *þögum* og *þaga* (nh.) og kallar þær „ambögur“. Hann bætir inn „réttum“ myndum (*þegjum*, *þegja*) innan hornklofa.

- (3) Og loks eru það dæmin makalaus: við bara sitjum hérna og **þögum** [þegjum] (19.9.06) og reyna að **þaga** [þegja] málið í hel. Þessar ambögur eru að vísu skiljanlegar en ekki eru þær betri fyrir því.

Eftirfarandi dæmi sýna þátíð framsöguháttar: 2. og 3. pers. eintölu og 1. og 3. pers. fleirtölu.

- (4) Þegar þú talaðir, heyrði ég ekkert nema þig. Þegar þú **þagaðir** sá ég ekkert nema þig. Þegar mig dreymir, þá ert þú þar
- (5) Larry Nassar er bakvið lás og slá en í kjölfar myndarinnar hefur verið kallað eftir því að rannsókn á fimleikasambandinu haldi áfram og fullorðna fólkið sem **þagaði** verði dregið til ábyrgðar
- (6) Við höldum áfram að tala og töluðum um fíranlega hluti, allir vinnutengdir. Svo **þög-  
uðum** við smá, sögðum einskonar bæn og lögðumst svo niður.
- (7) Þetta var alveg rétt ályktað og þeir **þöguðu**

Tvö dæmi eru um viðtengingarhátt, 3. pers. et. og 3. pers. ft. *þagi*.

- (8) hrafnjónsson DNADORI en, ef þetta verður eitthvað high-level jits chess, þá er næsta víst að Goldberg **þagi** og Rogan fanboyi yfir Gunna
- (9) Ætli hann haldi þá að fjölmiðlar séu í einhverju samsæri? **Þagi** um tölvupósta sem umboðsmaður Alþingis sendir?

Eins og áður segir kemur boðháttur et. fyrir í tveim myndum. Sú mynd sem vænta mátti er *þagaðu* (10), sbr. *elskaðu*, en myndin *þagðu* (11), sem er frávik frá þessari reglulegu beygingu, kemur fyrir fjórum sinnum. Dæmið í (12) sýnir svo boðhátt ft. (sem stendur við hlið bh. ft. *þegið* af *þegja*).

- (10) **Þagaðu** svo, tregi typpalingur
- (11) Því hvet ég þig **þagðu** ekki lengur um Jesú
- (12) Gerið ekki hávaða. Þá kemur fólk af götunni hingað. Þegið þið... **þagið** þið

Lýsingarháttur nútíðar *þagandi* kemur fyrir þrisvar sinnum, m.a. hér.

- (13) Karlremba sem trúir að konur eigi að gera öll húsverk **þagandi**

Lýsingarháttur þátíðar (þ.m.t. sagnbót) er væntanlega oftast eins og af *þegja* og því er ekki unnt að sjá um hvora sögnina er að ræða. Að auki kemur sagnbótin *þagið* óvænt fyrir í þrígang, fyrst árið 1927 (14).

- (14) Getið þjer **þagið** yfir leyndarmáli?
- (15) Kettir og hundar rúla enn páfagaukar sökka því þeir geta ekki **þagið** í smá tíma og öskra eins og hálfvitar helst dísupáfagaukar (þessir með gula hausinn og raðar kinnar)
- (16) Lneyhelgadtr [svo, ÞE] getur ekki **þagið** ;)

### 3. Saga þaga: Elstu dæmi og viðhorf

Halldór Halldórsson (1956) fjallar um sögnina þaga í grein í *Tímanum*. Hann notaði þessa sögn ekki sjálfur og sagðist ekki hafa fundið nein dæmi um hana „á bókum“. Hins vegar tilgreinir hann munnlegar heimildir frá Vestfjörðum og Dalasýslu. Halldór vitnar fyrst í Runólf Þórarinsson um notkun sagnarinnar vestur við Djúp (*reyndu nú að þaga, strákur; atlarðu að þaga við þessari ásökun?*). Annar heimildarmaður Halldórs er Guðmundur G. Hagalín sem sagðist þekkja þennan nafnhátt vel úr Arnarfirði og Dýrafirði og vísaði jafnframt til ónafngreinds Dýrfirðings máli sínu til stuðnings. Loks kveðst Halldór sjálfur hafa spurnir af sögninni af Fellsströnd í Dalasýslu. Halldór ítrekar að öllum heimildarmönnum sínum beri saman um að fyrir utan nafnháttinn beygist sögnin þaga nákvæmlega eins og þegja. Dæmin í 2. kafla hér að framan sýna þó að svo er ekki heldur birtast myndir hennar líka annars staðar í beygingardæminu. Af gögnunum verður ráðið að þaga beygist að mestu leyti eftir 1. flokki veikra sagna, með fáeinum undantekningum (bh. et. þagðu, sagnb. þagið).

Leit að elstu dæmum á *Tímarit.is* leiðir eftirfarandi í ljós. Elsta dæmið sem birtist á þeirri vefsíðu er frá 1927, hin óvænta sagnbót þagið. Nafnhátturinn þaga skýtur upp kollinum ári síðar (1928) og tekur smám saman að ryðja sér til rúms. Persónubeygðar myndir í framsöguhætti birtast fyrst 1932 (*þögum, þagaði*) og óreglulegi boðhátturinn þagið 1937. 3. pers. fleirtölu þaga kemur fram 1966 en viðtengingarhátturinn þagi ekki fyrr en 2014. Elstu dæmin eru sýnd hér í tímaröð.

| Ár   | Dæmi  |
|------|---|
| 1927 | þagið (sagnb.)                              |
| 1928 | þaga (nh.)                                  |
| 1932 | þögum (fh.1p.ft.nt.), þagaði (fh.3p.et.pt.) |
| 1937 | þagið (bh.ft.)                              |
| 1953 | þöguðu (fh.3p.ft.pt)                        |
| 1966 | þaga (fh.3p.ft.nt)                          |
| 2014 | þagi (vh.3p.ft.nt.)                         |

Eins og nefnt var í upphafi hefur ríkt tómlæti í garð sagnarinnar þaga en þá sjaldan hún er til umræðu, t.d. í málfarspistlum, kveður við heldur neikvæðan tón. Þannig segir Jón G. Friðjónsson (2006), sbr. dæmi (3) að framan:

Og loks eru það dæminn makalaus: *við bara sitjum hérna og þögum* [þegjum] (19.9.06) og *reyna að þaga* [þegja] *málið í hel*. Þessar ambögur eru að vísu skiljanlegar en ekki eru þær betri fyrir því. Hinn nýi nafnháttur **þaga** er myndaður með hliðsjón af veikri mynd lh.þt. **þagað**.

Njörður P. Njarðvík (2007) bregst við fyrirsögn í *Fréttablaðinu* 7. okt. 2007 sem hljóðar svo: „Einstakur húmoristi sem kann að **þaga** yfir leyndarmálum.“ Njörður ritar:

Ég ætlaði satt að segja ekki að trúna mínum eigin augum. Sá sem samdi þessa fyrirsögn kann greinilega ekki að þegja, og ekki kann sá hinn sami mikið í íslensku. Sá þetta enginn? Er enginn prófarkarlestur [svo, þE]? Þurfa menn ekkert að kunna?

Nýlegra dæmi um neikvætt viðhorf í garð sagnarinnar er að finna hjá Sigurði Sigurðarsyni (2020) sem gerir athugasemd við orðalag í *Fréttablaðinu* 1. mars 2020: „Ég vildi ekki **þaga** lengur, eða loka augunum og eyrunum.“

Sögnin að þegja hefur hvergi orðmyndina „þaga“. Hins vegar þekkjum við sögnin [svo, þE] að **þagna** sem merkir að hætta að tala. Ég minnst þess frá æsku minni að eldra fólk sem ég þekkti notuðu [svo, þE] „þaga“ í merkingunni að þegja. Orðið er ekki fjarri sögninni að þagna.

Hér er fyrst þvertekið fyrir að þessi sögn sé til en síðan raunar talað um að „eldra fólk“ hafi notað hana.

Að auki hefur verið dregið á þessa sögn í málfarshópum á Facebook (Málspjalli, Málvöndunarþættinum) og víðar og tínd til fleiri dæmi en hér hefur verið safnað (einkum af *Tímarit.is*).

#### 4. Uppruni, breytingar og merking

Ekki er að sjá af heimildum að sögnin *þaga* sé ýkja gömul í málinu. Elsta ótvíræða dæmið á *Tímarit.is* er frá 1928 (dæmið frá 1927 er sérstakt). Fullvíst má telja að sögnin *þaga* er sprottin af *þegja* og felst breytingin í því að sögn af fjórða (ē-) flokki veikra sagna flyst yfir í fyrsta (ō-) flokk, sem er langstærsti og virkasti beygingarflokkur veikra sagna (sbr. Noreen 1923, Iversen 1984, Halldór Halldórsson 1956). Slíkur flutningur frá óvirku beygingarmynstri yfir í virkt er algengt ferli og skiljanlegt í þessu tilviki; ásamt *segja* er *þegja* sér á báti meðal sagna í fjórða flokki að því leyti að hún hefur *j* í

nafnhætti. Sameiginlegur snertiflötur sagnanna *þegja* og *þaga* er augljóslega lýsingarháttur þátíðar (*hefur þagað*) (sbr. Jón G. Friðjónsson 2006). Eins og Halldór Halldórsson (1956) lagði til er hér vafalaust um að ræða áhrifsbreytingu. Henni má lýsa með eftirfarandi hlutfallsjöfnu:

kallað : kalla

þagað : x, x = þaga

Þegar nafnhátturinn *þaga* var orðinn til voru af honum dregnar aðrar myndir: *þaga*, *þagar*, *þagaði*, *þöguðum* o.s.frv. í framsöguhátt, *þagi* o.fl. í viðtengingarhátt og boðhátturinn *þagaðu*. Hliðarmyndirnar bh. et. *þagðu* og sagnb. *þagið* falla þó ekki að þessari snyrtilegu skýringu. Allsendis óvíst er að þær séu myndaðar af veikri sögninni *þaga*, heldur gæti verið um að ræða sjálfstæða og allsjaldgæfa breytingu frá veikri beygingu til sterkrar (t.d. *fara* – *farðu* – *farið*). Hugsanlegt er þó að bh. et. *þag(ðu)* sé lagaður eftir stýfðu bh.-myndinni *þeg* af *þegja*. Þetta úrlausnarefni krefst frekari yfirlegu.

Annað verkefni sem þarf að leysa er merking sagnarinnar *þaga*. Ekki er augljóst að *þaga* sé almennt merkingarlega frábrugðin *þegja*. Þó vekur athygli að *þaga* kemur ærið oft fyrir í orðasambandinu „þaga eitthvað í hel“, þ.e. ‘þegja um e-ð þangað til það er gleymt’, en einnig í merkingunni ‘halda e-u leyndu’, ‘vera þögull’, jafnvel ‘þagna’. Loks er þess að geta að bh. *þagaðu* kemur nokkrum sinnum fyrir í merkingunni ‘þagga’ (með eða án *niður* (*i*) og ýmist með þolfalls- eða þágufallsandlagi: *þagaðu símann þinn/heiminn*, *þagaðu farsínum/hugsunum þínum*, *þagaðu niður í snjallsímanum þínum/þagaðu niður huga þinn*). Ekki er ólíklegt að hér sé um að ræða misritun fyrir – eða rugling við – sögnina *þagga*, sem kemur einmitt fyrir í áþekktum samböndum (m.a. í merkingunni ‘taka hljóð af snjallsíma’).

## 5. Lokaorð

Í þessari grein var sýnt fram á að sögnin *þaga* hefur í íslensku nútímamáli öðlast eigið beygingardæmi, ólíkt því sem áður hefur verið haldið fram (Halldór Halldórsson 1956).

Niðurstöður úr gagnasöfnum sem lögð voru til grundvallar í rannsókninni bera með sér að *þaga* kemur ekki aðeins fyrir í nafnhætti heldur líka í persónuháttum, lýsingarhátt nótíðar og e.t.v. sagnbót. Einnig var hugað að sögu og tilurð sagnarinnar og nefnd dæmi um (neikvæð) viðhorf til hennar.

Loks var vöngum velt yfir merkingu þessarar sagnar sem virðist oftast sú sama og hjá þegja þótt það sé ekki ljóst í öllum tilvikum. Niðurstaðan er að frekari rannsókna er þörf á sögninni þaga, einkum á notkun hennar og fínni blæbrigðum merkingarinnar.

#### HEIMILDASKRÁ

- Halldór Halldórsson. 1956. Mál og menning. *Tíminn*, 9. desember, bls. 5.
- Iversen, Ragnvald. 1984. *Norrøn grammatikk*. 7. útg. Oslo: Aschehoug.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. Íslenskt mál, 92. *Morgunblaðið*, 16. desember, bls. 46.
- Njörður P. Njarðvík. 2007. Hljóðfæri hugans. *Fréttablaðið*, 22. október, bls. 27.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. 4. útg. Halle (Saale): Niemeyer.
- Sigurður Sigurðarson. 2020. Þaga, skætingur í heimilislífi og þak á fjölda sendiherra (2.3. 2020). <https://sigsig.blog.is/blog/sigsig/entry/2246494/> (sótt 9. apríl 2021).